ANNA BJÖRK HILMARSDÓTTIR
*Indíánapiparkökuhúsið hreppti annað sæti*
• matur • tíska • helgin
**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS



SIGRÍÐUR THORLACIUS
*Jólabarnið með englaröddina*
FÖSTUDAGUR FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG





Heitasta jólagjöfin
dúnsokkar
Aðeins 5.900,-
Betra BAK
Opið í dag til kl. 19

# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

19. desember 2008 — 347. tölublað — 8. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000

## FÖSTUDAGUR

### Dísa tilnefnd



Bryndís Jakobsdóttir er meðal þeirra sem tilnefndir eru til Íslensku tónlistarverðlaunanna.
**FÓLK** 60

### Flaggskip háskóla í Kína



Háskóli Íslands hefur hafið samstarf við tvo virta háskóla í Peking.
**TÍMAMÓT** 44

### Frá geðveiki til gæfuspors

Hugarheimur geðsjúkra einstaklinga er oft martröð líkastur, skrifar Steindór J. Erlingsson.
**UMRÆÐAN** 40

### Veigar Páll verður sá sjötti



Fimm íslenskir knattspyrnumenn hafa leikið í frönsku úrvalsdeildinni.
**ÍÞRÓTTIR** 66

## VEÐRIÐ Í DAG




**ÉL VESTAN TIL** Í dag verður hæg breytileg átt, 3-8 m/s. Él vestan til, bjart með köflum á landinu austanverðu annars stöku él á stangli. Frost yfirleitt á bilinu 0-12 stig, kaldast á Austurlandi.
**VEÐUR** 4

# Lífeyrissjóðir í mál vegna milljarða taps

**Sjö lífeyrissjóðir hafa sameinast um að sækja rétt sinn gagnvart Samson eignarhaldsfélagi. Þrír sjóðir bætast líklega við. Sjóðirnir hyggja á frekara samstarf.**

**VIÐSKIPTI** Sjö lífeyrissjóðir hafa ráðið sér sameiginlegan lögmann til að gæta hagsmuna sinna gagnvart Samson, eignarhaldsfélagi Björgólfsfeðga. Líkur eru á að þrír lífeyrissjóðir bætist í hópinn. Krafan er vegna útistandandi skuldabréfa sem alls nema um 24 milljörðum króna. Óljóst er um hlut lífeyrissjóðanna, en þó liggur fyrir að þeir eru í hópi stærri kröfuhafa í þrotabúi félagsins.

Viðar Lúðvíksson, lögfræðingur hjá Landslögum, gætir hagsmuna sjóðanna. „Þessi vinna er skammt á veg komin og ég hef frest til að vinna kröfulýsingu út næsta mánuð. Sjóðirnir eru að safna saman nauðsynlegum gögnum svo ég treysti mér ekki til að segja um hvaða upphæðir er hér um að tefla fyrir hvern lífeyrissjóð fyrir sig,“ segir Viðar.

**LÍFEYRISSJÓÐIRNIR SJÖ**
- Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins
- Lífeyrissjóður Vestmannaeyja
- Lífeyrissjóður verkfræðinga
- Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga
- Lífeyrissjóður Vestfirðinga
- Festa, lífeyrissjóður
- Gildi, lífeyrissjóður

Að sögn Hauks Hafsteinssonar, framkvæmdastjóra LSR, eru lífeyrissjóðirnir í landinu að skoða nokkur mál í sameiningu vegna taps sjóðanna í kjölfar hruns bankakerfisins. „Í eignasafni hjá LSR voru skuldabréf á marga aðila og vegna kreppunnar eru ýmis mál sem þarf að skoða. Meðan á því stendur tel ég óráðlegt að ræða það sérstaklega.“

Helgi Birgisson, skiptastjóri þrotabús Samsonar, segir að heildarvirði útgefinna skuldabréfa Samsonar sé um 24 milljarðar króna. Það liggi hins vegar ekki fyrir hverjir eigi þau. Ljóst sé þó að eign lífeyrissjóðanna sé veruleg. Hann segir ekkert hægt að segja til um hvað kröfuhafar geti vonast eftir að fá. „Eignir félagsins voru um 170 milljarðar og nútíu töpuðust við fall Landsbankans. Það eru síðan aðrar eignir sem unnið er við að gera pening úr. En eins og staðan er í dag er þetta að stórum hluta tapað.“

Heildarkröfur í þrotabú Samsonar nema um 112 milljörðum króna. Skuldir Samsonar við lánardrottna nema um 87 milljörðum króna. Þeir eru Landsbankinn, Straumur, Kaupþing og Glitnir, auk þýsku bankanna Commerzbank og Standard. **- shá, ikh**



**JÓLASTEMNING** Það ríkti sannkölluð jólastemning á Laugaveginum í gær enda kyngdi snjónum niður. Eftirvæntingin magnast enda aðeins fimm dagar til jóla. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL.

Ríkislögreglustjóri ákærir fyrir meiri háttar skattalagabrot árin 1998 til 2003:

# Baugsfólk sakað um skattsvik

**DÓMSMÁL** Systkinin Jón Ásgeir Jóhannesson og Kristín Jóhannesdóttir ásamt Tryggva Jónssyni og félögunum Baugi og Gaumi hafa verið ákærð fyrir skattalagabrot.

Í ákæru setts ríkislögreglustjóra sem birt var í gær er talið upp hvernig þremenningarnir og félögin sem þau stýrðu eiga að hafa á árunum 1998 til 2003 skotið undan skatti, launatekjum og fjármagnstekjum. Þannig hafi skatturinn orðið af hundruðum milljóna króna.

Gestur Jónsson, lögmaður Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, segir að fram sé komin þriðja ákæran í „gamla Baugsmálinu“. Svo virðist sem ákæruvaldið taki hvorki mark á fyrri dómi Hæstaréttar í Baugsmálinu né dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá í fyrradag í öðru skattamáli. „Persónuleg skattamál ákærðu sem og skattamál Baugs og Gaums sem ákært er fyrir hafa hlotið endanlega niðurstöðu hjá skattyfirvöldum,“ segir í yfirlýsingu Gests.
**- gar / sjá síðu 4**

Spáði fyrir 198 flugfarþegum:

# Setti heimsmet í háloftunum

**FÓLK „Þetta hefur ekki verið gert áður í áætlunarflugi,“ segir Sigríður Klingenberg spákona sem setti heimsmet síðastliðinn fimmtudag þegar hún spáði fyrir 198 manns í 37.000 feta hæð í flugi Iceland Express til og frá Kaupmannahöfn.**

**„Þetta voru 98 Íslendingar og 100 Danir sem voru flestir að fara að koma og versla á Íslandi. Ég spáði fyrir öllum farþegunum, nema þeim sem voru sofandi, en sendi þeim bara hugarspá. Ætli maður hafi ekki verið tengdari almættinu en ella þarna í háloftunum,“ segir Sigríður og hlær, en verið er að skrá metið í heimsmetabók Guinness.** **- ag / sjá síðu 70**

Arnaldur Indriðason:

# Ein skærasta stjarna glæpasagnaheimsins

**BÓKMENNTIR** Vetrarborgin, glæpasaga Arnaldar Indriðasonar, fær lofsamlega dóma í breskum fjölmiðlum. Vetrarborgin var bók vikunnar hjá The Mirror sem segir Arnald standa upp úr miklu flóði norrænna glæpasagnahöfunda. „Arnaldur Indriðason er einhver skærasta stjarnan á alþjóðavettvangi glæpahöfunda,“ skrifar gagnrýnandinn.



**ARNALDUR INDRIÐASON**

Arnaldur segir það skipta sig mestu máli hvernig íslenskir lesendur taki bókum hans. „Þeir hafa alltaf tekið mér hvað best,“ segir Arnaldur í samtali við Fréttablaðið.

Nýjasta bók Arnaldar, Myrká, er hreinlega rifin út úr bókabúðum. Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst var fyrsta prentun þrjátíu þúsund eintök. Hún er nú á góðri leið með að verða uppseld.
**- fgg / sjá síðu 70**

OPIÐ TIL 22



HOLTAGARÐAR
Ein frábær ferð

DESEMBER
Kafbátur mánaðarins
6 tommu bátur
TÚNFISKBÁTUR
329 kr.
SUBWAY
Gildir í des. 08, gildir ekki með öðrum tilboðum.



Opið til 22
Kringlan
5 dagar til jóla

## SPURNING DAGSINS



*Herbert, er hægt að ganga í burtu frá genunum?*

„You can´t walk away!“

Tónlistarmaðurinn Herbert Guðmundsson hefur troðið upp með sonum sínum að undanförnu og er afar ánægður með félagsskapinn. Herbert er sem kunnugt er höfundur hins ódauðlega eitís-slagara Can´t Walk Away.

Fékk sekt og fangelsisdóm fyrir að berja dómara og knattspyrnumann:

# Davíð Smári í sjö mánaða fangelsi

**DÓMSTÓLAR** Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í gær Davíð Smára Helenarson, 24 ára, í sjö mánaða óskilorðsbundið fangelsi fyrir tvær líkamsárásir. Hann var sýknaður af þeirri þriðju.

Davíð er dæmdur fyrir að hafa í ágúst í fyrra ráðist á dómara í utandeildarleik í knattspyrnu eftir að honum var vísað af velli. Davíð sparkaði undan dómaranum fótunum með þeim afleiðingum að hann féll og rifbeinsbrotnaði.

Þá er hann dæmdur fyrir að hafa fyrir ári ráðist á Hannes Þ. Sigurðsson, landsliðsmann í knattspyrnu, á Hverfisbarnum, hrint honum og slegið hann margsinnis í andlitið. Hannes tvíbrotnaði í andliti við árásina og var frá knattspyrnuiðkun í mánuð. Segir í dómnum að hópur manna hafi verið með Davíð þegar árásin var framin, mennirnir hafi varnað því að einhver kæmi til hjálpar og hvatt Davíð áfram í barsmíðunum.

Davíð var einnig ákærður fyrir að hafa ráðist á mann á salerni skemmtistaðarins Apóteksins, kýlt hann og hoppað á fæti hans þannig að hann ökklabrotnaði og sleit liðband. Dómnum þykir ekki sannað að Davíð hafi verið þarna að verki og sýknar hann því.

Davíð var dæmdur til að greiða dómaranum 200 þúsund krónur í miskabætur og Hannesi hálfa milljón. - sh

### SAGÐIST IÐRAST

Tveimur dögum eftir árásina á dómarann kom Davíð Smári fram í fjölmiðlum og skýrði frá sinni hlið mála. Í viðtali við RÚV sagði hann meðal annars: „Ég verð greinilega að gera eitthvað í mínum málum, það er alveg augljóst … þetta er bara endapunktur.“ Áður hafði hann tekið fram sérstaklega að hann vildi biðja dómarann „afsökunar, alveg bara endalaust“.

Lánshæfismat S & P:

# Mat á Landsvirkjun lækkað

**FJÁRMÁL Lánshæfismat Landsvirkjunar var lækkað í gær hjá Standard & Poor‘s úr BBB+ og A-2 niður í BBB- og A-3.**

**Framtíðarhorfurnar séu neikvæðar og er lækkunin sögð endurspegla „þá skoðun okkar að eigandi Landsvirkjunar, Íslenska lýðveldið, hafi minni getu en áður til að veita fyrirtækinu fjárhagslegan stuðning,“ segir í tilkynningu frá Standard og Poor‘s.**

**Matið er meðal annars byggt á yfirburðastöðu Landsvirkjunar á íslenska markaðnum og eign fyrirækisins á flutningskerfi.** - kóþ



**FANGELSAÐUR** Uppátæki Muntadhar al-Zeidi hefur vakið athygli um allan heim.

Íraskur blaðamaður:

# Biðst afsökunar og náðunar

**BAGDAD, AP Muntadhar al-Zeidi, íraski blaðamaðurinn sem henti skónum sínum í átt að George Bush Bandaríkjaforseta á blaðamannafundi fyrr í vikunni, hefur ritað bréf til forsætisráðherra Íraks þar sem hann biðst afsökunar á athæfinu og náðunar.**

**Jalal Talabani, forseta Íraks, er heimilt að náða blaðamanninn ef Nouri al-Maliki forsætisráðherra mælir með slíkri aðgerð.**

**Haft hefur verið eftir ráðamönnum í Írak að blaðamaðurinn al-Zeidi, sem nú er í fangelsi, verði líklega ákærður fyrir móðgun í garð erlends leiðtoga. Slíkur glæpur gæti varðað allt að tveggja ára fangelsi.** - kg

Sameining fyrirtækja:

# Creditinfo sameinast SCHUFA

**VIÐSKIPTI** Reynir Grétarsson, forstjóri Creditinfo Group, hefur selt þýska fyrirtækinu SCHUFA, sem starfar á sviði fjárhagsupplýsinga, hlut í erlendri starfsemi fyrirtækisins. Við söluna verður til nýtt félag, Creditinfo SCHUFA GmbH og verður aðsetur þess í Wiesbaden í Þýskalandi. Þetta kemur fram í sameiginlegri fréttatilkynningu beggja fyrirtækjanna.

Í tilkynningunni er haft eftir Reyni Grétarssyni að samningurinn hafi verið í deiglunni síðan í desember í fyrra. - kg

# Tugir handteknir í átaki gegn fíkniefnum

**Tæplega sjötíu einstaklingar hafa verið handteknir í átaki gegn fíkniefnum sem staðið hefur yfir frá því í haust á Norðurlandi. Um tuttugu þeirra eru taldir vera sölumenn. Lögregla hefur tekið kannabisefni, amfetamín, kókaín og stera.**

**LÖGREGLUMÁL** Tugir einstaklinga hafa verið handteknir vegna fíkniefnamála á Norðurlandi frá því í haust. Átak lögreglu gegn fíkniefnum sem hófst þá hefur skilað mjög góðum árangri.

Gunnar Jóhannsson, yfirmaður rannsóknardeildar lögreglunnar á Akureyri, segir að um sé að ræða samstarfsverkefni lögreglustjóranna á Norðurlandi sem sett hafi verið á laggirnar í haust og fram að áramótum. Lögreglustjórarnir sem um ræðir eru á Akureyri, Húsavík, Blönduósi, Sauðárkróki, svo og embætti ríkislögreglustjóra.

„Þetta hefur gengið mjög vel og skilað miklum og góðum árangri,“ segir Gunnar. „Það færir okkur sönnur fyrir því að fíkniefnavandinn er ærinn. Það virðist ekkert slá á hann. Á þessu tímabili í haust sem átakið hefur staðið yfir er mikil aukning í fíkniefnamálum, bæði hvað varðar haldlögð fíkniefni svo og vímuefnaakstur. Í tengslum við þau hafa 66 einstaklingar verið handteknir, farið hefur verið í fjölmargar húsleitir, auk þess sem leitað hefur verið í bílum. Hald hefur verið lagt á talsvert magn af fíkniefnum, bæði kannabisefni, amfetamín, kókaín og stera.“

Nær tuttugu af þeim sem handteknir hafa verið í átakinu eru grunaðir um að hafa stundað fíkniefnasölu, að því er Gunnar greinir frá. Þá hafa sumir einstaklinganna verið handteknir oftar en einu sinni. Langflestir hafa verið teknir á Akureyrarsvæðinu, en fólk hefur einnig verið tekið í öllum hinum umdæmunum á Norðurlandi.

„Aukningin skilar sér um leið og farið er að vinna markvisst að þessum málaflokki,“ segir hann.

Að sögn Gunnars var átaksverkefnið sett saman af fjórum mönnum, tveimur lögreglumönnum á Akureyri og öðrum tveimur frá Ríkislögreglustjóra og eru þeir staðsettir á Akureyri. Auk þessara eru ákveðnir tengiliðir við ofangreind lögregluembætti á Norðurlandi.

Mikið og gott samstarf hefur verið milli lögreglumannanna fyrir norðan og fíkniefnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Átaksverkefnið var fjármagnað með aukafjárveitingu fram að áramótum. Að sögn Daníels Guðjónsssonar yfirlögregluþjóns hefur nú fengist smá aukafjárveiting til viðbótar, þannig að hægt verður að halda átakinu áfram eftir áramót.

jss@frettabladid.is




**LÖGREGLAN Á AKUREYRI** Langflestir hafa verið teknir af lögreglu á Akureyrarsvæðinu, en fólk hefur einnig verið tekið í öllum hinna umdæmanna á Norðurlandi.

### FJÖLDI FÍKNIEFNAMÁLA
**– átaksverkefni á Norðurlandi***

| | |
|---|---|
| **20.8. - 7.12.2008** | |
| Fíkniefnamál | 53 |
| Vímuakstur | 30 |
| **20.8. - 7.12.2007** | |
| Fíkniefnamál | 20 |
| Vímuakstur | 10 |
| **20.8. - 7.12.2006** | |
| Fíkniefnamál | 34 |
| Vímuakstur | 8 |

*BRÁÐABIRGÐATÖLUR

Ákvörðun frá Kauphöllinni:

# Kaupþing fær áminningu vegna afskrifta

**VIÐSKIPTI** Kauphöllin hefur ákveðið að áminna Kaupþing banka hf, eða gamla Kaupþing, opinberlega fyrir að hafa ekki tilkynnt Kauphöllinni þá ákvörðun að fella niður persónulegar ábyrgðir starfsmanna vegna lána sem þeir fengu til hlutabréfakaupa í bankanum. Tilkynning þess efnis frá Kauphöllinni birtist á vef Viðskiptablaðsins í gærkvöldi.

Í tilkynningunni kemur fram að Kaupþing sé talið hafa gerst brotlegt við ákvæði reglna fyrir útgefendur fjármálagerninga í Kauphöllinni. Ekki verði séð að það teljist til venjulegra viðskiptahátta að fella niður persónulegar ábyrgðir einstaklinga vegna lána. - kg

Lúðvík Bergvinsson:

# Út úr Miðkletti eftir bankahrun

**STJÓRNMÁL Lúðvík Bergvinsson, þingflokksformaður Samfylkingarinnar, hætti í stjórn fasteignafélagsins Miðkletts í kjölfar bankahrunsins, enda telur hann að hagsmunaárekstrar geti orðið í slíkri stöðu, í ljósi þess að ríkið á nú bankana.**

**Þingmaðurinn segir Miðklett eiga og reka fasteignina að Borgartúni 33, sem er um 2.000 fermetra skrifstofuhúsnæði. Það sé allt og sumt. Sögusagnir um skuldaafskriftir félagsins í nýju bönkunum séu „glórulausar“.**

**„Ég hef aldrei fengið nein sérkjör eða notið neinnar vildar vegna þessa,“ segir hann.**

**Lúðvík á um fjórar milljónir króna að nafnvirði í félaginu, sem er um helmingshlutur.** - kóþ


# Hæ hæ ég hlakka til

## – ég á von á pakka!

Í dag er síðasti öruggi skiladagur fyrir jólapakka og jólakort innanlands




www.postur.is


Karlmenn sem reyndu að smygla fíkniefnum til landsins í gæsluvarðhaldi:

# Tveir teknir með fíkniefni í kílóavís í ferðatöskum

**LÖGREGLUMÁL** Tveir íslenskir karlmenn á fertugsaldri hafa verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald eftir að þeir reyndu að smygla fíkniefnum í ferðatöskum til landsins fyrr í vikunni.

Annar mannanna kom til landsins á þriðjudag. Hann var handtekinn í Leifsstöð. Í ferðatösku sem hann hafði meðferðis reyndist vera í kringum eitt og hálft til tvö kíló af ætluðu hvítu, sterku fíkniefni.

Hinn maðurinn hafði fengið búslóð senda í frakt hingað til lands. Í fyrradag, þegar hann kom að leysa sendinguna úr tolli, var hann handtekinn. Meðal hluta í fraktinni reyndist vera ferðataska sem innihélt meðal annars hvítt fíkniefni.

Sá sem kom til landsins á þriðjudag var í fyrradag úrskurðaður í gæsluvarðhald til 7. janúar. Hinn, sem kom til að sækja búslóðina, var í fyrradag úrskurðaður í gæsluvarðhald til 23. desember.

Hann var með mun minna af fíkniefnum en sá sem kom á undan. Lögregla telur að þessi tvö mál tengist. Rannsókn þeirra er á frumstigi. - jss




**MEÐ FLUGI** Mennirnir reyndu að koma fíkniefnum til landsins í ferðatöskum.

# Tomman af sjónvarpi frá aðeins 3.157 kr.




**Verð aðeins 99.995 kr.**

Verð áður 119.995 kr.

HD ready · HDMI

### Palladine 26" EPT2651M

- Upplausn: WXGA 1366 x 768
- Skerpa: 1200:1
- Birta: 500 cd/m²
- 2 x HDMI tengi (1080p)
- Snúningsfótur




HD ready · HDMI

### Palladine 19" EPT1950M

- Upplausn: 1440 x 900
- Skerpa: 1.000:1
- HDMI tengi / Scart / Component
- Hægt að tengja við 12V
- Svartími undir 4 ms

**Verð aðeins 59.995 kr.**

Verð áður 79.995 kr.




full HD 1080P · HDMI · digital

### Palladine 42" Full HD EPT4251MD

- Upplausn: 1920 x 1080 Full HD
- Skerpa: 3000:1
- Birta: 550 cd/m²
- 2 x HDMI tengi (1080p)
- Snúningsfótur

**Verð aðeins 259.995 kr.**

Frí veggfesting fylgir




full HD 1080P · HDMI · digital

### Palladine 37" Full HD EPT3751MD

- Upplausn: 1920 x 1080 Full HD
- Skerpa: 1600:1
- Birta: 500 cd/m²
- 2 x HDMI tengi (1080p)

**Verð aðeins 199.995 kr.**

Verð áður 229.995 kr.




HD ready · HDMI · digital

### Palladine 32" EPT3251MD

- Upplausn: WXGA 1366 x 768
- Skerpa: 1600:1
- Birta: 500 cd/m²
- 2 x HDMI tengi (1080p)

**Verð aðeins 149.995 kr.**

Frí veggfesting fylgir

## PALLADINE

*Eini framleiðandinn sem býður upp á íslenska valmynd*

Hátækni

**Opnunartími:** virka daga 9-18 | laugardag 10-17 | sunnudag 10-17
**Endursöluaðilar um land allt.**

Verslun Ármúla 26 | Sími 522 3000 | www.hataekni.is

PIPAR • SÍA • 82207

## GENGIÐ 18.12.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 112,24 | 112,78 |
| Sterlingspund | 173,07 | 173,91 |
| Evra | 163,45 | 164,37 |
| Dönsk króna | 21,938 | 22,066 |
| Norsk króna | 16,735 | 16,833 |
| Sænsk króna | 14,659 | 14,745 |
| Japanskt jen | 1,2669 | 1,2743 |
| SDR | 176,82 | 177,88 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
207,2367

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Gamlar byggingar Landspítalans auka hættu á alvarlegum veirusýkingum:

# Nóróveiran er mest smitandi

**HEILBRIGÐISMÁL** „Þetta er mest smitandi veirusýking sem við þekkjum og auk þess lifir hún lengi í umhverfinu,“ segir Ólafur Guðlaugsson, yfirlæknir smitsjúkdómadeildar Landspítalans. Alvarleg nóróveirusýking, sem er hastarleg iðrasýking, hefur komið nokkrum sinnum upp á spítalanum á þessu ári.

Ólafur segir að erfið sýking hafi komið upp á Landspítalanum í janúar sem töluverðan tíma tók að uppræta. „Þetta er alltaf sama vandamálið í rauninni. Aðstaðan í gömlu spítalahúsunum, sem byggð voru fyrir áratugum, er með þeim hætti að veiran nær auðveldlega að smitast á milli. Fólk deilir salerni sem í raun er skelfilegt þegar á að reyna að koma í veg fyrir alvarleg smit inni á sjúkrastofnun.“



**LANDSPÍTALINN VIÐ HRINGBRAUT** Mikil áhersla hefur verið lögð á byggingu nýs spítala, ekki síst vegna smithættu í gömlu húsunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ólafur segir að enginn hafi látist vegna nóróveirusýkingar á LHS í fimm ár, eins og gerðist á sjúkrahúsinu á Seyðisfirði í nóvember. Tveir hafi hins vegar látist árið 2002 þegar nýr stofn veirunnar nam land. „Eins og áður höfum við reynt að einangra þá sem veikjast en þrátt fyrir það hefur komið upp smit á nokkrum deildum.

„Fólk verður mjög veikt og aldrei er nægilega oft brýnt fyrir fólki að gæta að hreinlæti. Einnig að koma ekki undir neinum kringumstæðum inn á sjúkrahús ef það hefur haft einkenni eins og niðurgang og uppköst dagana á undan,“ segir Ólafur. **- shá**

Þorláksmessugangan:

## Blysför niður Laugaveginn

**FÓLK** Íslenskir friðarsinnar standa fyrir hinni árlegu blysför fyrir friði niður Laugaveginn á Þorláksmessu. Þetta er 29. árið sem gangan fer fram. Að göngu lokinni verður safnast saman á Ingólfstorgi þar sem Birna Þórðardóttir flytur ávarp, en fundarstjóri er Lárus Páll Birgisson.

Steinunn Þóra Árnadóttir, einn skipuleggjenda, á von á fjölmenni. „Það er vonandi að fólk mæti og sýni hug sinn til friðarmála. Það er mikilvægt að fólk þjappi sér saman á þessum óvissutímum.“

Gangan leggur af stað frá Hlemmi klukkan 18. **- kóp**

Ólafur F. Magnússon:

## Segir F-listann sniðgenginn

**REYKJAVÍK** Ólafur F. Magnússon, borgarfulltrúi F-listans, segir listann vera sniðgenginn í fjárhagsáætlunarvinnu og sakar meirihlutann um valdníðslu með stuðningi Vinstri grænna og Samfylkingar.



**ÓLAFUR F. MAGNÚSSON**

Ólafur lagði fram bókun í borgarráði í gær. Þar segir að borgarráð sé framkvæmdaráð borgarinnar og eigi að undirbúa fjárhagsáætlun. Sú vinna hafi nú verið færð frá borgarráði og því hafi F-listinn enga aðkomu að henni.

Skaðlegt sé að Ólafi, sem fyrrverandi borgarstjóra, sé haldið utan við fjárhagsáætlanagerðina. **- kóp**

Mótmæli í Grikklandi:

## Átök í miðbæ Aþenu í gær

**AÞENA, AP** **Átök brutust út milli óeirðalögreglu og mótmælenda í miðborg Aþenu, höfuðborgar Grikklands, í gær.**

**Í kjölfar friðsamlegrar mótmælagöngu hóf hópur mótmælenda að kasta steinum og bensínsprengjum að lögreglu og byggingum í nágrenni þinghússins. Lögregla brást við með notkun táragass.**

**Vegfarendur í jólainnkaupum neyddust til að hlaupa í skjól þegar til átakanna kom.**

**Mótmælendur reyndu einnig að kveikja í stóru jólatré í miðbænum.**

**Um 7.000 manns mótmæltu í miðborginni umdeildri efnahagsstjórn landsins.** **- kg**

# Baugsmönnum birt ákæra um skattsvik

**Ríkislögreglustjóri ákærir Jón Ásgeir Jóhannesson, Kristínu Jóhannesdóttur og Tryggva Jónsson auk félaganna Baugs og Gaums fyrir skattsvik á árunum 1999 til 2003. Mannréttindi þverbrotin með ákærunni, segir lögmaður Baugs Group.**

**DÓMSMÁL** Settur ríkislögreglustjóri hefur ákært Jón Ásgeir Jóhannesson, Kristínu Jóhannesdóttur, Tryggva Jónsson, Baug og Fjárfestingafélagið Gaum fyrir skattalagabrot á árunum 1999 til 2003.

Í ákærunni segir að Jón Ásgeir hafi vantalið til skatts launatekjur og fjármagnstekjur á árunum 1999 til 2003 og komist undan að greiða tæpar 30 milljónir í tekjuskatt og fjármagntekjuskatt.

Systkinin Jón Ásgeir og Kristín eru ákærð fyrir að hafa vantalið hagnað Gaums af sölu fjórðungs hlutabréfa í félögunum Bónus, Ísþori og Bónusbirgðum og af sölu 12,5 prósenta hlutar í Baugi um samtals 669 milljónir króna. Með því að láta þessa upphæð síðan renna til kaupa á Hagkaupum hafi Gaumur komist undan að greiða tæpa 201 milljónar króna skatt af söluhagnaðinum.

Kristín og Gaumur eru ákærð fyrir að hafa árið 2003 oftalið niðurfærslu á hlutabréfum í sænska fyrirtækinu NRG Pizza um 74 milljónir króna. Einnig eru Kristín og Gaumur ákærð fyrir að hafa skilað inn röngu framtali fyrir Gaum vegna ársins 2002 og þar vantalið skattskyldar tekjur um 916 milljónir króna og oftalið útgjöld um 15,7 milljónir. Þá er Kristín ásamt Gaumi ákærð fyrir að hafa ekki staðið rétt skil á staðgreiðslu skatta á árunum 1999 til 2002. Um hafi verið að ræða laun, bílahlunnindi og önnur hlunnindi upp á 71 milljón króna sem af hefði átt að greiða 27,5 milljónir í skatta.



**JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON** Gefin hefur verið út ný ákæra á hendur nokkrum af helstu eigendum og stjórnendum Baugs og Gaums. Ákæran hljóðar upp á meiri háttar brot á skattalögum. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Ákært er gegn Jóni Ásgeiri, Tryggva og Baugi fyrir að hafa ekki staðið skil á 10,6 milljóna króna staðgreiðslu skatta vegna launa, bílahlunninda og iðgjalda líftrygginga Tryggva og Jóns Ásgeirs á árunum 1998 til 2002. Tryggvi ásamt Baugi er ákærður fyrir að hafa vantalið tekjur um 8,4 milljónir króna á árinu 2002, meðal annars vegna launa og líftrygginga Tryggva og fleiri stjórnenda Baugs.

Tryggvi er ákærður fyrir að hafa skilað inn röngum skattaframtölum fyrir sjálfan sig á árunum 1999 til 2003 og þannig komist undan að greiða 13,3 milljónir króna.

Gestur Jónsson, lögmaður Baugs og Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, segir í yfirlýsingu að ákæruvaldið virðist ekki taka mark á því að Hæstiréttur hafi fundið að því að alltof langur tími hafi liðið frá upphafi rannsóknarinnar í ágúst 2002 og þar til ákæra númer tvö hafi verið gefin út í mars 2006. Nú sé þriðja ákæran komin fram þótt Héraðsdómur Reykjavíkur hafi í fyrradag vísað frá dómi ákæru vegna annmarka á málsmeðferð sem enn frekar eigi við um nýju ákæruna.

„Ákærðu telja að með ákærunni séu þverbrotnar á þeim grundvallarreglur um mannréttindi með því að ákæra margsinnis í sama máli og draga mál svo lengi að óafsakanlegt sé,“ segir í yfirlýsingu Gests Jónssonar.

gar@frettabladid.is



**EFTIRSÓTT SKILTI** Skipulagsráð vill ekki leyfa almennar auglýsingar á kynningarskilti tónlistarhússins væntanlega.

Björgunarsveitin Ársæll:

## Auglýsi ekki við tónlistarhúsið

**SKIPULAGSMÁL** **Björgunarsveitinni Ársæli hefur verið synjað um leyfi til að auglýsa flugeldasölu sína á kynningarskilti sem stendur við væntanlegt tónlistar- og ráðstefnuhús við Reykjavíkurhöfn. Óskað var eftir tímabundu leyfi til að breyta innihaldi auglýsingaskiltis með því að strengja segl með áprentaðri mynd yfir skiltið. Skipulagsráð Reykjavíkur segir að upplýsingaskilti fyrir tónlistarhúsið hafi verið samþykkt á borgarlandi með undanþágu frá skiltareglum og einungis vegna þeirra framkvæmda. Ekki eigi að heimila almennar auglýsingar á skiltinu.** **- gar**

### DÓMSTÓLAR

**Fíkniefnasali framseldur**

Hæstiréttur hefur staðfest úrskurð héraðsdóms um að pólskur maður skuli framseldur til heimalands síns. Hann er grunaður um að hafa tekið þátt í skipulagðri fíkniefnasölu í Póllandi. Þá hafi hann selt tilgreindum manni 200 grömm af amfetamíni.

### SVEITARSTJÓRNIR

**Launalækkun á Álftanesi**

Þóknun vegna setu í bæjarstjórn og bæjarráði Álftanes hefur verið lækkuð um 25 prósent og á sú lækkun að gilda út næsta ár, samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar sem jafnframt ætlar að láta endurskoða þóknanir fyrir önnur nefndarstörf.






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

**HELGIN**
Á morgun verður vindur víðast hægur og fyrir hádegi má búast við éljum nokkuð víða, en eftir hádegi ætti að vera orðið úrkomulaust sunnan til og þá léttir þar til. Aðfaranótt sunnudagsins má búast við norðaustan hvassviðri eða stormi við SA-ströndina en með morgninum tekur að lægja. Annars staðar verður vindur hægur og nokkuð bjart verður SV-til.




**Á MORGUN** 3-10 m/s, hvassast á Vestfjörðum.

**SUNNUDAGUR** Hvassviðri SA-til aðfaranótt sunnudags.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 15° |
| Amsterdam | 7° |
| Basel | 2° |
| Berlín | 5° |
| Billund | 6° |
| Eindhoven | 6° |
| Frankfurt | 6° |
| Friedrichshafen | 2° |
| Gautaborg | 6° |
| Kaupmannahöfn | 6° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 11° |
| New York | 0° |
| Orlando | 26° |
| Osló | 0° |
| París | 7° |
| Róm | 9° |
| Stokkhólmur | 5° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.


Allt í hátíðarmatinn
í einni ferð
OPIÐ TIL 22:00 alla daga til jóla
20% afsláttur við kassa
ANDABRINGUR FRANSKAR
2.716kr/kg.
Merkt verð 3.395.-
SS fremstir fyrir bragðið
30% afsláttur við kassa
1.252kr/kg
Merkt verð 1.788.-
SS fremstir fyrir bragðið
20% afsláttur við kassa
1.838kr/kg
Merkt verð 2.298.-
20% afsláttur við kassa
3.198kr/kg
Merkt verð 3.998.-
20% afsláttur við kassa
2.799kr/pk
Merkt verð 3.499.-
Bayonneskinka
- úr læri
Grísapurusteik soðin
- tilbúin beint í ofninn
Nautalundir
- nýsjálenskar
Nauta T-bone steikur
- tvær 450g steikur í pakka
BAGUETTE NÝBAKAÐ
189kr/stk
Verð áður 345.-
MACKINTOSH´S 2.9 KG
2.999kr/stk
Verð áður 4.439.-
Quality Street
LAUFABRAUÐ 2 TEG.
1.599kr/pk
Laufabrauð
Gleðileg Jól
BAHLSEN KÖKUR
20% afsláttur við kassa
JÓI FEL EÐAL ÍSTERTA
1.099kr/stk
Jói FEL Eðal ísterta
TE & KAFFI HÁTÍÐARKAFFI
559kr/stk
Verð áður 599.-
Gildir til 21. desember eða á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**KJÖRKASSINN**



*Styrkir þú hjálparstarf fyrir jólin?*

| | |
|---|---|
| Já | 54,5% |
| Nei | 45,5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Er réttlætanlegt hjá ríkislögreglustjóra að fækka lögfræðingum í efnahagsbrotadeild?*

Segðu skoðun þína á Vísir.is

Sjúkrahúsið á Akureyri segir upp samningi við barna- og unglingageðlækni:

# Forsendur samningsins brustu

**STJÓRNSÝSLA** Sjúkrahúsið á Akureyri hefur sagt upp ferliverkasamningi við Pál Tryggvason, yfirlækni barna- og unglingageðdeildar, þar sem forsendur samningsins brustu.

Að sögn Halldórs Jónssonar forstjóra var samningurinn við Pál gerður fyrir nokkrum árum með þeim fyrirvara að sjúkrahúsið fengi sérstakar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins til að standa straum af kostnaði við hann. Slíkar greiðslur hafi aldrei fengist. Nauðsynlegt sé að endurskoða alla ferliverkasamninga sjúkrahússins í ljósi niðurskurðaraðgerða vegna efnahagsástandsins. Slík endurskoðun standi yfir.



HÖSKULDUR ÞÓRHALLSSON

Páll er í 70 prósenta starfi við sjúkrahúsið og hefur síðustu ár sinnt öðrum læknisverkum innan veggja þess, samkvæmt ferliverkasamningnum. Ráðningarsamningi við Pál hefur ekki verið sagt upp. Ferliverk eru skilgreind sem læknisþjónusta við sjúkling sem ekki þarfnast innlagnar.

Aðspurður segir Halldór að ekki hafi verið rætt um að bjóða Páli fullt starf á sjúkrahúsinu, það komi hins vegar til greina en á hinn bóginn sé honum frjálst að reka sjálfstæða stofu, líkt og hann gerði áður, samhliða störfum sínum á sjúkrahúsinu.

Höskuldur Þórhallsson, þingmaður Framsóknarflokksins, tók málið upp á Alþingi í gær. Sagði hann standa til að segja lækninum upp og innti heilbrigðisráðherra eftir viðbrögðum. Ráðherra sagðist ekki þekkja til málsins og því ekki geta tjáð sig um það. **- bþs**

Þjófagengið:

## Meira þýfi hefur fundist

**LÖGREGLUMÁL** Meira þýfi fannst við húsleit hjá fjórmenningum sem grunaðir eru um að hafa ætlað að koma miklu magni þýfis úr landi, eins og fram kom í blaðinu í gær. Um var að ræða snyrtivörur.

Bíll sem lögregla hafði leitað að vegna málsins er einnig fundinn. Var talið að flytja ætti hann úr landi í gámi sem hlaðinn væri þýfi. Bíllinn var hins vegar ekki kominn um borð í gáminn þegar hann fannst og reyndist ekkert vera í honum.

Lithái situr í gæsluvarðhaldi vegna málsins. Þrír landar hans eru grunaðir um aðild en þeir ganga lausir. **- jss**






# Meiri niðurskurður boðaður á næsta ári

**Megnið af skuldum Íslands vegna bankahrunsins verður í íslenskum krónum og mun lægra en gert var ráð fyrir í október, sagði Poul Thomsen, formaður sendinefndar AGS. Ákveða þurfi strax hvar eigi að skera niður í fjárlögum 2010.**

**EFNAHAGSMÁL** „Efnahagsáætlun Íslands, sem studd er af Alþjóðagjaldeyrissjóðnum gengur vel,“ sagði Poul Thomsen í gær þegar fjögurra daga heimsókn sendinefndar sjóðsins hér á landi lauk. Á meðan á heimsókninni stóð ræddi sendinefndin við meðlimi ríkisstjórnarinnar, þingmenn og ýmsa fræðimenn.

Thomsen sagðist hafa fulla trú á að Ísland muni hafa getu til að borga til baka þau erlendu lán sem þurfi að taka. Um 60 prósent af kostnaði við bankahrunið verði vegna endurfjármögnunar viðskiptabanka og Seðlabanka, sem verði innlendar skuldir ríksins vegna endurfjármögnunar bankanna. Erlendar skuldir vegna innstöðutrygginga munu líklega fást endurgreiddar af eignum gömlu bankanna.

Í október var gert ráð fyrir að kostnaður vegna bankahrunsins væri um 85 prósent af vergri þjóðarframleiðslu „en það verður mun minna“, sagði Thomsen. Hann var ekki viss hversu miklu minna en giskaði á 20-30 prósent.

Helsta skammtímamarkmið áætluninnar var að verja stöðu krónunnar, vegna þess hve hátt hlutfall lána er hér í erlendri mynt. „Ég tel að því markmiði hafi verið náð,“ sagði Thomsen. Meðal annars hafi minna af gjaldeyrisvaraforðanum verið notað til að verja krónuna en áætlað hafi verið.

Snemma á næsta ári ætti að vera komin aðstæður um að lækka stýrivexti og afnema þau gjaldeyrishöft sem enn eru í gildi.

Lýst var ánægju með fjárlagafrumvarpið sem lagt hefur verið fram og sagði Thomsen að tillögurnar og fjárlagahallinn væru í samræmi við það sem hafði verið rætt. Tekjur ríkisins verði þó líklega eitthvað lægri en áætlað hafði verið í október, um 0,25 prósent af vergri þjóðarframleiðslu.

Fyrir fjárlagaárið 2010 þurfi þó að þrengja fjárlagarammann um tvö prósent af þjóðarframleiðslu frá fjárlögum 2009. „Við stöndum frammi fyrir alvarlegum fjárhagsvanda,“ sagði Thomsen. En vandanum yrði að hluta frestað um eitt ár til þess að ekki þurfi að taka á honum í krísu. Nú þurfi hins vegar að taka erfiðu ákvarðanirnar um niðurskurð á árinu 2010.

Thomsen staðfesti að fastur starfsmaður Alþjóðagjaldeyrissjóðsins mun starfa hér á landi frá og með janúar. Í upphafi febrúar mun sendinefndin snúa aftur og þá mun fyrsta formlega endurmatið á efnahagsáætlunni fara fram. **svanborg@frettabladid.is**



**POUL THOMSEN** Hefur fulla trú á að Íslendingar hafi getu til að borga erlendar skuldir sínar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM











Frjálslyndi flokkurinn eyddi tæpum fimm milljónum árið 2007:

# Eyddi minna en Helgi Hjörvar

**STJÓRNMÁL** Magnús Reynir Guðmundsson, framkvæmdastjóri Frjálslynda flokksins, vill taka fram, vegna úttektar Fréttablaðsins á því hvernig þingmenn hafi fjármagnað prófkjörsbaráttu sína fyrir síðustu kosningar, að engin prófkjör fóru fram á vegum flokksins.

Hann vill enn fremur að fram komi að hann líti svo á að hann hafi svarað fyrir alla þingmenn flokksins þegar hann var til svara um útgjöld flokksins á síðasta kosningaári. Jón Magnússon og Kristinn H. Gunnarsson svöruðu þó fyrir sig sjálfir. Í svari Magnúsar Reynis segir: „Frjálslynda flokknum er ekki kunnugt um að stuðningur við einstaka frambjóðendur fyrir alþingiskosningarnar 2007 hafi verið annar en fram kemur í sameiginlegu bókhaldi flokksins, sem skilað hefur verið til Ríkisendurskoðunar. Þar er að finna sundurliðun á stuðningi einstaklinga og fyrirtækja, samtals að upphæð 4.942.846 krónum.“ Þess má geta að það er ögn minna en Helgi Hjörvar, Samfylkingu, eyddi í sitt prófkjör.

Fréttablaðið hefur ítrekað spurningar til þingmanna sem ekki hafa enn svarað varðandi fjármögnun við prófkjör sín fyrir síðustu kosningar. Enn hafa 34 ekki svarað. **- jse**



**JÓN MAGNÚSSON OG MAGNÚS ÞÓR HAFSTEINSSON HJÁ FRJÁLSLYNDUM** Ekkert prófkjör var hjá frjálslyndum enda eyddu þeir á við einn þingmann kosningaárið 2007.

# nettó




FJÖLSKYLDU SKEMMTUN

## Hörðu pakkarnir fást hjá okkur!

MAMMA MIA!
**2.599 kr**




SPENNA OG HASAR

THE HULK
**1.799 kr**




SEX & THE CITY
**2.399 kr**




KLIKKAR EKKI!

LATIBÆR
**2.199 kr**




FYRIR ÞAU YNGSTU

4 JÓLASMELLIR
**299 kr**




FYRSTI VETRARSNJÓRINN
**599 kr**




DÓRA NR.2
**1.799 kr**

Skoðaðu tilboðin á www.netto.is

www.markhonnun.is

## Verið velkomin í Nettó

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík
www.netto.is

## VEISTU SVARIÐ?



**1** *Hvað hefur Þorvaldur Gylfason prófessor skrifað margar greinar í Fréttablaðið?*

**2** *Hvað kostar bókin Flóra Íslands eftir Eggert Pétursson?*

**3** *Til hvaða franska félagsliðs hyggst knattspyrnumaðurinn Veigar Páll Gunnarsson fara?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 70

Fjármálaeftirlitið hafði símtal Jafets Ólafssonar til rannsóknar í hálft annað ár:

# Jafet ákærður fyrir að rjúfa trúnað

**LÖGREGLUMÁL** Jafet Ólafsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri VBS fjárfestingabanka, hefur verið ákærður fyrir brot gegn lögum um fjármálafyrirtæki. Honum er gefið að sök að hafa árið 2006 rofið trúnað við Geir Zoëga með því að láta Sigurði G. Guðjónssyni í té upptöku af samtali sínu við Geir.

Félag í eigu Sigurður ætlaði á sínum tíma að kaupa hlut Geirs í Tryggingamiðstöðinni. Sigurður fékk Jafet til að annast milligönguna. Geir hætti hins vegar við söluna og sagði við Jafet í símtali að hann hefði ákveðið að selja öðrum hlutinn. Jafet hljóðritaði símtalið og leyfði Sigurði að heyra tíðindin. Sigurður taldi maðk í mysunni, með þessu hefði Geir skapað sér yfirtökuskyldu, og sendi Fjármálaeftirlitinu upptökuna til rannsóknar.



**JAFET ÓLAFSSON** Jafet var forstjóri VBS fjárfestingabanka þegar málið kom upp.

Geir var óánægður með að Jafet skyldi láta hljóðupptökuna af hendi og kvartaði yfir því við Fjármálaeftirlitið. Fjármáleftirlitið tók að lokum ákvörðun um að kæra háttsemi Jafets til lögreglu. Ákæra efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóra á hendur Jafeti var svo þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur gær.

Jafet Ólafsson hafnar öllum ásökunum um trúnaðarbrot. Fjármálaeftirlitið hafði málið til meðferðar í hálft annað ár og Ríkislögreglustjóri í hálft til viðbótar. **- sh**

Samgöngur til Eyja:

# Ástandið með öllu óviðunandi

**SAMGÖNGUR** Bæjarráð Vestmannaeyja bókar að ástandið í samgöngumálum til og frá Eyjum sé með öllu óviðunandi. Hafi það versnað til allra muna seinustu mánuði.

Flug á Bakka hefur lagst af með öllu og Herjólfur er nú orðin það gamall og slitinn að hann bilar nú orðið nánast vikulega og falla þá samgöngur við Vestmannaeyjar niður með öllu, segir í bókun ráðsins.

Bæjarráð samþykkti að óska sem fyrst eftir heimsókn frá Kristjáni L. Möller samgönguráðherra til að ræða samgöngumál. **- shá**




# Íslenskupróf til að fá ríkisborgararétt

**Innflytjendur verða að hafa staðist íslenskupróf til að geta fengið íslenskan ríkisborgararétt. Hætta er á að ólæsir eigi litla möguleika á að ná prófinu. Kröfurnar „próftökum í hag“ segir framkvæmdastjóri Námsmatsstofnunar.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Umsækjendur um íslenskan ríkisborgararétt verða að hafa staðist próf í íslensku samkvæmt breytingum sem verða á reglum um íslenskan ríkisborgararétt um áramótin. Hætta er á að ólæsir innflytjendur eigi litla möguleika á að ná prófinu ef þeir þurfa á lestrar- og ritunarkunnáttu að halda þegar þeir þreyta prófið.

Námsmatsstofnun mun annast undirbúning og framkvæmd prófanna og verða þau haldin minnst tvisvar á ári í Reykjavík. „Þetta er mjög opið og sett í hendurnar á prófdómara hversu miklar kröfur eru gerðar. Vonandi hanna þeir þann veruleika sem útlendingar búa við,“ segir Ingibjörg Hafstað, verkefnastjóri í Alþjóðahúsi.

Hún bendir á að það sé miklu erfiðara og taki lengri tíma fyrir fólk sem talar tungumál frá Afríku og Asíu að læra íslensku. „Ef það á að vera einn mælikvarði fyrir alla hópa þá þarf prófið að vera ofboðslega auðvelt,“ segir hún.

Minnst eitt þúsund innflytjendur eru ólæsir annað hvort á eigið móðurmál eða latneskt letur. Fá íslenskunámskeið hafa verið í boði fyrir ólæsa og víða úti á landsbyggðinni eru ekki nægilega mörg námskeið í boði. Þetta fólk telur Ingibjörg að eigi litla möguleika á að standast íslenskuprófið. Að sama skapi hljóti það að draga úr möguleikum þeirra á að fá íslenskan ríkisborgararétt og jafnvel þótt ekki séu neinar hömlur á því hversu oft megi þreyta prófið.



**OFBOÐSLEGA AUÐVELT** „Ef það á að vera einn mælikvarði fyrir alla hópa þá þarf prófið að vera ofboðslega auðvelt,“ segir Ingibjörg Hafstað, verkefnastjóri í Alþjóðahúsi.

Í vefriti dómsmálaráðuneytisins er fjallað um nýju reglurnar. Þar segir að þó að umsækjandi hafi fengið búsetuleyfi og lokið íslenskunámi eða prófi þurfi hann samt að fara í íslenskupróf vegna umsóknar sinnar. Undanþágur geti þeir fengið sem hafi náð 65 ára aldri og átt lögheimili hér á landi síðustu sjö ár og þeir sem séu í skóla eða undir grunnskólaaldri.



**KRÖFURNAR MILDAR** „Kröfurnar eru afskaplega mildar og próftökum í hag,“ segir Júlíus K. Björnsson, framkvæmdastjóri Námsmatsstofnunar.

Júlíus Björnsson, framkvæmdastjóri Námsmatsstofnunar, segir að kröfurnar verði afskaplega hógværar. Útlendingar verði að geta lesið fyrirsagnir í blöðum, sagt til nafns og haldið uppi einföldum samræðum. Ekkert verði prófað úr málfræði. „Kröfurnar eru afskaplega mildar og próftökum í hag,“ segir hann.

Júlíus segir að hugmyndin sé alls ekki sú að einhver hópur verði útilokaður. Þá eigi eftir að móta undanþágurnar nánar.

**ghs@frettabladid.is**




**Neytendur:** verðkönnun Dr. Gunna

# *Hvað kosta jólabækurnar?*



**DR. GUNNI**
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Nú í jólabókaflóðinu vildi ég athuga verðlagið og skoðaði verð á sex bókatitlum hjá sjö söluaðilum. Bækur fást vitanlega á mun fleiri stöðum. Ég valdi bækurnar af handahófi, passaði bara að þær fengjust alls staðar, en búðirnar voru Griffill, Office 1 í Skeifunni, Hagkaup í Kringlunni, Eymundsson í Kringlunni, Nettó í Mjódd, Kringlan á Höfða og Bónus í Kringlunni. Verðið er það sem ég hefði fengið bækurnar á á þeim tíma sem ég kom í búðirnar, sem var á þriðjudag og miðvikudag. Bókaverð breytist ört þessa dagana og bækur fara á tilboð, svo ég get ekki ábyrgst að verðið sé það sama í dag.

Niðurstaðan er sú að bækurnar voru ódýrastar hjá Bónus. Krónan fylgir fast á eftir, er í mörgum tilfellum með bækurnar aðeins einni krónu dýrari en Bónus. Fulltrúar hefðbundinna bókabúða munu eflaust telja að hér sé verið að bera saman epli og appelsínur. Stórmarkaðir fleyti rjómann af bókaútgáfunni og bjóði aðeins upp á sirka 100 vinsælustu titlana. Bækur séu eins konar „skraut“ hjá þeim og framlegðinni sé náð með sölu á öðrum vörum.

Bókabúðirnar sinni hins vegar bóksölu allan ársins hring og séu með breiðara úrval. Þetta ber vitanlega að hafa í huga, þótt sparnaður upp á mörg þúsund krónur sé vissulega lokkandi.

| Titill | Griffill | Office 1 | Hagkaup | Eymundsson | Nettó | Krónan | Bónus |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Heimsmetabók Guinness 3D | 4.342 | 4.921 | 4.990 | 5.200 | 4.053 | 3.749 | 3.748 |
| Stórhættulega strákabókin | 3.517 | 3.986 | 3.990 | 4.200 | 3.283 | 3.039 | 3.038 |
| Ég, ef mig skyldi kalla | 3.517 | 4.241 | 3.490 | 3.040 | 3.283 | 3.040 | 3.038 |
| Myrká | 3.592 | 4.241 | 3.990 | 4.300 | 3.493 | 2.993 | 2.992 |
| Saga af forseta | 5.242 | 5.941 | 5.990 | 6.000 | 4.893 | 4.690 | 4.543 |
| Vetrarsól | 3.742 | 4.241 | 3.690 | 4.200 | 3.493 | 3.393 | 3.392 |
| **Samtals** | **23.952 kr.** | **27.571 kr.** | **26.140 kr.** | **26.940 kr.** | **22.498 kr.** | **20.904 kr.** | **20.751 kr.** |



# AFGREIÐSLUTÍMAR Í VÍNBÚÐUNUM

**Á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, Selfossi og í Keflavík verða afgreiðslutímar Vínbúðanna kringum jól og áramót eins og hér segir:**

| | |
|---|---|
| Laugardagur 20. des. | Opið til kl. 18.00* |
| Mánudagur 22. des. | Opið til kl. 20.00 |
| Þriðjudagur 23. des. | Opið til kl. 22.00 |
| Miðvikudagur 24. des. | Opið til kl. 13.00 |
| Mánudagur 29. des. | Opið til kl. 18.00** |
| Þriðjudagur 30. des. | Opið til kl. 20.00 |
| Miðvikudagur 31. des. | Opið til kl. 13.00 |

*Á Akureyri, Selfossi og í Keflavík er opið til kl. **16.00**.

** Opið til kl. **20.00** á Dalvegi, í Skútuvogi og Skeifunni.



VÍNBÚÐIN

Nánari upplýsingar um afgreiðslutíma er að finna á vinbudin.is



**JÓLASVEINAR Í HAMBORG** Hundruð jólasveina mættu til leiks þegar efnt var í góðgerðaskyni til jólasveinahlaups í miðborg Hamborgar í Þýskalandi. Ef grannt er skoðað má sjá að flestir þeirra veifa, af einhverjum ástæðum, dönsku fánanum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Formaður skipulagsráðs segir mikilvægt að vanda skipulag á Hljómalindarreit:

# Festum ekki settir afarkostir

**SKIPULAGSMÁL** „Með þessu erum við ekki að setja þeim einhverja afarkosti,“ segir Júlíus Vífill Ingvarsson, formaður skipulagsráðs Reykjavíkur, um gagnrýni stjórnarformanns og fjármálastjóra fasteignafélagsins Festa ehf. á umsögn skipulags- og byggingasviðs um deiliskipulagstillögu fyrir Hljómalindarreit.



JÚLÍUS VÍFILL INGVARSSON

„Það er skiljanlegt að þau vilji fá sem mest byggingamagn á reitinn og við höfum verið að horfa á með hvaða hætti er hægt að verða við því. En það er engu að síður svo, að þær tillögur sem þau hafa verið að leggja fyrir okkur gera ráð fyrir 35 prósent meira byggingamagni en núgildandi deiliskipulag gerir ráð fyrir,“ segir Júlíus Vífill.

Í ljósi þess hversu fjármagn er dýrt telur Júlíus Vífill skiljanlegt að framkvæmdaaðilar vilji ganga hratt fram. „Þegar menn eru með svona viðkvæma reiti, eins og þarna er um að ræða, er eðlilegt að menn vandi sig. En á sama tíma vitum við að það þarf að vinna hratt vegna þess að fjármagn er óheyrilega dýrt og það er mikilvægt að menn geti farið að koma þeim rekstri, sem þarna er stefnt að, af stað,“ segir Júlíus Vífill.

Hann segir að samstarf borgarinnar og Festa hafi gengið vel en engin formleg viðbrögð hafi enn borist frá Festum við umsögn skipulagsráðs. „Hins vegar hafa þau tekið sér nokkurn tíma til umhugsunar en við eigum von á að fá viðbrögð þeirra við þeim athugasemdum sem fram komu,“ segir Júlíus Vífill. - ovd

Sjó- og útvegsmenn:

# Kjarasamningur undirritaður

**KJARAMÁL** Sjómenn og útvegsmenn undirrituðu nýjan kjarasamning í gær. Samningurinn tekur annars vegar til Sjómannasambands Íslands, Alþýðusambands Vestfjarða, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og VM, félags vélstjóra og málmtæknimanna, og hins vegar Landssambands íslenskra útvegsmanna. Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ, segir að alltaf sé ánægjulegt að ljúka samningum. Hann segir vinnu við samningagerðina hafa gengið vel og þakkar forystu sjómanna fyrir þeirra hlut í því að samningar náðust. - shá



**DICK CHENEY** Segir Obama hafa valið sér gott samstarfslið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Varaforseti Bandaríkjanna:

# Cheney ánægður með Obama

**BANDARÍKIN, AP Dick Cheney, varaforseti Bandaríkjanna, er harla ánægður með hverja Barack Obama hefur valið til þess að sjá um varnar- og öryggismál í stjórn sinni, sem tekur við af stjórn Bush í næsta mánuði.**

**„Ég verð að segja að þetta er nokkuð gott lið,“ sagði Cheney í sjónvarpsþætti í vikunni.**

**Varaforsetinn segist hins vegar enn sannfærður um nauðsyn þess að hafa sent herinn til Íraks og ítrekar þá skoðun sína að stundum geti verið nauðsynlegt að beita vatnsbrettaaðferðinni svonefndu á grunaða hryðjuverkamenn. Vatnsbrettaaðferðin er pyntingaraðferð þar sem líkt er eftir drukknun.** - gb

# Nýr hátekjuskattur á öryrkja

**Greiðslur til öryrkja og ellilífeyrisþega skerðast um 14-16 þúsund krónur á mánuði eftir áramót. Ríkið setur hátekjuskatt á öryrkja, að mati ASÍ. Verkefnastjórn skoðar víxlverkanir almannatrygginga og lífeyrissjóða.**

**EFNAHAGSMÁL** Ríkisstjórnin skerðir hækkun allra bótaflokka almannatrygginga um tíu prósent að lágmarkstekjuviðmiðun undanskilinni, eða úr 19,9 prósentum í 9,6 prósent, eftir áramót. Þetta þýðir að lágmarksbætur verða ríflega 163 þúsund krónur í stað þess að vera tæp 178 þúsund, eins og þær hefðu átt að vera. Þær verða þar með 14-15.500 krónum lægri á mánuði.



HALLDÓR S. GUÐBERGSSON

ASÍ segir að ríkisstjórnin umbylti almannatryggingakerfinu með því að taka upp 100 prósenta jaðarskatt, nokkurs konar hátekjuskatt á greiðslur lífeyrissjóða til elli- og örorkulífeyrisþega. Ríkissjóður sé að „hirða þann lífeyri sem launafólk hefur safnað saman á löngum starfsferli.“

Yfirlit ASÍ yfir áhrifin sýnir að greiðslur til lífeyrisþega hækka lítið þó greiðslur úr lífeyrissjóði hækki um tugi þúsunda. Samkvæmt því fær lífeyrisþegi miðað við almannatryggingar og 0-20 þúsund krónur í lífeyrisgreiðslur 162.773 krónur á mánuði en hefði átt að fá 178.219. Lífeyrisþegi sem fær 30 þúsund úr lífeyrissjóði fær skerðingu upp á 14.137 krónur og þar með 164.082 á mánuði í stað 178.219. Lífeyrisþegi sem fær 70 þúsund úr lífeyrissjóði fær 184.222 krónur en hefði átt að fá 198.359.



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

Halldór S. Guðbergsson, framkvæmdastjóri Öryrkjabandalagsins, ÖBÍ, segir að ríkisstjórnin standi ekki við lög láti hún skerðinguna koma til framkvæmda. Aðeins 11 þúsund manns fái fullar verðbætur eftir áramót en um 33 þúsund fái tæplega 10 prósenta hækkun. „Til að standa við lög þyrftu allir að fá 19,9 prósent,“ segir Halldór og vill að ríkisstjórnin endurskoði málið.

Jóhönnu Sigurðardóttur félagsmálaráðherra finnst undarlegt að litið sé á það sem atlögu að almannatryggingakerfinu þegar ríkisstjórnin leggi sig fram um að bæta kjör hinna verst settu. Bætur lægst settu lífeyrisþega hafi aldrei verið hærri en á næsta ári saman borið við dagvinnutryggingu á almennum vinnumarkaði en víxlverkanir séu á milli almannatryggingakerfisins og lífeyrissjóðanna sem hafi slæm áhrif á kjörin. „Það er mjög slæmt og við viljum taka á því,“ segir hún. „Það er verkefnastjórn hjá mér að skoða þessi mál.“

Framkvæmdastjórn Landssambands stjórnvöld að hlutur ellilífeyrisþega verði í engu skertur og að staðið verði við öll loforð.

ghs@frettabladid.is

**SKERÐING LÍFEYRISGREIÐSLNA – DÆMI**

| | Dæmi 1 | Dæmi 2 | Dæmi 3 | Dæmi 4 |
|---|---|---|---|---|
| Lífeyrissjóður | 0 | 30.000 | 50.000 | 70.000 |
| Hefði átt að fá | 178.219 | 178.219 | 188.289 | 198.359 |
| Fær (eftir skerðingu) | 162.773 | 164.082 | 174.152 | 184.222 |
| **Mismunur** | **-15.446 kr.** | **-14.137 kr.** | **-14.137 kr.** | **-14.137 kr.** |




**MEIRIHLUTINN FÆR SKERÐINGU** Um 33 þúsund öryrkjar fá 14-16 þúsund krónum minna í lífeyri á mánuði eftir áramót ef sparnaðaraðgerðir ríkisstjórnarinnar ná fram að ganga. Aðeins um 11 þúsund öryrkjar fá fullar verðbætur á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR







**UPPSKIPUN** Verksmiðjuhúsið er tíu þúsund fermetrar. Verið er að skipa einingunum upp þessa dagana. MYND/SNÆFELLSBÆR

Flutningaskip lagðist að bryggju á Rifi á þriðjudag:

# Vatnsverksmiðjan komin í Rifshöfn

**IÐNAÐUR** Flutningaskipið Wilson Cadiz lagðist að bryggju á Rifi á þriðjudagsmorgun með hús vatnsverksmiðjunnar sem þar á að rísa innanborðs. Húsið er tíu þúsund fermetrar að stærð og tekur uppskipun tvo til þrjá daga. Hafist verður handa við að reisa húsið strax eftir áramótin.

Það er fyrirtækið Iceland Glacier Products sem stendur að uppbyggingunni á Rifi. Samkomulag var undirritað í fyrra og hefur félagið réttindi til vatnstöku næstu 95 árin.

Undirbúningsvinna vegna verksmiðjunnar hefur tekið nokkur ár og hefur verkið tafist nokkuð. Snæfellsbær hefur ekki komið að fjármögnun verkefnisins en leggur fram lóð undir verksmiðjuna. Sökkull undir húsið var kláraður í haust og unnið er að því að leggja vatnsæð úr Fossárdal að grunni hússins. Ef allt gengur eins og áætlað er verður húsið risið í byrjun sumars og byrjað að setja niður vélasamstæður. Framleiðsla gæti því hafist í byrjun árs 2010.

Miðað er við að fjórutíu starfsmenn vinni við verksmiðjuna fyrstu þrjú árin en þegar fullum afköstum verður náð er áætlað að sjötíu manns vinni við að tappa vatni á Rifi. - shá

DELL™ MÆLIR MEÐ WINDOWS VISTA® HOME PREMIUM

DELL
YOURS IS HERE




169.900 kr.

## Minnsta Dell tölvan á markaðinum

### Studio Hybrid tölvan

- Intel® Pentium® dual-core örgjörvi T2390
- Windows Vista Home Premium
- 2GB vinnsluminni
- 320GB harður diskur
- 8xDVD +/- RW geisladrif
- Þráðlaust ísl. lyklaborð og mús
- Hægt að tengja við sjónvarp
- Mál: 7,2 x 19,7 x 21,2cm (h x b x d)

OPIÐ LAUGARDAG OG SUNNUDAG 11-16



Veldu eitt af 6 mismunandi lituðum hulstrum utan um Studio Hybrid tölvuna þína.

Tölvan kemur með gráu hulstri.

# Hvað verður í jólapakkanum þínum?



## Meistari margmiðlunar!

### XPS M1530

- Intel® Core™2 Duo örgjörvi T9300
- Windows Vista Home Premium
- 2GB vinnsluminni
- 200GB harður diskur
- 8x DVD +/-RW geisladrif
- 15,4" True Life skjár
- 256MB nVidia GeForce 8600M GT skjákort

199.900 kr.



## Gæði og gott verð

### INSPIRON E530

- Intel® Core™2 Quad Core örgjörvi Q6600
- Windows Vista Home Premium
- 2GB vinnsluminni
- 500GB harður diskur
- 16x DVD +/-RW geisladrif

Skjár á mynd fylgir ekki með

169.900 kr.

## Prentar, ljósritar og skannar

V105 ALL-IN-ONE PRENTARI



14.900 kr.

## Sjónvarpsflakkari

MVIX 780HD-DVI afspilunartæki fyrir tölvu, sjónvarp og skjávarpa



32.900 kr.

## 24" breiðtjaldsskjár

E248 WFP skjár



68.900 kr.

## Fartölvumús

V220 þráðlaus mús



4.990 kr.

Gott Fólk | 37859

## Fartölvutaska

Fyrir fartölvu með allt að 15,4" skjá



8.990 kr.

## Office Home and Student 2007

Word, Excel, PowerPoint og OneNote



15.990 kr.

Celeron, Celeron Inside, Centrino, Centrino Inside, Centrino Logo, Core Inside, Intel, Intel Logo, Intel Core, Intel Inside, Intel Inside Logo, Intel Viiv, Intel vPro, Itanium, Itanium Inside, Pentium, Pentium Inside, Viiv Inside, vPro Inside, Xeon, and Xeon Inside are trademarks of Intel Corporation in the U.S. and other countries. Microsoft, Windows, Windows Vista and the Windows Vista logo are trademarks or registered trademarks of Microsoft Corporation in the United States and/or other countries.

intel Core™2 Duo inside™
Do More

EJS

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / Sími 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / Sími 463 3000

Penninn / Hallarmúla 4, Reykjavík / 540 2000 // Penninn Eymundsson / Sólvallagötu 2, Reykjanesbær / 421 1102 // Tölvu- og rafeindaþjónusta Suðurlands / Eyravegi 37, Selfoss / 480 3300 // Tölvun / Strandvegi 51, Vestmannaeyjar / 481 1122 // BVT / Austurvegi 15, Vík / 487 1510 // Bókaverslun Þórarins Stefánssonar / Garðarsbraut 9, Húsavík / 464 1234 // Kjalfell ehf. / Húnabraut 19, Blönduósi / 452 4567 // Penninn / Hafnarstræti 91-93, Akureyri / 540 2180 // Netheimar / Aðalstræti 27, Ísafjörður / 456 5006 // Kaupfélag Skagfirðinga / Ártorgi 1, Sauðárkrókur / 455 4500 // Tengill ehf. / Aðalgötu 24, Sauðárkrókur / 453 5519 // Mareind / Nesvegi 7, Grundarfjörður / 438 6611 // Omnis / Brúartorgi 4, Borgarnes / 433 0300 // Omnis / Dalbraut 1, Akranes / 433 0300 // Omnis / Tjarnargötu 7, Reykjanesbæ / 422 0300 // Martölvan / Litlu Brú 1, Höfn í Hornafirði / 478 1300

Verð eru tilboðsverð með vsk. og gilda á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl



**PÍLAGRÍMSFÖR TRÚÐANNA** Hundruð trúða héldu á miðvikudag í hina árlegu pílagrímaför trúða í Mexíkóborg. Ferðinni var heitið til dómkirkjunnar í Guadalupe, þar sem trúðarnir vottuðu hinni helgu mey af Guadalupe virðingu sína. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hæstiréttur þyngdi dóm yfir árásarmanni til muna:

# Í fangelsi fyrir árás á lögreglu

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur dæmt litháískan ríkisborgara í þriggja mánaða fangelsi fyrir að ráðast á lögreglumenn frá fíkniefnadeild lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu að störfum fyrir utan veitingastaðinn Monte Carlo. Héraðsdómur Reykjavíkur hafði áður dæmt manninn í 60 daga skilorðsbundið fangelsi. Hæstiréttur staðfesti hins vegar sýknudóm héraðsdóms yfir félaga mannsins.

Þrír menn voru í upphafi sakaðir um að hafa ráðist á lögreglumennina á Laugavegi aðfaranótt föstudagsins 11. janúar. Þeir voru ákærðir fyrir að hafa í sameiningu ráðist á lögreglumann, slegið hann ítrekað, meðal annars í höfuðið, og sparkað í höfuð hans að minnsta kosti tvisvar eftir að þeir felldu hann í götuna. Við þetta hlaut lögreglumaðurinn heilahristing og sár víðs vegar á líkamanum.

Héraðsdómur Reykjavíkur sýknaði mennina af broti gegn valdstjórninni en sakfelldi einn þeirra, fyrir líkamsárás.

Ríkissaksóknari ákvað að una sýknudómi yfir þriðja manninum sem ákærður var í málinu en áfrýjaði þeim hluta málsins sem sneri að tveimur árásarmannanna til Hæstaréttar. - jss



**MONTE CARLO** Þar fyrir utan var ráðist á lögreglumennina.

Styrkur í stað jólakorta:

# Einstök börn fá jólakortaféð

**STJÓRNMÁL** Einstök börn, stuðningsfélag barna með sjaldgæfa og alvarlega sjúkdóma, hljóta 250 þúsund króna styrk frá félags- og tryggingamálaráðuneytinu.

Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra ákvað að senda ekki jólakort í ár en verja þess í stað fjárhæð sem samsvarar hefðbundnum jólakortasendingum til velferðarmála. Í tilkynningu frá ráðuneytinu segir að um leið og tilkynnt sé um þessa ráðstöfun vilji ráðherra nota tækifærið og þakka samstarfsaðilum ráðuneytisins fyrir gott samstarf á árinu. - ovd




# Greiðslur til útlanda ganga betur en áður

**Verulegur hluti peningasendinga viðskiptabankanna þriggja fer enn í gegnum Seðlabankann. Sérfræðingur hjá bankanum segir helstu ástæður fyrir töfum á greiðslum vera að upplýsingar vanti um móttakanda.**

**EFNAHAGSMÁL** „Ég hef ekki orðið vör við annað en að greiðslur til útlanda gangi mjög vel,“ segir Sigríður María Torfadóttir, sérfræðingur hjá Seðlabankanum. Hún segir þó alltaf einhver vandamál koma upp. „En það gerist líka undir eðlilegum kringumstæðum. Það eru alltaf einhverjar greiðslur sem tefjast, af einhverjum ástæðum.“

Hún segir að frá bankahruninu hafi greiðslur viðskiptabankanna þriggja til Íslands farið í gegnum Seðlabankann. „Þau hjá Kaupþingi eru nýbyrjuð að senda sjálf peninga til og frá landinu og Glitnir er í startholunum en greiðslur til landsins munu samt að einhverju leyti áfram koma í gegnum Seðlabankann,“ segir Sigríður María. Hún segir það taka tíma að koma nýjum samböndum á.

„Seðlabankinn hefur engin sjálfvirk kerfi til að taka við svona greiðslum þannig að því leytinu eru peningaflutningar til landsins handstýrðir,“ segir Sigríður María. Hún segir Seðlabankann þó nýta kerfi viðskiptabankanna fyrir greiðslur sem sendar eru út.

Sigríður María segir Seðlabankanum ganga vel að afgreiða peningasendingar. „Aðalvandamálið í dag er að við erum að fá greiðslur en ekki upplýsingar um móttakanda. Fólk hefur því verið að hringja í okkur og spyrjast fyrir um greiðslur sem legið hafa hjá okkur þar sem við höfum verið að vinna í því að finna réttan viðtakanda.“

Seðlabankinn á í samstarfi við erlenda banka og segir Sigríður María samstarfið vera gott. „Eðli málsins samkvæmt eru mestu viðskiptin með evrur og því sjáum við í fleiri tilvikum að þær greiðslur tefjist,“ segir Sigríður María.

Hún staðfestir að viðskiptabankarnir gefi ekki út ávísanir í erlendri mynt. „Ég veit ekki betur en að Sparisjóðabankinn útbúi ávísanir en frá bankahruninu hafa viðskiptabankarnir þrír ekki getað útbúið slíkar ávísanir,“ segir Sigríður. Ástæðuna segir hún vera að við hrunið hafi öll viðskiptasambönd bankanna við erlenda banka lokast. olav@frettabladid.is



**KRÓNUR OG EVRUR** Peningaflutningar til og frá landinu hafa gengið stirðlega allt frá bankahruninu í byrjun október. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## STÓR HLUTI UPPHÆÐARINNAR Í GJÖLD

Fréttablaðinu hafa borist mörg dæmi um vandamál tengd peningasendingum á milli landa.

Viðskiptavinur Kaupþings sendi rúmar 50 þúsund krónur til Evrópulands í lok október. Þremur vikum síðar fékk hann hins vegar póst frá ætluðum viðtakanda þar sem honum var tjáð að greiðslan hefði ekki borist. Í ljós kom að það vantaði upp á upplýsingar um viðtakanda. Það var þá leiðrétt.

Um miðjan desember tók viðskiptavinurinn eftir því að rúmar 30 þúsund krónur höfðu verið lagðar inn á reikning hans. Um var að ræða hluta áðurnefndrar peningasendingar. Var honum tjáð að réttar upplýsingar hefðu ekki komist til skila í tæka tíð. Peningarnir hefðu því komist í bankann úti en ekki inn á tilætlaðan reikning.

Útskýringar á muninum, af hverju einungis rúmar 30 þúsund krónur af rúmum 50 þúsund krónum skiluðu sér nú sagði starfsmaður í Kaupþingi meðal annars vera vegna gjalda sem þriðji bankinn, milliliðurinn erlendis, tæki fyrir flutning á peningunum. Við bættist að kostnaður vegna rangra upplýsinga væri venjulega á bilinu 10 til 20 þúsund. Þá voru svör bankans einnig þau að fjárhæðin hefði rýrnað vegna gengisbreytinga, frá því að viðskiptavinurinn sendi peningana út og þar til þeir skiluðu sér til baka.

Skilaboðin sem þessi viðskiptavinur fékk frá Kaupþingi var að hann ætti að prófa að senda peningana aftur. Hann, eða sá aðili sem taka átti við peningunum þyrftu að sætta sig við að hafa tapa 20 þúsundum af 50 þúsund krónum.




Móðir stúlku sem hyggur á nám í Englandi undrast úrræðaleysi í bankakerfinu:

# Fær ekki ávísun fyrir skólaskráningu

**BANKAMÁL** „Skilafrestur á umsóknum er að klárast og það er ekki hægt að fá bankaávísanir sem nauðsynlegar eru sem skráningargjald,“ segir Súsanna Svavarsdóttir, blaðamaður og móðir stúlku sem hyggur á nám í Bretlandi.

Þeir skólar sem dóttir Súsönnu er að sækja um krefjast þess að fá á bilinu 35-45 pund í skráningargjald sem greitt sé með bankaávísun og engu öðru. Að sögn Súsönnu gildir það sama um marga aðra skóla. Frá því bankakerfið hrundi á Íslandi virðist hins vegar hvergi vera hægt að fá útgefna bankaávísun. Súsanna segir til lítils að biðja skólana ytra um að fá að greiða skráningargjaldið á annan hátt.

„Orðsporið er það slæmt að ef menn ætla að biðja um einhverja sérstaka aðferðarfræði af því að þeir eru frá Íslandi spyrja skólarnir sig strax að því hvernig verði þá með greiðslu skólagjaldanna í framtíðinni,“ segir Súsanna og kallar eftir úrbótum:

„Það er sagt að bankamálin séu komin í eðlilegt horf en það er ekki eðlilegra en það að krakkar geta ekki sótt um skóla úti. Hvernig ætla yfirvöld að snúa sér í að leysa þetta?“ spyr Súsanna sem sjálf kveðst vera að reyna að leysa mál dóttur sinnar fyrir milligöngu frænda sem búi í London. „En það eiga ekki allir frænda í London,“ bendir hún á. - gar



**SÚSANNA SVAVARSDÓTTIR** Orðspor Íslendinga býður ekki upp á að fara fram á sérleiðir í greiðslum til erlendra skóla, segir móðir stúlku sem ætlar í framhaldsnám í Bretlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Nú á tímum er nauðsynlegt að sofa vel

## fjárfestu í heilsunni

### Við bjóðum **6 mánaða** vaxtalausar greiðslur

**JÓLATILBOÐ**



**Stór pakki**
fylgir heilsurúmum
frá Svefn og heilsu
Lök, silkidamask sængurverasett
og hlífðardýnur
Verðmæti allt að kr. **55.200**

**S-CAPE**
WALLHUGGER



**Sá nýjasti og besti frá Leggett**

**S-CAPE WALLHUGGER dregst að veggnum eins og nafnið bendir til. Þannig helst þú við hlið náttborðsins.**

- Upplýst þráðlaus fjarstýring.
- Uppáhalds stilliminni á fjarstýringu.
- Sér stilling fyrir höfuðlag.
- Afar hljóðlátir og sterkir þýskir lyftumótorar.
- 2 öflugir nuddmótororar með tímarofa.
- Einn allra sterkasti stálgrindarbotn sem framleiddur er í dag.
- 12 ára ábyrgð á mótor og grind.

Hjónarúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu.
Dæmi: 2x 80x200 cm verð áður kr. 624.900.
Nú á jólatilboði kr. **499.920** stgr.



## PROFLEX

**Mest selda stillanlega rúmið frá S&H.**

**Frábær reynsla á Íslandi frá árinu 1999.**

- Sterkir og hljóðlátir þýskir mótorar.
- Stýring er einföld og þægileg.
- Mýkra axlasvæði og stífara mjóbakssvæði.
- 5 ára ábyrgð.

Hjónarúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu.
Dæmi: 2x 80x200 cm verð áður kr. 389.900.
Nú á jólatilboði kr. **331.415** stgr.



**Ein besta heilsudýna í heimi**

**IQ-CARE**



**Queen rúm kr. 189.900,-**
**King rúm kr. 269.900,-**

**Amerísku heilsudýnurnar frá**

**Chiropractic®**

**Queen rúm kr. 209.000,-**
**King rúm kr. 269.000,-**




**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00**

www.svefn.is

OPIÐ TIL 22:00 alla daga til jóla

# Allar nýjar bækur fást í Hagkaup, yfir 600 titlar




30%* afsláttur
TILBOÐ 10.400
Bókatíðindaverð 14.870,-




3. sæti** Skáldverk
30%* afsláttur
TILBOÐ 3.490
Bókatíðindaverð 4.990,-




4. sæti** Skáldverk
35%* afsláttur
TILBOÐ 3.24
Bókatíðindaverð 4.990,-




5. sæti** Skáldverk
30%* afsláttur
TILBOÐ 3.490
Bókatíðindaverð 4.990,-




35%* afsláttur
TILBOÐ 3.040
Bókatíðindaverð 4.690,-




6. sæti** Skáldverk
30%* afsláttur
TILBOÐ 3.490
Bókatíðindaverð 4.990,-




35%* afsláttur
TILBOÐ 2.130
Bókatíðindaverð 3.290,-







35%* afsláttur
TILBOÐ 2.800
Bókatíðindaverð 4.320,-




8. sæti** Skáldverk
35%* afsláttur
TILBOÐ 3.240
Bókatíðindaverð 4.990,-




6. sæti** Almennt
30%* afsláttur
TILBOÐ 4.050
Bókatíðindaverð 5.790,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 3.490
Bókatíðindaverð 4.990,-




6 titlar

* Afsláttur reiknast af almennu verði eða bókatíðindaverði.
** Samkvæmt sölulista 8. des. - 14. des.

Gildir 19.-21. desember

# 30-50% afsláttur

## af vinsælum bókum




30%* afsláttur
TILBOÐ 8.390
Bókatíðindaverð 11.990,-




3. sæti** Ævisögur
30%* afsláttur
TILBOÐ 4.890
Bókatíðindaverð 6.990,-




7. sæti** Almennt efni
30%* afsláttur
TILBOÐ 2.090
Alm. verð 2.999,-

Höfundar árita:
Smáralind:
laugard kl. 15:30
sunnud. kl. 14:00
Kringlu:
laugard kl. 14:00
sunnud. kl. 15:30



30%* afsláttur
TILBOÐ 3.480
Bókatíðindaverð 4.980,-




35%* afsláttur
TILBOÐ 3.560
Bókatíðindaverð 5.480,-




2. sæti** Ævisögur
30%* afsláttur
TILBOÐ 3.490
Bókatíðindaverð 4.990,-




5. sæti** Ævisögur
30%* afsláttur
TILBOÐ 3.480
Bókatíðindaverð 4.980,-




8. sæti** Barnabækur
30%* afsláttur
TILBOÐ 2.970
Bókatíðindaverð 3.990,-



50%* afsláttur
TILBOÐ 750
Alm. verð 1.499,-




3. sæti** Almennt
30%* afsláttur
TILBOÐ 3.490
Bókatíðindaverð 4.990,-




5. sæti** Almennt
30%* afsláttur
TILBOÐ 2.580
Bókatíðindaverð 3.690,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 2.790
Bókatíðindaverð 3.990,-

Allir titlar fást í Smáralind, Kringlu, Holtagörðum og Skeifu, minna úrval í öðrum verslunum

**HAGKAUP**
Ein ferð betra verð



**DÚÐAÐUR SNJÓKRAKKI** Hún er ekki nema eins árs, hún Ramona Hanson, sem lék sér í snjónum á miðvikudag í bænum Turnwater í Washingtonríki í Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Háskólinn á Bifröst og Listaháskóli Íslands snúa bökum saman:

# Nýstárlegt þverfaglegt nám

**MENNTUN** Listaháskóli Íslands og Háskólinn á Bifröst bregðast við efnahagsástandinu með því að bjóða nýja þverfaglega námsleið.

Námið, sem gengur undir nafninu Prisma, verður kennt í samstarfi við Reykjavíkurakademíuna. Það er nýstárlegt fyrir þær sakir að inn í það fléttast fjölmargar námsgreinar. Burðargreinarnar eru listfræði og heimspeki. Inn í námið blandast svo markaðsfræði, menningarstjórnun, frumkvöðlafræði, skapandi skrif, myndmálssaga, tónlistarsaga og -miðlun og svo mætti lengi telja.

Yfir fimmtíu sérfræðingar víðs vegar að úr samfélaginu koma að kennslunni. Námið fer fram í febrúar og mars 2009. Kennt verður í Reykjavík alla daga, utan þrjá daga þegar kennslan mun fara fram að Bifröst.

Búist er við að í fyrsta hópnum sem hefur nám verði áttatíu til 120 nemendur. Hrund Gunnsteinsdóttir, forstöðumaður Prisma, segir allar líkur á að áfram verði haldið. Ekki sé heldur útilokað að úr því verði nýtt BA-nám. Allt fari það eftir áhuganum, sem hún hefur trú á að verði mikill. „Sú nálgun, að nota aðferðafræði úr listgreinum til að vinna með hvað sem er úr samfélaginu, er að mínu mati það sem koma skal,“ segir hún.




**AÐSTANDENDUR PRISMA** Hrund Gunnsteinsdóttir, Ágúst Einarsson, Hjálmar Ragnarsson og Jón Ólafsson. FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM

Námið kostar 120 þúsund krónur. Ýmis fagfélög og stéttarfélög niðurgreiða nám af þessu tagi að öllu leyti eða að hluta. - hhs

Sex mánaða fangelsi:

## Réðst á lögreglukonu

**DÓMSMÁL** Karlmaður hefur verið dæmdur í sex mánaða fangelsi, í Héraðsdómi Reykjavíkur, fyrir brot gegn valdstjórninni og ítrekuð umferðarlagabrot.

Hann var fjórum sinnum stöðvaður við akstur án ökuréttinda. Í eitt skiptið var hann undir áhrifum áfengis og var honum vísað inn í lögreglubíl. Þar réðst hann á lögreglukonu, tók hana hálstaki og reif í hár hennar. Maðurinn hafði áður hlotið skilorðsbundinn dóm vegna líkamsárásar. Hann rauf skilorðið og var málið því tekið upp aftur og dæmt í því í dag. - jss

Bresk stjórnvöld:

## Hryðjuverkalög notuð í óhófi

**BRETLAND, AP Jacqui Smith, innanríkisráðherra Bretlands, segir að sveitarstjórnir í landinu verði að hætta að nota heimildir í hryðjuverkalögum til að berjast gegn smáglæpum.**

**Á tímabilinu mars 2007 til mars 2008 fengu stjórnvöld, sem ekki tengjast lögreglustörfum, 9.535 sinnum leyfi til að beita leynilegu eftirliti, meðal annars til að koma upp um fólk sem hendir rusli á víðavangi eða hundaeigendur sem þrífa ekki upp saur eftir hunda sína.Smith segir að nú verði gert átak til að draga úr þessari óhóflegu beitingu laganna.** - gb

Fjármálakreppan hefur áhrif víða um heim:

## Norskur þorskur selst ekki

**NOREGUR** Frystigeymslur norður eftir allri strönd Noregs fyllast af þorski og öðrum fisktegundum sem enginn vill kaupa. Skortur á lánsfé erlendis og hátt fiskverð gerir að verkum að fiskurinn selst ekki, að sögn norska ríkisútvarpsins NRK. Fiskurinn er því ekki sendur á uppboðsmarkaðina heldur geymdur í frystigeymslunum.



**ALLT STOPP** „Það er allt stopp á markaðnum,“ segir markaðsstjóri um söluna á þorski.

„Það er allt stopp á markaðnum. Ef við fáum ekki hreyfingu á markaði innan tveggja til þriggja vikna óttast ég um páskasöluna til Brasilíu. Ef staðan batnar ekki verða sjómenn að setja fiskinn í geymslur og láta bátana liggja við bryggju. Þetta hefur alvarleg áhrif á greinina,“ segir Knut Haagensen, markaðsstjóri hjá Jangaard útflutningsfyrirtækinu í Álasundi. - ghs




**GLITNIR** Íslandsbanki varð Glitnir í mars 2006. Breytingin kostaði 150 milljónir, auk auglýsingakostnaðar. Nú verður Glitnir aftur Íslandsbanki. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Vita ekki hvað nafnið kostar

**Ekki er vitað hvað mun kosta að breyta nafni Nýja Glitnis í Íslandsbanka. Minna en síðasta breyting sem kostaði 150 milljónir, segir upplýsingafulltrúi. Þriðji íslenski bankinn sem ber nafnið Íslandsbanki.**

**VIÐSKIPTI** Ekki liggur fyrir hvað væntanleg nafnbreyting ríkisbankans Nýja Glitnis mun kosta. Síðasta breyting kostaði 150 milljónir. Nýi Glitnir mun taka upp nýtt nafn 20. febrúar næstkomandi. Nýja nafnið, Íslandsbanki, er þó síður en svo nýtt, enda hafa tveir bankar borið það áður.

Í tilkynningu frá Nýja Glitni kemur fram að breytingin sé liður í uppgjöri við fortíðina þar sem nafn Glitnis hafi beðið hnekki við efnahagshrunið.

Sú spurning hefur vaknað hvort Ísland sé einnig skaðað vörumerki og hvort það kunni að verða bankanum til trafala á erlendri grundu að kenna sig við landið. „Auðvitað er þetta einn af þeim þáttum sem menn veltu mikið fyrir sér,“ segir Már Másson, upplýsingafulltrúi Glitnis. Íslandsbankanafnið sé hins vegar gott og traust nafn og eigi að endurspegla það að starfsemi nýja bankans fari fyrst og fremst fram hérlendis.

Íslandsbanki tók upp Glitnisnafnið árið 2006. Sú breyting kostaði 150 milljónir, fyrir utan það sem eytt var í kynningarherferð tengdri nafnbreytingunni. Már segir að breytingin í febrúar verði ódýrari. Hún muni taka lengri tíma og í ljósi þess að Íslandsbanki sé þekkt vörumerki hérlendis þurfi ekki að ráðast í kynningarherferð. „Við leggjum mikla áherslu á að kostnaðurinn verði í lágmarki,“ segir Már.

Nafni Nýja Landsbankans hefur þegar verið breytt í NBI, en það hefur lítið verið notað. Þá hefur nafnbreytingu Kaupþings borið á góma, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, en engar ákvarðanir verið teknar í þeim efnum.

stigur@frettabladid.is

### ÍSLANDSBANKI ÞÁ OG NÚ

**Mars 1904:** Íslandsbanki hinn fyrsti tekur til starfa. Hann er að stærstum hluta í eigu Dana og stjórnarformaður er Hannes Hafstein, nýr Íslandsráðherra. Stofnfé er tvær milljónir.

**Febrúar 1930:** Íslandsbanki hinn fyrsti verður gjaldþrota eftir verðfall útflutningsafurða og gjaldeyrisskort. Úr rústum hans rís Útvegsbankinn.

**Ársbyrjun 1990:** Útvegsbankinn, Iðnaðarbankinn, Verslunarbankinn og Alþýðubankinn sameinast í Íslandsbanka annan.

**Maí 2000:** Íslandsbanki sameinast Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, sem hafði orðið til tveimur árum áður þegar hann tók við starfsemi Fiskveiðasjóðs, Iðnlánasjóðs, Iðnþróunarsjóðs og Útflutningslánasjóðs. Nýi bankinn fær nafnið Íslandsbanki-FBA.

**Mars 2002:** Nafnið Íslandsbanki er tekið upp á ný, í þriðja sinn í Íslandssögunni.

**Mars 2006:** Íslandsbanki fær nafnið Glitnir, sem fengið er úr norrænni goðafræði. Ástæðan er sögð sú að bankinn sé orðinn alþjóðlegt fjármálafyrirtæki og þurfi því nafn sem hentar til notkunar um víða veröld.

**Október 2008:** Glitnir verður gjaldþrota. Ríkið yfirtekur starfsemi bankans og stofnar nýjan banka, Nýja Glitni. Skilanefnd er sett yfir Gamla Glitni.

**Desember 2008:** Tilkynnt er fyrirhuguð breyting á nafni Nýja Glitnis. Hann mun heita Íslandsbanki.



# ALLT FYRIR JÓLIN




## OPIÐ TIL 22 ALLA DAGA TIL JÓLA

Komdu í Holtagarða fyrir jólin og kláraðu innkaupin í þægilegu umhverfi. Úrval verslana, næg bílastæði og gott aðgengi.

**Um helgina munu jólasveinar ganga um gólf milli kl. 15 og 16 og gleðja unga sem aldna.**

HOLTAGARÐAR
Ein frábær ferð

Holtagarðar verða opnir til 22 alla daga fram að jólum og til 23 á Þorláksmessu.



**ÁTTRÆÐ DÚKKA** Hún er rúmlega áttræð, þessi þýska dúkka sem skipar heiðurssess í stóru dúkkusafni í bænum Bad Kösen í Þýskalandi. Dúkkuna gerði á sínum tíma Käthe Kruse, sem var fræg fyrir vandaða dúkkugerð. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tillaga um strandsiglingar til umfjöllunar á Alþingi í sjötta sinn:

# Vannýttur samgöngukostur

**SAMGÖNGUR** Alþingi hefur falið Kristjáni L. Möller samgönguráðherra að móta stefnu og áætlun um að strandsiglingar verði á ný hluti af vöruflutninga- og samgöngukerfi landsins. Málið er til umfjöllunar hjá samgöngunefnd þingsins en flytjendur tillögunnar telja að um vannýttan samgöngukost sé að ræða. Stendur vilji þeirra til að almennar og reglulegar strandsiglingar verði hafnar með tilstyrk hins opinbera á grundvelli útboða.

Ráðherra er falið að láta meta kostnað við að halda uppi reglulegum strandsiglingum um allt land og gera tillögur um siglingaleiðir sem bjóða á út. Strandsiglingar hafa svo gott sem lagst af á undanförnum árum.



**FLUTNINGAR** Þegar að strandflutningar lögðust af jókst álagið á vegakerfi landsins. Umferðaröryggi og vegaslit eru meðal raka þeirra sem vilja sjóflutninga að nýju. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Þingmenn Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs hafa flutt tillögu þessa efnis fimm sinnum áður. Rök þeirra fyrir að taka upp strandsiglingar er að með auknum landflutningum sé losun gróðurhúsalofttegunda meiri. Þá hafi það sýnt sig að auknir landflutningar hafi neikvæð áhrif á umferðaröryggi og valdi miklu og kostnaðarsömu sliti á vegum. Hagsmunaaðilar, þar með talin flutningafyrirtæki, hafa sagt á undanförnum árum að engin forsenda sé fyrir strandflutningum hér við land, alltént ekki án ríkisstyrkja.

Samgöngunefnd hefur sent umsagnarbeiðnir til fjölda aðila. Ráðherra skal skila tillögum snemma á næsta ári. - shá

Færri gistinætur í október:

# Mestur áhugi á Austurlandi

**FERÐAMÁL** Gistinóttum á íslenskum hótelum fækkaði um tæplega fimm prósent ef bornir eru saman októbermánuðir 2007 og 2008.

Gistinóttum fækkaði úr 108.800 í október í fyrra í 103.700 í október síðastliðnum. Mest var fækkunin á hótelum á Norðurlandi þar sem gistinóttum fækkaði um 20 prósent. Á höfuðborgarsvæðinu fækkaði gistinóttum um 8 prósent og á samanlögðu svæði Suðurnesja, Vesturlands og Vestfjarða fækkaði gistinóttum um 1 prósent. Gistinóttum fjölgaði hins vegar um 35 prósent á Austurlandi og 24 prósent á Suðurlandi. - ovd

Svæsin ummæli á spjallvef:

# Ástþór kærir ærumeiðingar

**LÖGREGLUMÁL Ástþór Magnússon hefur kært til lögreglu ærumeiðingar sem hann telur sig hafa orðið fyrir af hálfu notenda spjallvefjarins Málefnin.com.**



ÁSTÞÓR MAGNÚSSON

**Í tilkynningu til fjölmiðla segir Ástþór að ummæli um sig á spjallvefnum skipti tugum þúsunda og þúsundir þeirra séu ærumeiðingar og upplognar sakir.**

**Ástþór hefur sent tvær kærur á lögreglu, með samtals 65 ummælum sem hann telur ærumeiðandi. Þar er Ástþór meðal annars sagður veikur á geði, hann þjófkenndur og sagður ofbeldismaður. Ástþór hefur farið fram á að vefnum verði lokað.** - sh

GRINDAVÍK

### Deilt um heimasíðugerð

Sjálfstæðismenn í bæjarstjórn Grindavíkur gagnrýna meirihlutann fyrir að ætla að verja ríflega þremur milljónum til endurnýjunar á heimasíðu bæjarins og auka þar með rekstrarhalla næsta árs. Meirihlutinn segir að til þess að efla byggðina þurfi að markaðssetja hana og efla alla kynningu Grindavíkurbæjar á heimasíðu bæjarins.

# Saka ráðuneytið um að brjóta gildandi samning

**Ríkissjóður hættir að styrkja hagsmunasamtök framhaldsskólanema á Íslandi, samkvæmt fjárlagafrumvarpi. Samtökin telja menntamálaráðuneytið brjóta gildandi samning og það virði ekki uppsagnarfrest.**

**MENNTUN** „Það er verið að eyða út hagsmunasamtökum framhaldsskólanema á Íslandi,“ segir Hreiðar Már Árnason, stjórnarmaður í Sambandi íslenskra framhaldsskólanema (SÍF) um breytingartillögur við fjárlagafrumvarpið þar sem 6,6 milljóna króna styrkur til Iðnnemasambands Íslands er felldur niður.

Styrkurinn hefur runnið til SÍF sem tók yfir allar skyldur Iðnemasambandsins við stofnun þess fyrrnefnda, 4. nóvember 2007.

Hreiðar bendir á að í þjónustusamningi milli menntamálaráðuneytisins og sambandsins sé kveðið á um að samningurinn sé uppsegjanlegur með sex mánaða fyrirvara. Þá verði uppsögn að eiga sér stað, að minnsta kosti sex mánuðum fyrir áramót til að hún teljist gild fyrir næsta ár. Því vakni spurningar um hvort löglega hafi verið að þessu staðið þar sem enginn hafi haft samband við þau hjá sambandinu vegna niðurskurðarins.

### SKIPTING TEKNA SÍF

| | |
|---|---|
| Þjónustusamningur við ríkið: | 6,6 milljónir. |
| Aðildargjöld nemendafélaga: | 1,8 milljónir. |
| Aðildargjöld einstaklinga: | 50 þúsund. |
| Þjónustusamningur við Lánasjóð íslenskra námsmanna: | 800 þúsund. |
| Aðrir styrkir: | 300 þúsund. |

Birt með fyrirvara



**STANDA VÖRÐ** Andrea Elín Vilhjálmsdóttir, Eva Indriðadóttir og Hreiðar Már Árnason, stjórnarmenn í Sambandi íslenskra framhaldsskólanema. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Við munum ekki geta staðið undir kostnaði við rekstur félagsins,“ segir Hreiðar Már. Hann segir þó að svo lengi sem til sé fólk, sem beri hag framhaldsskólanema fyrir brjósti, verði félagið aldrei lagt niður. „En starfsemi félagsins, eins og hún er í dag og sú þjónusta sem við veitum nemum verður að öllum líkindum ekki til staðar,“ segir hann.

Stjórn SÍF sendi í síðustu viku menntamálaráðherra bréf þar sem óskað er skýringa á breytingunum. Hreiðar segir að enn hafi engin svör borist. „Við spyrjum hvað taki við ef stoðunum verður kippt undan þessu félagi því okkur finnst fáránlegt að það sé ekki hægt að reka hagsmunafélag fyrir framhaldsskólanemendur á Íslandi,“ segir Hreiðar Már.

olav@frettabladid.is

### AÐILDARFÉLÖG AÐ SÍF

- Fjölbrautaskóli Snæfellinga
- Fjölbrautaskóli Suðurlands
- Fjölbrautaskólinn í Breiðholti
- Fjölbrautaskólinn í Garðabæ
- Fjölbrautaskóli Suðurnesja
- Flensborgaskólinn í Hafnarfirði
- Framhaldsskólinn á Laugum
- Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellsýslu
- Iðnskólinn í Hafnarfirði
- Iðnskólinn í Reykjavík
- Kvennaskólinn í Reykjavík
- Menntaskólinn í Borgarnesi
- Menntaskólinn á Egilsstöðum
- Menntaskólinn á Ísafirði
- Menntaskólinn að Laugarvatni
- Menntaskólinn Hraðbraut
- Verkmenntaskóli Austurlands
- Verkmenntaskólinn á Akureyri



* Innifalið: Flug fram og til baka, skattar og önnur gjöld. Sölutímabil er til 24. des. 2008 kl. 18:00. Bókunartímabil er frá 22. desember til og með 23. jan. 2009.
Jólapakkatilboð gildir til Boston, New York, Kaupmannahafnar, Stokkhólms, Oslóar, London, Manchester, Frankfurt, Parísar og Amsterdam.
Lágmarksdvöl er aðfaranótt sunnudags nema á Saga Class. Takmarkað sætaframboð. Sjá nánari skilmála á www.icelandair.is. Þessar ferðir gefa 750–11.200 Vildarpunkta.



**FLÓTTAMENN** Milljónir hafa látist og fjöldi manns hefur lagt á flótta vegna vopnaðra átaka í Lýðveldinu Kongó síðustu tíu ár. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Amnesty International senda öryggisráði SÞ bréf:

# Vopnasölu til Kongó mótmælt

**MANNRÉTTINDI** Mannréttindasamtökin Amnesty International hvetur öryggisráð Sameinuðu þjóðanna (SÞ) til að efla vopnasölubann til Lýðveldisins Kongó. Milljónir hafa látist í átökum stjórnarhersins og vopnaðra hópa í Norður-Kivu í austanverðu landinu og nálægt 300 þúsund manns hafa hrakist á flótta.

Í bréfinu segir að þrátt fyrir að vopnasölubann SÞ hafi verið í gildi í mörg ár hafi vopnaðir hópar getað keypt vopn, skotfæri og önnur gögn. Það hafi gert þeim kleift að fremja stríðsglæpi og stórfelld mannréttindabrot gagnvart almennum borgurum. Stjórnarherinn beri einnig ábyrgð á ýmsum mannréttindabrotum. Þá segir að friðargæslulið SÞ í Kongó hafi engar starfsreglur til að styðjast við til að tryggja að stjórnarher landsins geymi, flytji og noti herbúnað með eðlilegum hætti eftir að hergögn koma til landsins. Farið er fram á að öryggisráðið hvetji alþjóðasamfélagið til tafarlausra aðgerða til að aðstoða stjórnvöld í Lýðveldinu Kongó til að efla fagmennsku innan hersins.

Að lokum eru aðildarríki SÞ hvött til að eiga samstarf um alþjóðlegan vopnaviðskiptasamning sem taki mið af meginreglum stofnskrár samtakanna og alþjóðlegra mannréttindalaga. - kóp


Tal
12.000 kr.
notkun fylgir öllum símum.
1.000 kr notkun á mánuði
í 12 mánuði.
ALLIR GSM SÍMAR
Á 0 KR.
ÚTBORGUN
Sony Ericsson F305
útborgun
0kr.
Afborgun 2.583 kr. /mán.*
1.000 kr. notkun fylgir!
Fæst líka í svörtu.
1.000 kr.
Sony Ericsson Z770i
útborgun
0kr.
Afborgun 3.583 kr. /mán.*
1.000 kr. notkun fylgir!
1.000 kr.
Sony Ericsson W380i
útborgun
0kr.
Afborgun 2.916 kr. /mán.*
1.000 kr. notkun fylgir!
1.000 kr.
Veldu þér þann sem þér þykir bestur.
Sony Ericsson W302
útborgun
0kr.
Afborgun 2.499 kr. /mán.*
1.000 kr. notkun fylgir!
1.000 kr.
Sony Ericsson W350i
útborgun
0kr.
Afborgun 2.666 kr. /mán.*
1.000 kr. notkun fylgir!
Ferðahátalari fylgir með.
1.000 kr.
Sony Ericsson T280i
útborgun
0kr.
Afborgun 1.499 kr. /mán.*
1.000 kr. notkun fylgir!
1.000 kr.
*Miðað við 12 mánaða vaxtalausa afborgun.
Tal – Kringlunni.
Suðurlandsbraut 24 – 108 Reykjavík – þjónustuver: 1817 – skrifstofa: 445-1600 – www.tal.is – tal@tal.is

## „ORÐRÉTT“

### Flott er það

**„Ég hef verið að syngja mikið í afmælum og þá kem ég eins og sprengja inn í partíið.“**

HERBERT GUÐMUNDSSON TÓNLISTARMAÐUR

**Fréttablaðið 18. desember**

### Ekkert misjafnt hér

**„Enginn starfsmaður okkar er á tvöföldum launum.“**

ATLI ATLASON, STARFSMANNASTJÓRI LANDSBANKANS

**Fréttablaðið 18. desember**

# tilveran

*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? ALFREÐ ÞORSTEINSSON**

## Ætlar ekki aftur í stjórnmálin

„Eftir að ég dró mig í hlé, eftir 30 ára starf að borgarmálum, hef ég gegnt stjórnarformennsku í Lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkurborgar,“ segir Alfreð Þorsteinsson, fyrrverandi forseti borgarstjórnar Reykjavíkur.

„Auk þess sem ég er að vinna að nokkrum smáverkefnum fyrir Orkuveitu Reykjavíkur þá uni ég mér vel í sveitinni. Ég er búinn að koma mér upp ágætis aðstöðu á Syðri-Reykjum, á bökkum Brúarár. Þar er gott að vera, hvort sem það er sumar eða vetur,“ segir Alfreð.

Þótt Alfreð hafi hætt í borgarstjórn þá segist hann ekki hafa hætt að starfa í Framsóknarflokknum. „Ég fylgist náttúrlega vel með. Öðru hverju er hringt í mig og skorað á mig að fara aftur í pólitíkina en ég hef nú tekið því dræmlega. Ég tel að ég hafi fengið minn skammt. En það er hins vegar ekki gaman að horfa upp á ástandið eins og það er í þjóðfélaginu núna. Ég vona bara að þeim, sem standa í orrahríðinni í dag, takist að leysa úr þeim verkefnum sem fram undan eru en þau eru gífurlega erfið,“ segir Alfreð.



Alfreð lumar á góðum kreppuráðum. „Stjórnvöld ættu að semja við orkufyrirtækin um að kaupa af þeim 100 megavött af rafmagni sem hægt væri að hafa til reiðu fyrir fyrirtæki sem leita eftir orku á Íslandi. Þá er ég að tala um önnur fyrirtæki en álfyrirtækin. Uppbygging virkjana er mjög mannaflsfrek og gæti bætt atvinnuástandið auk þess sem hér væri verið að búa í haginn fyrir framtíðina,“ segir Alfreð.

## BANDORMUR:
### NOTAÐ SEM HÁÐ

Bandormur er ekki bara sníkjudýr. Svo kallast einnig lagafrumvarp sem einkennist af því að breytingar eru gerðar á mörgum lögum í einu, ekki einum eins og venjulega, og þessar breytingar fjalla yfirleitt um efnahagsmál.



Ragnar Arnalds, fv. ráðherra, segir að orðið hafi verið notað á þingi þegar hann settist á þing árið 1963 og giskar á að byrjað hafi verið að nota það á fyrri hluta aldarinnar. Það hafi þótt dálítið óþinglegt og málsmeðferðin óvirðuleg og til þess fallin að hæðast að því. Þannig hafi orðið upphaflega verið notað í háði.

## SJÓNARHÓLL
### KÆST SKATA Á ÞORLÁKSMESSU



**ÓLAFUR ÁKI RAGNARSSON**
Bæjarstjóri í Ölfusi.

## *Mikilvægt að halda í hefðir*

„Ég vil halda í hefðir og þar af leiðandi borða ég skötu á Þorláksmessu,“ segir Ólafur Áki Ragnarsson, bæjarstjóri í Ölfusi. Hann segist halda mikið upp á þessa íslensku hefð. „Ég hef reyndar ekki alltaf borðað skötu á Þorláksmessu. Ég borðaði skötu sem strákur en svo datt úr kafli þar sem pabba mínum líkaði skatan ekki,“ segir Ólafur Áki. Hann segir hefðirnar mikilvægan þátt í jólaundirbúningnum. „Fyrsta sunnudag í aðventu fer ég í messu og svo kveikjum við á ljósunum á jólatrénu við ráðhúsið í Þorlákshöfn. Það er svona einn af þessum föstu þáttum í jólaundirbúningnum og svo finnst mér mikilvægt að fara í skötuveislu á Þorláksmessu,“ segir Ólafur Áki. Hann segist ekki borða skötu aðra daga ársins. „Ég hef ekki gert það en þetta er einn af þessum toppum á aðventunni, sem er svo skemmtilegur tími,“ segir Ólafur Áki.

# Skúffusímar öðlast framhaldslíf

**Fólk getur nú styrkt björgunarsveitir landsins, þróunarlöndin og náttúruna sjálfa, allt á einu bretti. Það eina sem þarf að gera er að kafa ofan í skúffur og inn í hillubotna og finna þar gamla farsíma. Skilja þá svo eftir á flugeldasölum björgunarsveitanna um leið og stjörnuljós og kínverjar áramótanna eru keypt.**

„Svaraðu kallinu – gamli gemsinn bjargar“ eru slagorð fjáröflunar- og endurvinnsluátaks Slysavarnafélagsins Landsbjargar sem allar björgunarsveitir landsins taka þátt í. Flugeldasölur björgunarsveitanna verða opnaðar um allt land hinn 28. desember. Þangað geta allir sem vilja björgunarsveitunum, þróunarlöndunum og náttúrunni vel, skilað inn gömlu hálfónýtu símunum sínum.

Ólafía Hrönn Jónsdóttir leikkona setti átakið formlega af stað á miðvikudaginn þegar hún afhenti fyrsta símann. „Fyrst spurði ég mig, eins og fávís kona, hvort sími sé endilega það sem fátæka fólkið í Afríku vantar. En þegar ég fór að skoða málið sá ég að þeir koma að mjög góðum notum þar. Þannig að allir koma vel út úr þessu. Fólk virðist eiga mikið af léttbiluðum símum heima hjá sér. Það er um að gera að gefa þá, í staðinn fyrir að láta þá liggja þar.“

En hvernig má það vera að allir græði á átakinu? „Við seljum gömlu símana til fyrirtækis sem heitir Greener Solutions,“ segir Ólöf Snæhólm Baldursdóttir, upplýsingafulltrúi Landsbjargar. Björgunarsveitirnar fái greidda dágóða summu fyrir hvern síma, misjafnlega háa eftir gerð og ástandi símans. „Fyrirtækið tekur símana, gerir við þá og lappar upp á þá, ef það er mögulegt. Ef þeir eru ónýtir eru þeir rækilega endurunnir. Í farsímunum eru mörg efni sem eru slæm fyrir umhverfið en önnur eru nýtileg í annað. Því ætti alls ekki að henda þeim í ruslið. Svo hefur þetta þennan rosalega flotta endavinkil, að símarnir fara beint til þróunarlanda þar sem þeir koma að góðum notum.“




**NOKIA 5140** Fyrir ónýtan síma af gerðinni Nokia 5140 fá björgunarsveitirnar rúmlega þúsund krónur íslenskar.




**ÓLAFÍA HRÖNN GEFUR SÍMANN SINN** Leikkonan Ólafía Hrönn Jónsdóttir fann tvo hálfónýta farsíma á sínu heimili. Hún afhenti Sigurði Ó. Sigurðssyni, björgunarsveitarmanni úr Hjálparsveit skáta í Kópavogi, fyrsta síma söfnunarinnar á miðvikudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Flugeldasala er stærsta einstaka fjáröflun flestra björgunarsveita. Vonast þær nú til að söfnun farsímanna verði þar góð viðbót. „Á flestum heimilum eru til nokkrir farsímar sem heimilisfólkið er hætt að nota,“ segir Ólöf. „Nú er rétti tíminn til að kafa ofan í skúffunrar og finna þá.“

**holmfridur@frettabladid.is**







**VIKA 44**

## DAGBÓK NÝRRA ÍSLENDINGA

Junphen Sriyoha:

### Var ekki hleypt til Póllands



Junphen kom í fyrrinótt úr mikilli sneypuför frá London ásamt kærasta sínum. „Ég var á leiðinni til Póllands þar sem ég ætlaði að eyða jólunum með honum og fjölskyldu hans,“ segir hún. „Við flugum til Stansted og þar gekk allt að óskum. Síðan urðum við að fara til Luton þaðan sem flogið er til Póllands. Þegar ég er í brottfararskráningu segir maðurinn þar við mig að þeir þurfi að láta skoða vegabréf mitt. Eftir nokkra stund kemur maður með vegabréfið til mín og segir að því miður geti þeir ekki hleypt mér til landsins. Þeir tóku ekki búsetuleyfið sem er stimplað í það gilt. Bretarnir gáfu mér hins vegar sólarhrings landvistarleyfi svo það eina sem ég gat gert var að bóka flug aftur til Íslands. Og kærastinn minn kom með mér eins og góður herramaður en auðvitað er hann sár að geta ekki eytt jólunum með sínu fólki. Ég er auðvitað hundfúl líka, við vorum búin að eyða háum fjárhæðum í flugmiðana og fáum svo bara þessa sneypuför.“

Fréttablaðið hafði samband við Útlendingastofnun sem sagði að öllu jöfnu ætti Taílendingur með búsetuleyfi á Íslandi að geta farið til Póllands sem er í Schengen. Þeir segja erfitt að segja til um hvað býr að baki ákvörðuninni en hugsanlega sé það tengt því að England er ekki í Schengen og því hafi þeir ekki vilja hleypa henni áfram en þó leyft henni að fara aftur þaðan sem hún kom.

Charlotte Ólöf Jónsdóttir Ferrier:

### Frábært á Flórída



„Það er frábært á Flórída. Hér er mátulega heitt og við höfum mest gert af því að slaka á og borða,“ segir Charlotte sem stödd er á Flórída ásamt fjölskyldu kærasta síns. „Við búum í stóru, yndislegu húsi og það er stutt í margt áhugavert að skoða. Við heimsóttum Venice-ströndina, drukkum mjólkurhristing og leituðum að hákarlstönnum. Á þriðjudaginn fór ég ásamt kærasta mínum í gamla kúbanska hverfið í Tampa. Í borginni Ybor var eitt sinn framleitt mest af vindlum í heiminum en þar er nú mest lítið að sjá. Byggingarnar eru þó fallegar og svo hittum við gamlan Kúbanmann sem var að handvefja fallega vindla. Á miðvikudaginn slökuðum við svo á. Sumir í fjölskyldunni fóru í golf á meðan aðrir versluðu jólagjafir en ég fór niður á strönd til að lesa í sólskininu.“


Tæknibær
Tölvur og íhlutir síðan 1986
STÓRA
TÖLVUORÐABÓKIN
Multi Language Dictionary
- frábær í jólapakkann
VERÐ AÐEINS 11.900
ÖFLUG
ACER FARTÖLVA
Á FRÁBÆRU VERÐI!
Acer AS5315-2290 · 15.4" skjár
Celeron Mobile 2.13 GHz · 1 GB vinnsluminni
120 GB harður diskur
VERÐ AÐEINS 106.900
VINSÆLA LOGITECH G5
ER KOMIN AFTUR!
Stillanleg þyngd og næmleiki!
VERÐ AÐEINS 9.900
USB KLIPPIKORT
FYRIR HLJÓÐ OG MYND
Tilvalið til að koma myndbandsspólum í stafrænt form.
VERÐ AÐEINS 8.600
FULLT AF NÝJUM VÖRUM
Í JÓLAPAKKANA FRÁ VIÐURKENNDUSTU
FRAMLEIÐENDUM HEIMS!
TENGIKVÍ
FYRIR HARÐA DISKA
USB 2.0 · Styður 2.5" & 3.5" SATA
VERÐ AÐEINS 6.900
MINNIS LYKLAR
Í MIKLU ÚRVALI!
Vinsælir í jólapakkann í ár
FRÁ AÐEINS 1.500
VINSÆLAR
VEFMYNDAVÉLAR
AF ÝMSUM GERÐUM
FRÁ AÐEINS 1.800
FULLKOMINN
SJÓNVARPS FLAKKARI
MEÐ 500GB
HÖRÐUM DISK
VERÐ AÐEINS 28.900
Skipholt 50c · Sími: 582 6000 · www.tb.is




Jólagjöfin þín

Gravity Zero: Stillanlegt heilsurúm
Stærð: 2x90x200
Jólatilboð: Kr. 669.920,-
~~Verð áður kr. 837.400,-~~



Chiro Royal: Heilsurúm
Stærð: 160x200
Jólatilboð: Kr. 171.920,-
~~Verð áður kr. 214.900,-~~



Senseo: Svefnsófi m. 140 heilsudýnu
Áklæði: Mikið úrval
Jólatilboð: Kr. 221.176,-



Porto: Lyftistóll
Áklæði: Microfiber
Jólatilboð: Kr. 149.900,-



www.betrabak.is



# Stillanleg jólatilboð

**Þú átt það skilið**
Nú er rétti tíminn!
20% afsláttur
- notaðu
tækifærið

**Fylgir öllum rúmum !**

Bókin „Þú getur“ eftir metsöluhöfundinn Jóhann Inga ásamt fleirum fylgir öllum rúmum frá Betra Baki fram að jólum.

## Jólagjafirnar fást hjá okkur

TempraKon hitajöfnunarsæng
100% hreinn Síberíu-gæsadúnn
Jólatilboð: Kr. 31.920,-



Tempur heilsuinniskór
Ein vinsælasta jólagjöfin okkar
Jólatilboð: Kr. 7.700,-
~~Verð áður kr. 9.926,-~~



Tempur heilsukoddar
Margar gerðir og stærðir
Jólatilboð: 20% afsláttur



Hágæða sængurverasett
Maco-satín - eitt það allra mýksta
Jólatilboð: 20% afsláttur



**Betra BAK**

**Reykjavík**
**Faxafeni 5**
**Sími 588 8477**

**Ísafirði**
**Skeiði 1**
**Sími 456 4566**

**www.betrabak.is**

**Opnunartímar um jól:**
Lau. 20. des. frá kl. 10-19
Sun. 21. des. frá kl. 13-19
Mán. 22. des. frá kl. 10-22
Þri. 23. des. frá kl. 10-23
Mið. 24. des. frá kl. 10-12
Lau. 27. des. frá kl. 10-16
Mán. 29. des. frá kl. 10-18
Þri. 30. des. frá kl. 10-18

**FBL. GREINING:** STJÓRNMÁLAÁSTANDIÐ Í GRIKKLANDI

# *Ráðherrann stenst ekki samanburðinn*

Stanslausar óeirðir og mótmæli hafa átt sér stað í borgum Grikklands frá því hinn 15 ára Alex Grygoropoulos var skotinn til bana af lögreglumanni í hverfinu Exarhía í Aþenu hinn 6. desember síðastliðinn. Talið er að um 400 til 500 verslanir hafi orðið fyrir verulegu tjóni í óeirðunum. Grikkland hafði ekki farið varhluta af efnahagskreppunni og vonuðust verslunareigendur til að rétta sinn hlut í jólaönnunum en þær vonir eru úti hjá flestum. Kostas Karamanlis forsætisráðherra situr undir mikilli gagnrýni fyrir aðgerðarleysi.



Sá stjórnmálamaður sem hvað mestrar virðingar hefur notið í Grikklandi er Andreas Papandreou sem lést árið 1996. Í hans stjórnartíð kom upp svipað mál þar sem lögreglumaður skaut 15 ára nemanda og voru allir helstu yfirmenn lögreglunnar reknir í kjölfarið. Karamanlis hefur hins vegar ekki þótt bregðast við af slíkri röggsemi, til dæmis sættist hann ekki á afsögn innanríkisráðherra. Þetta hefur vakið reiði almennings. Georg Papandreou, forystumaður stjórnarandstöðunnar og leiðtogi PASOK-flokksins, hefur krafist afsagnar Karamanlis og að efnt verði til kosninga. Hann er sonur Andreas.

Á síðustu árum hefur almenningur í Grikklandi haft mun meira aðgengi að lánsfé en áður. Einnig hækkaði vöruverð en ekki laun þegar Grikkir tóku upp evru í byrjun árs 2001. Karamanlis er því illa í stakk búinn til að takast á við efnahagsþrengingarnar og ekki er það til að sefa reiðina.

Nýársnótt í Helsinki verður með breyttu sniði:

# Flugeldar verða bannaðir miðsvæðis

**FINNLAND** Bannað verður að skjóta upp flugeldum í miðborg Helsinki og ýmsum torgum í Helsinki í Finnlandi á gamlárskvöld. Þetta er gert til að draga úr líkunum á slysum, að sögn Hufvudstadsbladet.

„Þetta er fyrst og fremst spurning um að koma í veg fyrir slys á fólki. En við vonumst líka til að minnka hávaða, reyk og rusl á víðavangi," segir Yrjö Niiranen, vaktstjóri hjá björgunarsveitinni.

Niiranen segir að svona bann hafi bætt ástandið víða í Finnlandi og í Osló í Noregi þar sem lengi hefur verið bannað að skjóta flugeldum.

- ghs







**FRÉTTASKÝRING:** Þjóðarmorðin í Rúanda



**HÚTÚAR Í VÍGAHAM** Franskir hermenn aka framhjá hópi hútúa sem virðast til alls líklegir. Myndin er tekin í júní 1994 þegar óöldin stóð sem hæst. NORDICPHOTOS/AFP

# Höfuðpaur þjóðarmorðs hlaut ævilanga fangavist

**Theonoste Bagosora ofursti er sagður höfuðpaurinn á bak við þjóðarmorðin í Rúanda árið 1994. Hann var í gær dæmdur í ævilangt fangelsi.**

Alþjóðlegur stríðsglæpadómstóll, með aðsetur í Tansaníu, hefur allar götur síðan 1994 fengist við atburðina sem urðu í Rúanda það ár, þegar meira en 500 þúsund manns voru myrtir á fáeinum vikum. Dómstóllinn hefur til þessa fellt 42 dóma yfir mönnum, sem sannað þykir að hafi tekið þátt í þjóðarmorðinu. Sex þeirra voru sýknaðir, en flestir fengu langa fangelsisdóma.

Í gær féll svo dómur yfir manninum, sem talinn er bera höfuðábyrgðina á þjóðarmorðunum. Hann heitir Theonoste Bagosora og var ofursti í Rúandaher þegar ósköpin hófust fyrir nærri fimmtán árum.

Dómstóllinn sagði hann hafa notfært sér aðstöðu sína og beinlínis skipað hermönnum að myrða tútsa í stórum stíl, og hófsama hútúa sömuleiðis. Hann var dæmdur sekur um þjóðarmorð og glæpi gegn mannkyni og dæmdur í ævilangt fangelsi.

Bagasora er orðinn 67 ára. Hann sagði ekki neitt þegar dómur var kveðinn upp yfir honum í gær og sýndi lítil svipbrigði. Bagasora var handtekinn í Kamerún árið 1996 og fluttur til Tansaníu árið eftir. Hann hefur því dvalist í fangelsi hálfan annan áratug nú þegar.

Upphaf óaldarinnar má rekja til þess að flugvél var skotin niður í aðflugi að flugvellinum í Kígalí, höfuðborg Rúanda, hinn 6. apríl árið 1994. Um borð í vélinni var Juvenal Habyarimana, forseti landsins, sem var hútúi. Ekki er vitað hverjir voru þar að verki.

Bagasora, sem einnig er hútúi, var þá æðsti yfirmaður á flugvallarherstöðinni og brá strax hart við. Aðeins fáeinum klukkustundum eftir að flugvélin var skotin niður höfðu herskáir hútúar sett upp vegatálma úti um alla höfuðborgina. Daginn eftir hófust fjöldamorðin, með fullum stuðningi ríkisstjórnar landsins, sem var í höndum hútúa.

Næstu vikurnar fóru flokkar hútúa um landið, leituðu uppi tútsa og hófsama hútúa og drápu miskunnarlaust. Þeir beittu sveðjum og hvers kyns bareflum, öllum vopnum sem þeir komust yfir, hversu fátækleg sem þau voru. Alþjóðasamfélagið stóð að mestu aðgerðarlaust hjá meðan ósköpin gengu yfir. Morðöldunni linnti ekki fyrr en rúmum þremur mánuðum síðar þegar tútsar frá nágrannaríkinu Úganda höfðu komið þjóðflokki sínum til bjargar. Þeir héldu hópum saman yfir landamærin til Rúanda og tókst að hrekja alhörðustu hútúana úr landi.

Meira en 60 þúsund manns eru grunaðir um að hafa tekið virkan þátt í morðunum. Í þeim hópi voru jafnt stjórnarhermenn, herskáir þjóðernishópar og almennir borgarar, sem réðust gegn nágrönnum sínum í þorpum og bæjum landsins.

Útvarpi var óspart beitt til að hvetja almenning til að ráðast gegn tútsum og drepa sem flesta, jafnt karla, konur sem börn.

Áður en þessi skelfilega atburðarás hófst hafði Bagasora árum saman tekið þátt í alþjóðlegum viðræðum, sem höfðu það markmið að finna friðvænlega lausn á langvarandi stjórnmáladeilum í landinu, sem einkum voru deilur á milli hútúa, sem réðu stjórninni, og uppreisnarsveita tútsa, sem voru þá eins og nú í meirihluta landsmanna.

Bagasora þótti hins vegar fulltrúar stjórnarinnar sýna fulltrúum tútsa alltof mikla linkind. Samkvæmt dómsúrskurðinum sagðist hann ætla að snúa heim frá viðræðunum til Rúanda beinlínis til þess að „undirbúa hamfarirnar".

Talið er sannað að hann hafi verið helsti hugmyndasmiður fjöldamorðanna og öflugur drifkraftur þeirra. Hann stóð þó engan veginn einn að verki.

Dómstóllinn felldi í gær einnig dóma yfir nokkrum félaga hans. Bæði Anatolel Nsegiyumva og Allos Ntabakuze, sem voru yfirmenn í hernum, voru einnig dæmdir í ævilangt fangelsi fyrir þjóðarmorð. Herforinginn Gratien Kabiligi var hins vegar sýknaður af öllum ákærum og leystur úr haldi.


FRÉTTASKÝRING
GUÐSTEINN BJARNASON
gudsteinn@frettabladid.is



**THEONESTE BAGOSORA** Ofurstinn leiddur út úr dómshúsinu í Tansaníu. Myndin er tekin fyrr á þessu ári.



**YFIRFULL FANGELSI** Talið er að tugir þúsunda hafi tekið virkan þátt í fjöldamorðunum. Í apríl árið 1995 voru fangelsi í Rúanda yfirfull, eins og sjá má á þessari mynd sem tekin var í Kígalí. NORDICPHOTOS/AFP


Græn skref í Reykjavík
BURT MEÐ SVIFRYKIÐ
15%
VERÐLÆKKUN Á ÖLLUM DEKKJUM HJÁ BÍLABÚÐ BENNA
TOYO HARÐSKELJADEKK
MEIRA GRIP ÁN NAGLA
UMHVERFISVÆN, ENDINGARGÓÐ, HLJÓÐLÁT
Toyo harðskeljadekk fást í Bílabúð Benna (Vagnhöfða 23 S: 590 2000)
Nesdekk (Fiskislóð 30 S: 561 4110) og öllum betri dekkjaverkstæðum.
www.toyo.is
TOYO TIRES
Bílabúð Benna
561 4110
NESDEKK
FISKISLÓÐ 30
GOTT FÓLK


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
OPIÐ Í DAG FRÁ KL.10.00-20.00
1554
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
30% afsláttur 1554 kr./kg. MERKT VERÐ 2220 KR./KG..
40% AFSLÁTTUR
HOLTA FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
523 kr./kg. MERKT VERÐ 872 KR./KG.
30% AFSLÁTTUR
UNGNAUTAHAKK 1085 kr./kg.
MERKT VERÐ 1549 KR./KG.
4 STK MEÐ BRAUÐI
30% AFSLÁTTUR
UNGNAUTAHAMBORGARAR
559 kr. MERKT VERÐ 798 KR./KG.
598
ÍSLANDSGRÍS GRÍSAPURUSTEIK
598 kr./kg.
40% AFSLÁTTUR
ÍSLANDSGRÍS GRÍSAHAKK
539 kr./kg. MERKT VERÐ 899 KR./KG.
989
F.O KÆST OG SÖLTUÐ SKATA
989 kr./kg. MERKT VERÐ 1098 KR./KG.
798
F.O. KÆST OG SÖLTUÐ TINDASKATA
798 kr./kg.
998
N.F SALTFISKUR ÚTVATNAÐUR
BEINLAUS M/ROÐI 998 kr./kg.
298
BÓNUS FORSOÐNAR KARTÖFLUR
900g 298 kr.
498
ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR 498 kr./kg.
698
ALI REYKTUR GRÍSABÓGUR 698 kr./kg.
498
N.F. HÁKARL
100g 498 kr.
FRÁ BJARNARHÖFN
289
MJÓLKU
HÁTÍÐARFETAOSTUR
250g 289 kr.
79
ES orkudrykkur
250ml 79 kr.
Sama innihald.
Bara ódýrari!
698
MJÓLKU HÁTÍÐARSKYRTERTA
600g 698 kr.
ALLIR BESTU NÓAMOLARINIR
Í EINUM KASSA.
1598
NÓA KONFEKT 650g
1598 kr.
3998
DAGVAKTIN DVD-DISKAR
3998 kr.
498
TE & KAFFI
JÓLAKAFFIÐ 400g
MALAÐ EÐA BAUNIR
498 kr.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10.00-20.00

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## TILBOÐIN GILDA TIL SUNNUDAGS

## SS JÓLAKJÖTIÐ MEÐ 30% AFSLÆTTI




30% AFSLÁTTUR

HANGIFRAMPARTUR ÚRBEINAÐUR
**1574 kr./kg.**
MERKT VERÐ 2248 KR./KG.




30% AFSLÁTTUR

SS HANGILÆRI ÚRBEINAÐ
**2141 kr./kg.**
MERKT VERÐ 3058 KR./KG.




30% AFSLÁTTUR

SS GRÍSA HAMBORGARHRYGGUR
**1315 kr./kg.**
MERKT VERÐ 1878 KR./KG.




25% AFSLÁTTUR

KF KOFAREYKT HANGILÆRI M/BEINI
**1424 kr./kg.**
MERKT VERÐ 1898 KR./KG.

VINSÆLASTI HRYGGUR LANDSINS




30% AFSLÁTTUR

HAMBORGARHRYGGUR M/BEINI
**1329 kr./kg.** MERKT VERÐ 1898 KR.

Ali

HAMBORGAR-HRYGGUR
**30% AFSLÁTTUR**
VIÐ KASSANN




30% AFSLÁTTUR

HAMBORGARHRYGGUR ÚRB.
**1749 kr./kg.** MERKT VERÐ 2498 KR.




30% AFSLÁTTUR

ÍSLANDSGRÍS SVÍNA-HAMBORGARHRYGGUR
**1329 kr./kg.**
MERKT VERÐ 1898 KR./KG.




30% AFSLÁTTUR

KEA LÉTTREYKTUR LAMBAHRYGGUR
**1536 kr./kg.**
MERKT VERÐ 2194 KR./KG.




40% AFSLÁTTUR

FJALLA HANGILÆRI ÚRBEINAÐ **1798 kr./kg.** MERKT VERÐ 2998 KR./KG.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10.00-20.00

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.



**DAGLEGT LÍF** Víða hefur hagur Kínverja batnað gríðarlega á síðustu áratugum, þótt enn búi stór hluti þjóðarinnar við fátækt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




**AFMÆLISÞING KOMMÚNISTAFLOKKSINS** Kommúnistaflokkurinn í Kína minntist þess með viðhöfn á flokksþingi nú í vikunni að þrjátíu ár eru liðin síðan efnahagsumbæturnar hófust. NORDICPHOTOS/AFP



**ENN Í HÁVEGUM HAFÐIR** Maó formaður og aðrir forystumenn gamla Kommúnistaflokksins eru enn í hávegum hafðir í Kína. Myndir af þeim blasa við á torgum jafnt sem innandyra, og litlar styttur af þeim eru seldar í minjagripabúðum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**MIKLAR BREYTINGAR** Kínverjar eiga þess nú kost að komast í búðir þar sem vöruúrvalið er síst minna en á Vesturlöndum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP






Þrjátíu ár frá því að efnahagsumbætur hófust í Kína:

# Betri efnahagur en takmörkuð réttindi

**KÍNA, AP** Þrjátíu ár eru liðin síðan kommúnistastjórnin í Kína sneri við blaðinu í efnahagsmálum, byrjaði að opna hagkerfið fyrir frjálsum markaðsviðskiptum og hóf að efla viðskipti við útlönd. Pólitískar breytingar voru þó ekki á dagskrá, og bólar ekkert á þeim enn í dag, þrjátíu árum síðar.

Breytingaskeiðið hófst á flokksþingi Kommúnistaflokksins hinn 18. desember árið 1978, þar sem samþykkt var að heimila bændum að stunda einkabúskap.

Síðan hefur hagvöxtur í Kína aukist jafnt og þétt, uns nú er svo komið að kínverska hagkerfið er hið fjórða stærsta í heimi, næst á eftir hagkerfi Bandaríkjanna, Japans og Þýskalands.

Velmegun í Kína er nú meiri en nokkru sinni. Þjóðartekjur á mann voru árið 1978 aðeins 380 júan, en voru í fyrra komnar upp í 19.000 júan, eða um það bil 300 þúsund íslenskra króna.

Engu síður búa margir Kínverjar enn við bág kjör. Samkvæmt tölum frá Alþjóðabankanum hafa 100 milljónir, af alls 1,3 milljörðum íbúa landsins, innan við einn Bandaríkjadal á dag í tekjur.

Á næsta ári verður haldið upp á annað kínverskt afmæli; þá eru tuttugu ár liðin síðan stjórnvöld börðu niður af mikilli hörku friðsamleg mótmæli lýðræðissinna á Torgi hins himneska friðar.

Mannréttindaástandið sætir enn í dag harðri gagnrýni enda er stjórn landsins í heljargreipum Kommúnistaflokksins, nú ekki síður en fyrir 30 árum.

Fyrr í mánuðinum undirrituðu um 300 lögfræðingar, rithöfundar, fræðimenn og listamenn réttindaskrá, þar sem þeir hvöttu stjórnvöld til að losa um hömlurnar og hefja lýðræðisumbætur.

Meðal þeirra fjölmörgu Kínverja, sem sitja í fangelsi vegna mannréttindabaráttu, er Hu Jia, sem hafði haldið skrá yfir ofsóknir kínverskra stjórnvalda á hendur baráttufólki fyrir réttindum.

Hu þótti koma til greina sem friðarverðlaunahafi Nóbels í ár, en ekkert varð úr því. Evrópusambandið tilkynnti hins vegar nú í vikunni að Hu hlyti Sakharov-verðlaunin í ár, en það eru mannréttindaverðlaun nefnd í höfuðið á rússneska andófsmanninum Andrei Sakharov.

- gb


Snjórinn er kominn í fjöllin!
Rossignol skíðapakkar 20% afsláttur
Skíðadeildin er í Glæsibæ
Rossignol brettapakkar 20% afsláttur
Brettadeildin er í Kringlunni
Skíða- og brettafatnaður frá Helly Hansen, Columbia og Sessions 30% afsláttur
ÍSLENSKA SIA.IS UTI 44550 12.2008
HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • SÍMI 545 1500
ÚTILÍF



GJÖFINA Í ORMSSON
GJAFAVÖRU Á GÓÐU VERÐI
Mikið úrval Wii-aukahluta!
QONIX
ÚTVARPSTÆKI FRÁ Qonix
Hljómgæði í fallegum viðarkassa.
VERÐ KR. 10.900,-
QONIX
CRD-7777
ÚTVARPSVEKJARI FRÁ Qonix
FM/AM · Vekur með útvarpi eða hringingu ,tveir vekjaratímar, innbyggður hitamælir.
VERÐ KR. 4.450,-
VERÐLÆKKUN!
Nintendo
DS -LEIKJATÖLVAN FRÁ Nintendo
Ein allra vinsælasta leikjatölva heims. Ótrúlega öflug. Frábært leikjasafn fyrir leikglaða á öllum aldri.
VERÐ KR. 27.900,-
Wii
Nintendo
Wii -LEIKJATÖLVAN FRÁ Nintendo SEM SLEGIÐ HEFUR ÖLL SÖLUMET
Ný upplifun! Skórkostleg skemmtun fyrir alla aldurshópa! Magnað leikjaúrval!
VERÐ KR. 49.900,-
SANGEAN
SANGEAN-RCR-5
ÚTVARPSVEKJARI FRÁ Sangean
FM/AM · Vekjaraklukka með tveim mismunandi vekjaratímum · 10 stöðva minni
VERÐ KR. 8.900,-
SANGEAN
SANGEAN-WR-2
ÚTVARP FRÁ Sangean
FM/AM · Innbyggt loftnet - hægt að tengja aukaloftnet · Magnari: 3,7W RMS · Aux inngangur · Tengi fyrir heyrnartól · Fjarstýring
VERÐ KR. 29.900,-
OLYMPUS
OLYMPUS FE-360
FRÁBÆR STAFRÆN MYNDAVÉL FRÁ Olympus
8 milljón pixlar • 3x aðráttarlinsa (36-108mm) • Stór 2,5" LCD skjár • 19 handhægar tökustillingar • Videoupptaka með hljóði • Nærmyndataka (macro) niður að 5cm • Hleðslutæki og Lithium-Ion rafhlaða fylgja • Fæst í 3 litum: silfur, svört og blá
VERÐ KR. 26.900 KR.
Pioneer
PIONEER-SE-M290
VANDAÐ HÖFUÐTÓL FRÁ Pioneer
Tíðnisvið: 5–25,000 Hz
VERÐ KR. 6.990,-
SHARP
SHARP XLUH25H
HLJÓMTÆKJASTÆÐA FRÁ Sharp
· USB afspilun · Hljóðstyrkur 2 X 10W RMS · Spilar MP3/ WMA / CD -R/RW · Tvískiptir hátalarar
VERÐ KR. 27.900,-
home art
allt TIL AÐ FEGRA HEIMILIÐ
Home Art tekst alltaf að gleðja.
Alltaf fjölbreytt, fallegt og spennandi.
Fæst í ORMSSON SMÁRALIND
– í verslun sem kemur á óvart
OLYMPUS
OLYMPUS MJU-1010
STAFRÆN MYNDAVÉL FRÁ Olympus
10.1 milljón pixlar • 7x aðdráttarlinsa (37-260) • Stór 2,7" LCD skjár • Veðurvarin • Videoupptaka með hjóði • Hristivörn • Hleðslutæki og Lithium-ion rafhlaða fylgir
Ný hágæða myndavél–kynnið ykkur nánar!
VERÐ KR. 44.900 KR.
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF STJÖRNU-SJÓNAUKUM ER Í ORMSSON SMÁRALIND
CELESTRON
VANDAÐUR STJÖRNUSJÓNAUKI
AstroMaster-70AZ
Heillandi heimur opnast þér.
TILBOÐSERÐ KR. 18.900,-
OPNUNARTÍMAR Í LÁGMÚLA 8 og SÍÐUMÚLA 9:
Laugardag 20. desember frá kl. 11-18
Sunnudag 21. desember frá kl. 13-18
OPNUNARTÍMAR Í SMÁRALIND:
Opið til kl. 22 - alla daga til jóla
Gullfalleg kokkabókastatíf frá HomeArt
OLYMPUS
OLYMPUS-DPCI
SJÓNAUKI FRÁ Olympus
Skarpur og þægilegur í öll ferðalög – líka í leikhúsið og á völlinn.
VERÐ KR. 6.490,-
ÖLL VERÐ MEÐ FYRIRVARA UM GENGISBREYTINGAR KRÓNUNNAR
NÝJAR OG SPENNANDI VÖRUR Í SÍÐUMÚLA 9
KÍKIÐ INN – Kynnið ykkur verð og gæði!
ORMSSON

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
375 **-0,71%**

**Fjöldi viðskipta:** 113
**Velta:** 641 milljónir

MESTA HÆKKUN
**ICELANDAIR** 0,38%

MESTA LÆKKUN
**BAKKAVÖR** -15,58%
**ATLANTIC PETROL.** -5,30%
**STRAUMUR-BURÐ.** -5,02%

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR:**

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 4,10 +0,00% ... Bakkavör 2,60 -15,58% ... Eimskipafélagið 1,28 +0,00% ... Exista 0,04 +0,00% ... Icelandair Group 13,25 +0,38% ... Kaupþing 0,00 +0,00% ... Marel Food Systems 76,30 -0,66% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 2,27 -5,02% ... Össur 97,20 -0,31%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### Láta ekki þjóðernið fæla frá

Íslendingum er ekki alls varnað í Bretlandi þrátt fyrir álitshnekki vegna Icesave, hryðjuverkalagabeitingar og deilu breska og íslenska ríkisins. Að minnsta kosti er það svo þegar kemur að mannaráðningum hjá breska ríkinu að þar á bæ láta menn þessi mál ekki hafa áhrif á sig og horfa fyrst og fremst til getu einstaklingsins. Breska ríkið var að minnsta kosti ekki lengi að veiða til starfa Þóru Helgadóttur hagfræðing sem „fyrir fallið" starfaði hjá Kaupþingi í Lundúnaborg. Hún er nú að hefja störf sem hagfræðiráðgjafi hjá HMRC, stofnun Breta sem annast skattheimtu og félagslegar greiðslur.



### Ráðdeild og skynsemi?

Höskuldur Þórhallsson, þingmaður Framsóknarflokks, spurði í gær viðskiptaráðherra um stöðu smærri fjármálafyrirtækja. Skuggi óvissu um veðköll Seðlabankans er yfir þeim og standa þau um margt höllum fæti í öllum fjármálaóróleikanum. Þeim sem til þekkja í heimi fjármála kann þó að hafa hnykkt við þegar hann fjallaði sérstaklega um sparisjóðina í þessu samhengi og kvað þá hafa sýnt sérstaka „ráðdeild og skynsemi" í rekstri. Ítrekað hefur nefnilega verið bent á að margir sparisjóðir hafa í uppgangi síðustu ára gleymt að huga að grunnrekstri sínum og látið taprekstur hans hverfa í hagnaði hlutabréfaviðskipta. Því er ekki nema von að sparisjóðir standi margir illa við hrun hlutabréfamarkaða.



## IFS bætir í verðbólguspána

Verðbólga í desember verður 17,8 prósent samkvæmt endurskoðaðri spá IFS-greiningar. Áður hafði verið spáð 17,2 prósentum.

Fyrri spá var gerð fyrir tilkynningu um skattahækkanir ríkisstjórnarinnar. „Áhrif skattahækkana á vísitölu neysluverðs eru til 0,4 til 0,5 prósenta hækkunar. Einnig bætist við að olíufélögin hafa ekki verið jafngrimm í verðlækkunum og IFS-greining gerði ráð fyrir," segir í nýju spánni, en árétttað um leið að nokkur óvissa sé um spár vegna gengissveiflna krónunnar.

Hagstofa Íslands birtir verðbólgumælingu sína næstkomandi mánudag.

**- óká**




# Tveir áratugir til skoðunar

**Fulltrúaráð Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga, móðurfélags Giftar, ætlar að láta rannsaka starfsemi félagsins tvo áratugi aftur í tímann.**

Fulltrúaráð Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga samþykkti í gær að láta rannsaka starfsemi sína nítján ár aftur í tímann. Til þess verði fenginn sérfróður og óháður aðili, til dæmis Lagastofnun Háskóla Íslands. Kanna á „hvort starfsemin hafi verið athugaverð að einhverju leyti. Ekkert skal dregið undan sem nauðsynlegt er talið til að upplýsa og fá sem gleggsta heildarmynd af málinu," segir í tilkynningu frá Eignarhaldsfélaginu.

Félagið á fjárfestingafélagið Gift. Það var stofnað í fyrra og eignirnar fluttar þangað. Skilanefnd var skipuð, til að skipta hlutabréfinu í Gift, milli fólks og fyrirtækja sem áttu réttindi í Samvinnutryggingum.

Skilanefndin skilaði umboði sínu á fulltrúaráðsfundinum í gær. Það ákvað hún þegar ljóst varð að eigið fé Giftar var verulega neikvætt.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins um þar um tugi milljarða króna að ræða, en helstu eignir Giftar voru í Kaupþingi og Existu. Félagið á auk þess óbeinan eignarhlut í Icelandair og eign í óskráðum félögum.



**FULLTRÚAR EIGNARHALDSFÉLAGSINS SAMVINNUTRYGGINGA** Finnur Ingólfsson var í hópi fundarmanna, en að baki honum sést glitta í Helga S. Guðmundsson. Einnig sátu fundinn Jafet Ólafsson og Benedikt Sigurðsson, svo nokkrir séu nefndir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Starfsemi félagsins og ráðstöfun eigna hefur verið gagnrýnd. Þá hefur Morgunblaðið nýlega upplýst að Þórólfur Gíslason, kaupfélagsstjóri í Skagafirði og fyrrverandi stjórnarformaður Giftar, hafi skuldbundið félagið með samingi við Kaupþing, sem gerði að verkum að félagið gat ekki ráðstafað eignum sínum umfram 15 prósent, án samþykkis bankans.

„Ég held að þessi úttekt sé algerlega óþörf," segir Sigurður G. Guðjónsson, hæstaréttarlögmaður. „Auk þess held ég að það væri bara best fyrir fulltrúaráðið að vísa málinu í heild sinni til efanahgsbrotadeildar ríkislögreglustjóra og láta kanna hvort það sé allt með felldu. Hún er eini aðilinn sem getur hvítþvegið þessa menn eða sakfellt þá." Sigurður bætir því við að stjórn Giftar ætti að gefa félagið upp til gjaldþrotaskipta.

„Það er ekkert sem rekur félagið til að fara fram á skipti á því, eins og staðan er núna. menn ætla að vinna úr þeim eignum sem eru eftir í félaginu," segir Jafet Ólafsson, stjórnarmaður í Gift.

**ingimar@markadurinn.is**




# Frjálslega farið með viðskiptavild

„Í raun má halda því fram að viðskiptalífið hafi þrifist á vissum blekkingum sem snerust um að sýna eins góða fjárhagsstöðu fyrirtækjanna og mögulegt var með því að færa allar eignir þeirra á hæsta mögulega verði og stuðla þannig að því að gengi hlutabréfanna varð sem allra hæst." Þannig mælist Aðalsteini Hákonarsyni í grein í Tíund, tímariti Ríkisskattstjóra.

Hann fjallar í löngu máli um skuldsettar yfirtökur og mikinn vöxt viðskiptavildar í bókhaldi skráðra fyrirtækja undanfarin ár. „Þeir keyptu fyrirtæki og létu fyrirtækin sjálf, sem keypt voru, greiða kaupverðið í gegnum eignarlausa samruna. Með því að hengja skuldir utan á fyrirtækin með samruna eftir kaupin, setja þau síðan á markað og selja hlutina í þeim til lífeyrissjóða og almennings á enn hærra verði en keypt hafði verið á, þrátt fyrir skuldsetninguna," segir Aðalsteinn.

Hann fer yfir reikningsskilavenjur og bendir á alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS 38, sem segi meðal annars að ekki skuli færa viðskiptavild til eignar sem óefnislegar eignir. Það sé ekki svo að öll félög fylgi alþjóðlegum reikningsskilareglum, „en ekki verður betur séð en að minnsta kosti sum þeirra félaga sem skráð eru í Kauphöllinni fari frjálslega með færslu viðskiptavildar sem myndast hefur við skuldsettar yfirtökur og samruna."

Þá veltir hann fyrir sér hvort viðskiptavild sé eign eða úttekt af eiginfé fyrirtækis, og spyr „hvort eðlilegt sé að færa milljarðaskuldbindingar inn í hlutafélag án þess að nokkur eign komi á móti og lýsa því yfir í opinberum tilkynningum að hagur lánardrottna hafi ekki versnað." 104. grein hlutafélagalaga virki ekki við slíkar aðstæður.

Enn fremur veltir hann fyrir sér áhættuvörnum banka sem hafi fokið um koll „eins og hálmhúsið sem grísinn Gepill byggði sér af miklu stolti [...] þegar úlfurinn blés það um koll."

**- ikh**

**ÞRÓUN EIGNA, EIGIN FJÁR OG OG VIÐSKIPTAVILDAR***

| Ár | Eignir | Eigið fé | Viðskiptavild |
|---|---|---|---|
| 2007 | 14.978.568 | 1.772.409 | 931.483 |
| 2006 | 10.755.224 | .423.288 | 511.712 |
| 2005 | 5.478.183 | 952.816 | 329.860 |
| 2004 | 3.387.040 | 386.979 | 131.379 |
| 2003 | 1.694.911 | 182.578 | 62.080 |

* Yfirlit úr Tíund um þróun heildareigna, eigin fjár og viðskiptavildar um 20 félaga og samstæðna i Kauphöllinni. Upphæðir eru í milljónum króna.

### AÐFERÐIN VIÐ SKULDSETNINGU OG VÖXT

**Aðalsteinn Háskonarson lýsir í grein sinni í Tíund hvernig þetta er gert:**

„Upphafið er að viðskiptajöfur (V) ber víurnar í eitthvert rekstrarfélag (A) sem honum finnst álitlegur fjárfestingarkostur, til dæmis verksmiðju, verslun eða olíufélag. Takist samningar við eigendur slíks fyrirtækis stofnar viðskiptajöfurinn sérstakt félag (B) sem fær það hlutverk að kaupa rekstrarfélagið A og B telst því vera yfirtökufélagið í þessum viðskiptum.

V leggur fram hlutafé til B, kannski einn fjórða af kaupverðinu á A, en B tekur síðan lán fyrir afganginum eða ¾ af kaupverðinu. Kaupverðið er síðan greitt til eigenda A, það er fyrrum hluthafa A, þannig að þeir fjármunir koma A aldrei til góða. Í kjölfar kaupanna eru A og B sameinuð undir nafni A þannig að A er allt í einu orðið yfirtökufélagið í samrunaferlinu. Við samrunann flytjast skuldir B inn í A þannig að skuldir A hafa vaxið um sem nemur þremur fjórðu af kaupverðinu án þess að nokkur eign hafi komið þar á móti því að eina eign B var eignarhlutur í A og A getur ekki átt hlut í sjálfu sér að samrunanum loknum. Til þess samt að láta ekki sjást hvernig skerðingin á eiginfé vegna skuldsetningarinnar fer með efnahagsreikning A færa menn upp eign sem þeir kalla viðskiptavild í ársreikningnum á móti skuldunum. Hér er ekki um nýja eign að ræða sem kemur inn við kaupin og samrunann þar sem viðskiptavildin í A var til fyrir kaupin, hafi hún á annað borð verið til, þótt hún hafi ekki verið bókfærð í efnahagsreikningi A. Eftir þetta er A tilbúið til sölumeðferðar og hægt að skrá það á markaði sem álitlegan fjárfestingarvalkost á gengi sem er kannski mun hærra en gengið sem upphaflega var keypt á þrátt fyrir skuldsetninguna."

# AFNEMUM

# FORRÉTTINDIN

Alþýðusamband Íslands og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja lýsa yfir algerri andstöðu við þær tillögur sem forystumenn ríkisstjórnarinnar hafa sett fram um breytingar á eftirlaunum ráðamanna. Eftirlaunafrumvarpið olli miklu ósætti og djúpstæðri reiði meðal íslensku þjóðarinnar þegar það var sett fram árið 2003. ASÍ og BSRB krefjast þess að Alþingi afnemi þegar forréttindi ráðherra, alþingismanna og æðstu embættismanna í lífeyrismálum og að sett verði lög um að þau verði þau sömu og hjá öðrum opinberum starfsmönnum.

ASÍ

BSRB

ATARNA





**Í LAGOS** Í Vestur-Afríku er farsíminn ráðandi fjarskiptamáti. Nú er stefnt að ljósleiðaratengingu heimila í Nígeríu.

## Ljósleiðaravæða heimili Nígeríu

Sænska fjarskiptafyrirtækið Ericsson hefur samið um gerð ljósleiðaranets fyrir heimili í Nígeríu fyrir fyrirtækið 21st Century Technologies.

Í tilkynningu Ericsson kemur fram að ljósleiðaravædd heimili séu tæknibylting á Vestur-Afríkusvæðinu þar sem farsímasamband sé ráðandi tækni. „Ljósið heim“ gefi fólki kost á netvarpi, háhraðainterneti, netsíma og fleiru.

Tengja á fystu tíu þúsund heimilin í janúar á næsta ári. - óká

Stjórnarformaður og forstjóri frystivörukeðjunnar Iceland fengu kaldar kveðjur frá mótmælendum í heimsókn sinni hingað:

# Iceland-keðjan kynnt skilanefndum bankanna

„Jón Ásgeir og Malcolm Walker voru að kynna fyrirtækið og stöðu þess fyrir skilanefndum Glitnis og Landsbankans,“ segir Gunnar Sigurðsson, forstjóri Baugs.

Jón Ásgeir er starfandi stjórnarformaður Baugs og tók við stjórnarformennsku í Iceland-keðjunni í október. Malcolm Walker er stofnandi og forstjóri Iceland.

Bankarnir tóku þátt í yfirtöku Baugs á bresku verslanakeðjunni Big Food Group fyrir réttum fjórum árum og uppskiptingu hennar í kjölfarið. Upp úr því kom Iceland, verslanakeðja sem sérhæfir sig í sölu á frystum matvælum. Viðsnúningur á rekstri verslunarinnar tókst með eindæmum vel og hefur orðið að skólabókardæmi.

Eftir uppstokkun á Big Food Group situr Baugur nú á rúmum 40 prósenta hlut í Iceland. Aðilar tengdir félaginu eiga stóra hluti, stjórnendur Iceland um fimmtung og bankarnir fimmtán prósent.



**JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON**

Ekki mun stefnt að sölu eigna Iceland þrátt fyrir hremmingar í íslensku efnahagslífi enda hefur verslunin þótt gullnáma í eignasafni hluthafa.

Líkt og greint var frá í gær fengu þeir Jón og Walker heldur kaldar kveðjur fyrir utan 101 Hótel við Hverfisgötu eftir fundina. Breska viðskiptablaðið Financial Times tók málið upp í gær og sagði mótmælendur hafa gefið reiði sinni lausan tauminn vegna efnahagshrunsins á Íslandi. - jab



**MALCOLM WALKER** Stofnandi og forstjóri Iceland-matvörukeðjunnar var með í för þegar Jón Ásgeir Jóhannesson kynnti fyrirtækið fyrir skilanefndum Glitnis og Landsbankans í fyrradag.

# Erlendar veiðar jukust hér á milli ára

Afli erlendra ríkja við Ísland jókst í fyrra um 45 prósent frá árinu áður; var tæp 80 þúsund tonn árið 2007 og rúm 54 þúsund tonn árið 2006.

Þetta kemur fram í nýútkomnu riti Hagstofu Íslands, Afli erlendra ríkja við Ísland 2007 og heimsafli 2006. Þar kemur jafnframt fram að af öðrum þjóðum hafi nær eingöngu Færeyingar og Norðmenn stundað hér veiðar í fyrra og að uppistaðan í aflanum hafi verið loðna og kolmunni. Undanfarin ár hefur afli erlendra ríkja verið minnstur árið 1993, um níu þúsund tonn og mestur árið 2002, ríflega 148 þúsund tonn.

Þá kemur í ritinu fram að heimsaflinn hafi verið 92 milljónir tonna árið 2006 og hafi minnkað um 2,2 milljónir tonna frá fyrra ári. „Kyrrahafið gaf mestan afla og stærsta einstaka fisktegundin var Perúansjósa,“ segir í ritinu. Árið 2006 veiddu Kínverjar mest allra þjóða, hátt í 18 milljónir tonna, en Íslendingar voru í 16. sæti heimslistans, með veiðar upp á 1,3 milljónir tonna. Litlar breytingar urðu á listanum milli ára. - óká

## Olíuríki draga úr framleiðslu

Samtök olíuframleiðsluríkja (OPEC) samþykktu í gær að draga úr framleiðslu olíu sem nemur 2,2 milljónum fata á dag, frá og með næstu áramótum.

Aldrei áður hefur verið dregið jafn mikið úr framleiðslunni, en olíuverð hefur lækkað úr rúmum 147 Bandaríkjadölum í júlí niður í 40 dali nú. Verðið hefur ekki verið lægra í fjögur og hálft ár.

Ríkin þrettán vonast til þess að aðgerðirnar verði til þess að verðið hækki á ný.

Verðið lækkaði lítillega eftir að ákvörðun OPEC-ríkjanna lá fyrir. Það þykir benda til þess að markaðurinn hafi litla trú á að alþjóðlegri efnahagskreppu muni linna í bráð, samkvæmt Associated Press-fréttastofunni. - gb

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.

VIÐ STÆKKUM
fiskbúðina

KÆST SKATA
VESTFIRSK SKATA
HNEFAÞYKKUR SALTFISKUR
STÓR JÓLAHUMAR
FISKISÚPA HAFBERG

Veljum íslenskt

Opið alla helgina
laugardag 10-18
sunnudag 12-18



# Harður nagli tekur við fjármálaeftirlitinu

**Forstjóri bandaríska fjármálaeftirlitisins sætir harðri gagnrýni fyrir slakt eftirlit. Maðurinn í brúnni verður látinn víkja fyrir konu sem þykir hörð í horn að taka.**

Barack Obama, sem tekur við forsetaembættinu af George W. Bush í Bandaríkjunum eftir áramót, hefur tilnefnt Mary Schapiro sem næsta forstjóra bandaríska fjármálaeftirlitsins. Hún verður fyrsta konan til að gegna þessu embætti í Bandaríkjunum.

Schapiro tekur við af Christopher Cox sem hefur setið í forstjórastólnum í rúm þrjú ár en hefur sætt harðri gagnrýni upp á síðkastið. Hann er sakaður um að hafa ekki beitt sér nægilega til að skera á þær rætur sem liggja til grundvallar lausafjárkreppunni sem riðið hefur húsum á alþjóðlegum fjámagnsmörkuðum síðasta árið.



**MARY SCHAPIRO**

Spjótin hafa ekki síst beinst að Cox síðustu daga fyrir þá yfirsjón embættisins að virða að vettugi ábendingar um misferli í bókum bandaríska fjárfestisins Bernards Madoff.

Madoff var handtekinn í síðustu viku fyrir að hafa komið á laggirnar svikamyllu sem skilið hefur eftir sig fimmtíu milljarða Bandaríkjadala gat í bókum banka og fjárfesta víða um heim. Þetta er viðamesta tap í heimi sem einstaklingur hefur skilið eftir sig.

Schapiro er 53 ára og þykir hörð í horn að taka. Ronald Reagan, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, skipaði hana í stjórn fjármálaeftirlitsins fyrir rúmum tuttugu árum og var hún þá yngsta konan sem þar hefur setið. Í forsetatíð Bills Clinton tók hún svo sæti stjórnarformanns Eftirlitsstofnunar með bandarískum hrávörusamningum (e. Commodity Futures Trading Commission) árið 1994.

Schapiro ætti að kannast lítillega við forstjórastól fjármálaeftirlitsins en hann vermdi hún um tveggja mánaða skeið árið 1993. Hún fór úr honum þegar Arthur Levitt, fyrrverandi forstjóri, settist í hann sama ár. Bandaríska dagblaðið Los Angeles Times hafði eftir Levitt í gær að nýi forstjórinn hafi allt til að verða góður forstjóri. jonab@markadurinn.is

**BARACK OBAMA** Verðandi forseti Bandaríkjanna hefur lokið við að skipa í helstu ráðherrastóla og tengdar nefndir. Hann tekur við forsetastólnum eftir áramót. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Sprotasjóður lítur dagsins ljós

„Það eru mörg tækifæri hér fyrir fólk til að gera stórkostlega hluti. Nú verður byggt upp fjölbreytt og sjálfbært atvinnulíf til framtíðar,“ segir Halla Tómasdóttir, stjórnarformaður Auðar Capital.

Auður Capital og tónlistarkonan Björk Guðmundsdóttir kynntu í fyrradag sjóð sem mun fjárfesta í íslenskum sprotafyrirtækjum með vaxtarmöguleika.

Auður Capital hefur þegar lagt til hundrað milljónir króna en vonast er til að fagfjárfestar, lífeyrissjóðir, jafnt sem áhugasamir einstaklingar leggi í hann það sem upp á vantar. Stefnt er að því að á annan milljarð króna verði í sjóðnum þegar upp verður staðið.

Halla segir sjóðinn hafa verið lengi í bígerð. Tækifærið hafi komið í kjölfar Neista, samstarfsverkefnis Bjarkar, háskólasamfélagsins og ýmissa sprotafyrirtækja í kjölfar bankahrunsins.



**HALLA TÓMASDÓTTIR**

„Við sáum að við deildum þeirri sýn með Björk að vilja byggja upp fjölbreytt og áhugaverðara Ísland,“ segir Halla og bætir við að fram undan sé að velja góð og græn fyrirtæki og fjárfesta í þeim.

Sjóðurinn heitir í höfuðið á tónlistarkonunni. Er þar ekki síður vísað til trésins óhagganlega sem stendur næstum allt af sér. - jab



**BJÖRK GUÐMUNDSDÓTTIR** Auður Capital hefur stofnað sjóð sem heitir jafnt í höfuðið á tónlistarkonunni og trénu óhagganlega. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

# Taktu betri myndir með flassi – það fylgir með í kaupauka.








**Jólagjöfin frá Nikon!**

Kauptu Nikon D60 og þú færð aukalega flass-pakka sem inniheldur: SB-400 flassljós, linsuklút og og hálsól að verðmæti kr. 30.000.

Verð kr.
109.995*

*Með AF-S DX VR NIKKOR 18-15mm linsu með innbyggðri titringsjöfnun (VR).

**Vertu betri ljósmyndari - notaðu flass!**

Flassljós gerir gæfumunin þegar taka á góða mynd. Flestir ljósmyndarar staðhæfa að lýsingin skipti öllu máli! – sem er til marks um hversu mikilvægt flassið er. Þú sérð hvernig skuggarnir jafnast eðlilega út, þegar þú notar ásett flassljós á borð við SB-400. Ljós sem er látið endurkastast frá lofti gefur ljósmynd, sem tekin er innanhúss, eðlilegri blæ. Einnig getur þú stjórnað lýsingunni betur við nærmyndatöku. Flassljós er, með öðrum orðum, mikilvægt fyrir þig! Kaupir þú Nikon D60 hjá viðurkenndum söluaðila Nikon á Íslandi, þá færðu ekki bara SB-400 flassljós í kaupauka heldur einnig, linsuklút og hálsól frá Nikon. Ekki missa af þessu tilboði sem gildir til 31. desember 2008.

MAX RAFTÆKI
BECO
FOTO VAL
Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is
Heimilistæki
www.ht.is
REYKJAVÍK AKUREYRI HÚSAVÍK SELFOSS

At the heart of the image
Nikon

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Umræður um fjárlög ríkisins:

# Blóðugur skurður er nauðsynlegur

SVANBORG SIGMARSDÓTTIR SKRIFAR

Það er lítið mál að skila góðum rekstri þegar vel árar. Vandamálin koma fyrst upp á yfirborðið þegar harðnar á dalnum. Þetta má þingheimur nú reyna, þegar reynt er að hamra saman nýrri útgáfu af fjárlagafrumvarpinu. Auk vandamálanna við stórfelldan niðurskurð bætist við óvissan um skatttekjur og atvinnuleysi á næsta ári. Önnur óvissa ræður miklu um það hve mikið verður til skiptanna á komandi ári. Hin óvissan snýr að útgjöldunum. Gert er ráð fyrir sautján milljörðum í Atvinnuleysistryggingasjóð á næsta ári þar sem búist er við að meðalfjöldi atvinnulausra verði 9.500 manns, sem er einungis 400 fleiri en nú eru atvinnulausir.

Þegar tekjur ríkisins dragast saman líkt og mun gerast á næsta ári og útgjöldin aukast er komist hjá „blóðugum niðurskurði" á fjárlagafrumvarpinu. Annað væri ekki góð efnahagsstjórnun. Stjórnarandstaðan leggur áherslu á sparnað í Varnarmálastofnun og sendiráðum. Auðvitað kemur slíkt til greina, en dugar varla til. Þrátt fyrir þrengingar hér heima fyrir megum við ekki við því að loka alveg á umheiminn.

Nánast allir þeir sem verða fyrir niðurskurði kvarta, sem eðlilegt er. Jafnvel er talað um að slátra gullgæsum, því vitað er að margar þessara fjárfestinga, sem verið er að hætta við, eru til framtíðar og til lengri tíma litið eru þær skynsamlegar. Vandamálið er bara að peningarnir þurfa að vera til svo hægt sé að eyða þeim. Ríkisstjórnin þarf nú að búa sig undir enn frekari niðurskurð á fjárlögum fyrir árið 2010 og eins erfitt og það er leggst sá niðurskurður ekki bara á utanríkisráðuneytið heldur einnig á velferðarmálin sem við viljum verja og tryggja.

Það sem þarf núna er skapandi hugsun í fjárlagagerð. Bæði fyrir þriðju umræðu fjárlaga fyrir 2009 og þegar leggja á línurnar fyrir fjárlögin 2010. Það verður ekki nóg að líta á fjárlög síðasta árs og klípa aðeins af öllum liðum, eða fara fram á tíu prósenta flatan niðurskurð allra ráðuneyta. Einnig þarf að huga að því að auka tekjurnar. Ekki getur ríkið fundið sér aukavinnu og tíminn er óheppilegur til einkavæðingar. Stofninn mun því verða skattahækkun, og líklega meiri hækkun en það eina prósentustig sem nú hefur verið boðað.

Í grunninn þarf að skilgreina hvað er grunnþjónusta og hvað ríkið muni leggja til hennar. Síðan er hægt að horfa til þess hvað sé hægt að leggja í aðra mikilvæga, en ekki eins nauðsynlega, þætti ríkisrekstursins. Allar gullgæsirnar sem væru góð fjárfesting, væru einhverjir fjármunir eftir til fjárfestingar. Ein lítil sparnaðarhugmynd gæti til dæmis verið að ráðast loksins í sameiningu ráðuneyta eins og rætt hefur verið um svo lengi.

Slík hugmynd gengur skammt ein og sér, líkt og hugmyndin um að leggja niður Varnarmálastofnun en einhvers staðar hlýtur að þurfa að byrja án þess að enda í sífelldum smáklípum.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf.
RITSTJÓRAR: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Xerodent
Við munnþurrki




Þreföld virkni Xerodents
- Eplasýra – örvar munnvatnsframleiðslu
- Flúor – ver tennurnar gegn skemmdum
- Xylitol – hemur bakteríuvöxt í munni

**Xerodent 28,6 mg/0,25 mg munnsogstöflur.**
**Notkunarsvið og skömmtun:** Hver tafla inniheldur eplasýru 28,6 mg og natríumflúoríð samsvarandi 0,25 mg af flúor. Xerodent er lyf til varnar tannskemmdum notað við meðhöndlun einkenna vegna munnþurrks og fyrirbyggjandi við tannskemmdum hjá sjúklingum með munnþurrk.
**Skammtastærðir fyrir fullorðna:** 1 tafla eftir þörfum, venjulega 6 sinnum á dag. Við mikinn munnþurrk má auka skammtinn í 12 töflur á dag í takmarkaðan tíma. Töfluna á að láta bráðna hægt í munni. Dreifa skal skammtinum jafnt yfir daginn.
**Varúðarreglur:** Þeir sem hafa ofnæmi fyrir virku efnunum eða einhverju hjálparefnanna ættu ekki að nota Xerodent. Við meðhöndlun með Xerodent skal forðast að nota önnur lyf sem innihalda flúor. Xerodent má ekki nota á landsvæðum þar sem flúorinnihald drykkjarvatns er hátt. Vegna þess að Xerodent inniheldur xylitól getur það haft hægðalosandi verkun.
**Meðganga/brjóstagjöf:** Engin þekkt áhætta við notkun á meðgöngu. Natríumflúoríð skilst ekki út í brjóstamjólk. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Actavis Group hf. 29. nóvember 2007.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ekki um jólin

Sagt var frá því í fréttum í gær að umboðsmaður Alþingis rannsakar enn hvort Árni Mathiesen hafi brotið gegn góðum stjórnsýsluháttum þegar hann skipaði Þorstein Davíðsson í embætti dómara. Málinu var skotið til umboðsmanns í janúar en 18. mars svaraði Árni erindi hans. Síðan eru liðnir níu mánuðir og ekki víst hvort niðurstaða fáist á þessu ári. Mögulega verður Árni horfinn úr ráðherraembætti þegar niðurstaða umboðsmanns liggur fyrir. Og Árna sem grunaði að umboðsmaður hefði verið búinn að komast að niðurstöðu fyrirfram.



### Gísli og Gísli

Morgunblaðið sló mögulega Íslandsmet í aðsendum greinum í gær þegar um tuttugu síður voru lagðar undir bréf frá lesendum. Tvær greinar vöktu sérstaka athygli, önnur fjallaði um tilfinningar í sjávarútvegi og var eftir Gísla Frey Valdórsson, stjórnarmann í Félagi ungs fólks í sjávarútvegi. Hin fjallaði um ágæti Davíðs Oddssonar og var eftir Gísla Frey Valdórsson, blaðamann og stjórnmálafræðinema.

### Áfangasigur

Unnendur harmóníkna með hljómbassa unnu sætan sigur í gær þegar eftirfarandi tilkynning birtist á heimasíðu menntamálaráðuneytisins: „Vegna ábendinga og athugasemda ákvað menntamálaráðuneytið að endurskoða kafla um harmóníku í Aðalnámskrá tónlistarskóla. Bætt hefur verið kafla um miðnám svo nemendur geti einnig lokið miðprófi í harmóníku með hljómbassa, en í gildandi aðalnámskrá er eingöngu gert ráð fyrir miðprófi á harmóníku með tónbassa." Ei er þó kálið sopið þótt í ausuna sé komið. Drög að breytingum á harmóníkunámskránni hafa verið sett á vef ráðuneytisins og óskast athugasemdir fyrir 20. janúar 2009. Að því loknu verður aðalnámskráin staðfest.



**bergsteinn@frettabladid.is**

## SPOTTIÐ




# Ný vinnubrögð við gerð fjárlaga

**UMRÆÐAN**

Ármann Kr. Ólafsson skrifar um fjárlagagerð



ÁRMANN KR. ÓLAFSSON

Sama dag og síðari umræða fjárlaga fyrir árið 2009 fór fram lagði ég fram svohljóðandi þingsályktunartillögu: Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að endurskoða vinnubrögð við gerð fjárlaga þar sem kannaðir verða kostir þess að tekin verði upp núllgrunnsfjárlög.

Breyttir tímar kalla á ný vinnubrögð. Fjárlagagerð sem gengur út á að horfa eingöngu til þess hversu miklu hefur verið eytt í einstaka liði á undanförnum árum og bæta við þá eða lækka lítillega á milli ára er úrelt. Hefðarréttur í fjárveitingum gengur ekki við þær aðstæður sem við stöndum frammi fyrir. Hann brenglar markmið fjárlagagerðarinnar þar sem hækkun fjárveitinga frá einu ári til annars er gerður að mælikvarða á árangur.

Fjárlagagerð byggð á núllgrunni (zero-base budgeting) er vinnuaðferð þar sem markmiðið er að draga úr sjálfvirku hækkunarferli núverandi fyrirkomulags. Gildi aðferðarfræðinnar felst fyrst og fremst í því að fjárveitingarvaldið samþykkir ekki fjárveitingar án þess að ítarlegur rökstuðningur liggi að baki einstökum verkefnum. Ríkisstofnanir og ráðuneyti sem eru stærstu notendur fjár úr opinberum sjóðum eru því neydd til að endurmeta og rökstyðja öll sín útgjöld frá grunni. Verkefni ríkisins eru lögð til grundvallar en ekki einstaka fjárlagaliðir.

Núllgrunnurinn ýtir undir að hugsað sé út frá hreinu borði og horft til ákveðinna verkefna í stað einstakra fjárlagaliða, stofnana eða ráðuneyta. Nálgunin er tilvalin um leið og sett eru fram markmið um fækkun stofnana. Dæmi um verkefnanálgun er að skilgreina verkefni sem gæti t.d. heitið; Húsnæðisumsýsla ríkisins en hún heyrir undir fjölda ráðuneyta og stundum undir fjölda liða í hverju ráðuneyti þrátt fyrir að til sé sérstök stofnun sem heitir Fasteignir ríkisins. Verkefnanálgunin myndi ganga þvert á ráðuneytin, stofnanirnar og einstaka liði og ýta undir heildarsýn og stærðarhagkvæmni. Þá gæti annað verkefni heitið; Náttúra og umhverfi og næði yfir alla heildina í stað þess að vera skipt niður á Náttúrufræðistofnun, Umhverfisstofnun, Landgræðslu ríkisins, Skógrækt ríkisins o.s.frv.

Rík þörf er á róttækum aðgerðum til að bæta vinnslu og framkvæmd fjárlaga. Ríkisútgjöldin eru alltof há eftir fall bankanna.

*Höfundur er þingmaður Sjálfstæðisflokksins.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is*
**ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



**HÁSKÓLABALL** verður haldið á skemmtistaðnum Nasa annað kvöld, laugardaginn 20. desember. Páll Óskar Hjálmtýsson sér um að halda uppi stuðinu en húsið opnar klukkan 23.00. Aldurstakmark er 20 ár.

;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447




# Nýársveisla

*1. janúar 2009*

**Steikt hörpuskel**
með blönduðum skógarsveppum og blómkálsfroðu

**Humarsúpa**

**Rauðvínssoðin pera**
með foie gras ís og portvínsgljáa

**Kryddlegið hreindýrafille**
með steiktum kantarellum,
seljurótarmauki og „pomme Anna" kartöflum

**Logandi „créme brûlée"**
með súkkulaðiís

**Kaffi og heimalagað konfekt**

Þórir Baldurs og Þrjár raddir spila kvöldverðartónlist & hljómsveit Þóris Baldurs spilar fyrir dansi.

**9.990 kr.**

*Verð með fjórum glösum af víni 14.500 kr.*

*Spariklæðnaður — Húsið opnar kl. 19:00*
*Pantið borð í síma 562 0200 eða með tölvupósti perlan@perlan.is.*

**Þrettándakvöld í Perlunni, 6. janúar 2009**
***Fjölskyldustemmning og flugeldar!***

Hringbrot



Anna Björk Hilmarsdóttir varð í öðru sæti með indíánahúsið ásamt Katrínu Steinunni Antonsdóttur, Karen Ósk Óskarsdóttur og Soffíu Láru Snæbjörnsdóttur. Sigurvegarar í keppninni voru Ástrós Arnarsdóttir, Ásta Ólafsdóttir, Rakel Tara Þórarinsdóttir og Sylvía Kristín Stefánsdóttir. Stúlkurnar eru allar í tíunda bekk Álftamýrarskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Kökuhús Pocahontas

**Álftamýrarskóli hefur staðið fyrir skreytingakeppni á piparkökuhúsum síðustu tvö ár. Nemendur í unglingadeild skólans taka þátt í liðakeppni um best skreytta húsið.**

Anna Björk Hilmarsdóttir er nemandi í 10. bekk í unglingadeild Álftamýrarskóla og sinnir einnig starfi formanns nemendaráðs. Hún er liðtæk við piparkökuskreytingar en hún lenti ásamt liði sínu í fyrsta sæti skreytingakeppninnar í fyrra og varð í öðru sæti í ár.

„Við fengum plöturnar tilbúnar en áttum að skreyta húsin sjálf. Við höfðum 80 mínútur til að skreyta og máttum koma með aukadót og liti. Við gerðum indjánahús og komum með indjánastrumpa að heiman og líka aukaliti sem við blönduðum í glassúr," segir Anna Björk en auk hennar í liðinu voru Katrín Steinunn Antonsdóttir, Karen Ósk Óskarsdóttir og Soffía Lára Snæbjörnsdóttir. Allir nemendur í 8., 9. og 10. bekk skólans tóku þátt í keppninni en einu sinni í viku er öll unglingadeildin saman í verkhring. Skreytingakeppnin er hluti af þeirri dagskrá.

Miðað við árangur Önnu Bjarkar í þeim skreytingakeppnum sem farið hafa fram mætti ætla að hún sé bakarameistari af lífi og sál og láti til sín taka við smákökubakstur fyrir jólin.

„Nei, ég er ekki dugleg að baka. Ég er bara dugleg að skreyta, en ég baka stundum Betty Crocker. Ef foreldrar mínir baka þá hjálpa ég kannski til. Ég borða samt rosalega mikið af smákökum fyrir jólin."

En ætlar Anna Björk sér stóra hluti skreytingu piparkökuhúsa í framtíðinni eftir glæstan árangur í skólanum? „Já, ég stefni á að taka þátt í heimskeppnum," segir hún hlæjandi en þar sem þetta er síðasti veturinn hennar í skólanum tekur hún ekki þátt á næsta ári. „En það er aldrei að vita nema ég sendi hús í keppnina í Kringlunni." *heida@frettabladid.is*



**CARIBBEAN THERAPY** er snyrtivörulína frá Aveda. Í línunni er meðal annars skrúbb með salti og sykurreyr, líkamskrem með mangó, lime og amyris og ilmkerti sem tilvalið er að hafa á baðkarsbrúninni.



LAGERSALA
LAGERSALA
Opið hús í Heildverslun
að Dalshrauni 17, Hafnarfirði,
fimmtudag og föstudag frá kl:1200-19:00
laugardag frá kl 11:00-16:00
SKART • HÁRSKRAUT
TÖSKUR • HÚFUR
VETTLINGAR • SOKKAR
FATNAÐUR OG MARGT FLEIRA
KOMIÐ OG GERIÐ
GÓÐ KAUP FYRIR JÓLIN

# D&G opnar í Los Angeles

**Tískumeðvitaður stjörnufans mætti á opnun D&G-verslunar í Los Angeles í desember. Meðal þeirra sem stilltu sér upp fyrir framan ljósmyndara voru þær Paris og Nicky Hilton.**

Ný stórverslun D&G var opnuð á Robertson Boulevard í Los Angeles í Kaliforníu þann 15. desember síðastliðinn. Leikkonur, sérstaklega í yngri kantinum, dreif að til að sýna sig og sjá aðrar vel klæddar stjörnur. D&G er merki ítalska tískufyrirtækisins Dolce & Gabbana þar sem lögð er áhersla á klæðnað fyrir unga fólkið. Fötin frá D&G eru hversdagslegri en glæsifatnaðurinn frá Dolce&Gabbana (skrifað án bils til að greina sig frá nafni fyrirtækisins) sem stílar frekar inn á dýra lúxusmuni og er fatnaðurinn klassískari og fágaðri.

*solveig@frettabladid.is*



Smástirnið Danielle Panabaker er þekktust fyrir leik sinn í sjónvarpsþáttunum Shark. Hér er hún í óvenjulegum grænyrjóttum kjól.

Leikkonan Ginnifer Goodwin úr sjónvarpsþáttunum Big Love var sæt og fáguð í stuttum svörtum kjól.

Rachel Bilson, sem þekktust er úr þáttunum The OC, mætti afslöppuð í gallabuxum og glitrandi jakka.

Tískudrósin Paris Hilton lét sig ekki vanta og stillti sér upp eins og vanalega.

Nicky Hilton var dúlluleg í stuttum, kremuðum blúndukjól.





**ÞJÓÐMENNINGARHÚSIÐ** er með skemmtilega dagskrá á sunnudaginn, sem er síðasti sunnudagur í aðventu. Dagskráin hefst klukkan 14.00 með brúðuleiksýningu. Aðgangseyrir er enginn og öll fjölskyldan velkomin.

# Í náttfötum í sundpartí

**Ásvallalaug í Hafnarfirði stendur fyrir dagskrá alla dagana fram að jólum og hefst dagskráin í dag á náttfatapartíi í lauginni. Skvettukeppni, ratleikur, rennibrautakeppni og boðsund verða einnig á dagskrá.**

Síðustu dagana fram að jólum mun starfsfólk Ásvallalaugar í Hafnarfirði standa fyrir dagskrá í lauginni. Dagskráin er hugsuð til að stytta krökkum stundirnar fram að jólum.

„Hugsunin var að finna eitthvað fyrir krakkana að gera nú þegar skólanum lýkur og bjóða þeim upp á holla hreyfingu. Þarna gefst þeim tækifæri til að vera í einhverri tómstund meðan foreldrarnir eru að versla. Þeir vita þá af þeim á góðum stað,“ útskýrir Björg Snjólfsdóttir, forstöðukona Ásvallalaugar.

Dagskráin hefst í dag upp úr klukkan tíu með náttfatapartíi í sundlauginni og geta krakkarnir komið með eigin tónlist. Á morgun verður fjölskyldu- og vinaboðsund og á sunnudaginn verður vatnssprengjukeppni þar sem keppt verður um hver gerir stærstu skvettuna. Á mánudaginn má koma með vindsængur og leikföng í laugina og á Þorláksmessu verður efnt til fjársjóðsleitar.

„Við vinnum þetta í samstarfi við Sundfélag Hafnarfjarðar og það býður upp á veitingar á góðu verði. Það kostar ekki nema 60 krónur í sund hér í Hafnarfirði með afsláttarmiðunum og við búumst við mörgum krökkum.“

Ásvallalaug opnaði í september síðastliðnum og var strax vel tekið af yngstu kynslóðinni.



Krakkarnir kunna vel að meta nýju sundlaugina við Ásvelli. Þessi hópur var að æfa sig fyrir skvettukeppnina á sunnudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Björg segir það keppikefli starfsfólks laugarinnar að krökkunum finnist þeir eiga hlut í lauginni og verður meðal annars efnt til samkeppni um lukkudýr Ásvallalaugar. Krakkarnir geta þá skilað inn teikningum að lukkudýri og tillögu að nafni sem valið verður úr og lukkudýrið verður svo saumað eftir vinningsteikningunni.

„Þannig viljum við gefa krökkunum tækifæri til að taka þátt í starfinu og eiga svolítinn hlut í lauginni. Ætlunin er svo að jóladagskráin verði að árlegum viðburði og jafnvel með enn stærra sniði að ári.“

*heida@frettabladid.is*







# MATUR

**VEISLAN** er veitingaeldhús sem tekur að sér að matbúa fyrir alls konar veislur og jólahlaðborð. Á heimasíðu fyrirtækisins, veislan.is, má finna upplýsingar um allt sem er í boði.




**Fjarðarportið**

**Síðasti sjéns að búa til peninga fyrir jól**

4 söludagar á 10.000 kr

**Uppl. í síma 578-3040**


# Á sama stað í tuttugu ár

**Samhentur hópur vinkvenna hefur í tuttugu ár hist í hádegismat einu sinni í viku á veitingastaðnum Á næstu grösum. Eigendur staðarins þökkuðu hópnum nýverið fyrir viðskiptin með afmælisveislu.**

Í heil tuttugu ár hafa fjórtán vaskar vinkonur hist á hverjum miðvikudegi á veitingastaðnum Á næstu grösum og snætt heilsusamlegan hádegisverð. Þessar sömu konur byrjuðu saman í leikfimi fyrir um 26 árum og hafa haldið hópinn síðan. „Ein okkar byrjaði á því að smala vinkonum og kunningjakonum í leikfimi. Þá var Jane Fonda upp á sitt besta og gerðum við æfingarnar hennar. Síðar fórum við til Ágústu Johnson í Hreyfingu og sumar eru þar enn,“ segir Ragna María Gunnarsdóttir, sem tók að sér að segja frá því hvernig þessi skemmtilega hefð varð til. „Við ákváðum síðar, eða árið 1988, að hittast í hádeginu og fá okkur eitthvað hollt í kroppinn ásamt því að fá fréttir hver af annarri. Miðvikudagar urðu fyrir valinu og höfum við verið fastagestir Á næstu grösum síðan.



Hópurinn hittist síðastliðinn miðvikudag að venju og gæddi sér á jólamat. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Hópurinn á sitt eigið borð á veitingastaðnum, sem er á horni Laugavegar og Klapparstígs, en Ragna segir að allur gangur sé á því hvort allur hópurinn mæti hverju sinni. „Það fer eftir aðstæðum en við göngum þó að því vísu að þarna eru alltaf einhverjar úr hópnum.“

Hópurinn, sem fékk snemma nafnið tindilfættu bullukollurnar, eða TBK, hefur gert ýmislegt annað sér til skemmtunar og hefur vinskapur tekist á milli maka kvennanna. „Við höfum farið í göngur bæði innanlands og utan, haldið jólaboð, veislur og ýmislegt fleira.“

Núverandi eigendur Á næstu grösum ákváðu nýverið að þakka konunum fyrir dygg viðskipti með því að bjóða þeim í þrírétta afmæliskvöldverð. Þær fengu grænmetis kebab með taziki í forrétt, gríska moussöku, tómat-tartar og möndlupaté í aðalrétt, og nýbakaða eplaköku og pekan pie í desert. Síðastliðinn miðvikudag hittust þær svo í sérstökum jólahádegisverði. *vera@frettabladid.is*











**Gjafakort**

**Gjöf konunnar**

**MISTY**
Laugavegi 178
Sími 551 3366
www.misty.is









föstudagur
FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 19. desember 2008



Sigríður Thorlacius söng eitt vinsælasta lagið 2008 og er alls ekki hætt.

# SYNGUR EINS OG ENGILL

## FLUTT AFTUR HEIM TIL ÍSLANDS
Söngkonan Þórunn Antonía fékk nóg af stórborgarlífi Lundúnaborgar

## KRAKKARNIR NOTAÐIR SEM SMAKKARAR
Hjónin Gísli Egill Hrafnsson og Inga Elsa Bergþórsdóttir sameinast í Súkkulaðiást

## LOKSINS ER BARN Á LEIÐINNI
Söngkonan Birgitta Haukdal á von á frumburði sínum með vorinu

Mizú
SNYRTI- NUDD OG FÓTAAÐGERÐASTOFA
Borgartúni 6 • 105 Reykjavík • sími 551 1050 • www.mizu.is
Andlitsmeðferðir
Handsnyrtingar
Fótsnyrtingar
Vaxmeðferðir
Líkamsmeðferðir
Nuddmeðferðir
Tattoo
Förðun


# núna

✻ jólabónus?

## PÉTUR GAUTUR MYNDLISTARMAÐUR

Á morgun verð ég með opið á vinnustofunni minni á Njálsgötu frá fjögur til sex en fyrr um daginn fer ég í árlega skötuveislu til tengdamömmu minnar. Á sunnudaginn ætlum við stórfjölskyldan upp í Hvalfjörð til að höggva okkar eigið jólatré.



helgin MÍN

### Kreppa í kirkjunni

Það mætti halda að kreppan væri komin af fullum þunga til Pálma Matthíassonar, sóknarprests í Bústaðakirkju. Undanfarna mánuði hefur hann nefnilega kappkostað við að fá góðan afslátt í verslunum. Föstudagur hefur heimildir fyrir því að hann hafi mætt í gleraugnaverslun eina og reynt að fá ókeypis gleraugu fyrir sjálfan sig því hann væri svo ansi góð auglýsing. Á svipuðum tíma mætti hann í gólfefnaverslun og reyndi slíkt hið sama. Bílakostur prestsins er þó ekki með kreppulegasta móti því sést hefur til hans á splunkunýrri jeppabifreið. Ætli hann keyri frítt á bílnum því hann sé svo góð auglýsing?



þetta HELST

### Andersen & Lauth vinsælt úti í heimi

Upp á síðkastið hefur verið ansi mikil umfjöllun um íslenska merkið Andersen & Lauth í erlendum blöðum, sérstaklega í Frakklandi. Það er þó fátt sem toppar Ungfrú Frakkland 2008 þar sem hún skartar kjól frá fyrirtækinu á forsíðu Him Magasine.

föstudagur

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Ritstjóri** Marta María Jónasdóttir *martamaria@365.is* **Penni** Alma Guðmundsdóttir *alma@frettabladid.is* **Forsíðumynd** Anton Brink **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is sími 512 5462* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

ÞÓRUNN ANTONÍA MAGNÚSDÓTTIR TÓNLISTARKONA:

# FLUTT AFTUR HEIM TIL ÍSLANDS

„Ég ákvað að loka Londonkaflanum um tíma," segir tónlistarkonan Þórunn Antonía Magnúsdóttir, sem er nýflutt aftur til landsins eftir sex ára búsetu í London. Þórunn á ekki langt að sækja tónlistarhæfileikana því hún er, eins og flestum er kunnugt, dóttir tónlistarmannsins Magnúsar Þórs Sigmundssonar, en mér aldrei nægan tíma til þess. Nú sé ég fyrir mér tækifæri til þess og ætla að gefa mér svigrúm til að gera þetta án þess að vera í samstarfi við plötufyrirtæki. Ég vil ekki að of margir séu með puttana í þessu," bætir hún við, en Þórunn frumflutti nokkur af sínum nýjustu lögum á Café Rósenberg á Airwaves-hátíðinni í haust.

*Ég trúi því að stórborgir hafi ákveðinn líftíma fyrir mann, eftir um það bil fimm ár er hringekjan svolítið búin*

saman gáfu þau út plötuna Those litle things fyrir um sex árum. Síðan þá hefur Þórunn gert það gott í Bretlandi. „Eftir að ég hætti í Honeymoon, hljómsveitinni sem ég flutti út útaf í upphafi, ákvað ég að drífa í að gera sólóplötu númer tvö. Svo tók Junior Senior við, þar sem ég söng bakraddir, og Fields strax þar á eftir svo nú ætla ég að fara að vinna að sólóplötu," segir Þórunn Antonía, en hún spilaði á hljómborð og söng með hljómsveitinni Fields.

„Ég hef verið að semja tónlistina mína víða um heim, inni á hótelherbergjum eða baksviðs, en gaf

„Ég trúi því að stórborgir hafi ákveðinn líftíma fyrir mann, eftir um það bil fimm ár er hringekjan svolítið búin og þá þarf maður annaðhvort að fara í næstu ferð eða fara eitthvert annað," útskýrir Þórunn og segist líka vel að vera komin heim til Íslands þrátt fyrir efnahagsástandið. „Mér finnst yndislegt að vera komin heim. Maður finnur eldmóðinn og hvað þjóðarsálin er sterk. Það er samstaða þrátt fyrir að það séu erfiðir tímar." *- ag*

**Ánægð** Þórunn Antonía er ánægð að vera flutt aftur heim til Íslands og er byrjuð að vinna að nýrri sólóplötu.






## BARN Á LEIÐINNI

**Söngdívan Birgitta Haukdal og eiginmaður hennar, Benedikt Einarsson, eiga von á sínu fyrsta barni með vorinu. Parið gekk í hjónaband um miðjan október og því má segja að þetta sé allt eftir bókinni og í réttri röð. Það mun ekki væsa um barnið því Birgitta og Benedikt eru að gera upp hús við Bakkaflöt í Garðabæ sem þau festu kaup á fyrr á árinu. Ef allt gengur upp ná þau að flytja áður en erfinginn kemur í heiminn.**





# Gefðu gjafakort

## – gefðu vellíðan



**Gjafakort í heilsulind NordicaSpa er tilvalin gjöf.** Við bjóðum upp á fjölbreytt úrval af nudd- og snyrtimeðferðum fyrir bæði konur og karla. Í heilsulindinni eru tvær ilmgufur, tveir heitir pottar þar sem boðið er upp á herðanudd, slökunarlaug og úti á veröndinni er heitur pottur og sauna.Hægt er að kaupa gjafakort fyrir ákveðna upphæð, í tiltekna meðferð og ýmsa spa pakka. Einnig er hægt að kaupa gjafakort í heilsuræktina – meðlimakort eða námskeið. Við aðstoðum þig við að finna réttu gjöfina handa þeim sem þú vilt gleðja. Við leggjum áherslu á andlega og líkamlega vellíðan og er Nordica Spa heimur út af fyrir sig.

Hilton Reykjavik Nordica
Suðurlandsbraut 2
Sími 444 5090
nordicaspa@nordicaspa.is
www.nordicaspa.is

**Opið**

| | |
|---|---|
| Mánud.–fimmtd. | 6:00–21:00 |
| Föstudaga | 6:00–20:00 |
| Laugardaga | 9:00–18:00 |
| Sunnudaga | 10:00–16:00 |

NORDICASPA

# núna

✻ syngur vitleysingur í þér?



**TÓNLEIKAR Á GRAND ROKK** Hljómsveitirnar Dikta, Múgsefjun, Buff og tónlistarmaðurinn Toggi ætla að leiða saman hesta sína með tónleikum á Grand Rokk í kvöld. Húsið verður opnað klukkan 21.30 en tónleikarnir hefjast klukkan 22. Ekki láta þig vanta á þennan stórskemmtilega viðburð og mættu tímanlega áður en húsið fyllist.

## ✻jólagjöfin hennar

1



**Canon-myndavél er frábær jólagjöf. Þessi fæst í verslun Nýherja.**

2



**Gefðu dömunni eitthvað fallegt. Þetta dress er úr Andersen & Lauth.**

3



**Konur elska veski. Þetta fæst hjá Sævari Karli.**

SÚKKULAÐIÁST GÍSLA EGILS HRAFNSSONAR OG INGU ELSU BERGÞÓRSDÓTTUR SLÆR Í GEGN

# NOTUÐU KRAKKANA SEM SMAKKARA

Hjónin Gísli Egill Hrafnsson ljósmyndari og Inga Elsa Bergþórsdóttir, grafískur hönnuður á auglýsingastofunni Fabrikunni, sameinuðu krafta sína í bókinni Súkkulaðiást sem kom út á dögunum. Bókin er sannkölluð Biblía súkkulaðiunnandans enda stór og vegleg, full af girnilegum uppskriftum af mat, eftirréttum og kökum. Gísli Egill og Inga eru bæði miklir matgæðingar en þau segjast hafa kynnst sælkeramatargerð þegar þau voru í námi í Frakklandi. Síðastliðin ár hafa þau séð um að gera jólabæklingana fyrir Nóa Síríus og fyrir þremur árum gerðu þau súkkulaðibók með Marentzu Poulsen. Í Súkkulaðiást sáu þau hins vegar um allt frá a-ö, söfnuðu saman og unnu uppskriftirnar, hann myndaði og hún stíliseraði og hannaði bókina.

„Við lögðumst í heilmikla heimildavinnu og söfnuðum saman kræsilegustu uppskriftunum sem okkur leist best á og prófuðum okkur áfam. Í öllum uppskriftunum notum við súkkulaði frá Nóa Síríus,“ segir Gísli Egill.



**Fjölhæf hjón** Gísli Egill Hrafnsson ljósmyndari og Inga Elsa Bergþórsdóttir, grafískur hönnuður, eiga heiðurinn að Súkkulaðiást.

„Við sökktum okkur ofan í þennan súkkulaðiheim en hann hefur verið að breytast ansi mikið, sérstaklega á Íslandi. Íslendingar eru hluti af þessu mjólkursúkkulaðibelti en síðustu ár hefur dökkt súkkulaði komið sterkar inn bæði í matargerð og til átu,“ segir hann. Þegar þau eru spurð að því hvort þau séu miklir súkkulaðigrísir þá segjast þau svo vera. „Við kynntumst 70% súkkulaði þegar við bjuggum í Frakklandi. Eftir að við fluttum heim áttum við það til að koma með troðfullar töskur af dökku súkkulaði heim til Íslands til að eiga í búrskápnum,“ segir hún.




Súkkulaðiást var öll unnin á heimili Gísla Egils og Ingu sem gerði það að verkum að þau urðu ansi vinsæl meðal yngri kynslóðarinnar í hverfinu þegar súkkulaðiilminn lagði um hverfið. „Við notuðum krakkana sem smakkara. Kostirnir við krakkana er að þau eru mjög heiðarleg og fengum við það beint í æð hvort uppskriftirnar virkuðu eða ekki,“ segir Inga og mælir með því að leyfa börnunum að taka þátt í eldamennskunni.

martamaria@365.is

Nú er komið af því loksins á Íslandi
Trivial Pursuit
Stelpur á móti strákum

Hvað myndar bókstafinn O í plakati kvikmyndarinnar The simpsons Movie?

Hvert var söluhæsta ítalska tískuvörumerki heims árið 2007?




Hvaða íslenska hljómsveit söng um kindina Einar?

Hvaða söng-og leikkona kallaði fyrsta ilmvatnið sitt Glow?

Fæst í verslunum um land allt

Inniheldur:
1200 spennandi spurningar fyrir stelpur og stráka
2 teningar fylgja
Hægt er að spila án spilaborðs

Dreifingaraðili:
REYKJALUNDUR



40%
af allri jólavöru
3 fyrir 2
af öllum matarstellum
öðruvísi jól í Pier
mamma
Kúlutré
var 4.990.- nú 1.194.-
Borðskreytingar
Glæsilegt úrval!
Vorum að fá margar tegundir af knöllum. Skemmtilegt á veisluborðið!
Stórt fiðrildi
var 1.190.-
nú 714.-
Knöll
9 í pakka var 990.-
nú 594.-
kúlur með doppum
3 í pakka var 1.290.-
nú 774.-
fugl var 490.-
nú 294.-
Röndóttar keilur
4 í pakka var 1.190.-
nú 774.-
Jólatré úr málmi, 47 cm hátt með bjöllum
var 3.990.-
nú 2394.-
the PIER
Framandi jólavara á góðu verði
opið til kl. 22 öll kvöld til jóla!
aðfangadag opið frá 9 til 12
Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

# núna
✻ horfðu á kvöldvaktina...

**FATAMARKAÐUR Á KAFFIBARNUM** Í dag halda nemendur í fatahönnun við Listaháskóla Íslands fatamarkað á Kaffibarnum milli klukkan 15 og 21. Allur ágóðinn rennur í ferðasjóð nemendanna ellefu, sem fara til Parísar í febrúar og vinna fyrir hönnuði á heimsmælikvarða fyrir tískuvikuna þar í borg. Mættu og nældu þér í flotta flík fyrir jólin.



1. Gervileðurjakki frá Gyllta kettinum.
2. Gylltur og blár kjóll frá Rokki og rósum.
3. Svartur blúndukjóll frá Gyllta kettinum og glansandi leggings frá Júníform með gati fyrir hælinn og tærnar. Skórnir eru frá All Saints.
4. Rauðir rúskinns hælaskór úr Gyllta kettinum.
5. Brúnleitur kjóll eftir Hörpu Einars. „Þessi lítur út eins og sparikjóll en er alveg hægt að nota hversdags líka.“
6. Svört peysuslá frá E-Label og hvítur blúndukjóll frá Gyllta kettinum. Pallíettuleggings frá E-Label en pallíetturnar eru handsaumaðar í og frábærar bæði spari og hversdags. „Svo eru það gömlu hermannaklossarnir með stáltánni en þá keypti ég þegar ég var 14 ára. Ég fann þá inni í geymslu hjá mömmu fyrir tveimur árum við mikinn fögnuð.“

1


2


3


5


4




Sóley Kristjánsdóttir, vörumerkjastjóri hjá Ölgerðinni

# ER ALLAR TÝPURNAR Í SPICE GIRLS

***Getur þú lýst þínum stíl?*** Ég er klárlega allar týpurnar í Spice Girls. Undanfarið hef ég tekið Þóru vinkonu mína mér til fyrirmyndar og er farin að nota sparifötin meira hversdags. Ég á svo endalaust af sparifötum sem eru alltaf að bíða eftir jólunum og liggja síðan óhreyfð allt árið.

***Hvað dreymir þig um að eignast núna?*** Góða skó. Mig vantar hælalaus stígvél og svo ég er að reyna að mana mig upp í flotta hælaskó. Mér finnst ég alltaf vera eins og risi en mig dreymir um að vera á monsterhælum, strákunum í vinnunni til mikillar skelfingar.

***Hvað keyptir þú þér síðast?*** E-Label pallíettuleggings og kjól með leðurbelti frá E-Label. Kjóllinn er stundum notaður sem sítt vesti en hann er opinn að framan. Ég er mjög hrifin af fötum sem er hægt að breyta og nota á mismunandi hátt.

***Uppáhaldslitapalletta?*** Ég elska liti en núna er ég voða mikið í brúnu og fjólubláu. Mér finnst litirnir hressa myrkrið og veturinn við.

***Uppáhaldsverslun?*** E-Label er alltaf með endalaust flott föt, Gyllti kötturinn og Rokk og rósir. Hönnunarbúðirnar eru líka æðislegar eins og Kron Kron, Trilogia, Aftur og það er missir af Liborious. Það er gaman að eignast föt sem eru ekki fjöldaframleidd úr lélegum efnum.

***Uppáhaldshönnuður?*** Harpa Einars, hún er algjörlega æðisleg.

***Eru einhver tískuslys í fataskápnum þínum?*** Eru ekki tískuslys í öllum skápum? Ég er örugglega búin að losa mig við alla magaboli.

***Í hvað myndir þú aldrei fara?*** Mér finnst stórir axlapúðar ekki mjög klæðilegir (enn þá). Aldrei að segja aldrei.

***Af hvaða líkamsparti ertu stoltust og hvernig undirstrikar þú hann í klæðaburði?*** Ég var mjög stolt af bumbunni þegar ég var ólétt og undirstrikaði hana með öllum ráðum. Annars spái ég ekki mikið í neinum sérstökum líkamshluta. Maður fer bara í það sem manni finnst flott og þægilegt, örugglega oftar það sem er flott heldur en þægilegt.





Hlífðu andlitinu
við einkennum öldrunar með frábæru rakakremi

Á rannsóknarstofum Clinique hefur verið leitt í ljós að streita getur haft ámóta skaðleg áhrif á húðina og of mikil sólböð og loftmengun.* En nú geturðu verið áhyggjulaus.

Nýja Superdefense rakakremið eflir ónæmisvarnir húðarinnar og hjálpar henni að vinna á móti viðbrögðum sem koma fram í línum, hrukkum og ójöfnum lit.
Þannig geturðu litið betur út mun lengur en ella.

CLINIQUE
Ofnæmisprófað. 100% ilmefnafrítt.

* Sjá Journal of Experimental Dermatology 2007 EXD-07-0174, R1.
Niðurstöður þessar eru hluti af rannsókn sem enn stendur yfir á vegum rannsóknarstofa Clinique og læknaskóla í fremstu röð á áhrifum streitu á húð.
© Clinique Laboratories, LLC




**OPIÐ** laugardag frá kl.11-18 og sunnudag frá kl. 12-18

# JÓLATILBOÐ



**CHERY**
Leðurrúmstæði með heilsudýnu (160x200). Innifalið botn, rammi og gafl. Hægt er að velja um fjórar tegundir af heilsudýnum.
Áður 349.850 kr.
NÚ 244.895 kr.
= 104.955 kr. AFSLÁTTUR!



**VIKTORIA**
Rúmstæði með heilsudýnu (160x200). Innifalið botn, rammi og gafl. Hægt er að velja um fjórar tegundir af heilsudýnum.
Áður 339.900 kr.
NÚ 237.930 kr.
= 101.970 kr. AFSLÁTTUR!



**PRIME**
Leðurrúmstæði með heilsudýnu (160x200). Innifalið botn, rammi og gafl. Hægt er að velja um fjórar tegundir af heilsudýnum.
Áður 247.181 kr.
NÚ 173.027 kr.
= 74.154 kr. AFSLÁTTUR!

## AMERÍSKAR HEILSUDÝNUR Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI

King Koil hefur framleitt hágæða rúm í Bandaríkjunum frá 1898 eða í 110 ár. King Koil framleiðir nú einu rúmin sem eru bæði með vottun frá FCER (Alþjóðarannsóknasamtökum kíropraktora) og Good Housekeeping (stærstu neytendasamtökum Bandaríkjanna).

Good Housekeeping Promises



**CASTAWAY**
Queen size (153x203)
Verð 220.000 kr.
JÓLATILBOÐ
159.500 kr.
= 60.500 kr. AFSLÁTTUR!



**AVERY**
Queen size (153x203)
Verð 155.000 kr.
JÓLATILBOÐ
99.500 kr.
= 55.500 kr. AFSLÁTTUR!



**ADVENTURE BXPL**
Queen size (153x203)
Verð 303.900 kr.
JÓLATILBOÐ
219.000 kr.
= 85.920 kr. AFSLÁTTUR!

**CASTAWAY**
- 5 svæðaskipt svefnsvæði
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir fullkomna slökun
- Stuðningur við bak
- Steyptir kantar
- 20% stærri svefnflötur

**AVERY**
- 3 svæðaskipt svefnsvæði
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir góða slökun
- Stuðningur við bak
- Tvíhert sérvalið stál í gormum
- Styrktir kantar

**ADVENTURE BXPL**
- 5 svæðaskipt gormakerfi
- 7 svæðaskipt svefnsvæði
- svefnsvæði er úr þrýstijöfnunar-svampi og latexi sem skorið er með leysi (laser).
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir fullkomna slökun
- Stuðningur við bak
- Steyptir kantar
- 20% stærri svefnflötur

**rekkjan** HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

# SYNGJANDI JÓLABARN

**Sigríður Thorlacius hefur vakið verðskuldaða athygli fyrir söng sinn með hljómsveitinni Hjaltalín. Auk þess hefur hún sungið með Hamrahlíðarkórnum um árabil og segir miðnæturmessuna á aðfangadagskvöld vera ómissandi part af jólunum.**

*Viðtal:* Alma Guðmundsdóttir
*Ljósmyndir:* Anton Brink
*Förðun:* Björg Alfreðsdóttir með Mac


**Jólabarn** Sigríður segist halda mikið upp á desembermánuð og finnst fátt betra en að fara niður í miðbæ og hitta vini og ættingja.

Það var aldrei nein ákvörðun að fara í tónlistarnám, það var bara svona eðlilegur partur af skólagöngunni," segir Sigríður Thorlacius sem hóf nám á blokkflautu sex ára og skipti svo yfir í píanó. „Ég hætti á píanói þegar ég var unglingur, en þegar ég byrjaði í MH sextán ára fór ég í Söngskólann í Reykjavík og í Hamrahlíðarkórinn. Allar systur mínar höfðu verið í kórnum svo það kom svolítið af sjálfu sér. Seinna meir fór ég svo á djassbraut í FÍH og útskrifaðist þaðan vorið 2007," segir Sigríður, en hún er langyngst fimm systra. „Mamma spilar á píanó, harmóniku og gítar svo það var mikil tónlist á heimilinu."

## Á FLANDRI UM EVRÓPU

Hljómsveitin Hjaltalín vakti fyrst athygli í byrjun síðasta árs, en færri vita að hún hafði þá verið starfandi um nokkurt skeið. „Strákarnir stofnuðu Hjaltalín meðan þeir voru í MH og voru líka allir með mér í Hamrahlíðarkórnum," segir Sigríður sem er elst í bandinu en hinir meðlimirnir eru allir þremur til fimm árum yngri en hún. „Eitt sumarið vann ég með þremur þeirra í Skapandi sumarstarfi á vegum Hins hússins. Það sumar fóru þeir að taka upp nokkur lög eftir Högna Egilsson söngvara þar sem þeir fengu mig til að syngja bakraddir. Fyrir Airwaves 2006 bættu þeir svo við nokkrum lögum, ég og hljóðfæraleikararnir bættumst við og einhvern veginn enduðum við sem band," segir Sigríður um Hjaltalín. Í byrjun desember 2007 kom fyrsta breiðskífa sveitarinnar út sem heitir Sleepdrunk Seasons og var gefin út hjá Kimi Records. Síðan þá hefur sveitin notið mikillar velgengni hér á landi sem og erlendis. „Diskurinn okkar kom út í október í Skandinavíu og nóvember í Bretlandi. Hann kemur svo út í Austurríki, Sviss og Þýskalandi í byrjun næsta árs svo við verðum meira og minna á flandri um Evrópu eftir áramót fram á sumar," segir Sigríður.

Eitt vinsælasta lag þeirra til þessa er án efa endurgerð á laginu Þú komst við hjartað eftir tónlistarmanninn Togga, sem Páll Óskar flutti upphaflega. „Lagið var í miklu uppáhaldi hjá Högna söngvara og hann var oft búinn að tala um það. Hann ákvað bara að útsetja það og við tókum það upp. Við spiluðum það svo 17. júní niðri í bæ í sumar og fljótlega upp úr því varð það mjög vinsælt. Mér fannst reyndar alltaf hittaralykt af því, en það kom á óvart hvað þetta varð vinsælt hjá breiðum hópi og allt í einu var fólk sem hafði aldrei haft hugmynd um hver við vorum farið að mæta á tónleika," segir Sigríður brosandi.

Spurð um framtíðaráform bandsins vill Sigríður lítið gefa upp. „Það eru allir að reyna að hugsa þetta svo svolítið í önnum. Við erum öll í námi, tónlistarnámi eða háskólanámi. Það er stefnan að fara að vinna að annarri plötu, hugsanlega fyrir næstu jól, en síðasta plata tók marga mánuði í vinnslu svo við ætlum ekki að stressa okkur á því," útskýrir Sigríður. Spurð hvort hún hafi tíma fyrir háskólann á öllum ferðalögunum segist hún ætla að reyna að sinna því eftir bestu getu. „Annaðhvort er ekkert að gera eða þá miklar tarnir sem stressa mig upp svo ég ákvað að skrá mig í háskólann og sjá til hvernig það gengur. Mig langar að vera búsett hér á landi í nánustu framtíð því ég keypti mér íbúð í miðbænum í sumar og planið er að fara í tíma í klassískum söng til að halda fleiri leiðum opnum því mig langar ekki að einskorða mig við eitthvað eitt," bætir hún við og brosir.

## VÆMIN Í DESEMBER

Talið berst að jólunum og stressinu sem fylgir gjarnan aðventunni.

„Ég er mjög mikið jólabarn og líður mjög vel í desember. Mér finnst svo gott að finna hvað fólk er oft í sama gír þá, er huggulegt við hvað annað og gefur sér frekar tíma til að hittast. Ég verð rosalega væmin í desember og fer þá að hugsa hvað mér þykir mikilvægt," segir Sigríður og brosir.

„Ég er ekkert rosalega dugleg að jólaskreyta eða baka, heldur þykir mér best að fara niður í miðbæ, fylgjast með fólki kaupa jólagjafir og ímynda mér hvað ég gæti hugsað mér að kaupa. Ég á samt svo litla íbúð í miðbænum að ég er ekki mikið að kaupa hluti, því þeir komast hvort sem er ekki fyrir. Ég á samt níu systrabörn sem ég kaupi gjafir fyrir og það getur verið þrautin þyngri. Ég vil nefnilega ekki gefa þeim einhvers konar dót sem flest börn eiga nóg af svo ég þarf alltaf að hugsa það svolítið," útskýrir Sigríður. „Ég reyni að fara sem minnst í verslunarmiðstöðvar fyrir jólin því þá verð ég bara eins og stressuð húsmóðir og fer að kaupa hveiti án þess að ég ætli nokkuð að baka," bætir hún við og hlær.

## JÓLIN Í FRAKKLANDI

Starf Hamrahlíðarkórsins er öflugt yfir hátíðarnar og Sigríður segir það vera orðinn ómissandi hluta af jólunum. „Undanfarin átta ár höfum við í Hamrahlíðarkórnum sungið í miðnæturmessunni í Dómkirkjunni á aðfangadagskvöld. Það er stór partur af jólunum fyrir mig því þegar ég var lítil fórum við alltaf að hlusta á systur mínar syngja með kórnum," segir Sigríður sem hefur sungið víða með kórnum. Síðasta sumar fóru þau til Parísar þar sem þau sungu á tónleikum og í messu í Notre Dame-kirkjunni. Auk þess voru þau viðstödd afhendingu alþjóðlegra verðlauna sem Vigdís Finnbogadóttir hlaut frá Ladies first international-samtökunum, en afhendingin fór fram í Dassault-höllinni hjá Madame Dassault í París. Sigríður var þar kynnt fyrir frú Dassault, enda ein af fáum úr hópnum sem talar frönsku.

„Ég lærði frönsku í MH og tók svo eitt ár í frönsku í háskólanum, en í millitíðinni fór ég til Frakklands í hálft ár með vinkonu minni eftir að við urðum stúdentar," útskýrir Sigríður sem eyddi þá jólunum í Frakklandi. „Það kom í raun ekkert annað til greina en að vera yfir jólin því við vorum að fara heim rétt eftir áramót. Við ákváðum því bara að reyna að hugsa ekki um þetta sem jól heldur bara einhverja skemmtun, til að við færum ekki bara að gráta. Við fengum svo sent hangikjöt að heiman og vorum með eitthvert hrikalegt gervijólatré með ljótu skrauti. Klukkan sex á aðfangadag vorum við svo komnar í spariföt, höfðum útbúið uppstúf, soðið rauðkál og héldum hátíðleg jól í 26 fermetra kompunni sem við bjuggum í. Við fórum í miðnæturmessu í Sacre Cœur-kirkjunni og þegar upp er staðið voru þetta bara ein hátíðlegustu jól sem ég hef upplifað. Nú veit maður bara að jólin koma á sama tíma á hverju ári, burtséð frá því hvar eða með hverjum maður er."

## * bak við tjöldin

**Besti tími dagsins:**
Þegar mér tekst að vakna snemma, þá er það svo mikill sigur að ég nýt hverrar mínútu morgunsins.

**Geisladiskurinn í spilaranum:**
Maria með ítölsku dívunni Ceciliu Bartoli.



**Uppáhaldsjólalagið:**
Það aldin út er sprungið. Fæ alltaf eitt lítið tár í auga þegar ég heyri það.

**Jólamaturinn:**
Er ekkert mjög dramatísk yfir jólamatnum, það má alveg prófa ýmislegt. Hefði þó ekkert á móti því að fá lambahrygg.




**Uppáhaldsverslunin:**
Góði hirðirinn, þegar ég finn fjársjóði þar þá líður mér svo svakalega vel. Svo er Kisan á Laugavegi fallegasta búðin. Þangað fer ég oft, bara til að horfa.

**Uppáhaldsmaturinn:**
Plokkfiskur og rúgbrauð. Kartöflustappa föður míns klikkar heldur aldrei.



**Líkamsræktin:**
Mér finnst gott að fara út að labba, helst ein með sjálfri mér. Reyni að labba milli áfangastaða, en mér er bara oft boðið far og þá er það oftar en ekki of heillandi kostur.



**Mesta dekrið:**
Að eiga heila helgi í fríi, án nokkurra skylduverka, gera ekkert af viti og hanga á kaffihúsum og láta tímann líða með góðu fólki.

**Ég lít mest upp til:**
Pabba míns.

**Áhrifavaldurinn?**
Engin syngur eins fallega og af jafn mikilli tilfinningu og einlægni og Ingibjörg Þorbergs. Myndi gefa margt fyrir svo fagra söngrödd.



**Draumafríið?**
Ferð til Istanbúl í góðra kvenna hópi. Það er alltaf á stefnuskránni.

**Hverju myndirðu sleppa ef þú yrðir að spara?**
Ef ég nú bara vissi það, þá ætti ég sennilega einhverja peninga.



# ALBIN KURTI

**Kolfinna Baldvinsdóttir**

Í Kosovo kynntist ég ungum manni að nafni Albin Kurti. Árið 1997 fór hann sína fyrstu mótmælagöngu, með örfáum félögum sínum: hann krafðist þess að fá að ganga í skóla, en allt frá 1991 hafði Albönum undir stjórn Serba verið meinuð menntun. Hann var sendur í ævilangt fangelsi, en var sleppt þegar Sameinuðu þjóðirnar réðust inn í Kosovo til að koma í veg fyrir þjóðarmorð. Þegar Sameinuðu þjóðirnar tóku við stjórn Kosovo hélt Albin Kurti áfram baráttu sinni, nú gegn spillingu og hroka yfirstjórnar þjóðar hans. Það tók Kosovo níu ár að hafna þessari yfirstjórn og lýsa yfir sjálfstæði og enn er baráttu Albin Kurti ekki lokið. Samnefnari frjálshyggjunnar, spilling og hroki yfirvalda er enn við lýði, græðgin þeirra hornsteinn. En þrátt fyrir mótlætið, barsmíðarnar, ofbeldið, fangelsisvistirnar, og áróðurinn sem þessi ólíku yfirvöld hafa smurt á Albin, þá hefur hann aldrei gefist upp á að benda á það. Með ekkert annað en röddina að vopni (og stundum úðabrúsa) hefur honum tekist, það sem okkur finnst stundum svo vonlaust, að láta hana heyrast. Nú ómar hún margrödduð, úr öllum hornum, ekki bara í Kosovo heldur alþjóðlega líka. Fyrir tilstuðlan Albins fékk fólk kjark og von um að jafnvel í spilltustu stjórnkerfum er hægt að koma breytingum í gegn með þrautseigjuna að vopni.

Ég ver ómælda virðingu fyrir Albin Kurti. Hann hefur svo sannarlega breytt því hvernig ég hugsa um heiminn, lífið og tilveruna.



**ÁHRIFA-valdurinn**







# tíðin

* jóla, jóla, jóla , jóla....



**NÝI MASKARINN FRÁ GUERLAIN** Þessi er algerlega ómissandi þegar jólin ganga í garð. Hann bæði þykkir og lengir augnhárin og gerir augnumgjörðina æði fagra.

Hresstu upp á útlitið með ferskum fylgihlutum

## SMÁATRIÐIN SEM SKIPTA MÁLI




Bryndís Ásmundsdóttir leikkona hélt óvenjulega afmælisveislu

## HÉLT TÓNLEIKA

Leikkonan Bryndís Ásmundsdóttir fagnaði 33 ára afmæli sínu á óvenjulegan hátt á dögunum þegar hún riggaði upp tónleikum á veitingastaðnum Domo. Í stað afmælisgjafa var baukur við innganginn til að borga fyrir hljóðkerfi og fleira og svo var tjúttað og trallað fyrir allan peninginn.



**Flottir fyrar** Ari Sigvaldason ljósmyndari og Snorri Pedersen, eiginmaður Þórunnar Lárusdóttur, skemmtu sér vel.



**Vinkonur** Leikkonurnar Ester Talía Casey og Maríanna Klara Lúthersdóttir létu sig ekki vanta í afmæli Bryndísar.



**Fallegar mæðgur** Hér er Bryndís Ásmundsdóttir ásamt móður sinni, Kolbrúnu Stefánsdóttur.






**Fríða Kristín Gísladóttir** Hér er Fríða fyrir framan eitt af verkum sínum.

MYNDIR/VILLI



**Í jólaskapi** Rannveig Rist og Jón Heiðar Ríkharðsson nutu verkanna í botn.

FRÍÐA KRISTÍN GÍSLADÓTTIR OPNAR SÝNINGU

## Ísland er landið

Myndlistarkonan Fríða Kristín Gísladóttir opnaði glæsilega sýningu í versluninni Heimili og hugmyndir í síðustu viku. Á sýningunni sýnir Fríða verk sín sem hún hefur unnið að síðustu árin. Myndirnar eru allar landslagsmyndir og þemað er Ísland. Margmenni var á opnuninni og mikil jólastemning í loftinu.



**Hamingjusöm hjón** Hér er Fríða ásamt eiginmanni sínum, Sigurði.



**Listhneigð** Elísabet Snorradóttir og Finnbogi Helgason tannsmiður voru í jólaskapinu.




Burberry I SportMax I Sportmax Code I Filippa K I Patrizia Pepe I GK Reykjavík I Rutzou I Lee I Wrangler

# GK REYKJAVÍK

**20% jólaafsláttur í verslunum GK.**

Velkomin í nýja verslun okkar í Smáralind.

VORUM AÐ TAKA UPP NÝJA SENDINGU AF VÖRUM
FRÁ FILIPPA K, PATRIZIA PEPE, SPORTMAX.

JÓL 2008

**KONUR OG MENN** I LAUGAVEGUR 66 OG SMÁRALIND

# heima

✻ prófaðu eitthvað nýtt...



**FALLEGA LAGT Á BORÐ** Ekki bara leggja fallega á borð yfir jólahátíðina það má reyndar gera alla daga í desember. Náðu í jólakúlur, skraut og dúka og búðu til huggulega stemningu fyrir þig og þína. Maturinn mun pottþétt smakkast mun betur.

MARTA MARÍA JÓNASDÓTTIR martamaria@365.is

## HEIMILI WILLIAMSON



Í janúarhefti breska Elle Decoration er fatahönnuðurinn Matthew Williamson heimsóttur á sitt kaotíska og litríka Lundúnaheimili. Það sem er svo dásamlegt við heimili herra Williamsons er að svona heimili sjást ansi sjaldan á síðum blaðanna og því síður hjá íslenskum fjölskyldum.

**DÁSAMLEGUR STÍLL** Litir eins og skærbleikur og appelsínugulur eru ríkjandi og blandar hann þessum litum á móti túrkíslit og grænum. Svalahurðin inn í garðskálann er til að mynda lökkuð í skærbleikum lit og póstarnir á gluggunum í stofunni eru appelsínugulir. Hann notar nýtískuleg húsgögn eins og Emes-eldhússtólana á móti stórum spegli í gullramma sem hangir fyrir ofan Consule-borð með glerplötu. Til að fullkomna stemninguna veggfóðrar hann nokkra veggi sem gerir íbúðina einstaka.

***ÆVINTÝRALEG LÝSING*** Þegar íbúðin sjálf er skoðuð kemur þó í ljós að um ansi venjulega arkitektahannaða íbúð er að ræða. Hann er til dæmis með hvíta sprautulakkaða eldhúsinnréttingu en hún verður ævintýraleg þegar kveikt er á bleiku perunum sem faldar eru á bak við opnar hillur. Þá líkist eldhúsið meira smartheitabar en hefðbundnu eldhúsi.

***EKKI LEIKA ÞETTA EFTIR*** Þó svo að ég sé ákaflega hrifin af heimili herra Williamson er ég ekki viss um að það væri góð hugmynd að leika þetta eftir eða stæla íbúðina á einn eða neinn hátt. Allavega ekki nema viðkomandi hafi sérlega næmt auga fyrir litum og rými því á sinn hátt er íbúðin listaverk sem dansar algerlega í takt við fatahönnun hans og er einhvern veginn Matthew Williamson í hnotskurn. Og það fer bara enginn í skóna hans herra Williamsons ...



**Skin-sófinn** fæst í nokkrum litum.



**Skin** Svona lítur sófinn út einn og sér þegar hann er leðurklæddur.



**Fallegt mynstur** Til að gera sófann sem þægilegastan er ákveðið mynstur skorið í leðrið eða gúmmíáklæðið.

Skin-sófinn hlaut hönnunarverðlaunin Red Dot

# Framtíðarhúsgögn

Sófinn SKiN eftir franska arkitektinn Jean Nouvel, sem hann hannaði fyrir Molteni & C, var valinn besta hönnunin af Red Dot. Sófinn vakti mikla athygli þegar hann var sýndur á hönnunarsýningunni Salon Del Mobile í Mílanó á Ítalíu síðastliðið vor. Það má með sanni segja að sófinn sé óvenjulegt húsgagn því aðaluppistaðan er grind með efni yfir en ekki með hefðbundinni grind eins og gengur og gerist. Sófinn er sérlega vandaður og ógurlega þægilegur (þótt hann líti ekki út fyrir að vera það) og því er ekki skrítið að hann hafi hreppt verðlaunin. Sófinn er bæði til í leðri og gúmmíefni en það er ekki hægt að skipta um áklæði á honum en það er líka allt í lagi.

*- mmj*


# Allt fyrir jólin...

20-30% afsláttur af fatnaði

40% afsláttur af allri jólavöru

















Opið virka daga frá 10-18, laugardaga frá 11-18 og sunnudag frá 13-18

LAURA ASHLEY

Faxafeni 14 | 108 Reykjavík | sími 5516646


# Fallegt & elegant jólaskraut



**Hvern dreymir ekki um að föndra sínar eigin jólaskreytingar án þess að þær líti út fyrir að vera heimatilbúnar? Frá því í fyrra hef ég verið með hringlaga form svolítið á heilanum. Í fyrstu hugsaði ég með mér að það væri hægt að búa til fallegt jólaskraut úr gömlum húlahring en þegar þeir fengust hvergi í desember bjó ég til hring úr rafmagnsröri og tengdi saman með rafmagnsrörafestingu. Þegar hringurinn var tilbúinn vafði ég um hann gömlu efni og vafði jólaseríu utan um hann. Þar með var hringurinn tilbúinn. Þá var ekkert annað í stöðunni en að festa hann upp á áberandi stað og stinga honum í samband. Ég hvet ykkur til að leika þetta eftir.**

*- mmj*

# Ævintýrin heim til þín



**Ef þú ert komin/n með ógeð á gömlu húsgögnunum er mælt með því að mála þau í fallegum lit. Pússaðu gamla borðstofuborðið upp, grunnaðu og lakkaðu í þínum uppáhaldslit. Nú er tíminn til að vera svolítið litaglaður og ferskur. Það sakar heldur aldrei að gefa hugmyndafluginu lausan tauminn. Því skærara því betra. Þegar þú ert búin/n að velja litinn má svo nota hann sem þemalit í allar jólaskreytingarnar á heimilinu og skapa þannig mikinn ævintýraheim. Þegar enginn hefur efni á dýrum ferðalögum út í heim er um að gera að koma með ævintýrin inn á sitt eigið heimili.**

*- mmj*




# Opið lengur um hátíðirnar

| | | | |
|---|---|---|---|
| Föstudagur 19. des. | 11–23 | Föstudagur 26. des. | Lokað |
| Laugardagur 20. des. | 11–23 | Laugardagur 27. des. | 11–23 |
| Sunnudagur 21. des. | 11–22 | Sunnudagur 28. des. | 11–22 |
| Mánudagur 22. des. | 11–23 | Mánudagur 29. des. | 11–22 |
| Þriðjudagur 23. des. | 11–23 | Þriðjudagur 30. des. | 11–22 |
| Miðvikudagur 24. des. | Lokað | Miðvikudagur 31. des. | Lokað |
| Fimmtudagur 25. des. | Lokað | Fimmtudagur 1. jan. | Lokað |

**Við sjáum um matinn. Þú undirbýrð jólin.**

**Skipholti 19 • Höfðabakki 9**

RubyTuesday
BRAGÐGÓÐ SKEMMTUN

PIPAR • SÍA • 82388

# tíðin
✻ á útopnu um jólin

**FOUR CHRISTMASES** Farðu og sjáðu Vince Vaughn og Reese Witherspoon leika parið Kate og Brad sem langar að njóta jólanna með fjölskyldum sínum en til þess að svo megi verða þurfa þau að fara á fjóra staði á jóladag. Skelltu þér í bíó og komdu þér í hátíðarskapið á bráðskemmtilegri jólamynd.

**JÓLAMARKAÐUR VIÐ HRINGBRAUT** Það er fátt skemmtilegra en að rölta um jólamarkað og kaupa jólagjafirnar í rólegheitunum á aðventunni. Skelltu þér á jólamarkaðinn í gamla Byko-húsinu við Hringbraut, sem verður opinn frá 12 til 19 út Þorláksmessu. Þar er boðið upp á varning frá verslunum og einstaklingum, íslenska hönnun og ýmiss konar gjafavöru.

## DÍANA MIST

*Föstudagur 12. desember:* **Jólasukk**

Ákvað að heimsækja miðbæinn seinni partinn. Ég var ekki búin að kaupa neinar jólagjafir að ráði og ákvað að reyna aðeins að vinna í því. Ég arkaði upp og niður Laugaveginn og varð bara nokkuð vel ágengt þangað til mig var farið að svengja ískyggilega. Hringdi í vinkonu mína og plataði hana með mér á veitingastaðinn Pisa. Þar borðuðum við dýrindis ítalska rétti og drukkum ógrynni af hvítvíni með. Eftir matinn vorum við komnar í svo mikið stuð



að við ákváðum að kíkja í smástund á Kultura. Þar var svakalegt stuð. **Jón Baldvin Hannibalsson** og **Bryndís Schram** sátu á einu borðinu og drukku vín. Hljómsveitin Æla spilaði og Bloodgroup líka og allt í rosa góðri stemningu. Á einu borðinu var fullt af leikurum, **Gísli Galdur**, **Björn Ingi**, **Orri Huginn**, **Vigga** og **Greipur Gíslason** virtust skemmta sér konunglega. Ákváðum að kíkja aðeins yfir á Ölstofuna eftir Kultura. Þar var **Þorfinnur Ómarsson** í miklu stuði, **Eiríkur Bergmann, Kalli Baggalútur** og söngdívurnar **Hera Björk**, **Dísella** og **Eivör Pálsdóttir**. Eftir nokkra góða snúninga, nokkrar klósettferðir og enn þá fleiri bjóra dröslaðist ég heim undir morgun með jólagjafir í poka. Jóla hvað?











## TOPP 10



**GÍTARINN MINN** er svona uppáhalds og ekki uppáhalds, fer eftir gengi og skapi.



**D&G-ÚR** Kærastinn minn gaf mér þetta glæsilega D&G-úr í afmælisgjöf.



**ADIDAS-KJÓLL** Ég keypti kjólinn á eBay fyrir nokkrum árum.

## HILDUR MAGNÚSDÓTTIR
**söngkona**



**KJÓLL ÚR SPÚTNIK.**

**ÍS** Ég kemst ekki í gegnum daginn nema að eiga klaka.

**IPODINN** Algjörlega ómissandi.



**DÓTTIRIN** Ég er alltaf með passamynd af dóttur minni í veskinu.



**GRÆN PEYSA ÚR GYLLTA KETTINUM.**



**FATASLÁIN** Án efa eitt það besta og nytsamlegasta sem ég hef keypt mér.



**ÆÐISLEGAR FLÍSAR** Inni á baðherberginu mínu eru svo ljótar flísar að ég fer alltaf í gott skap þegar ég sé þær.

# BT FJÖLSKYLDU JÓLAGJAFIR!!!

8 DAGAR TIL JÓLA




SAMSUNG

Upplausn 1366x768
Birtustig 500 cd/m2
Skerpa 25.000:1, Dynamic
Viðbragðstími 8ms
Sjónarhorn 176°
3 HDMI tengi
Hátalar 2 x 10 W RMS

Verð frá: **6.186** 36 mánaða




32"

**149.999**

FYLGIR




Packard Bell

AMD Athlon X2 processor 1,9GHz
3GB RAM / 320GB disk
17" TruBrite WXGA skjár
ATI 3100 Skjákort allt að 1407mb hypermemory
DVDSkrifari dual layer
Vefmyndavél
Kortalesari
Mic
802.11b/g þráðlaust netkort
3,14 kg / 400 x 295 x 41
Windows Vista Home Premium

**129.999**

~~159.999~~

Verð frá: **5.394** 36 mánaða




**1.899**

~~2.499~~

## PSP

BUZZ FYLGIR!!!




**34.999**

## PLAYSTATION 2

VARAÐ LENDA



**24.999**

## PLAYSTATION 3

80GB !!




**69.999**

FYLGIR

**BT SMÁRALIND OG BT AKUREYRI ERU OPNAR TIL 22:00 FRAM AÐ JÓLUM**

föstudagur FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 19. DESEMBER 2008



## KLINGENBERG SPÁIR

**Reynir Traustason**



Reynir Traustason er fæddur 18.11.1953. Útkoma þessara talna er talan 29, sem gerir 11 þegar þversumman af þeim er reiknuð út. Þegar tölurnar eru lagðar saman kemur út lífstalan 2. „Þetta er stormasöm lífstala og fólk í henni getur farið í gegnum allan tilfinningaskalann á einum degi. Þetta er tilfinninganæmt fólk sem á auðvelt með að snúast gegn sér og rífa sig andlega í tætlur. Ein af mínum uppáhaldsstjörnum, Madonna, er til dæmis með þessar tölur í kortinu sínu. Hún þarf að hafa allt skipulagt og njörvað niður, til dæmis kynlífið klukkan 5.45, til þess að lífið hennar gangi snurðulaust fyrir sig. Ellefan þarf alltaf að hafa eitthvað fyrir stafni, hún er frjósöm í huga og forystusauður. Í henni býr yfirleitt einhvers konar listamaður. Þar sem Reynir hefur þrjá ása í tölunni sinni sýnir það að hann á gott með að vinna einn, vera sjálfstæður og vera leiðtogi. Áttan gerir honum það að hann framkvæmir oft áður en hann hugsar og hefur töluverða ofvirkni tengda hugarorku sinni.

Reynir er að fara inn í miklar breytingar, sem verða honum að mörgu leyti erfiðar, en hann mun síðar sjá að það var hans gifta og gæfa að hafa lent í þeim hremmingum sem yfir hann dynja núna. Árstala Reynis er talan 3, svo hann er á tímabili þar sem hann hefur tekið mikla áhættu, en hann er að fara á ár sem breytir lífi hans og umsnýr því. Honum á eftir að finnast margur kaflinn þungur, en líf manns breytist yfirleitt ekki nema þegar erfiðleikar dynja yfir. Í Reyni býr svolítill bóndi og ég get ekki betur séð en hann muni flytja í sveitina. Þar á hann eflaust eftir að skrifa bækur,“ segir Sigríður Klingenberg.

*www.klingenberg.is*

## FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

**María Björk Sverrisdóttir**



1 **Byrja daginn með einn góðan kaffi.**



2 **Klára öll símtölin sem ég þarf að hringja fyrir hádegi.**

3 **Dreifa um það bil 2.000 eintökum af Söngvaborg á milli 1 og 3.**

4 **Árita 500 diska í Smáralind.**



5 **Fara svo í góðan kvöldmat.**








## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

### Fyrir veiðimenn

JÓLAGJÖF VEIÐIMANNSINS



MOKVEIDI.IS

Jólatilboð á JOAKIM'S og fleiri vörum. Sendum frítt heim. Gerum jólatilboð í síma 821 7871.

### Hestamennska



Hestaábreiður frá kr. 3.830 með áfastri belgól. Hestavörur á góður verði. TiTo.is - Súðarvogi 6 S: 511 1045 & 861 7388

Laus pláss í góðum stíum í Víðidal Fáks. Einnig útigangs fóðrun á suðurlandi. Uppl. í s. 892 4476.

Fullþurrkað gæðarúlluhey til sölu í nágrenni Selfoss. Gott verð. Uppl. í s. 486 3336.

Kynbótadiskur Landsmótsins er komin í verslanir. Plusfilm.is

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

**Lúxus 2ja herb. íbúð í miðbænum**
**Leigist til skemmri eða lengri tíma. íbúðin er fullbúin húsgögnum, þvottavél, þurrkari, internet og TV.**
**Upplýsingar gefur Ísak, s. 822 5588.**

husaleiga.is

Leigjandi skráðu þig frítt á óskalistann. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

**Rvk - Hfj**
**2ja - 3ja og 4ja herbergja íbúðir til leigu. Langtímaleiga.**
**Upplýsingar á www.heimahagar.is**

Skemmtileg 3 herb. íbúð við Hringbraut við Rvk m/sérinngangi til leigu á 90 þús. Laus strax. Uppl. í s. 893 7379.

Góð 2ja herb. íbúð á jarðh. í vesturbænum með 20 fm. palli til leigu á 105 þús. á mán. Áhugasamir hafi samb. í s. 847 7485.

3ja herb. 105 ferm. útsýnisíbúð í Mosó. Stutt í leiksk, grunnsk, sundlaug, golfvöll og til Rvk. V. 120þ. hússjóður innif. Trygging. Laus 26. des. S. 868 1923.

Til leigu stúdíóíbúð m/sérinngangi í 101 Rvk. Uppl. í s. 867 9403.

Til leigu stúdíóíbúð m/sérinngangi í 101 Rvk. Uppl. í s. 867 9403.

Til leigu í Álftamýri 108 Rvk. gott herb., með húsg. aðg. að baði, eldh., þvottahús, þráðlaust internet. Einungis stelpur koma til greina. Leiga 45þ. Uppl. í s. 618 3105.

Tvær nýjar íbúðir miðsvæðis í Hafnarfirði „Flatarhrauni", önnur 25m2 studio með eldhúskrók og baðherbergi. Hinn 3 herb. 60m2, íbúðirnar eru samþykktar, og á þær er hægt að fá húsaleigubætur. Sameiginlegt þvottahús á hæðinni m. þvottavél og þurrkara!! Upplýsingar í s:699-5595 milli 13:00 og 18:00

Stúdíóíbúð 60.fm. á svæði 101.Rvík til leigu. Verð 105 þ. per. mán. Uppl. í s. 841 7913.

Til leigu 50fm, 2 herb. íbúð v. Reykjavíkurveg í Hafnarf. Laus strax. Uppl. í síma 893 9777

**Íbúðir til leigu**
2ja eða 3ja herbergja íbúðir til leigu, leiguverð með hússjóði 82.000 kr.-99.300 kr. Sjá www.leigulidar.is eða S. 517 3440.

Til leigu 2ja herb. góð íbúð í 101 Rvk. Vel staðsett, 10 mín gangur í HÍ. Laus 1 jan. '09. Leiga 85þ./mán. Uppl. í s. 892 1967.

Æðisleg 120 fm íbúð til leigu í setbergshverfi í Hafnarfirði. 2-3 svefnherb. Allt nýtt, húsgögn og tæki geta fylgt. 100 fm verönd og mikið útsýni. Sérbílastæði. Uppl. í síma 616 2071 eða stinaein@simnet.is

Til leigu 4 herb. íbúð í Hraunbæ, 110 Rvk. Ódýr leiga m/húsgögnum. Er laus strax. Leigutími er fram í febrúar. Möguleiki á vikuleigu. Uppl. í s. 893 3836.

Parhús í Heimalind Kópav.165 fm, 5 svefnh. Leiga 150 þ.kr. leigist til 1. júlí 2009. Uppl. í síma 822 0920 eða formi@internet.is

Til leigu glæsileg 3 herbergja ibúð í Mosó, gæludýr í lagi. (neðri hæð á parhúsi). Sími 691 6210 Unnar.

Reykjavík Hátún 55 fm 2 herbergja. Allt uppgert og nýtt. Uppl. bjorgvin@igl.is 892 4578

Íbúð til leigu, 140fm í hverfi 105. 4 stór svefnherb. V 110 þús. Uppl. í s. 899 4353.

2ja herb. íbúð til leigu með sérinngangi á sv. 200. Laus 1 jan. aðeins f. reglus. Uppl. í s. 893 3475.

**Til leigu / For rent**
Til leigu íbúðir og herbergi á besta stað í Reykjavík. For rent rooms and apartments. Good location.

Íbúð/Gistipláss/herb. til leigu á svæði 104. Apartments/Rooms for rent contact number 661 4096 & 698 3211.

**4ra herb. Íb í hverfi 104**
Til leigu 4ra herb. Íbúð í lyftuhúsi við Ljósheima. Sanngjörn leiga. Upplýsingar í síma 892 7798.

45 fm íbúð til leigu í hverfi 101. Skilvísum greiðslum og reglusemi áskilin. Uppl. í s. 568 1848 eða 820 6073.

### Húsnæði óskast

2ja herb. íbúð til leigu á höfugb.sv. Greiðslug. 70þ. (+ bílsk. 95þ.) S. 891 8982, Alli.

### Sumarbústaðir

**Jólagjöf sumarhúsaeigandans**
Öryggiskerfi frá Boðtækni. Boðtækni ehf, Kirkjulundi 17, 210 Gbær. S. 554 0500. www.bodtaekni.is

### Atvinnuhúsnæði

HÖFÐABÍLAR ... þar sem bílar seljast

Höfum til leigu bil 135,8 fm að Fosshálsi 27, 110 RVK, jarðhæð. Innfalið í leigu, heitt og kalt vatn + rafmagn. Til afhendingar strax. S. 577 4747 eða Sigurður í 892 3482 eða á hogni@hofdabilar.is

Til leigu 82.5 fm mjög gott iðnaðarhúsnæði að Dalshrauni í Hafnarfirði. Uppl. í s. 893 9777.

### Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

### Skötuveisla

Cafe Catalina Cafe Catalina Cafe Catalina

**Skötuveisla í Catalinu**
**Skötuveisla verður í veitingahúsinu Catalinu, Hamraborg 11 í Kópavogi, á Þorláksmessu þriðjudaginn 23. desember 2008. Opnar kl. 11:00.**

**Hlaðborð þar sem í boði verður**
*Vestfirsk skata, skötustappa, saltfiskur, plokkfiskur, rúgbrauð, smjör, hnoðmör, hamsatólg, kartöflur og rófur.*
*Yfirkokkur verður Hendrik Tausen*

**Allir velkomnir - Sími: 554-2166**

### Fasteignir

EIGNAMIÐLUN
sala fasteigna í 50 ár
Síðumúla 21 • 108 Reykjavík • S. 588 9090 • fax 588 9095
www.eignamidlun.is • eignamidlun@eignamidlun.is
Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali

## Fasteignir óskast

**Þingholtin - einbýli óskast**
Höfum kaupanda að 250 - 350 fm góðu einbýlishúsi í þingholtunum.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir Kristinsson löggiltur fasteignasali í síma 861-8514.**

**Fossvogur - einbýlishús óskast**
Traustur kaupandi hefur beðið okkur að útvega gott einbýlishús í Fossvogi, að minnsta kosti 250 fm að stærð. Verðhugmynd allt að 130 millj.
**Allar nánari upplýsingar veita Sverrir Kristinsson löggiltur fasteignasali í síma 861-8514 eða Magnús Geir Pálsson sölumaður í síma 892-3686.**

**Hlíðarnar - hæð óskast**
Höfum traustan og ákveðinn kaupanda að rúmgóðri hæð í Hlíðunum með bílskúr. Æskilegt að þvottahús sé á hæðinni. Góðar greiðslur í boði.
**Allar nánari upplýsingar gefur Þorleifur St. Guðmundsson löggiltur fasteignasali.**

**Kópavogur - einbýli óskast**
Óskum eftir 300 – 400 fm einbýlishúsi í þinga- hvarfa- eða kórahverfi í Kópavogi, í skiptum fyrir fullbúið 240 fm einbýlishús í hvarfahverfi. Húsið má vera fokhelt eða tilbúðið til innréttinga.
**Nánari upplýsingar veitir Kjartan Hallgeirsson löggiltur fasteignasali.**

### Tilkynningar

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

## Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

**Háskóli Íslands, vestan Suðurgötu**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir svæði Háskóla Íslands vestan Suðurgötu. Breytingin nær eingöngu til lóðar sem merkt er A3 á uppdrætti. Í breytingunni felst m.a. að deiliskipulagið er aðlagað vinningstillögu hönnunarsamkeppni um hús Íslenskra fræða á lóð og ákvörðun um að íslenskuskor HÍ fái aðsetur í byggingunni. Gert er ráð fyrir neðanjarðartengingu við lóð Þjóðarbókhlöðu og þakgarði ofan á nýbyggingu. Hámarksbyggingarmagn er hækkað úr 5400 m² í 6600 m² og nýtingarhlutfall lóðar hækkar úr 0,82 í 1.02.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 19. desember 2008 til og með 5. febrúar 2009.** Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@rvk.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 5. febrúar 2009. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.** Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillöguna.

Reykjavík, 19. desember 2008
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071

Auglýsingasími 512 50 50 – Mest lesið

vísir.is "...ég sá það á vísi"

## ATVINNA

### Atvinna í boði

**Geysir verslun í Hafnarstræti**
**óskar eftir að ráða hresst fólk í afgreiðlsustörf um helgar.**
**Upplýsingar á netfang elmar@geysirshops.is**

**Ræstingar!**
Starfskraftur óskast til almennrar ræstistarfa í p.nr 104 RVK og 203 KÓP. Íslensku kunnátta skilyrði. Umsóknir sendist til halldor@allthreint.is

KAFFI ZIMSEN HAFNARSTRÆTI 18 Vantar starfsfólk á bar og í sal. Einnig vantar dyraverði, tekið verður á móti umsækjendum á staðnum Hafnarstræti 18 milli kl. 13.00-16.00 föstudag og laugaedag KAFFI ZIMSEN

**Stoðbýli Foldabær Grafarvogi /Hlutastarf**
**Vantar ábyggilegan starfskraft sem á gott með að umgangast aðra, til framtíðarstarfa á lítinn og heimilislegan vinnustað. Í Foldabæ búa 8 aldraðir einstaklingar sem haldnir eru minnissjúkdómum sem þurfa eftirlit og aðstoð allan sólarhringinn. Unnin er önnur hvor helgi, vaktavinna - næturvaktir. Stéttarfélagið Efling.**
**Allar nánari upplýsingar veitir Margrét Lilja Einarsdóttir deildarstjóri í s. 895 6214 frá kl. 8-16 á daginn.**

Óskum eftir vönum yfirstýrimanni á tæplega 200 tonna netabát sem gerður er út frá Suðurnesjum. Uppl. í s. 892 5522 og 853 2999.

Vantar fólk ! Öll kennsla í boði. Sjálfstæður herbalife dreifingaraðilar. Sólrún Ósk S. 891 9883. www.betrileid.is & Óli Maríus s. 847 1110, www.heilsufrettir.is/fireface

## TILKYNNINGAR

### Tilkynningar

**ÚTSALA ÚTSALA**
Jólagjöf kafarans fæst hjá okkur. Allt á að seljast til að rýma fyrir nýjum vörum. Opið alla daga fram að jólum frá 9-17. Sími 892 1923, www.scubaiceland.com

### Einkamál

**Símaþjónusta Spjalldömur S. 908 6666, opið allan sólarhringinn.**

**Öll stærstu símafyrirtækin ná nú í gegn.**

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)

**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)

**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)

**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)

**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

Viltu ná betri árangri ? www.betrileid.is & www.heilsufrettir.is/fireface

# HARÐIR JÓLAPAKKAR

## ALLT TÖLVUTENGT Á BETRA VERÐI

INNBYGGÐ VEFMYNDAVÉL

### ACER ASPIRE 4935G

- 2.0GHz Intel Core2 Duo T6400 örgjörvi
- 4GB Dual DDR2 667MHz minni
- 320GB SATA 5400rpm harður diskur
- 14.1" WideScreen skjár
- 256MB GeForce Go 9300M-GS

154.950

### 640GB ICY BOX MP303

Frábær margmiðlunarspilari með stórum 640GB GreenPower WD hörðum diski, spilar alla helstu staðla í mynd og hljóði.

Góð jólagjöf fyrir alla fjölskylduna

34.950

### AMD TÖLVA 3

- Athlon 64 5200+ örgjörvi
- 2GB DDR2 667MHz PC5300 minni
- 500GB SATA II WD harður diskur
- 512MB ATI Radeon R4670 skjákort
- Windows Vista Home Basic

99.950

### ACER 22" V223WD

Flottur Acer 22" LCD breiðtjaldsskjár, 1680x1050 upplausn, 2500:1 skerpa, 5ms viðbragðastími, VGA og DVI (HDCP) inngangur

35.950

### 640GB FLAKKARI

Icy Box hýsing úr áli með 640GB WD GreenPower hörðum diski. Geymdu allt efnið á einum stað allt klárt bara tengja kveikja og byrja

17.950

### 160GB WD PASSPORT

WD Passport 160GB, 3 litir í boði svartur hvítur og bleikur, lítill og nettur flakkari, tekur straum í gegnum USB tengið

14.750

### SENNHEISER HD 201

Hágæða heyrnatól frá Sennheiser, létt og þægileg, lokuð og ná alveg utan um eyrun, frábær hljómur, löng snúra með 3.5,mm jack tengi, 6.3mm breytir fylgir

2.950

### 2GB SANDISK MP3 SPILARI

Snildar græja frá Sandisk, MP3 spilari, útvarp og diktafónn, allt í einu tæki, lítill og nettur, fæst í svörtu og bleiku

8.950

### CASIO EXZ19 MYNDAVÉL

- 9.1 MegaPixla myndavél
- 2.6" skarpur LCD skjár
- Hreyfimyndataka með hljóði
- Tekur SD og SDHC minniskort
- Hleðslutæki og hleðslurafhlaða fylgir

2GB SD MINNISKORT FYLGIR FRÍTT MEÐ

26.950

@tt.is Allt tölvutengt á betra verði

www.att.is

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS 750 KR HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700

# Stúdentar í niðurskurði

**UMRÆÐAN**

Hrönn Guðmundsdóttir skrifar um framlög til háskóla

Þann 1. desember síðastliðinn kom ég heim til kreppulandsins kalda eftir nokkurra daga dvöl í Sofíu, höfuðborg Búlgaríu, þar sem ég var, ásamt Önnu Sigríði Hafliðadóttur, fulltrúi Stúdentaráðs Háskóla Íslands (SHÍ) á aðalfundi Evrópsku stúdentasamtakanna, ESU (European Students' Union). Sama dag afhjúpaði SHÍ, ásamt öðrum stúdentahreyfingum landsins, menntavita stúdenta við hátíðlega athöfn á Austurvelli. Rétt eins og vitar landsins sem í gegnum tíðina hafa vísað íslenskum sjómönnum fram hjá boðum og skerjum hafsins, á menntavitinn, hannaður af listakonunni Svölu Ragnarsdóttur, að minna íslenska stúdenta og þjóðina alla á þau gildi og verðmæti sem leitt geta veginn í gegnum erfiðleika.

Menntavitinn hefur átta hliðar og á hverja þeirra er rituð ósk íslenskra námsmanna til ráðamanna landsins. Óskirnar snúa að því að afkoma íslenskra háskóla, Lánasjóðs íslenskra námsmanna (LÍN) og stúdenta almennt verði tryggð í því félags- og fjárhagslega öngþveiti sem villuráf undanfarinna ára hefur leitt þjóðina út í, og að komið verði af öryggi og stefnufestu til móts við breyttar aðstæður í menntakerfinu. Eins og ljóst er orðið fjölgar háskólastúdentum umtalsvert á næstunni, enda sjá þeir sem misst hafa vinnuna aukin tækifæri í frekari menntun. Um þetta er margt gott að segja: Menntastig þjóða ýtir undir velmegun og bætir samfélagið, eykur víðsýni og getur stuðlað að auknu félagslegu jafnrétti. Og það er einmitt menntunin sem gæti reynst þjóðinni sterkasta haldreipið á komandi misserum. Ósk stúdenta er því einfaldlega þessi: Kæra ríkisstjórn, kæru ráðamenn, standið vörð um þau verðmæti sem menntakerfi þjóðarinnar er, með hagsmuni allra landsmanna að leiðarljósi, og minnist þess að menntun hefur gildi sem aldrei verður mælt í krónum.



HRÖNN GUÐMUNDSDÓTTIR

**Stúdentar á varðbergi**

Eins og flestir vita hefur ríkisstjórnin sett saman nýtt fjárlagafrumvarp sem kveður á um niðurskurð á flestum sviðum þjóðfélagsins. Menntakerfið er þar ekki undanskilið, en gert er ráð fyrir niðurskurði um rúmar 1300 milljónir króna til LÍN, auk þess sem ásókn í námslán er ekki talin aukast nema um 5%, en einnig skal draga úr fjárframlögum til reksturs háskólanna og styrkjum til rannsóknastarfs er frestað. Það er áhyggjumál að ríkisstjórnin ætli að draga úr fjármagni til LÍN og þar að auki er 5% aukning á aðsókn í námslán ekki raunhæft mat á aðstæðum, þar eð mörgum sem setjast nú aftur á skólabekk býðst ekkert annað en að sækja um námslán til að sjá sér farborða.

Þessi tala er líklega fimm til sex sinnum hærri. Þó er ef til vill ekki gott að segja nú hvaða áhrif niðurskurðurinn hefur á Háskóla Íslands og aðrar menntastofnanir, en brýn ástæða er fyrir stúdenta til að vera á varðbergi svo afleiðingarnar dragi ekki úr styrk menntakerfisins eða komi í veg fyrir að fólk geti stundað háskólanám. Stúdentaráð Háskóla Íslands mun fylgjast vandlega með þróun mála.

**Stuðningur að utan**

Á fyrrnefndum fundi sem ég sat í Búlgaríu, voru samankomnir fulltrúar 49 stúdentahreyfinga frá 38 löndum með samtals um 13 milljónir stúdenta að baki sér. Við Íslendingarnir fengum þó nokkra athygli vegna kreppunnar, enda snarbreytt staða hjá okkur síðan við sóttum fund ESU síðast. Athyglin var af hinu góða; fólk virtist vita ýmislegt um ástandið á Íslandi og spurði spurninga um bankakerfið, framkomu yfirvalda og hag hins almenna borgara.

Margar stúdentahreyfinganna komu til okkar og buðu stuðning og samstöðu. Það er skemmst frá því að segja að fundurinn samþykkti einróma stuðningsyfirlýsingu við SHÍ og alla íslenska stúdenta í baráttu okkar við að standa vörð um lýðræðisgildi, menntun og jafnrétti. Í yfirlýsingunni er íslenska ríkisstjórnin einnig minnt á að ungt fólk og námsmenn munu taka við kyndlinum af þeim sem nú leiða þjóðfélagið og ættu að vera í brennidepli í þeim aðgerðum sem þjóðin þarf að takast á hendur. Mikilvægi þess að aðgerðir ríkisstjórnarinnar verði í sátt við fólkið í landinu, og þá sérlega unga fólkið sem á að taka við þjóðarskútunni, verður vart tjáð til fullnustu.

Ef ungt fólk sér enga von á Íslandi, treystir ekki ráðamönnum og verður illa úti fjárhagslega er sennilegt að margir taki einfaldlega saman föggur sínar og kveðji landið. Slíkt yrði þungbært fyrir þjóðina og drægi úr krafti hennar. Yfirlýsinguna í heild sinni, á ensku, má nálgast á heimasíðu Stúdentaráðs http://www.student.is/studentarad/

**Hreinskilni og virðing**

Áttunda ósk stúdenta á menntavitanum er að stjórnvöld taki höndum saman við aðra Íslendinga við að byggja upp samfélag grundvallað á þekkingu, jafnrétti, félagslegu réttlæti og manngildi. Fjármálakreppan er nefnilega orðin að félagslegu, menningarlegu og hugmyndafræðilegu niðurbroti með tilheyrandi endurskoðun á íslensku samfélagi, og því fylgja mikil tækifæri ef rétt er haldið á spöðunum. Sumt sem einkenndi Gamla Ísland, ef svo má segja, á hvergi heima nema á hugmyndafræðilegum öskuhaugum og má þar brenna til kaldra kola.

En einu má ekki gleyma. Nýja Ísland, réttláta og lýðræðislega Ísland, verður ekki til bara sisvona. Ekkert mun breytast ef stjórnvöld koma ekki fram við þjóðina af hreinskilni og virðingu heldur vinna að lausnunum fyrir luktum dyrum, án samráðs við landsmenn um þau gildi sem verða stoðir samfélagsins. Menntavitinn mun ferðast um menntastofnanir landsins – og vonandi nær hann að lýsa alla leið að Alþingi Íslendinga, þar sem umboðsmenn þjóðarinnar sitja á rökstólum. Ekki veitir af í skammdeginu.

*Höfundur er stúdentaráðsliði og heimspekinemi við HÍ.*

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK




JÓLAGJAFIRNAR
fást í Eirvík

KAFFIVÉLAR –MATVINNSLUVÉLAR – POTTAR & PÖNNUR
SAFAPRESSUR – ELDHÚSÁHÖLD

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri | Sími 588 0200

# Þjóð í gjaldeyrishöftum

**UMRÆÐAN**

Þórlindur Kjartansson skrifar um gjaldeyrislögin

Mikil og gagnleg umræða hefur að undanförnu átt sér stað um þann möguleika að Íslendingar skipti um gjaldmiðil innan skamms og ekki endilega í tengslum við aðild að Evrópusambandinu. Meðal annars er mikilvægt að þetta sé skoðað vegna þess að hefðbundin upptaka evru með ESB-aðild er mjög tímafrek og alls ekki er víst að það sé tími sem missa megi í því verkefni að endurreisa íslenska hagkerfið. Þetta er mikilvæg umræða og ætti að vera fagnaðarefni fyrir alla sem hafa efasemdir um framtíð gjaldmiðilsins, hvort sem þeir aðhyllast ESB-aðild eða ekki.

Taka þarf fram að sú skoðun að Ísland eigi ekki að notast við eigin mynt byggist ekki á neinni andúð á krónunni. Hún byggist á því að peningar eigi einfaldlega að hafa það hlutverk að hjálpa til við að viðskipti eigi sér stað milli fólks og því minna sem þarf að sýsla með peningana sjálfa, þeim mun hagkvæmari eru viðskiptin. Ef við tökum sem dæmi sjómann sem fer til Þýskalands og selur fisk og fær fyrir evrur. Þegar hann kemur heim fer hann með evrurnar sínar í Seðlabankann og fær krónur. Hann tekur svo krónurnar sínar út í búð og kaupir Siemens-þurrkara frá Þýskalandi og borgar fyrir með krónum. Eigandi búðarinnar tekur svo krónurnar og fer með þær niður í Seðlabanka þar sem hann skiptir þeim í evrur sem hann notar svo til að kaupa annan Siemens-þurrkara sem hann selur í búðinni sinni. Líklega sjá flestir að í þessu tilviki hefði verið heppilegt ef sjómaðurinn hefði getað tekið evrurnar sínar í raftækjaverslunina og borgað fyrir þurrkarann án milligöngu íslensku krónunnar.

Heimurinn er auðvitað flóknari en þetta dæmi en grundvallaratriðin eiga alltaf við. Öll umsýslan um peningana sjálfa og reiknikúnstir í kringum þá getur leitt af sér vandamál sem valda óhagræði í viðskiptum. Ef gengi krónunnar er of hátt skráð fær sjómaðurinn of fáar krónur fyrir evrurnar sínar og getur því keypt minna af íslenskum vörum; en eigandi raftækjaverslunarinnar fær fleiri evrur fyrir krónurnar sínar og því verður verðið á þurrkaranum lægra en eðlilegt væri. Við svona aðstæður felst skekkjan í því að skilaboð markaðarins um hvaða rekstur sé skynsamlegastur bjagast vegna inngripa í verðgildi gjaldmiðlanna. Þannig hafa skilaboð undanfarinna ára verið á þá leið að betra sé að standa í innflutningi á varningi heldur en útflutningi.



ÞÓRLINDUR KJARTANSSON

Seðlabankinn hefur neyðst til að stilla vaxtastig mjög hátt. Þetta var gert til þess að styrkja gengið og gera þar með útflutning óhagkvæman. Það fyrirkomulag átti þátt í því að magna upp ójafnvægi í hagkerfinu og hefur skilið okkur eftir í þeirri stöðu að neyðast til að leggja hrikaleg höft á erlend viðskipti í formi gjaldeyrishafta. Þeir sem vilja að Íslendingar geti tekið þátt í alþjóðlegum viðskiptum og koma í veg fyrir einangrun landsins eru uggandi yfir þessari stöðu og flestir virðast komnir á þá skoðun að breytinga sé þörf. Hún er líklega meira aðkallandi en svo að hægt sé að bíða þau fjögur til sex ár sem það tæki að sækja um, semja um og samþykkja aðild að Evrópusambandinu og uppfylla þau stöðugleikaskilyrði sem sett eru fyrir aðild að Myntbandalaginu. Auk þess verður að taka með í myndina að töluverðar líkur eru á því að þjóðin felli aðildarsamning í þjóðaratkvæði. Það stoðar því ekki að treysta á Evrópusambandsaðild sem einu lausnina á gjaldmiðilsvanda þjóðarinnar.

Þjóð í gjaldeyrishöftum er ekki líkleg til afreka eða endurreisnar. Þess vegna ríður á að leysa úr gjaldmiðlamálum okkar nú þegar. Núverandi stefna í peningamálum hefur ekki reynst vel – og í raun má deila almennt hvort það hafi verið þjóðinni til heilla að hafa stjórn á eigin peningamálastefnu í gegnum áratugina. Við verðum því að taka af skarið og leita nú þegar lausna og gera breytingu á fyrirkomulagi peningamála hjá þjóðinni.

*Höfundur er formaður Sambands ungra sjálfstæðismanna.*

Auglýsingasími
512 50 50




– Mest lesið

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# JÓLAMATURINN ER Í BÓNUS

## KOFAREYKTA HANGIKJÖTIÐ FRÁ KJARNAFÆÐI -MEST SELDA HANGIKJÖTIÐ Í BÓNUS!

KOFAREYKT HANGILÆRI MEÐ BEINI
**1.424 kr./kg.** 25% AFSLÁTTUR
MERKT VERÐ 1.898 KR./KG.

KOFAREYKT HANGILÆRI ÚRBEINAÐ
**2.398 kr./kg.** 20% AFSLÁTTUR
MERKT VERÐ 2.998 KR./KG.

KOFAREYKTUR HANGIFRAMPARTUR MEÐ BEINI
**848 kr./kg.** 15% AFSLÁTTUR
MERKT VERÐ 998 KR./KG.

KOFAREYKTUR HANGIFRAMPARTUR ÚRBEINAÐUR
**1.838 kr./kg.** 20% AFSLÁTTUR
MERKT VERÐ 2.298 KR./KG.

LÉTTREYKTUR LAMBAHRYGGUR FRÁ KJARNAFÆÐI
**1.598 kr./kg.**
MERKT VERÐ 2.283 KR./KG.



30% AFSLÁTTUR

KOFAREYKT SVEITABJÚGU FRÁ KJARNAFÆÐI
**20% afsláttur.**
MERKT VERÐ 499 KR./KG.

399




SÆNSK JÓLAPYLSA FRÁ KJARNAFÆÐI
**674 kr./kg.**
MERKT VERÐ 899 KR./KG.
25% AFSLÁTTUR




Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

allt & sumt

BÓNUS BÝÐUR BETUR

SJÁ AFGREIÐSLUTÍMA YFIR JÓL OG ÁRAMÓT Á **WWW.BONUS.IS**

# Frá geðveiki til gæfuspors

UMRÆÐAN

Steindór J. Erlingsson skrifar um geðheilsu



STEINDÓR J. ERLINGSSON

Hugarheimur geðsjúkra einstaklinga er oft martröð líkastur. Hann getur einkennst af ýmiss konar ofskynjunum, djúpu þunglyndi eða geðhæð, kvíða, ofsakvíða, þráhyggju, félagsfælni, ofsóknaræði, sjálfsvígshugsunum og fleiru. Sjálfur þekki ég sum þessara einkenna, enda hef ég í 19 ár þurft að kljást við mjög erfitt þunglyndi sem stundum umpólast í geðhæð. Þar til fyrir rúmu ári síðan hefði mér aldrei dottið í hug að ég gæti nýtt þessa erfiðu reynslu á jákvæðan hátt. En í gegnum kynni mín af iðjuþjálfunum Elínu Ebbu Ásmundsdóttur og Auði Axelsdóttur hef ég lært að geðsjúklingar geta nýtt reynslu sína sjálfum sér og öðrum til hagsbóta.

Undanfarna mánuði hefur líðan mín, eins og venjulega, verið slæm. Til þess að gefa innsýn inn í hugarheim minn, þegar líðanin er sem verst, þá fylgja hér tvær færslur úr dagbókinni minni. Í fyrri hluta október leið mér svona einn daginn: „Þegar ég horfði á dóttur mína var svartnættið búið að heltaka mig. Ég horfði með óendanlegri sorg á dóttur mína þegar ég hugsaði til þess að hún yrði mjög líklega að upplifa kreppuna án stuðnings föðurins sem hún elskar og dáir. Ég hugsaði einnig sterkt til sonar míns og elsku eiginkonu minnar. Ég sá þau í huga mér standandi yfir gröf minni. Þetta er óbærilegt.“ Í byrjun desember upplifði ég þetta einn daginn: „Labbaði Rauðvatnshringinn. Leið óheyrilega illa þegar ég lagði af stað og fannst mér veröld mín vera að hrynja. Líðanin hélt svona áfram og var ég viss um að ég myndi þurfa að fara á bráðamóttökuna síðar í dag. En þegar ég var kominn á göngustíginn sunnan við hesthúsabyggðina í Víðidal gerðist eitthvað í kollinum á mér. Á ógnarhraða breyttist líðanin úr algjöru vonleysi í þolanlegt ástand.“

Við fyrstu sýn mætti ætla að ómögulegt sé að snúa þessum neikvæðu hugsunum í jákvæða reynslu fyrir mig og aðra. En í gegnum kynni mín á Ebbu og Auði og starfi þeirra í Hugarafli og Hlutverkasetri hef ég lært að reynsluheimur geðsjúklinga er mjög mikilvægur. Fyrsta skrefið í þessu lausnarferli er að átta sig á því að geðsjúklingur er meira en samsafn þeirra einkenna sem hann er að kljást við. Einkennin mynda einungis hluta af persónu hans og mikilvægt er að virkja þá styrkleika sem standa þar fyrir utan. Í mínu tilfelli hef ég náð að virkja áhuga minn á kennslu í gegnum Geðfræðsluna, fræðsluverkefni Hugarafls og Hlutverkaseturs, sem miðar að því að draga úr fordómum nemenda í framhaldsskólum og efstu bekkjum grunnskóla gegn geðsjúklingum.

Í haust höfum við í Geðfræðslunni heimsótt fjölda bekkja í Reykjavík, sem hefur haft mjög uppbyggjandi áhrif á okkur sem einstaklinga. En það sem meira er um vert er að nemendurnir hafa mjög jákvæða sýn á fræðsluna okkar. Nýverið fengum við umsagnir margra tuga nemenda úr einum skóla hér í Reykjavík sem eru ótrúleg lesning. Okkur virðist hafa tekist á fjórutíu mínútum að eyða fordómum og þannig umpólað hugmyndum nemendanna um geðraskanir og þá sem þjást af þeim. Sem dæmi fylgir hér umsögn tveggja nemenda: „Það sem kom okkur mest á óvart var það hvað þeir voru jákvæðir og voru búnir að sætta sig við sjúkdómana og höfðu þar af leiðandi mun jákvæðara viðhorf.

Viðhorf okkar til geðsjúklinga hefur breyst mikið. Áður héldum við að geðsjúkir sætu inni á Kleppi og væru kolruglaðir. En núna sjáum við að þetta er bara ósköp venjulegt fólk og það sést ekki endilega á fólki að það sé geðveikt. Okkur fannst heimsóknin vera mjög mikilvæg og áhrifarík. Við vorum mjög ánægðar og þetta var einn af þeim fáu fyrirlestrum sem voru jákvæðir, skemmtilegir og gott að hlusta á.“

Geðsjúkir hafa í gegnum tíðina verið misskilinn og fordæmdur minnihlutahópur. Á undanförnum árum hefur þetta viðhorf smátt og smátt verið að breytast hér á landi en betur má ef duga skal. Ebba og Auður hafa verið í farabroddi þessarar viðhorfsbreytingar sem byggist m.a. á því að miða þjónustuna út frá óskum geðsjúklinganna sjálfra. Forsenda slíkra nálgana eru svokallaðar batarannsóknir sem Ebba hefur sinnt hér á landi. Í nýjustu rannsókninni, „Geðrækt geðsjúkra: Útihátíð í miðbæ Reykjavíkur“ (Iðjuþjálfinn 2008), segir Ebba að „batahvetjandi verkefni voru athafnir daglegs lífs utan stofnana. Sjálfstraust jókst með þátttöku í verkefnum sem höfðu þýðingu og gildi ... Viðhorfsbreyting átti sér stað þegar viðmælendur fóru að líta á sig sem einstaklinga sem gætu leyst málin sjálfir í stað þess að vera háðir öðrum“. Þetta hef ég upplifað ég gegnum Geðfræðsluna. Fæ ég Ebbu og Auði seint fullþakkað að hafa kennt mér að snúa geðveiki minni í gæfuspor fyrir mig og aðra.

*Höfundur er vísindasagnfræðingur.*

# Mun þjóðin leita skynsamlegra lausna?

UMRÆÐAN

Ari Teitsson skrifar um upppbyggingu Íslands



ARI TEITSSON

Á undanförnum vikum hefur verið fjallað um efnahagsmál þjóðarinnar í fjölmiðlum af meiri víðsýni og þekkingu en lengi hefur sést. Þar hafa margir komið að jafnt leikir sem lærðir. Þeirra fremstur er ef til vill Göran Persson, fyrrverandi forsætisráðherra Svía.

Sérstakt umhugsunarefni er þegar hann segir: „Það er engin fræðigrein sem er jafn ofmetin og hagfræði, þetta snýst í reynd mikið um heilbrigða skynsemi.“ Persson lagði jafnframt áherslu á að segja þjóðinni sannleikann og ná samstöðu um lausn vandans.

Í anda Görans Persson mætti ef til vill fjalla um erfiðleika okkar á eftirfarandi hátt:

**Einfölduð greining vandans:**

Verðbólga og gengisfall krónunnar hækka skuldbindingar einstaklinga, fyrirtækja og þjóðarbús langt umfram greiðslugetu viðkomandi með mjög alvarlegum afleiðingum.

Framleiðsla raunverulegra verðmæta hefur átt undir högg að sækja lengi og undirstöðuatvinnuvegunum því blætt en margs konar þjónusta og eftirlitsiðnaður blómstrað. Þetta, ásamt löngu fyrirsjáanlegu hruni byggingariðnaðarins, veldur því að atvinnuleysi ógnar þjóðfélaginu þegar grundvöllur margs konar þjónustu brestur.

Ríkisútgjöld hafa aukist mjög, grundvölluð á skatttekjum af ofneyslu þjóðarinnar og sá tekjugrunnur nú hruninn. Jafnframt hefur skortur á heilbrigðri skynsemi nokkurra útrásarvíkinga lagt miklar byrðar á ríkissjóð.

**Mögulegar aðgerðir til lausnar:**

Styrkja verður gengið verulega ef tök eiga að nást á verðbólgu og hækkun lánaskuldbindinga. Það verður best gert með því að þjóðin kaupi svo lítið sem mögulegt er af neysluvörum erlendis frá á næstu misserum. Í ljós mun koma að við þurfum ótrúlega lítið af okkar daglegu neysluvörum að utan og náist samstaða þjóðarinnar um breytta neyslu mun jákvæður viðskiptajöfnuður fljótt hafa áhrif á gengið. Jafnframt munu skapast ótrúlega mörg þörf störf.

Stjórnvöld mega ekki samþykkja neinar álögur á þjóðina sem auka mælda verðbólgu.

Nauðsynlegum tekjum ríkissjóðs verður að ná með aukinni skattheimtu sem jafnframt dragi úr þeim launamun sem aukist hefur á undanförnum árum.

Endurskoða þarf grunn neysluvísitölu og færa hann að raunneyslu kreppunnar.

Stýrivexti verður að lækka hratt samfara minnkandi verðbólgu.

Íslensk þjóð er talin vel menntuð. Á næstu mánuðum kemur í ljós hvort sú menntun dugar þjóðinni til að leysa vandamál sín af skynsemi.

*Höfundur er Þingeyingur.*






# Samvinna í verki

UMRÆÐAN

Eygló Harðardóttir skrifar um samvinnustefnuna



EYGLÓ HARÐARDÓTTIR

Samvinnustefnan byggir á þremur lykilstoðum. Að fólk geti náð meiri árangri með því að vinna saman en sem einstaklingar. Að eina leiðin til tryggja sanngirni í samfélaginu sé að dreifa valdi, án tillits til auðs, stéttar, kyns eða hörundslitar. Að unnið sé að því að hvetja til rekstrs samvinnufélaga og annarra sameignarfélaga sem hafi hagsmuni meðlima að leiðarljósi fremur en það eitt að hámarka hagnað.

Fram undan er mikil vinna við uppbyggingu íslensks atvinnulífs. Hér tel ég að höfuðborgarsvæðið geti lært af reynslu landsbyggðarinnar. Landsbyggðin hefur barist árum saman við samdrátt og fólksfækkun og er að mínu mati aðeins tvennt sem hefur borið verulegan árangur. Annað er uppbygging menntakerfisins, þ.e. framhaldsskóla, fræðslu- og símenntunarmiðstöðva og háskóla á landsbyggðinni. Hitt eru vaxtarsamningarnir, sem byggja á hugmyndum Michael Porters um samvinnu í samkeppni, eða uppbyggingu klasa. Fyrirtæki, stofnanir, hið opinbera og einstaklingar skilgreina saman hver sé styrkleiki atvinnulífsins á svæðinu og vinna síðan markvisst að því að styrkja þá þætti enn frekar í samstarfi. Í raun ætti að endurnefna samningana og kalla þá samvinnusamninga, því þeir byggja á samvinnuhugsuninni og endurspegla skýrt hversu miklu sterkari við erum þegar við vinnum saman, en ekki sem einstaklingar.

Samþjöppun valds hefur einkennt íslenskt samfélag. Eignarhald fyrirtækja hefur safnast á æ færri hendur og það sama hefur gerst hjá hinu opinbera. Í stjórnarskránni kemur skýrt fram að við stofnun íslenska lýðveldisins var ætlunin að tryggja þrískiptingu valds í framkvæmdavald, dómsvald og löggjafarvald. Forsetinn hefur framkvæmdavaldið en framselur það til ráðherranna, Alþingi á að setja lög og dómstólar að úrskurða samkvæmt þeim. Af þessum eru bara forsetinn og Alþingi kosin beinni kosningu af almenningi.

*Græðgisvæðing íslensks samfélags reið því nærri að fullu. Ofuráhersla á hagnað, hagræðingu, vöxt og samþjöppun valds gerði það að verkum að auðgildið var sett ofar manngildinu*

Hefð hefur síðan skapast fyrir þingræði, og forsetinn hefur orðið nánast valdalaus innan íslenskrar stjórnskipan. Til að ná fram sanngirni í samfélaginu verðum við að dreifa valdi, og það gerum við ekki nema með róttækum breytingum á íslenskri stjórnskipan. Á síðustu tveimur mánuðum hefur kristallast hversu veikt löggjafarvaldið er orðið gagnvart framkvæmdavaldinu, og samráð er nánast haft til málamynda við þingmenn og þingnefndir um skuldbindingar, samninga og stefnumörkun ríkisstjórnarinnar.

Þær breytingar sem þarf að gera til að treysta þrískiptingu valdsins eru meðal annars að banna að ráðherrar sætu jafnframt sem þingmenn. Ef þingmenn tækju að sér ráðherraembætti yrðu þeir að segja af sér þingmennsku, en sú leið er einmitt farin í Svíþjóð. Ganga mætti lengra og sameina hlutverk forseta og forsætisráðherra. Forsætisráðherra yrði þá kosinn beinni kosningu og hann svo velur ráðherra sem yrðu að hljóta samþykki þingsins, líkt og gert er í Bandaríkjunum. Ráðherrar veldu sér síðan ráðuneytisstjóra og helstu trúnaðarmenn inn í viðkomandi ráðuneyti. Þannig væru völd embættismanna í ráðuneytum, sem enginn hefur kosið, einnig takmörkuð. Annar varnagli gegn samþjöppun valds væri að kjörnir fulltrúar gætu aðeins setið samfellt tvö kjörtímabil, enda eiga 8 ár að duga ágætlega til að koma hugmyndum sínum og hugsjónum á framfæri.

Endurskoða þarf löggjöfina um samvinnurekstur og aðlaga hana að nútímasamfélagi. Opna þarf fyrir rekstur samvinnulánastofnana, styrkja stöðu sparisjóðanna og nýta skattakerfið til að umbuna fyrirtækjum sem sýna samfélagslega ábyrgð og vitund í rekstri.

Græðgisvæðing íslensks samfélags reið því nærri að fullu. Ofuráhersla á hagnað, hagræðingu, vöxt og samþjöppun valds gerði það að verkum að auðgildið var sett ofar manngildinu. Til að rata út úr þessum ógöngum þurfum við að endurskoða stjórnskipan landsins, tryggja valddreifingu, jafnt stjórnvalds sem viðskiptalífs og byggja upp nýtt samfélag á grunni samvinnu, sanngirni og jafnréttis. Þar mun samvinnustefnan gegna lykilhlutverki.

*Höfundur er þingmaður Framsóknarflokksins í Suðurkjördæmi.*


ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR
MÁ HENGJA Á VEGG
Philips MC235B
Míkró SAMSTÆÐA með 20w magnara, Dynamic Bass Boost (dýpri hljómur), Digital Sound Control, útvarpi með stöðvam., Aux inn og heyrnartolst., vekjara og svefnrofa. Rafdrifið lok á spilara. Spilar CD, CD-R/RW.
VERÐ
34.995
FRÁBÆRT VERÐ
Philips MCD288
Míkró DVD DivX HLJÓMTÆKI með 100w RD-klassa MS magnara, fjölkerfa DVD spilara, Dolby Digital, 2 hátölurum og bassaboxi, Digital Sound Control og Dynamic Bass Boost, útvarpi með stöðvam., Scart, SVHS og CVBS tengi, Digital Coaxal og USB tengi, Aux inn og heyrnartólstengi.
MÁ HENGJA Á VEGG
VERÐ
49.995
FRÁBÆRT VERÐ
MEÐ DVD SPILARA OG BASSABOXI
Philips MCM772
Hágæða 2x100w MÍKRÓSAMSTÆÐA með MP3 geislaspilara, FM/LW útvarpi, USB tengi, vönduðum viðarhátölurum ofl.
PHILIPS
EÐAL HLJÓMGÆÐI
VERÐ
99.995
FRÁBÆRT VERÐ
PHILIPS 2009
19" LCD
Philips 19PFL3403
19" LCD BREIÐTJALD með 1440x900 punkta upplausn, Crystal Clear III og Progressive Scan, HD Ready, 1000:1 skerpu, Anti Reflection, 6w Nicam Stereó með Incredible Surround, Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, tölvutengi (VGA) textav. ofl.
TILBOÐ
64.995
FULLT VERÐ 84.995
PHILIPS 2009
22" LCD
Philips 22PFL3403
22" LCD BREIÐTJALD með 1680x1050 punkta upplausn, Crystal Clear III og Progressive Scan, HD Ready, 1000:1 skerpu, Anti Reflection, 6w Nicam Stereó með Incredible Surround, Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, tölvutengi (VGA) textav. ofl.
VERÐ
99.995
FRÁBÆRT VERÐ
UNITED
MEÐ DVD SPILARA
19 TOMMUR
United TVD7056
19" LCD BREIÐTJALD með innb. DVD SPILARA, 1440x900 punkta uppl., 500:1 skerpa, Nicam Stereó, Scart, SVHS, CVBS og heyrnartóls-, VGA tengi textatav. ofl. 12v og 220v.
TILBOÐ
59.995
FULLT VERÐ 69.995
Panasonic
LCD MEÐ V-REAL
26 TOMMUR
Panasonic TX26LM70F
26" LCD BREIÐTJALD með 1366x768 punkta uppl., V-Real, HD Ready, Progressive Scan, 3.000:1 skerpu, VIERA Link, Backlight Control, 20w Nicam Stereó með V-Audio, Backlight Control, 2 x Scart, 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnatólstengi, textavarpi ofl.
VERÐ
119.995
FRÁBÆRT VERÐ
PHILIPS
Philips HTS3164
HEIMABÍÓKERFI með fjölkerfa DivX DVD SPILARA, 300w Digital magnara, 5 hátölurum og bassaboxi, Dolby Digital, Dolby Prologic II , Stereo , DTS, FM útvarpi, USB 2.0, HDMI, 1080p uppscaling ofl.
TILBOÐ
47.995
FULLT VERÐ 49.995
Panasonic
INNBYGGÐ iPOD VAGGA
Panasonic SCPT460
HEIMABÍÓKERFI með DVD spilara, 1000w (4x125w og 2x250w RMS) Digital magnara, Video Upscaling í 720p/1080i/1080p, 12bit/108MHz Video DAC, Progressive scan, 5 hátölurum og Bassaboxi, Viera Link, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II, FM útvarp með minnum, innb. iPod vöggu ofl.
VERÐ
64.995
FRÁBÆRT VERÐ
PHILIPS
MÁ HENGJA Á VEGG
Philips HTS8100
HEIMABÍÓKERFI með Ambisound Surround, fjölkerfa DVD með Progressive Scan, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II, Video Upscaling í 720p/1080i/1080p, DCDI, Soft dome tweeters, DoubleBASS, Smart Surround, útvarpi með minnum, 1 hát. og bassaboxi, Scart, HDMI, Component, SVHS og CVBS tengi, USB, Aux inn og Digital Coaxal in ofl.
EISA AWARD Best Product 2007-2008
HOME THEATER COMPACT SYSTEM
Philips HTS8100
TILBOÐ
169.995
FULLT VERÐ 199.995
DALI
MARG VERÐLAUNAÐIR HÁGÆÐA HÁTALARAR
Kenwood KRFV5300D
5x100w Dolby Digital/DTS HEIMABÍÓMAGNARI með Dolby Digital og DTS, Dolby Pro-Logic II, RDS útvarpi með minnum, Pure Audio Mode, Active EQ, Midnight Mode, 3 AV inng./3 Audio inng., 3 Composite inng. og 2 útg., 3 Digital inng., 1 Coax og 2 Optical, 5.1 Analogue inng. ofl.
KENWOOD
VERÐ
49.995
FRÁBÆRT VERÐ
OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA
Heimilistæki
ht.is
EYRARVEGI 21 SELFOSSI SÍMI 480 3700
GARÐARSBRAUT 18A HÚSAVÍK SÍMI 464 1600
GLERÁRGÖTU 36 AKUREYRI SÍMI 460 3380
SUÐURLANDSBRAUT 26 REYKJAVÍK SÍMI 569 1500

# Leiðtogar viðurkenna mistök og biðjast afsökunar

**UMRÆÐAN**
Sigurður Ragnarsson skrifar um ábyrgð


SIGURÐUR RAGNARSSON

Mörgum finnst sem þeir hafi verið sviknir af fjölda fólks sem ætlaði kannski ekki að illa færi en nú er raunveruleikinn sá að við sitjum í súpunni. Það hefur verið boðið upp á ægilega girnilega og vinsæla súpu undanfarin ár, sem mörgum fannst reyndar vond. Súpan var dýru verði keypt. Margir eru með hausverk, sumir með magapínu, einhverjir þjást af þunglyndi og ótrúlega margir þjást af svefnleysi og svona mætti lengi áfram telja. Nú þurfum við meira að segja að borga reikninga fyrir aðrar þjóðir sem fengu niðurgang af súpunni. Súpan var jú flutt út. Uppfinningamenn súpunnar, eftirlitsaðilar, velunnarar, veitingastjórar, veitingahúsaeigendur, kokkar, þjónar, skemmtanastjórar o.fl. segjast ekki hafa gert neitt rangt. Enginn vill viðurkenna mistök og bera ábyrgð á súpunni.

Þegar við ölum upp börnin okkar og þau gera eitthvað rangt þá kennum við þeim hið kristna gildi að viðurkenna það og biðjast afsökunar. Ef þeir sem bera ábyrgð á súpunni sem við sitjum í hafa í sér kjark og hafa heilindi að leiðarljósi þá væri hið eina rétta að axla ábyrgð, viðurkenna mistök og biðjast afsökunar. Þá væri t.d. auðveldara að trúa því að súpugerðarfólkið bæri hag okkar fyrir brjósti og auðveldara væri að treysta stjórnvöldum fyrir framtíðarsúpunni okkar. Veitingahúsagestir eru nefnilega logandi hræddir um að eina súpan á borðum í framtíðinni verði naglasúpa og þjónarnir muni jafnvel af klaufaskap hella henni niður í kjöltu þeirra, sjóðheitri og með ryðguðum nöglum. Verður kannski eina leiðin að sækja erlend veitingahús?

Eitt af því sem einkennir afburðaleiðtoga er að þeir þekkja styrkleika og veikleika sína og viðurkenna að þeir séu mannlegir. Í því felst m.a. að axla ábyrgð, viðurkenna mistök og biðjast afsökunar. Ef það er gert af heilindum þá getur það aflað stuðnings og trausts meðal fylgjenda. Málið er að fólk fylgir ekki þeim sem aldrei viðurkenna mistök og telja sig vera fullkomna. Afburðaleiðtogar sýna að þeir eru mannlegir, þeir gera fylgjendum ljóst hver staðan raunverulega er og móta framtíðarsýn sem hefur jákvæðar afleiðingar og hægt er að útskýra með trúverðugum hætti.

*Eitt af því sem einkennir afburðaleiðtoga er að þeir þekkja styrkleika og veikleika sína og viðurkenna að þeir séu mannlegir.*

Það er fólkið sem skiptir máli. Það eru engir leiðtogar án fólks. Við þurfum núna leiðtoga sem starfa af heilindum, vilja berjast, þora að taka ákvarðanir og eru tilbúnir að hugsa fyrst og fremst um hag fólksins í landinu.

Skyndilausnir duga ekki, við þurfum að skoða alla möguleika vel og vandlega. Við þurfum að skoða gallana alveg jafn vel og kostina. Múgæsing skilar okkur engu. Það að kenna bara einum aðila um allt saman er líka fáránlegt. Við þurfum núna að byrja á núlli og eyða allri spillingu og ósanngirni í samfélaginu. Hvar svo sem hana er að finna. Við þurfum afburðaleiðtoga og fullt af þeim!

Megi Guð gefa okkur öllum gleðilega jólahátíð.

*Höfundur er sjálfstætt starfandi ráðgjafi og háskólamaður sem sérhæfir sig í leiðtogafræðum.*

# Lýsum okkur upp

**UMRÆÐAN**
Karin Erna Elmarsdóttir skrifar um notkun endurskinsmerkja


KARIN ERNA ELMARSDÓTTIR

Nú þegar skammdegið er ríkjandi er mikilvægt að allir vegfarendur séu með endurskinsmerki, þar sem myrkrið veldur því að ökumenn sjá oft illa í kringum sig þrátt fyrir götulýsingu og yfirleitt góð ökuljós á bifreiðum. Endurskinsmerki gera það að verkum að ökumenn taka mun fyrr eftir gangandi vegfarendum eftir að skyggja tekur en ella. Því fyrr og betur sem ökumenn greina gangandi vegfarendur þeim mun meira er öryggi þeirra síðarnefndu í umferðinni. Sem dæmi má nefna að ökumaður sér dökkklæddan vegfaranda án endurskinsmerkja ekki fyrr en í 25 metra fjarlægð í myrkri. Ef vegfarandinn notaði endurskinsmerki sæi ökumaðurinn hann í allt að 125 metra fjarlægð og hefur því mun meira ráðrúm til að bregðast við. Þessi mismunur getur skilið á milli lífs og dauða.

Best er að hafa endurskinsmerki fremst á ermum, á úlpukanti, neðst á skálmum og á skóm eða stígvélum. Endurskinsmerki eiga að sjást frá öllum hliðum. Til eru margar gerðir endurskinsmerkja en æskilegast er fyrir börnin að merkin séu á úlpu eða útigalla. Ef ekki er um slíkt að ræða eru til endurskinsborðar sem hægt er að líma eða sauma á flíkurnar. Þá eru til endurskinsvesti, endurskinsborðar, límmerki, barmmerki eða hangandi endurskinsmerki af mörgum gerðum og stærðum. Á mörgum skólatöskum eru endurskinsmerki og gott er að líma endurskin á barnavagna, sleða, bakpoka og skíðastafi.

Fullorðnir eiga að sjálfsögðu að vera fyrirmyndir barna og vera með endurskinsmerki á sínum flíkum. Nauðsynlegt er fyrir skokkara að vera í endurskinsvestum eða með gott endurskin á æfingafatnaði þegar æft er utandyra. Endurskinsmerki er einnig hægt að líma á hunda- og kattahálsbönd og sjálfsagt er að bregða endurskinsborðum um fætur hestsins ef farið er í reiðtúr.

Hægt er að fá endurskinsmerki í mörgum verslunum, apótekum og bensínstöðvum, en líklegt er að endurskinsmerki séu til í skúffum eða skápum á flestum heimilum. Endurskinsmerki gera lítið gagn á slíkum stöðum og því hvetur Umferðarstofa vegfarendur að finna til merkin og nota þau í myrkrinu. Höfum þetta hugfast og verum vel upplýst í umferðinni.

*Höfundur er fræðslufulltrúi hjá Umferðarstofu.*







# Ekki bæði haldið og sleppt

**UMRÆÐAN**
Ellert B. Schram skrifar um samfélagsástandið


ELLERT B. SCHRAM

Það hefur ekki gefist mikill tími til að setjast niður að undanförnu. Hvorki til jólaundirbúnings né skrifta á opinberum vettvangi. Ég kvarta ekki undan því. Örlögin höguðu því svo að undirritaður valdist á þing og situr uppi með þá ábyrgð og þau verk sem því fylgir. Og í nógu hefur verið að snúast, sem fyrst og fremst hefur gengið út á að sitja fundi, taka ákvarðanir og vinna úr þeim vanda sem við höfum öll fengið í fangið. Frá morgni til kvölds.

Á einni svipstundu breyttist þjóðarbúið í brunarúst. Tekjur ríkissjóðs til að standa undir almennri þjónustu hafa dregist verulega saman um leið og útgjöld hafa snaraukist. Hallinn var farinn að nálgast 200 milljarða króna. Verkefnið hefur verið það mikilvægasta að bjarga heimilum, fyrirtækjum og almannaþjónustu undan þessu áfalli. Þar hafa margar hendur komið að verki, ekki bara á Alþingi heldur hjá stjórnsýslunni, embættismönnum og forystumönnum stórra samtaka. Það hefur verið aðdáunarvert að fylgjast með því hversu mikið og margt þetta fólk hefur lagt á sig og það undir miklum þrýstingi, gagnrýni, tortryggni og jafnvel aðkasti.

Sorglegt er sömuleiðis að fylgjast með því hvernig sumir stjórnmálamenn hafa notað ástandið til lýðskrums. Það er dapurlegt að sitja undir ræðum á Alþingi, þar sem allt er gagnrýnt. Það má ekki taka lán og það má samt ekki lækka útgjöldin og það er kvartað undan skuldasöfnun en samt má ekkert skera niður af fjárlögum. Málflutningur og hugsunarháttur af þessu tagi gengur auðvitað ekki upp, frekar en hjá okkur öllum hinum í heimilishaldi og fyrirtækjarekstri. Það verður ekki bæði haldið og sleppt. Í rauninni má færa fyrir því rök að bæta eigi í niðurskurðinn, til að draga úr fjárlagahallanum og skuldunum.

*Sökudólgana finnum við þegar upp verður staðið og við getum hreinsað til í pólitíkinni, þegar færi gefst. Það getur orðið fyrr en margur heldur*

Jú, þetta verður erfiður vetur. Þetta er lífróður. Það er auðvitað hægt að leggja frá sér árarnar og gefast upp. Segja bara, gjörið svo vel, vill einhver taka við? Alveg er ég tilbúinn til að gefa frá mér þingsætið ef það hjálpar til. Ég hef raunar verið síðustu dagana, allt frá því að lánið frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum var í höfn, þeirrar skoðunar að rétt sé að þjóðin fái að kjósa fyrir vorið.

En menn hlaupa ekki frá björgunarstarfi í miðjum klíðum. Og það breytir litlu sem engu að vandi þjóðarinnar hverfur ekki eins og dögg fyrir sólu úr því sem komið er. Það er verkefni hverrar þeirrar ríkisstjórnar sem situr eða verður mynduð að draga úr skuldunum og skera meir. Nema menn vilji fara lóðbeint norður og niður.

Þetta er alvaran sem þjóðin stendur frammi fyrir. Og þrátt fyrir atvinnuleysi, skuldasöfnun heimila og gjaldþrot fyrirtækja þá er von. Ekki gleyma því að áætlaðar tekjur ríkissjóðs fyrir næsta ár nema kr. 370 milljörðum. Það má margt gera fyrir þá upphæð. Ekki gleyma því að yfir 90% vinnufærra manna á Íslandi hafa enn atvinnu og tekjur. Ekki gleyma að tugþúsundir manna eiga enn það sem þeir áttu fyrir fimm, sex árum, í verðgildi eigna og sparifjár, vegna þess að það sem hefur tapast er loftbóla, reiknaður gróði og hagnaður, sem aldrei var nema hjóm eitt. Sárast er að stærsti fjöldinn sem orðið hefur fyrir tjóni og tapi var gabbaður og féflettur inn í þennan innantóma loftkastala.

Lítum til annarra landa. Yfir þrjátíu lönd hafa leitað lána hjá IMF. Í Bandaríkjunum eru milljónir manna án atvinnu og velferðar. Sama má segja um atvinnuleysið í Bretlandi og Þýskalandi. Í Simbabve er verðbólgan yfir eitt þúsund prósent. Í Grikklandi og Taílandi ríkir stjórnleysi. Í Mið-Austurlöndum nær ríkir enn styrjaldarástand. Á Haítí vantar mat fyrir börnin. Í Afríku breiðast faraldrar út vegna næringarskorts.

Í samanburði við þessar hörmungar, erum við hér á Íslandi í stakk búin til að brjótast úr eigin kreppu. Sökudólgana finnum við þegar upp verður staðið og við getum hreinsað til í pólitíkinni, þegar færi gefst. Það getur orðið fyrr en margur heldur. Aðalatriðið núna og á næstunni er að halda haus, treysta því að allir séu að gera sitt besta og komast í gegnum þennan skafl. Það kann að taka einhvern tíma. En það tekst.

Ég sendi Íslendingum mínar innilegustu hátíðarkveðjur.

*Höfundur er alþingismaður.*

# Athugasemd við frétt

**UMRÆÐAN**
Bjarni S. Einarsson skrifar um tillögu að deiliskipulagi á Vestur-Skógtjarnarsvæði


BJARNI S. EINARSSON

Í framhaldi af frétt Fréttablaðsins dags. 16. des. sl. um að Skipulagsstofnun hafi fallið frá „kröfu“ um endurauglýsingu á deiliskipulagi Vestur-Skógtjarnarsvæðis óskar undirritaður eftir að koma eftirfarandi á framfæri:

Fundur með Skipulagsstofnun sem vísað er til var haldinn að frumkvæði og ósk undirritaðs, skipulags- og byggingarfulltrúa Álftaness, til að fá nánari skýringar og upplýsingar um álit Skipulagsstofnunar um að auglýsa tillöguna að nýju. Undirritaður getur ekki fallist á að vinnubrögð við beiðni um fund, né fundarefnið séu ámælisverð, enda er m.a. hlutverk Skipulagsstofnunar að veita ráðgjöf um skipulags- og byggingarmál og aðstoða sveitarfélög og leiðbeina þeim við gerð skipulagsáætlana.

Ástæða þess að Skipulagsstofnun taldi að auglýsa þyrfti tillöguna að nýju var vegna þeirra sem ekki gerðu athugasemdir við tillöguna, en ekki vegna þeirra sem gerðu athugasemdir, enda hefur þeim verið svarað og þeim kynnt hvernig komið var til móts við þeirra athugasemdir, m.a. með breytingum á tillögunni.

Að fengnum skýringum skipulagshöfundar og skipulags- og byggingarfulltrúa á breytingum sem gerðar voru á tillögunni féllst Skipulagsstofnun á að ekki þyrfti að auglýsa tillöguna að nýju að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sem felast m.a. í því að sveitarfélagið rökstyðji að breytingar sem gerðar voru eftir auglýsingu deiliskipulagsins séu ekki þess eðlis að kalli á sex vikna endurauglýsingu, heldur að nægjanlegt sé að birta auglýsingu um niðurstöðu sveitarstjórnar þar sem fram komi upplýsingar bæði um þær breytingar sem gerðar voru og kærufrest.

Á grundvelli þess sem fram kom á fundinum lagði skipulags- og byggingarnefnd til við bæjarstjórn að tillaga að breytingu á deiliskipulagi Vestur-Skógtjarnarsvæðis verði lagfærð í samræmi við ábendingar Skipulagsstofnunar og tekin fyrir að nýju í skipulags- og byggingarnefnd, til samþykktar í bæjarstjórn og til yfirferðar hjá Skipulagsstofnun.

Ekki var leitað til Sveitarfélagsins Álftaness við úrvinnslu fréttarinnar!

*Höfundur er skipulags- og byggingarfulltrúi Álftaness.*





# Nýjar vörur
## – 40% afsláttur

VORUM AÐ TAKA UPP SENDINGU








## Allar jólavörur með 60% afslætti



Opið til kl. 22 til jóla og til kl. 23 á Þorláksmessu!

habitat

Holtagörðum og Akureyri



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Ólöf Septína Kristjánsdóttir**

áður til heimilis að Hringbraut 3, Hafnarfirði,

lést á Hrafnistu í Reykjavík miðvikudaginn 17. desember. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði mánudaginn 22. desember kl. 15.00.

**Guðrún S. Guðmundsdóttir** | **Ásgeir Gunnarsson**
**Bára Guðmundsdóttir** | **Óttar Eggertsson**
**Anna S. Guðmundsdóttir** | **Bjarni Jónasson**
**Þórunn Halla Guðmundsdóttir**
**Brynja Guðmundsdóttir**
**Ólöf Guðmundsdóttir**
**Hrefna Guðmundsdóttir** | **Ólafur Thorarensen**
**Atli Guðmundsson** | **Brynja Þorgeirsdóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar og afi,*

**Guðmundur Páll Þorvaldsson**

Furuvöllum 14, Hafnarfirði,

sem lést laugardaginn 13. desember, verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn 22. desember kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeir sem vilja minnast hans láti Krabbameinsfélagið njóta þess.

**Helga Aðalbjörg Þórðardóttir**
**Þóra Dröfn Guðmundsdóttir**
**Þórður Rafn Guðmundsson**
**Jakob Darri**
**Markús Blær**
**og aðrir aðstandendur.**



*Innilegar þakkir sendum við þeim sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vinsemd við andlát eiginmanns míns , föður, fósturföður, tengdaföður og afa,*

**Vigfúsar Þorsteinssonar**

sem lést á Heilbrigðisstofnun Patreksfjarðar 22. nóvember 2008.

**Páley Jóhanna Kristjánsdóttir**
**Kristján Páll Vigfússon**
**Sigríður Margrét Vigfúsdóttir** | **Friðþjófur Sævarsson**
**Jóhannes Ægir Baldursson** | **Ingibjörg Erna Arnardóttir**
**og barnabörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Sigurbjörg Guðmundsdóttir**

frá Hurðabaki, Ártúni 17, Selfossi,

sem lést 13. desember, verður jarðsungin frá Selfosskirkju laugardaginn 20. desember kl. 13.30. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar látið líknarstofnanir njóta þess.

**Guðmundur Kristinn Þórmundsson** | **Katla Kristinsdóttir**
**Þuríður Þórmundsdóttir** | **Bjarnfinnur Ragnar Jónsson**
**Gunnar Þórir Þórmundsson** | **Sólrún Ragnarsdóttir**
**Anna Kolbrún Þórmundsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

**ALYSSA MILANO ER 36 ÁRA Í DAG**

*„Það er gott að vera mikilvægur en enn mikilvægara að vera góður.“*

***Leikkonan Alyssa Jayne Milano er best þekkt fyrir hlutverk sín sem Samantha Micelli í Who's the Boss? og Phoebe Halliwell í Charmed.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST**: 19. DESEMBER 1821

## *Eldgos í Eyjafjallajökli*



Þennan dag árið 1821 hófst eldgos í Eyjafjallajökli og stóð það til ársins 1823. Undir jöklinum er eldkeila sem hefur ekki gosið síðan en vitað er um eldgos í jöklinum árið 1612.

Eyjafjallajökull er eitt stærsta eldfjall Íslands ásamt því að vera einn af fimm stærstu jöklum landsins. Þá skartar hann einum af hæstu tindum landsins, en hann mælist um 1.660 metrar.

Efst í Eyjafjallajökli er lítil askja (sigketill) þakin jökli. Af ummerkjum að dæma er hún grunn. Askjan er opin mót norðri þar sem brattur skriðjökull, sem nefnist Gígjökull, fellur niður á láglendi. Jökulhlaup komu undan Gígjökli meðan á gosinu, sem hófst 1821, stóð.

Veturinn 1999-2000 sýndu mælingar landris og aukna skjálftavirkni við Eyjafjallajökul. Hliðstæður atburður varð 1994. Þeir benda til aukins aðstreymis kviku sem gæti leitt til eldgoss í jöklinum.

**KRISTÍN INGÓLFSDÓTTIR REKTOR:** ÁNÆGÐ MEÐ SAMSTARF HÍ VIÐ PEKING-HÁSKÓLA

# Opnar nemendum HÍ leið inn í flaggskip kínverskra háskóla

Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands, skrifaði undir samning í Kína í síðustu viku við tvo kínverska háskóla um samstarf um rannsóknir og kennara- og nemendaskipti. Annar þeirra er Peking-háskóli sem hún kallar flaggskip kínverskra háskóla. „Það dreymir alla kínverska foreldra um að börnin þeirra komist í Peking-háskóla. Hann er þar efstur á lista og nýtur mikillar virðingar á alþjóðavísu,“ segir hún og bætir við að samningurinn tryggi að eingöngu afburðanemendur komi þaðan hingað og að nemendur frá HÍ fái framúrskarandi kennslu og aðbúnað ef þeir fari þangað austur.

Annar skóli sem Kristín samdi við er Háskóli erlendra fræða í Peking sem hún segir líka góðan. „Þar er kennd íslenska,“ segir hún glaðlega. „Sextán kínverskir nemendur hófu nám í íslensku í október og þegar ég var þar á ferð þá heilsuðu þeir á íslensku og sungu. Ég sá mömmu kyssa jólasvein með mjög góðum framburði. Það var alveg stórkostlegt.“ Hún upplýsir að kennarinn sé Gísli Hvanndal og íslenska menntamálaráðuneytið greiði laun hans. En kostar þetta samstarf við kínversku háskólana ekki eitthvað meira fyrir íslenskt samfélag?

„Nei. Þó má reikna með að nemendur þurfi að standa einhvern straum af kostnaði sjálfir. Uppihald er samt mjög ódýrt á þessum stöðum svo ferðirnar eru stærsti liðurinn. Oft er hægt að sækja um styrki en það fjármagn kemur ekki úr vasa HÍ enda lítið þangað að sækja eins og er. En þetta er einstakt tækifæri fyrir okkar nemendur að komast í skiptinám við þessa afburðaskóla. Þar er úrval greina, hugvísindi, félagsvísindi, læknisfræði og raunvísindi og sum fögin kennd á ensku en ekki öll. Það fer eftir greinum. Í rannsóknarverkefnum er tungumálið þó ekki vandamál.“

Þessa árangursríku ferð kveðst Kristín hafa farið í boði kínverskra menntamálayfirvalda. „Kínverjar buðu rektorum þeirra háskóla sem Konfúsíusarstofnanir eru starfræktar við en þær eru 250 talsins víða um heim. Ein slík var sett á laggirnar hér við HÍ fyrr á þessu ári og heitir Norðurljós. Stofnun hennar má rekja til þess að Zhou Ji, menntamálaráðherra Kína, kom hingað til lands árið 2006 og ræddi þennan möguleika við Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra. Kínverjar lögðu til stofnkostnað, laun tveggja kennara í kínversku, 5.000 bækur og talsvert rekstrarfé,“ segir Kristín og telur áhuga á Kína og kínverskum fræðum hafa aukist hér á síðustu árum og einnig áhuga Íslendinga á að stunda nám í Kína. „Þeir sem hafa farið þangað eru mjög ánægðir,“ tekur hún fram. „Kína er aðalálfan núna. Þar er framtíðin og mikil stefnufesta í uppbyggingu á sviði menntamála og vísinda.“

Kristín kveðst einu sinni áður hafa komið til Kína, árið 2001. Síðan hafi gífurlega margt breyst og sláandi að sjá hversu mikill uppgangur sé þar. Hvernig var svo veðrið þar í síðustu viku? „Það var kalt en ég var undir það búin.“

gun@frettabladid.is



**KRISTÍN INGÓLFSDÓTTIR, REKTOR HÍ** „Kína er aðalálfan núna. Þar er framtíðin og mikil stefnufesta í uppbyggingu á sviði menntamála og vísinda.“



*Innilegar þakkir til allra þeirra er sýndu okkur samúð og hlýhug við fráfall og útför ástkærs eiginmanns míns, föður og tengdaföður,*

**Sigurðar Más A. Sigurgeirssonar**

Fannafold 115.

Sérstakar þakkir til Lögreglunnar fyrir ómetanlega aðstoð.

**Hlíf Kristófersdóttir**
**Sigurgeir Már Sigurðsson** | **Sæmunda Fjeldsted**
**Ólöf Vala Sigurðardóttir** | **Einar Örn Einarsson**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Sigríður Sigurðardóttir**

Lokastíg 2, Reykjavík,

andaðist á Hrafnistu, Reykjavík, þriðjudaginn 16. desember. Útför hennar fer fram frá Dómkirkjunni 29. desember kl. 13.00.

**Sveinn Hörður Blomsterberg** | **Arndís Hildiberg Kristjánsdóttir**
**Sigurður Ragnar Blomsterberg** | **Ólöf Þóra Ólafsdóttir**
**Þórunn Ólöf Sigurðardóttir**
**barnabörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**


Mikið úrval ljósa
Aves
Xandra
Monique
Selene
Morfeo
Evia
Drim
Pyton
Aves
Anastasia
Clavius
Selene
Ms11354
Anastasia
Subzero
Liberty
Aves
Msraf17
Comforty
Liberty
Opið laugardag 11:00 - 16:00
Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800
www.rafkaup.is

fyrir jólin

Mundu að panta!

Afgreiðsla ÍSAGA, Breiðhöfða 11, er opin virka daga frá kl. 8 til 17.

AGA Gasol®

Þú færð allar nánari upplýsingar um AGA Gasol hylkin, þrýstiminnkara, slöngur og sérlausnir hjá umboðsmönnum okkar og í þjónustuveri ÍSAGA í síma 577 3000.




Alla daga frá kl. 10 til 22

800 5555

Heimsendingarþjónusta

BYKO  Linde Gas  AGA






NOKKUR ORÐ

Kjartan Guðmundsson

# Poppbókin – enn í fyrsta sæti

Árið 1983 kom út hjá Æskunni hið merkilega rit *Poppbókin – í fyrsta sæti*. Þessa bók, en í henni fer höfundurinn Jens Guð yfir sögu íslenskrar popptónlistar og tjáir lesendum álit sitt á helstu plötum og listamönnum á opinskáan hátt, las ég upp til agna sem fróðleiksfúst tónlistaráhugabarn. Ég bar ómælda virðingu fyrir skoðunum Jens og gerði þær að vissu leyti að mínum eigin. Ástæða þess var einföld; *Poppbókin* var eina bókin um íslenska tónlist sem völ var á, og ég var ungur, áhrifagjarn og vitlaus.



Ekki veit ég hversu vel eða illa téð *Poppbók* seldist á sínum tíma. Hitt veit ég að sumarbústaðanefndir hinna ýmsu starfsmannafélaga virðast hafa krækt í afgangsupplagið á góðu verði því enn þann dag í dag er illmögulegt að stíga inn í sumarbústað á landinu án þess að brautryðjendaverk Jens Guð blasi við í bókahillu ásamt epískum bókmenntum á borð við *Rósumál – líf og störf Rósu Ingólfsdóttur* og *Hin fjögur fræknu og kappaksturinn*.

Í sumarbústaðaferðum síðustu ára hef ég reglulega endurnýjað kynnin við *Poppbókina* og alltaf rennur það betur upp fyrir mér hversu mjög þessi bók hefur mótað viðhorf mitt til íslenskrar tónlistar. Þrátt fyrir að hafa lesið allar bækur sem síðar hafa verið gefnar út um sama efni og viðað að mér ýmsum fróðleik á ég enn þá erfitt með að hrista af mér þá tilfinningu að Árni Daníel Júlíusson, fyrrverandi hljómborðsleikari Q4U og Snillinganna (sem fær undarlega veglegan sess í *Poppbókinni* hans Jens), sé einn af helstu þungavigtarmönnunum í íslenskum tónlistarheimi. Svona getur fákeppnin haft afdrifarík áhrif á skoðanir ungs og áhrifagjarns fólks.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




PÁLL ÓSKAR
Í HAGKAUP SMÁRALIND
OPIÐ TIL KL.
22
ÖLL KVÖLD
TIL JÓLA
Páll Óskar er kominn í þrumustuð fyrir jólin og ætlar að skemmta sér og öðrum í Smáralind í dag kl. 16.
Hann tekur nokkur af sínum vinsælustu lögum á sviðinu fyrir framan Hagkaup og áritar svo diskinn sinn inni í versluninni.
Komdu í Smáralind og skemmtu þér með Páli Óskari fyrir jólin!
HAGKAUP
Ein ferð betra verð
Smáralind
BETRI LEIÐ
TIL AÐ VERSLA
FYRIR JÓLIN

**kl. 21**

*Í kvöld er bossanova í Fríkirkjunni við Tjörnina. Brasilíubúinn Ife Tolentino leikur ásamt íslenskri stoðsveit sem skipa: Ágústa Eva Erlendsdóttir söngkona, Ómar Guðjónsson gítarleikari, Davíð Þór Jónsson píanóleikari, Mattías M. D. Hemstock leikur á trommur og Óskar Guðjónsson leikur á saxófón. Menn munu dilla sér á Fríkirkjubekkjunum í kvöld í tvöföldum bossanova-takti.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Bóksalar veita viðurkenningar

Starfsfólk í bókaverslunum hefur sín á milli óformleg samtök sem hafa um nokkurra áraskeið veitt viðurkenningar um þetta leyti árs höfundum í nokkrum flokkum. Tilkynnt var um tvo þeirra í Kastljósi ríkissjónvarpsins á miðvikudag: bestu skáldsöguna, Ofsa, eftir Einar Kárason, og bestu barnasöguna, Garðinn, eftir Gerði Kristnýju. Besta þýdda barnabókin var valin Hver er flottastur eftir Mario Ramos, besta handbókin/fræðibókin var valin Dýrin eftir David Burnie, besta þýdda skáldsagan var að áliti bóksölufólks Bókaþjófurinn eftir Markus Zusak. Þá er ótalinn flokkur ljóðabóka og ævisögur, en Páll Ólafsson vann í ljóðabókaflokki fyrir safn kvæða, Ég skal kveða um þig alla daga, og Sigmundur Ernir Rúnarsson á bestu ævisögu á markaði fyrir þessi jól: Magneu.

- pbb



**BÓKMENNTIR** Besta ljóðabókin er eftir nítjándu aldar mann, Pál Ólafsson.

## > Ekki missa af

Síðustu helgi sýningarinnar Jólakjólar. Á sýningunni eru fjórtán rauðir jólakjólar sem jafnmargir íslenskir hönnuðir létu sauma sérstaklega fyrir sýninguna, einnig málverk af konum í eigu Listasafns ASÍ eftir nokkra listamenn t.d. Júlíönu Sveinsdóttur, Nínu Tryggvadóttur og Jón Engilberts. Sýningarstjóri er Steinunn Helgadóttir. Síðasti sýningardagur er 21. desember.

# Lof um dansflokkinn

Sýningar Íslenska dansflokksins á Festival Les Boréales í Frakklandi nú í lok nóvember fengu góðar viðtökur hjá áhorfendum og frábæra dóma gagnrýnenda. Dansflokkurinn sýndi alls fimm verk á tveimur kvöldum og var svo til fullt hús bæði sýningarkvöldin.

Fyrra kvöldið, þann 20. nóvember, var hið verðlaunaða verk Kvart eftir Jo Strömgren sýnt og einnig Happy New Year eftir Rui Horta. Morgunblaðið Ouest-France hafði meðal annars eftirfarandi um fyrri sýninguna að segja: „kraftmikil verk full af hráum tilfinningum og kímni … samstilling dansaranna var frábær.“

Seinna sýningarkvöldið, 22. nóvember, tók Festival Les Boréales upp hugmynd ÍD um „fjölskyldusýningu“ og sett var saman dagskrá með verkum sem höfða sérstaklega til ungs fólks. Verkin voru Critic´s Choice eftir Peter Anderson, Maðurinn er alltaf einn eftir Ólöfu Ingólfsdóttur og Endastöð eftir Alexander Ekman.



**LEIKLIST** Íslenski dansflokkurinn fer víða um lönd og fær víða hrós: Steve Lorenz í Ambra sem flutt var í Bergen í vor

MYND ÍD

Gagnrýnandi frá vefsíðunni evene.fr gaf seinni sýningunni fjórar stjörnur af fimm mögulegum.

Stór hluti af starfsemi Dansflokksins er nú sýningarhald í öðrum löndum og er flokkurinn eftirsóttur til sýninga víða um heim. Hluti af rekstrarfé flokksins er fenginn með sýningarferðalögum.

- pbb






# Nýræktin styrkt í gær

**Nýræktarstyrkirnir voru áður tíðkaðir í landbúnaði og veittir þeim bændum sem bættu við tún sín. Í gær voru veittir styrkir úr nýjum nýræktarsjóði sem stofnað hefur verið til af hálfu ríkisins: blekbændur fá nú styrki til nýræktar.**



**BÓKMENNTIR** Frá veitingu nýræktarstyrkja Bókmenntasjóðs í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Í ágúst síðastliðnum auglýsti Bókmenntasjóður í fyrsta skipti eftir umsóknum um Nýræktarstyrk sem ætlað er styðja við útgáfu á nýjum íslenskum skáldverkum sem hafa takmarkaða eða litla tekjuvon en hafa ótvírætt menningarlegt gildi. Undir þetta svið falla skáldverk í víðri merkingu þess orðs til dæmis sögur, ljóð, barnaefni, leikrit, eða eitthvað allt annað, og leitað var eftir breidd og fjölbreytni í umsóknum. Að þessu sinni eru Nýræktarstyrkir fimm talsins, að upphæð tvö hundruð þúsund krónur hver. Lesendum kann að þykja sú upphæð lág en hún hefur víða úrslitaáhrif á það hvort ráðist er í útgáfu nýsmíða sem einyrkjar standa gjarnan að.

Það var menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, sem tilkynnti hverjir hlutu Nýræktarstyrkinn að þessu sinni. Athöfnin fór fram í Nýlistasafninu. Að þessu sinni eru Nýræktarstyrkir fimm talsins, að upphæð tvö hundruð þúsund krónur hver. Alls bárust níu umsóknir um styrkina fimm. Styrkina að þessu sinni hljóta þrjár ljóðabækur, ein fjórföld „Bútgáfa“ (sería smærri bóka – þrjár (ör)ljóðabækur og eitt safn femínískra smágreina og stuttra prósa skreytt klippimyndum) og eitt smásagnasafn.

Á næsta ári er hugmyndin að úthluta Nýræktarstyrkjum að vori, líklegast í viku bókarinnar í lok apríl. Einnig er hugsanlegt að styrkurinn verði með öðru sniði en nú við fyrstu úthlutun, þegar afhentir verða fimm 200 þúsund króna styrkir til útgáfu á nýjum íslenskum skáldsögum. Bókmenntasjóður vonast til að geta haldið áfram að styðja við fjölbreytta nýrækt í íslenskum skáldskap og bókmenntum á næstu árum.

Þeir sem hljóta styrkinn að þessu sinni eru þessi:

Bútgáfur Nýhils (Sería smærri bóka. Þrjár (ör)ljóðabækur og eitt safn femínískra smágreina og stuttra prósa skreytt klippimyndum).

Ritstjóri: Kristín Svava Tómasdóttir. Höfundar: Hildur Lilliendahl Viggósdóttir, Bryndís Björgvinsdóttir, Ingólfur Gíslason, Dr. Usli (Kristín Svava Tómasdóttir & Jón Örn Loðmfjörð). Útgefand: Nýhil.

Með villidýrum (ljóðabók) – komin út. Höfundur : Kári Páll Óskarsson. Útgefandi: Nýhil.

Refur (ljóðabók) – komin út. Höfundur: Emil Hjörvar Pedersen. Útgefandi: Nykur.

Á meðan (ljóðabók). Höfundur: Ragnar Ísleifur Bragason. Útgefandi: Ragnar Ísleifur Bragason.

Hálmstrá (smásögur) – komin út. Höfundur: Magnús Sigurðsson. Magnús hlaut Tómasarverðlaunin 2008 fyrir ljóðabók sína Fiðrildi, mynta og spörfuglar Lesbíu fyrr á þessum vetri. Útgefandi: Uppheimar.

Var að vonum fögnuður í gær á gólfinu í Nýló og var ekki annað að sjá en menntamálaráðherrann væri glaður eftir að hafa komið þessum útgáfum og höfundunum til aðstoðar í útgáfunni.

pbb@frettabladid.is


# Xerodent
## Við munnþurrki




**Þreföld virkni Xerodents**

- Eplasýra – örvar munnvatnsframleiðslu
- Flúor – ver tennurnar gegn skemmdum
- Xylitol – hemur bakteríuvöxt í munni

**Xerodent 28,6 mg/0,25 mg munnsogstöflur.**
**Notkunarsvið og skömmtun:** Hver tafla inniheldur eplasýru 28,6 mg og natríumflúoríð samsvarandi 0,25 mg af flúor. Xerodent er lyf til varnar tannskemmdum notað við meðhöndlun einkenna vegna munnþurrks og fyrirbyggjandi við tannskemmdum hjá sjúklingum með munnþurrk.
**Skammtastærðir fyrir fullorðna:** 1 tafla eftir þörfum, venjulega 6 sinnum á dag. Við mikinn munnþurrk má auka skammtinn í 12 töflur á dag í takmarkaðan tíma. Töfluna á að láta bráðna hægt í munni. Dreifa skal skammtinum jafnt yfir daginn.
**Varúðarreglur:** Þeir sem hafa ofnæmi fyrir virku efnunum eða einhverju hjálparefnanna ættu ekki að nota Xerodent. Við meðhöndlun með Xerodent skal forðast að nota önnur lyf sem innihalda flúor. Xerodent má ekki nota á landsvæðum þar sem flúorinnihald drykkjarvatns er hátt. Vegna þess að Xerodent inniheldur xylitól getur það haft hægðalosandi verkun.
**Meðganga/brjóstagjöf:** Engin þekkt áhætta við notkun á meðgöngu. Natríumflúoríð skilst ekki út í brjóstamjólk. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Actavis Group hf. 29. nóvember 2007.


# TVÆR FLINKAR Í IÐNÓ

**Tvær ungar og bráðefnilegar tónlistarkonur, Melkorka Ólafsdóttir flautuleikari og Guðrún Dalía Salómonsdóttir píanóleikari, skapa franska stemningu, með franskri eðaltónlist, í Iðnó í kvöld. Á efnisskránni eru verk eftir Gaubert, Debussy og Varese.**

Melkorka hefur lokið prófum við tónlistarháskóla í Haag, Amsterdam og London, en lærði síðast í París hjá Patrick Gallois og lauk hjá honum Premier Prix og Prix de Exellance, hvorutveggja með heiðursverðlaunum dómnefndar. Hún mun leika flautukonsert Atla Heimis Sveinssonar á tónleikum með SÍ í mars 2009 og verður með tónleika í Tíbrá í Salnum í apríl.

Guðrún Dalía hefur lært píanóleik í Reykjavík og í Stuttgart í Þýskalandi, en stundar nú frekara nám hjá Thérése Dussaut í París. Í nóvember 2006 hlaut hún fyrstu verðlaun í píanókeppni EPTA í Salnum, Kópavogi.

Á undanförnum árum hefur Guðrún Dalía leikið á fjölmörgum tónleikum á Íslandi og í Þýskalandi, bæði sem einleikari og meðleikari.

Tónleikarnir í kvöld hefjast kl. 20.30.

- pbb



**TÓNLIST** Stöllurnar við æfingar í Iðnó í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

OPIÐ
TIL 22:00
alla daga
til jóla

# Mesta úrval
## landsins af snyrtivörum




**Burberry Brit konur**
Edp. 50 ml og body lotion




**Burberry Brit herrar**
Edp. 50 ml ilmur og sturtusápa







**Burberry London konur**
Edp. 100 ml, body lotion og sturtusápa




**Burberry The Beat**
Edp. 50ml ilmurog body lotion




**Burberry London herrar**
Edt. 50 ml og sturtusápa




**Cartier Délices**
Edt. 50ml og body lotion 100 ml




**Cartier Déclaration**
Edt. 50ml og sturtusápa




**Jean Paul Gaultier Ma Dame**
Edt. 50ml og body lotion 100 ml




**Issey Miyake L´EAU D´ISSEY**
Edt. 75ml og deo stick fyrir herra




**Givenchy Ange ou Demon**
Edp. 50ml, body lotion og sturtusápa

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

LAUGARDAGUR 20. DESEMBER 2008

LESBÓK

Derrick, Reynir og ráðamenn



Horst Tappert og Derrick

Í minningu Derricks lögregluforingja

Hefur skilningur á ráðamönnum aukist?
Guðni Elísson fjallar um Sigurjónsmálið í DV

Franska undrabarnið
Rætt við Sölva Björn Sigurðsson sem þýddi *Árstíð í helvíti* eftir Rimbaud





Njóttu laugardagsins til fulls. Tryggðu þér áskrift á mbl.is/askrift eða í síma 569 1122

Morgunblaðið

# Saga um stelpu fyrir krakka

Saga um stelpu, eftir Kristínu R. Thorlacius, stendur ákaflega vel undir nafni. Hér er á ferðinni lítil saga um stelpu í sveit norður á Silfrastöðum í „gamla daga“ þegar börn hjálpuðu til í sveitinni við að reka kýrnar í haga. Þrátt fyrir ábyrgðarstöðu er stelpan ekki eldri en svo að hundur nágrannanna á Bólu er henni töluverð ógn við að sinna starfi sínu. Raunveruleiki ógnarinnar af hundinum er áþreifanlegur og úrvinnslan góð.

Erla Sigurðardóttir myndskreytir bókina afar fallega og í góðu samhengi við textann. Myndirnar og textinn spila jafn stór hlutverk á hverri opnu og hvorugt yfirgnæfir hitt. Letrið er stórt þannig að krakkar sem eru farnir að stautlesa ættu að ráða við að lesa bókina sjálfir. Þeir sem eru farnir að lesa en ráða þó ekki við mikinn texta hafa ekki úr mörgum bókum að velja, sem ekki eru beinlínis merktar sem lestrarbækur, myndabækur þar sem textinn er hvorki óyfirstíganlega mikill eða kjánalega lítill.

**BÓKMENNTIR**
**Saga um stelpu**
Kristín R. Thorlacius
Erla Sigurðardóttir
★★★★
Gott samhengi texta og mynda



Þrátt fyrir gríðarlegan fjölda myndabóka sem út koma ár hvert er furðanlega lítið af bókum þar sem samhengi milli texta og mynda er jafn gott og í Sögu um stelpu. Þær Kristín og Erla hafa mikla reynslu af barnabókaheiminum, Erla sem myndskreytir og Kristín bæði sem þýðandi og höfundur. Þessi reynsla skilar sér með skemmtilegri sögu um lítið atvik, sem mögulega henti höfundinn sjálfan. Saga um stelpu er bók fyrir krakka sem vilja lesa sjálfir eða heyra spennandi sögu sem er bara mátulega ógnvænleg.

**Hildur Heimisdóttir**

# Gjöf Jóns og Ingibjargar

Úthlutað hefur verið úr sjóðnum Gjöf Jóns Sigurðssonar. Að þessu sinni voru veittar tólf viðurkenningar fyrir samtals 6,5 milljónir króna.

Hæsti styrkurinn var 700.000 krónur sem fór til Jóns M. Ásgeirssonar og Þórðar Inga Guðjónssonar fyrir verkið Frá Sýrlandi til Íslands. Arfur Tómasar postula. Tómasarguðspjall, Tómasarkver, Tómas saga postula. Aðrir styrkir voru á bilinu 200 til 600.000 krónur. Meðal þeirra sem fengu 600.000 voru Sverrir Tómasson o.fl. fyrir útgáfu á Heilagramanna sögum; Margrét Eggertsdóttir fyrir Barokkmeistarann. Listir og lærdómur í verkum Hallgríms Péturssonar sem kom út í fyrra; Lára Magnúsardóttir fyrir rit sitt Bannfæring og kirkjuvald á Íslandi 1275-1550. Lög og rannsóknar-forsendur sem hún hlaut doktorsnafnbót fyrir; Hrefna Róbertsdóttir fyrir Wool and Society. Manufacturing Policy, Economic Thought and Local Production in 18th-century Iceland; Ragnheiður Kristjánsdóttir: Nýtt fólk. Þjóðerni og íslensk verkalýðsstjórnmál 1901-1944; Friðrik G. Olgeirsson fyrir tvö verk sín á liðnum misserum: Snert hörpu mína. Ævisaga Davíðs Stefánssonar frá Fagraskógi og Sáðmenn sandanna. Saga landgræðslu á Íslandi 1907-2007; Guðni Th. Jóhannesson fyrir Óvinir ríkisins. Ógnir og innra öryggi í kalda stríðinu á Íslandi; Jörgen Pind fyrir Frá sál til sálar: Ævi og verk Guðmundar Finnbogasonar sálfræðings.



**VÍSINDI** Arfur Jóns Sigurðssonar veitir árlega styrki til hugvísinda

Sjóðurinn var stofnaður samkvæmt erfðaskrá Ingibjargar Einarsdóttur, ekkju Jóns Sigurðssonar, 12. desember 1879. Sjóðurinn veitti um skeið allmörgum fræði- og vísindamönnum viðurkenningu fyrir vel samin vísindarit og styrkti útgáfu þeirra. Á úthlutun má ráða að menn eru enn á þeirri línu: Flest verkanna eru komin út og fela í sér frumrannsóknir á sviði hugvísinda. Árið 1974 ákvað Alþingi að efla sjóðinn með ákveðnu framlagi. Skal árleg fjárveiting til sjóðsins eigi nema lægri upphæð en sem svarar árslaunum prófessors við Háskóla Íslands.

Verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar er kosin af Alþingi. Í henni eiga nú sæti Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Jón G. Friðjónsson og Ragnheiður Sigurjónsdóttir.

**- pbb**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 19. desember 2008**

### Tónleikar

**17.00** Kimi Records og fatabúðin Vintage standa fyrir tónleikum í verslunni á Laugavegi 25 alla daga fram að jólum. FM Belfast spilar í dag.

**20.30** Bubbi Morthens verður með tónleika á 800 bar við Eyraveg á Selfossi. Á efnisskránni verður nýtt efni í bland við eldra. Húsið opnar kl. 20.

**21.00** Ife Tolentino heldur brasilíska hátíðartónleika Fríkirkjunni. Auk hans koma fram Ágústa Eva Erlendsdóttir, Ómar Guðjónsson, Davíð Þór Jónsson, Mattías M. D. Hemstock og Óskar Guðjónsson.

**21.00** Geir Harðarson og hljómsveit og Blússveit Þollýar leika á Café Rót í Hafnarstræti. Aðgangur ókeypis.

**22.20** Snatan: Ultra verður með tónleika á Bar 11 við Laugaveg. Enginn aðgangseyrir

**23.00** Tónleikar verða í Langholtskirkju við Sólheima þar sem kór kirkjunnar ásamt Gradualekórnum flytja jólalög. Einsöngvarar með kórnum verða Eivör Pálsdóttir, Ólöf Kolbrún Harðardóttir og Bragi Bergþórsson.

**23.00** Hjómsveitin Menn ársins spila á Dillon Rokkbar við Laugaveg.

**00.00** Sálin spilar á Players við Bæjarlind í Kópavoginum í kvöld.

**00.00** Janis Joplin Tribute Show með Bryndísi Ásmundsdóttur verður á Dillan Sportbar við Trönuhraun í Hafnarfirði. Húsið opnar kl. 23.

### Klúbbakvöld

**00.00** President Bongo úr GusGus og Casanova spila á Dátanum við Geislagötu á Akureyri. Húsið opnar kl. 23.00

### Opnanir

**21.00** Lost Horse Gallerý, Skólastræti 1, opnar á ný eftir breytingar. Þar opnar samsýning eftirfarandi listamanna: Davíð Örn Halldórsson, Guðmundur Thoroddsen, Harpa Dögg Kjartansdóttir og Alexander Zaklynsky.

### Uppákomur

**11.00** Jólasveinarnir koma við á Þjóðminjasafninu við Suðurgötu, alla daga fram að jólum. Í dag kemur Skyrgámur til byggða. Aðgangur ókeypis.

**12.34** Lifandi jóladagatal í Norræna húsinu við Sturlugötu. Í dag verður nýtjándi glugginn opnaður. Í gær var hljómsveitin Reykjavík! í glugganum. Hver skyldi vera þar í dag?

### Dansleikur

**23.00** Jólaball Háskólans verður á Nasa við Austurvöll þar sem fram koma FM Belfast, Who Knew og Gullfoss og Geysir. Húsið opnar kl. 23.

### Tónlist

**12.15** Sólveig Samúelsdóttir, messósópran, Sigurbjörn Bernharðsson fiðluleikari, Svava Bernharðsdóttir víóluleikari og Nína Margrét Grímsdóttir píanóleikari flytja tónlist eftir Johannes Brahms. Von, hús SÁÁ, Efstaleiti 7.

**20.30** Melkorka Ólafsdóttir flautuleikari og Guðrún Dalía Salómonsdóttir píanóleikari flytja tónlist eftir Gaubert, Debussy og Varese í Iðnó við Vonarstræti.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**

**Lánasjóður sveitarfélaga ohf. (LSS), kt. 580407-1100, hefur birt lýsingu vegna töku skuldabréfa félagsins til viðskipta hjá NASDAQ OMX Iceland hf.**

**Eftirfarandi skuldabréfaflokkur hefur verið gefinn út:**
Skuldabréfaflokkur að fjárhæð kr. 5.000.000.000 var gefinn út þann 26. mars 2008. Nafnverðseiningar eru kr. 10.000.000 og því er fjöldi bréfanna 500. Auðkenni flokksins er LSS 08 1 og verða bréfin tekin til viðskipta þann 19. desember 2008. Skuldabréfin eru verðtryggð og er verðtryggingin bundin vísitölu neysluverðs (VNV). Greitt er af bréfunum með jöfnum afborgunum á sex mánaða fresti ásamt föstum ársvöxtum 5,3%. Fyrsti vaxtagjalddagi var 26. september 2008 en vextir reiknast frá og með útgáfudegi skuldabréfanna þann 26. mars 2008. Lokagjalddagi skuldabréfanna er 26. mars 2034. ISIN númer bréfanna er IS0000017622.

Lýsinguna má nálgast á prentuðu formi hjá útgefanda, Lánasjóði sveitarfélaga ohf., Borgartúni 30, 105 Reykjavík og á vefsetri útgefanda, http://www.lanasjodur.is, í 12 mánuði frá dagsetningu tilkynningar þessarar.

Umsjónaraðili vegna töku bréfanna til viðskipta er Lánasjóður sveitarfélaga ohf.
19. desember 2008.

# BÓKMENNTAVERÐLAUN STARFSFÓLKS BÓKAVERSLANA

Starfsfólk
Bókmenntaverðlaun
2008
bókaverslana

*Til hamingju!*




## Ofsi

**BESTA ÍSLENSKA SKÁLDSAGAN**

„Meistaralega unnið verk."
★★★★★
Páll Baldvin Baldvinsson / Fréttablaðið




## Garðurinn

**BESTA ÍSLENSKA BARNABÓKIN**

„Það er hraði og spenna í þessari sögu."
★★★★
Soffía Auður Birgisdóttir / Morgunblaðið




## Bókaþjófurinn

**BESTA ÞÝDDA SKÁLDSAGAN**

„Til að gera langa sögu stutta þá er þessi bók algjör skyldulesning."
Jenný Anna Baldursdóttir / www.jenfo.blog.is




## Dýrin

**BESTA HANDBÓKIN/FRÆÐIBÓKIN**

Hrífandi og fræðandi lesning fyrir alla sem unna vandaðri umfjöllun um náttúruna.




3. sæti

## Skaparinn

**ÍSLENSKAR SKÁLDSÖGUR**

„... skyldulesning."
★★★★
Páll Baldvin Baldvinsson / Fréttablaðið




2. sæti

## Steindýrin

**ÍSLENSKAR BARNABÆKUR**

„Stórgóð Steindýr. Ærslafullt ævintýri ..."
★★★★
Kristján Hrafn Guðmundsson / DV




3. sæti

## Fíasól er flottust

**ÍSLENSKAR BARNABÆKUR**

„Einstaklega skemmtileg barnabók og vel skrifuð."
Kolbrún Bergþórsdóttir / Kiljan, Rúv




3. sæti

## Vatn handa fílum

**ÞÝDDAR SKÁLDSÖGUR**

„Stórkostleg bók."
Kolbrún Ósk Skaftadóttir / Eymundsson



2. sæti

## Ljósaskipti

**ÞÝDDAR BARNABÆKUR**

„Þegar vel er að verki staðið eru blóðsugubækur dásamleg skemmtun og í þessu tilfelli svínvirkar þetta allt saman."
Þórarinn Þórarinsson / Nýtt líf



2. sæti

## Hvert orð er atvik

**LJÓÐABÆKUR**

„Mögnuð ljóðabók sem hlýtur að teljast með bestu ljóðabókum höfundar."
★★★★★
Geir Svansson / Morgunblaðið



3. sæti

## Ljóð og myndir

**LJÓÐABÆKUR**

Ljóð Þorsteins frá Hamri og myndir Tryggva Ólafssonar í órofa heild.




2. sæti

## Íslenskar kynjaskepnur

**HANDBÆKUR/FRÆÐIBÆKUR**

Furðudýr íslensks þjóðsagnaarfs í máli og myndum.

GLEÐILEG BÓKAJÓL

FORLAGIÐ

JPV ÚTGÁFA / MÁL OG MENNING / IÐUNN / VAKA-HELGAFELL

# Finlandia-verðlaun veitt

Finlandia-verðlaunin eru virtustu bókmenntaverðlaunin í Finnlandi. Verðlaunin eru peningaverðlaun og fær verðlaunahafinn ríflega fjórar og hálfa milljón króna í sinn hlut. Í síðustu viku var tilkynnt að ung skáldkona, Sofi Oksanen, fengi verðlaunin í ár. Hún er af finnsk-eistnesku foreldri og er aðeins þrjátíu og eins árs en á að baki þrjár skáldsögur. Það er síðasta saga hennar, Puhdistus, sem er verðlaunuð. átakamikil saga um tvær konur, tvenna tíma. Önnur upplifir hernám Rússa í Eistlandi á þriðja áratugnum en hin er kynlífsþræll í Rússlandi okkar tíma. Er sagan metsölubók í Finnlandi og spratt upp úr leikverki sem sýnt var í finnska þjóðleikhúsinu í fyrra en skáldkonan var þá við nám í leikhúsfræðum í Helsinki.

Verðlaunasagan Puhdistus, eða Plágan, hefur nú verið seld til útgáfu í tíu löndum og talin verða til þess að Oksanen hljóti alþjóðlega viðurkenningu. Hún er alin upp í Finnlandi og hefur gefið út tvær aðrar sögur: Beljur Stalíns (2003) og Baby Jane (2005).



**BÓKMENNTIR** Sofie Oksanen sagnaskáld fékk Finlandia-verðlaunin í ár.





Þjóðleikhúsið
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

Leitin að jólunum
Þorvaldur Þorsteinsson
lau. 20/12 þrjár sýningar, uppselt
sun. 21/12 þrjár sýningar, uppselt
**Uppselt í desember!**

Sumarljós
Jón Kalman Stefánsson
leikgerð og leikstjórn Hilmar Jónsson
**Frumsýning 26. desember**

Hart í bak
Jökull Jakobsson
Verk sem snertir okkur öll.
★★★★ EB, FBL
**Sala hafin á sýningar í janúar**

Klókur ertu, Einar Áskell
Bernd Ogrodnik
Krúttleg brúðusýning fyrir yngstu börnin
**Sýningar í janúar komnar í sölu**

Kardemommubærinn
Sértilboð á gjafakortum
til áramóta.

Gjafakort
Þjóðleikhússins
er sígild gjöf sem gleður alla
www.leikhusid.is



GEFUM GÓÐAR STUNDIR


# Ber sinn prís með sóma

Ein athyglisverðasta ljóðabók ársins, frumleg og gjörhugsuð, smíðuð af hagleik og smekkvísi. Furðu þroskaður og víðfleygur skáldskapur – þetta er fyrsta „frumorta“ ljóðabók höfundar, en röddin er sjálfri sér ráðandi og öll vinnubrögð í senn framsækin og öguð. Hér kveður sér hljóðs ungt ljóðskáld með metnaðarfullt og ævinlegt erindi, ræðst af sýndarlítillæti sveitamannsins á garðinn þar sem hann er hæstur og kemst upp með það; svífur yfir á sígildum fjöðrum tveggja árþúsunda.

Bókin tvinnar saman frumort ljóð og þýðingar á brotum úr klassískum verkum, kvæðum (ástar-raunum) Katúllusar og Eneasarkviðu Virgils, tveggja latnesk/rómverskra höfuðskálda sem uppi voru á síðustu öld fyrir Krist – sem sjálfur kemur mikið við sögu í bókinni. Þá eru frumortu ljóðin rík af vísunum, tilvitnunum og skírskotunum í skáldskap, trúarbrögð og menningarsögu liðinna alda, beint og óbeint.

Bókin í heild er bundin saman þematískt; rauði þráðurinn frá upphafi til enda er ástin, ástarsamband og sambandsslit; harmur, kvöl og söknuður þess sem glatar stóru ástinni í lífinu, brottrekstur (skáldsins) úr aldingarði (ástarinnar). Bókin segir tvær „sambærilegar“ ástarsögur (og botnuð með þeirri þriðju, sem gefur hinum á kjaftinn) sem kallast á með fjölbreytilegum hætti og upplýsa hvor aðra; sögu Katúllusar & Lesbíu og sögu ljóðmælandans & Laíu. Elskhuginn (karlinn) í báðum tilfellum er skáld og gerandi ljóðanna í nútíð en á endanum skáldlegur þolandi og fórnarlamb. (Ást)konan er hins vegar „raunveruleg“ þótt hún sé passíf og í þátíð, sprettur úr alvörunni utan bókar með áþreifanlegu fangamarki og „raunverulegri“ ógn sem sigrar tíðir skáldskaparins og takmörk hans í bókarlok (með aðstoð Virgils og Dídó). Paradís er ekki bara undir plasti (í plati). Samsvaranir og innri tilvísanir sagnanna tveggja og persóna þeirra eru smíðaðar af mikilli fimi og ljá bókinni ísmeygilega framvindu. Tilvitnunin í Pound í upphafi gefur lesandanum t.d. strax óvænt (næstum óþægilega spennandi) og mjög írónískt sjónarhorn á klassíska ofur-lýríkina, svarar (næfri) upphafsspurningu Katúllusar (áður en hann spyr) með nútímalegum hryssingi („drab/dækja“) sem mælandinn sjálfur verður að mæla gegn (kveða niður) í „sinni“ sögu með jafnvígum skáldskap svo Laía njóti sannmælis að endingu og lesandinn finni til með henni í eigin skinni.



**BÓKMENNTIR** Magnús Sigurðsson skáld á bæði smásagnasafn og ljóðabók á markaði þessi jólin.

**BÓKMENNTIR**
**Fiðrildi, mynta og spörfuglar Lesbíu**
Magnús Sigurðsson
Uppheimar
★★★★
Þetta er verðlaunabók og ber þann prís með sóma.

Eftirtektarvert er líka hvernig skáldið beitir sviðsetningum og tíðum í eigin ljóðum sem ríma við rómarskáldin, tilgreinir jafnan stað og stund, umhverfir víða tímanum innan ljóðsins og sjónarmiði þess um leið – teflir saman því sem liðið er og er núna, magnar þann tíðaárekstur hvað eftir annað; yrkir (um) ástina í þáliðinni- og skildagatíð, sviðsetur atvik og sér fyrir sér tilstand sem hefði getað, gæti eða myndi geta gerst … ef. Allt er skilyrt. „Ef“ er eins konar elti-stef eða jafnvel lykilorð bókarinnar, gott ef ekki spurn, tilbrigði við söknuð og sorg. „Hvar hefðu dagar lífs míns/ ef ég væri Jesús“/ o.s.frv. Lesandinn svarar.

Bókin gefur hins vegar svar við spurningunni hvað er sígilt efni og hvers vegna. Eftirtektarvert er t.d. hvernig (heiðið) kvæði Katúllusar um hreinlyndi og flekklaust líf (LXXVI) kveðst fallega á við 24. Davíðssálm – einnig Sókrates, Hávamál, Krist, Lilju og Hallgrím, sem dæmi. Eða hvernig vesturheimskur Brett kallast á við Egil Skalla, KN og póstmódern ísl-ensku úr fortíð og framtíð nýja-íslands þar og hér (29).

**Sigurður Hróarsson**

# Bentu á þann…

Það er látlaust suðað í manni þessi dægrin: hver er besta bókin í ár? Rétt eins og lesnir textar undanfarnar vikur raði sér í einhvern hitt-lista í hausnum á manni ósjálfrátt. Ekkert er afkastamiklum og skyldugum lesanda fjær. Útgefnir textar á þessum árstíma eru með svo miklum blóma og fjölskrúðugir að þeir deilast í margar óskyldar deildir. Verst að íslenskur bókaiðnaður skuli þeim örlögum bundinn að moka úr húsum í stað þess að dreifa útgáfu víðar. Þeim örlögum fylgir forn bölvun: þeim var ekki skapað nema að skilja og þá er átt við njótendur, notendur og útgefin verk. Margt fer utan garðs í þessari hríð.

Ný skáldsaga eftir Steinar Braga, Konur, hefur þannig ekki notið athyglinnar þótt um hana hafi á síðustu sólarhringum fallið gott safn lofsyrða. Konur er nútímalegur tryllir, sálfræðilega vel undirbyggð saga sem grípur inn á mörg svið hugveruleika okkar. Fyrst er að nefna velsældina sem smýgur um allt er hefur brátt vistaskipti í hugmyndaheiminum. Síðan er það sala kvenímyndarinnar og gernýting kvenlíkamans til fróunar karl- og kvenkyninu. Þá er það hin slungnu og á tíðum mótsagnakenndu tengsl listar og lífs, markaðar og sköpunar. Heví stöff segir einhver. En þetta er ekki einföld saga.

Spennandi? Rosalega spennandi og sögð af mikilli list höfundar sem byrjar sakleysislega en leiðir síðan lesanda sinn laumulega á refilstigu sem á endanum vekja viðbjóð, ofboð, inn í heim sem er sárakunnuglegur í upphafi en hverfist svo í hugveru sem þenur sig af miklu ofnæmi út fyrir öll mörk og kemur á endanum illa bæði við sálartötrið og ekki síður líkamlega við lesanda. Þetta er tvímælalaust áhrifamesta verk sem komið hefur út hér á landi í langa tíð og er eins og bent hefur verið á opinberlega samið af stærri lífsskynjun en flestallt annað sem hér er sett saman.

Ég dreg enga dul á að þetta er spennusaga, tryllir, hugmyndarýni, heimsádeila og að auki ljóðrænn texti spunnin fram af hyggindum og fáguðum smekk. Þess vegna dettur mér ekki í hug að segja meir frá þræði verksins en þetta: Ung kona snýr heim til Íslands og sest að í íbúð við Sæbrautina sem hún hefur fengið að láni. Hún á að baki góða menntun, brotið ástarsamband og föður sem er ekkjumaður í fjarlægu landi. Sagan rekur örlög hennar…

**Páll Baldvin Baldvinsson**

**BÓKMENNTIR**
**Konur**
Steinar Bragi
Nykur
★★★★★
Magnaðasta sendingin í ár






**BÓKMENNTIR** Steinar Bragi skáld.


Sannleikurinn
Gamanleikur í 7 hlutum með Pétri Jóhanni Sigfússyni
Gefðu hinn raunverulega sannleika lífsins í jólagjöf.
Kauptu gjafakort fyrir 2 á sérstöku kynningarverði á Sannleiksbásnum í Kringlunni. Almenn miðasala hefst eftir jól.
Forsala á Sannleiksbásnum í Kringlunni, 2. hæð suðurhúsi. Gjafakortin kosta 5.998 kr. fyrir 2 eða 2.999 kr. á mann og gilda á 12 fyrstu sýningarnar.
Sýningar hefjast 6. febrúar nk. í Borgarleikhúsinu. Framleitt af 3 Sagas & Helga Hermannssyni í samvinnu við Borgarleikhúsið.
3 SAGAS
Borgarleikhúsið
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

> **ALDREI HOLLYWOOD**

Harry Potter-stjarnan **Emma Watson** hefur lýst því yfir að hún ætli sér aldrei að flytja til Hollywood. Ástæðan: jafnöldrur hennar í bransanum eru illa innrættar. „Ég hlakka yfirleitt mikið til að fara til Kaliforníu og leika í kvikmynd. Veðrið þarna er frábært og allir voðalega heilbrigðir. En ég gæti aldrei búið þarna. Jafnöldrur mínar eru með alltof mikla stjörnustæla,“ sagði Watson.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Affleck og Jagger gera stuttmynd

Bandaríski leikarinn og leikstjórinn Ben Affleck og Stones-goðsögnin Mick Jagger hafa sett af stað gerð stuttmyndar um þann ógnarvanda sem steðjar að flóttamönnum í lýðveldinu Kongó. Myndin dregur nafn sitt af Stones-laginu fræga Gimme Shelter frá árinu 1969 sem var einmitt samið um Víetnamstríðið.

Affleck leikstýrir myndinni en tökur á henni fóru fram í héraðinu Norður-Kivu en íbúar á svæðinu hafa flúið bardaga milli kongóskra hermanna og uppreisnarliða. Sameinuðu þjóðirnar áætla að rúmlega ein milljón manna sé á flótta í landinu. „Ég er virkilega snortinn yfir því að fá tækifæri til að sýna þann hversdagsleika sem flóttamenn þurfa kljást við,“ sagði Affleck í samtali við BBC. „Mig langaði bæði til að sýna fólki hvernig það er að vera flóttamaður í eigin landi en líka fanga eitthvað sem fólk hefur ekki séð áður,“ bætti Affleck við.



**GERA SAMAN HEIMILDARMYND** Ben Affleck og Mick Jagger eru að gera saman stuttmynd um ástandið í Kongó. Myndin dregur nafn sitt af Stones-laginu fræga Gimme Shelter.

# *Sálin heiðrar Rúnar*

Sálin hans Jóns míns ætlar að sljúka þessu heljarmikla afmælisári með nokkrum tónleikum sitthvoru megin við aðfangadag. Í kvöld verður bandið á Players í Kópavogi en í Sjallanum á Akureyri á laugardagskvöldið, með viðkomu í Hagkaupum á Akureyri, hvar Sálverjar árita verk sitt Hér er draumurinn á milli kl. 17 og 18.

Á milli jóla og nýárs leikur bandið annars vegar á 800 Bar á Selfossi á annan í jólum og hins vegar í Officera-klúbbnum á Keflavíkurflugvelli laugardagskvöldið 27. desember. Giggin á milli jóla og nýárs verða tileinkuð minningu Rúnars Júlíussonar, en Stefán Hilmarsson hlaut eldskírn sína í hljóðveri á Skólaveginum hjá Rúnari haustið 1986 þegar Sniglabandið tók þar upp sína fyrstu skífu. Sálverjar ætla að heiðra minningu Rúnars með því að flytja nokkur lög sem hann hljóðritaði á sínum ferli. Mjög sjaldgæft er nú að Sálverjar flytji tökulög en áður en lagasafn bandsins varð jafnþykkt og það er í dag var stundum talið í lag Rúnars, „Vilji Sveins“, sem upphaflega kom út með Ðe lónlí blú bojs. **- drg**



**SLÚTTA AFMÆLISÁRINU** Sálin verður á þeytingi um hátíðarnar.




Eigum til á lager Slide Back rúm
tilbúin til afgreiðslu strax



Opið:
lau. 20. des. 11:00 – 18:00
sun. 21. des. 13:00 – 18:00

Kíktu á nýja og uppfærða heimasíðu:
www.lur.is

LÚR BETRI HVÍLD
LÚR - BETRI HVÍLD
HLÍÐASMÁRI 1 • 201 KÓPAVOGUR
SÍMI 554 6969 • FAX 554 3100
WWW.LUR.IS • LUR@LUR.IS

# LOPEZ Á BARMI SKILNAÐAR

**Bandarískir fjölmiðlar telja nokkuð víst að hjónaband Jennifer Lopez og Marcs Anthony standi á brauðfótum. Parið reyndi að slá á allar kjaftasögur með því að birtast opinberlega í vikunni en það bragð virðist ekki hafa sannfært neinn.**

Sögusagnirnar fóru fyrst á kreik þegar Jennifer Lopez mætti ein til frumsýningar á kvikmyndinni The Curios Case of Benjamin Button með Brad Pitt í aðalhlutverki. Mynd birtist á forsíðu US Weekly með fyrirsögninni „Hringurinn er horfinn“. Skömmu síðar fóru að berast skrautlegar sögur af djammlíferni Marcs Anthony. Til hans sást á bar þar sem hann setti það ekki fyrir sig að bjóða þremur stúlkum upp á drykk og fá þær síðan yfir á básinn sinn. Að sögn sjónarvotta kunni Anthony félagsskapnum ansi vel og lét vel að einni stúlkunni. Talsmaður hjónanna vísaði öllum sögusögnum á bug og sagði að allt væri í hinmnalagi hjá hjónakornunum, hann hefði bara farið út með „félögunum“ og hún með „vinkonum“ sínum.

Hins vegar ku Jennifer vera að leggja á ráðin um að koma ferli sínum aftur á flug eftir mögur ár. Daily Mail greinir frá því að hún sé búin að fá nóg af daðri eiginmannsins og ráðríki hans. Hann hafi viljað múlbinda hana og það hefur vakið athygli að Jennifer sýnir ekki jafnmikið hold og forðum daga á opinberum vettvangi. Þá hefur flottum og fínum bílum verið skipt út fyrir hefðbundnari farartæki. Að sögn Daily Mail þráir Jennifer ekkert heitar en að komast aftur í sviðsljósið og hvort það verður með Marc Anthony eða ekki verður tíminn einn að leiða í ljós.



**RÁÐRÍKUR EIGINMAÐUR** Marc Anthony er sagður ráðríkur eiginmaður sem elskar að daðra við ókunnugar konur og er Lopez sögð vera búin fá sig fullsadda af framkomu hans.

# Bossanova í Fríkirkjunni

„Jú, jú, þetta er næturklúbbamúsík en Fríkirkjan er einstaklega skemmtilegur tónleikastaður. Þó ölið flæði ekki. En þetta er svo snemma. Maður drífur bara fólkið með sér eitthvert annað í allsherjarpartí eftir tónleika,“ segir Óskar Guðjónsson saxófónleikari.

Í heimsókn hjá Óskari og félögum er nú staddur brasilískur vinur og tónlistarmaður, Ife Tolentino, sem spilar á gítar og syngur. Vitanlega er talið í konsert. Þar verður leikin brasilísk tónlist, bossanova, xoto og baio-ryþmar munu leika um sali Fríkirkjunnar í kvöld frá klukkan níu.

Ife er alsæll með Ísland, hefur komið hingað reglulega frá árinu 2002 en er hér fyrsta sinni að vetrarlagi. Honum líst vel á sig og kann að svara spurningunni: How do you like Iceland?

„I love the people, the food, the musicians, the wheather …“ allt rétt hjá Ife.

Óskar segist því miður ekki hafa komið til Brasilíu, það hafi staðið til að fara í nóvember en þær fyrirætlanir breyttust. „Með krónunni. Þegar hún fór á sitt frábæra flug… niður á við.“

Með Óskari og Ife spila Ómar bróðir Óskars, Davíð Þór á hljómborð, Matthías Hemstock á trommur og Ágústa Eva syngur bæði á portúgölsku og íslensku.

„Og gerir það guðdómlega vel,“ segir Óskar.



**IFE OG BRÆÐURNIR** Brasilískir tónar óma um Fríkirkjuna í kvöld þegar Ómar og Óskar Guðjónssynir spila með Ife Tolentino. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

En hún er einmitt mágkona þín eins og fram hefur komið?

„Nei.“

Nú? En … er hún þá kærastan þín?

„Nei, ekki heldur.“

Hvaða vitleysa er þetta þá?

„Ég bara, hef ekki hugmynd,“ segir Óskar. **- jbg**

# ARNALDUR SLÆR EIGIÐ SÖLUMET!




METSÖLULISTI FÉLAGSVÍSINDASTOFNUNAR
17. DESEMBER 2008

METSÖLULISTI EYMUNDSSON
17. DESEMBER 2008

BÓKIN ER PRENTUÐ Á ÍSLANDI

*„Mjög sannfærandi flétta og óvæntur endir.“*
PÁLL BALDVIN BALDVINSSON, KILJAN, RÚV

*„... einn af þéttustu krimmum Arnaldar.“*
★★★★
ÞRÖSTUR HELGASON, MORGUNBLAÐIÐ

*„Ég mæli hiklaust með henni.“*
KATRÍN JAKOBSDÓTTIR, MANNAMÁL

*„Arnaldur bregst ekki lesendum sínum fremur en fyrri daginn.“*
ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON, DV

*„Glæpasagnahöfundur í heimsklassa.“*
THE SUNDAY TIMES, 14. DES. 2008

*„Arnaldur Indriðason er fremstur norrænna sakamálahöfunda.“*
THE TIMES



Með *Myrká* hefur **ARNALDUR INDRIÐASON** slegið sitt eigið sölumet frá í fyrra:

**Aldrei í Íslandssögunni hefur meira selst af einni bók á jafn skömmum tíma!**

Risaprentun haustsins er nú á þrotum en í Odda keppast menn við að prenta enn fleiri „Arnalda“ til að anna þessari ótrúlegu eftirspurn.

VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is

# Ekki klár í Mandela

Will Smith segist ekki vera nógu mikið karlmenni til að leika fyrrverandi forseta Suður-Afríku, Nelson Mandela. Orðrómur hefur verið uppi um að Smith muni leika Mandela í nýrri mynd um ævi hans en Smith virðist ekki tilbúinn í verkefnið. „Ég er alveg örugglega ekki nógu góður leikari enn þá. Þetta er mikil áskorun og ég verð að leggja mig allan fram. Ég þarf að tryggja að allt sem ungur náungi frá Fíladelfíu hafi fram að færa til leiklistarinnar skili sér.“

Smith hefur áður leikið hnefaleikakappann Muhammad Ali og fékk fyrir það tilnefningu til Óskarsverðlaunanna. Hann hlaut einnig Óskarstilnefningu á síðasta ári fyrir The Pursuit of Happyness.



**WILL SMITH** Segist ekki vera tilbúinn til að leika sjálfan Nelson Mandela.

# *Doubt með fimm tilnefningar*

Kvikmyndin Doubt, sem gerist í kaþólskum skóla, hlaut flestar tilnefningar til Screen Actors Guild-verðlaunanna, eða fimm talsins. Þar af fengu bæði Meryl Streep og Philip Seymour Hoffman tilnefningar sem bestu aðal- og aukaleikararnir.

Hinn sálugi Heath Ledger var tilnefndur sem besti leikarinn í aukahlutverki fyrir túlkun sína á Jókernum í The Dark Knight.

Doubt hlaut einnig tilnefningu fyrir besta leikaraliðið og etur þar kappi við myndirnar The Curious Case of Benjamin Button, Frost/Nixon, Milk og Slumdog Millionaire.

Kate Winslet hlaut tvær tilnefningar, annars vegar fyrir aðalhlutverk sitt í Revolutionary Road og hins vegar fyrir aukahlutverk í The Reader. Aðrar leikkonur tilnefndar í aðalhlutverkum voru: Anne Hathaway fyrir Rachel Getting Married, Angelina Jolie fyrir Changeling og Melissa Leo fyrir Frozen River.

Í flokknum besti aðalleikarinn voru tilnefndir: Richard Jenkins fyrir The Visitor, Frank Langella fyrir Frost/Nixon, Sean Penn fyrir Milk, Brad Pitt fyrir The Curious Case of Benjamin Button og Mickey Rourke fyrir The Wrestler.

Samtök leikara í Hollywood standa á bak við Screen Actors Guild-verðlaunin, sem verða afhent 25. janúar.



**DOUBT** Meryl Streep var tilnefnd sem besta aðalleikkonan fyrir hlutverk sitt í Doubt.



**SNATAN: ULTRA** Baldur Björnsson, Úlfur Hansson og Guðmundur Óli Pálmason.

# Í kreppujólafílingi

Hljómsveitin Snatan: Ultra ætlar að vera í mergjuðum kreppujólafílingi um helgina. Spilar í kvöld á Bar 11 ásamt DLX ATX og á Café Amsterdam á laugardagskvöldið, sem hluti af Andkristnihátíðinni. Sveitin varð til á haustdögum 2005 og spilar tilraunakennda blöndu af raftónlist og svartmálmi. Í Snatan: Ultra eru Baldur Björnsson, sem einnig er þekktur sem raftónlistarmaðurinn Krakkbot, Guðmundur Óli Pálmason, sem trommar með Sólstöfum, og Úlfur Hansson, sem er betur þekktur sem raftónlistarmaðurinn Klive. Þótt tónlist Snatan: Ultra sé í niðurdregnari kantinum fæst sveitin við fegurð og gleði í textagerð sinni.

# Ruffalo var myrtur

**Krufning hefur leitt í ljós að hárgreiðslumaðurinn Scott Ruffalo, bróðir leikarans Marks, var skotinn til bana. Fyrst var talið að hann hefði skotið sig í höfuðið eftir rússneska rúllettu en það reyndist ekki rétt.**

**Enginn er í varðhaldi lögreglu vegna málsins. Saha Mishaal Adham var handtekin áður en Ruffalo lést á sjúkrahúsi en var síðar sleppt lausri þar sem talið var að hún ætti enga sök að máli.**

**Leikarinn Mark Ruffalo er meðal annars kunnur úr Zodiac.**

# Pönkið gengur í erfðir

**Guðjón Heiðar Valgarðsson henti snjóbolta í Jón Ásgeir Jóhannesson fyrir utan 101 Hótel á miðvikudaginn. Heimasíðan hans logaði í athugasemdum í kjölfarið, annaðhvort á þá leið að hann væri hetja eða skúrkur.**

„Strákurinn er búinn að vera aktífur í mótmælunum sem mér finnst bara hið besta mál,“ segir pabbi hans, Valgarður Guðjónsson, Valli í Fræbbblunum. „Mér finnst hann reyndar hafa sett stóru tána aðeins yfir strikið með snjóboltakastinu því hann hefur ekki hent neinu fyrr. Bara staðið til hliðar og látið heyra í sér. Ég vil endilega að hann haldi því áfram, án þess þó að grípa til ofbeldis, hversu lítið sem það er.“

„Mér datt nú aldrei í hug að það yrði gert svona mikið mál út af þessu,“ segir Guðjón. „Þetta var nú ekki þannig að ég hafi legið í leyni með helfrosinn snjóbolta. Ég spurði Jón bara hvort hann stæði á bak við ritskoðun í DV og þegar hann labbaði í burtu án þess að virða mig viðlits greip ég snjó af götunni og henti í hann. Ég lít ekki á þetta sem ofbeldi, miklu frekar sem háðsádeilu, og fólk má alveg kalla hana barnalega ef það vill. Ég vil ekki að fólk setji alla mótmælendur undir einn hatt. Slíkt byggir á sömu rökvillu og rasismi. Ég hlýt að mega mótmæla á minn hátt án þess að allir mótmælendur á Íslandi séu dæmir af því.“

Guðjón hefur skrifað bókina The Bible for a New World Order og bendir þar á ýmsar lausnir. Hann segist ekki sjá hvenær tímabært verður að hætta mótmælunum. „Það er langur listinn af því sem þarf að gerast, en þeir sem klúðruðu málunum þurfa að minnsta kosti að stíga niður.“

Þótt pabbi Guðjóns hafi sjokkerað suma samborgara sína með Fræbbblunum í byrjun níunda áratugarins henti hann aldrei snjóbolta í Albert Guðmundsson. „Það er rétt, ég var aldrei í svona,“ segir Valli. „Við Guðjón erum oft ósammála, en eins og ég segi; mér finnst gott að hann láti heyra í sér. Ég hef sjálfur margoft mætt niður á Austurvöll, enda gengur mikið á þessa dagana. Fólk sem hingað til hefur ekki tjáð sig um þjóðfélagsmál er byrjað á því. Það er mikil óánægja og reiði í loftinu.“

drgunni@frettabladid.is







**PABBI ER ÁNÆGÐUR**

**Guðjón Heiðar**, hér að neðan, spilar rokk með hljómsveitinni Palindrome og hefur troðið upp með Fræbbblunum. Pabbi hans er **Valli** í Fræbbblunum sem er hér að ofan. **Jón Ásgeir Jóhannesson**, til vinstri, varð fyrir snjóbolta **Guðjóns Heiðars** á miðvikudaginn.



**FRUMSÝNA NÝTT MYNDBAND** Retro Stefson verða í jólagleði Rafskinnu í Vintage á morgun.

# Lifandi tónlist í Vintage

Fatabúðin Vintage hóf starfsemi sína sem uppboðsverslun með notuð föt á Myspace, en þegar salan fór að aukast flutti búðin í húsnæði á Laugavegi 25. Þar voru dótabúðirnar Leikbær og Liverpool áður til húsa. Til jóla heldur Kimi-útgáfan tónleika í búðinni og býður upp á geisladiska á jákvæðu verði. Þegar hafa Reykjavík!, Morðingjarnir og Hellvar spilað í búðinni en í dag kl. 17.30 er komið að stuðboltunum í FM Belfast. Á morgun kl. 18 standa Retro Stefson og sjónritið Rafskinna fyrir jólagleði.

Á sunnudaginn kl. 18 er komið að hinni hugljúfu sveit Pikknikk, á mánudaginn verða Hjaltalín í búðinni kl. 20, en á Þorláksmessu kl. 18 ætlar Terrordisco að koma mannskapnum í sveittan jólafíling. **- drg**



**HÖGNI Í HJALTALÍN** Hljómsveitin vinsæla tekur þátt í gleðinni í Vintage á Laugavegi.






# Fengu fólk til að tjá sig

„Við sögðum fólki ekki að skrifa meðvitað um ástandið,“ segir Anna Rakel Róbertsdóttir, nemandi á öðru ári í grafískri hönnun við Listaháskóla Íslands, um verkefni sem hún vann með samnemendum sínum í gær. „Við gerðum þetta í fyrra og fengum þá starfsfólk verslana á Laugaveginum til að teikna eitthvað úr umhverfi sínu á stuttum tíma og skrifa einhver hlý skilaboð. Núna var hugmyndin hins vegar að gera þjóðfélagskönnun á því hvað sé að gerast í huga fólks ómeðvitað og fengum til þess bæði starfsfólk og gangandi vegfarendur í miðbænum, því ég held að það sem er að gerast í þjóðfélaginu sé ómeðvitað til staðar í huganum á okkur,“ útskýrir Anna Rakel.

„Við gerðum þetta allt á einum degi. Byrjuðum að gera auglýsinga-„flyera“ klukkan níu um morguninn, fórum svo niður í bæ og fengum fólk til að teikna og skrifa á blöð. Þegar við vorum komin með nógu mikið skönnuðum við þetta inn og bjuggum til veggspjöld sem við fórum með í prentun hjá Pixel, sem styrktu okkur núna og í fyrra. Sýning á þeim hófst svo klukkan 20 á Prikinu í gær svo fólk gat séð afraksturinn strax í lok dags,“ bætir hún við.

„Við gáfum sýningargestum einnig tækifæri til að tjá sig með því að skrifa póstkort til ríkisstjórnarinnar, Davíðs eða hvers sem það vildi, sem við ætlum svo að keyra út til viðkomandi. Þetta eru þögul mótmæli og þeir sem fá kort geta þá setið í rólegheitum og lesið hvað við í þjóðfélaginu höfum að segja,“ segir Anna Rakel. **- ag**



**SKRIFAÐ OG TEIKNAÐ** Anna Rakel og samnemendur hennar fengu starfsfólk og gangandi vegfarendur í miðbænum til að tjá líðan sína í máli og myndum sem sýndar voru á Prikinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


DVD
í Skífunni!
100%
ÍSLENSKT
S·K·Í·F·A·N
Laugavegi · Kringlunni · Leifsstöð
www.skifan.is
Bjarni Haukur er
Pabbinn
„Gargandi snilld!"
BRÚÐGUMINN
EIN VINSÆLASTA LEIKSÝNING ALLRA TÍMA!
LADDI
6-TUGUR
GOSI
GEFÐU SKEMMTILEGA ÍSLENSKA JÓLAGJÖF
ALGJÖR SVEPPI
Gott kvöld
SVARTIR ENGLAR
ALLIR 6 ÞÆTTIRNIR Á 2 DISKUM
HJÁLPFÚS
Ríkið
DAGVAKTIN
Jólasveinarnir í Dimmuborgum
ÓBORGANLEGIR FÓSTBRÆÐUR Á DVD!
FÓSTBRÆÐUR
NÆTURVAKTIN
10bestu
ALLIR TÍU ÞÆTTIRNIR Á TVEIM MYNDDISKUM
STIKKFRÍ
DUGGHOLUFÓLKIÐ
Rokk í Reykjavík
KALDALJÓS
Börn náttúrunnar
Englar alheimsins
Bíódagar
Djöflaeyjan

# Unglingsstúlka fellur fyrir vampíru



Twilight segir frá stúlkunni Bellu sem flytur úr stórborginni til smábæjar í Bandaríkjunum til að lifa þar með föður sínum. Hún er einfari að eðlisfari, en eignast fljótt vini í nýja skólanum hennar. Allt breytist þó þegar hún kynnist hinum leyndardómsfulla Edward og verður fljótt ástfangin af honum, en hann er ásamt fjölskyldu sinni vampíra.

Twilight byggir á unglingabókum sem hafa notið fádæma vinsælda vestanhafs og kvikmynd þessi sló í kjölfarið öll met í miðasölu. Það er þó greinilegt að galdur bókanna hafa ekki skilað sér á hvíta tjaldið því Twilight er óskaplega ómarkverð og daufleg mynd. Í kjarna hennar er hún ástarsaga fyrir unglinga sem blandast við vampíruþemað, og myndin stígur í sjálfu sér ekki mörg feilspor. En hún silast lúshægt áfram í drykklanga stund áður en nokkuð af viti fer að gerast og lokahnykkurinn, sem hefur illa útfærðan hasar, reynist ekki biðarinnar virði.

En rómantík er þetta fyrst og fremst og aðalleikararnir reyna hvað þeir geta til að halda þessu uppi; þau Kristen Stewart og Robert Pattison. Það leynir sér ekki að myndin teygir lopann mjög með þunnum efnivið og nær algjörlega útreiknanlegum söguþráð, og er þegar öllu er á botninn hvolft líkt og langur sjónvarpsþáttur. **Loftur Ingi Bjarnason - Topp5.is**

**KVIKMYNDIR**

**Twilight**

Leikstjóri: Catherine Hardwicke.
Aðalhlutverk: Kristen Stewart og Robert Pattison.

★★

Fremur þunnur efniviður og fyrirsjáanlegur söguþráður.


Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni




Fréttablaðið stendur upp úr
Höfuðborgarsvæðið 18-49 ára. Capacent ág-okt 08

Notaðu mest lesna blað landsins
til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina
Áhugasamir auglýsendur vinsamlegast hafið samband
í síma 512 5448 | orn.geirsson@365.is
Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni

FRÉTTABLAÐIÐ


# Eurovisionlögin að verða klár

**Óðum styttist í Eurovision. Fréttablaðið tók púlsinn á lögunum í íslensku undankeppninni.**

Söngvakeppni Sjónvarpsins 2009 hefst laugardagskvöldið 10. janúar 2009. Ragnhildur Steinunn sér um fjóra undanúrslitaþætti þar sem fjögur lög keppa um hylli símakjósenda í hvert skipti. Tvö lög fara áfram eftir hvert kvöld í úrslitaþáttinn 14. febrúar. Þar keppa átta lög um að komast til Rússlands og verður sigurlagið tuttugasta og annað Eurovisionframlag Íslands. Úrslitakeppnin fer fram í Moskvu 16. maí, en fyrst þarf íslenska lagið að komast í gegnum forkeppnina í vikunni áður. Tvær forkeppnir verða haldnar eins og síðast.



**JÓHANNA GUÐRÚN** Syngur annað lag Óskars Páls.



**HALLA VILHJÁLMS** Syngur lag Trausta Bjarnasonar.

**Tannlæknir og geðlæknir**

Alls bárust 217 lög í ár. Nefnd valdi 15 lög, en til viðbótar var Örlygi Smára, sigurvegara síðustu keppni, boðið að taka þátt. Tólf lagahöfundar sluppu í gegn og þrír þeirra fengu grænt ljós á tvö lög hver.

Lagahöfundarnir hamast nú við að leggja lokahönd á lögin og flestir hafa valið söngvara. Óskar Páll Sveinsson á tvö lög í keppninni og fær Jóhönnu Guðrúnu og Seth Sharp til að flytja þau. Óskar hefur ekki samið lög í Eurovision áður en útsett og tekið upp mörg lög í keppnina, þar á meðal norska sigurlagið frá 1995. Hann er því í raun eini Íslendingurinn sem hefur unnið Eurovision.

Hallgrímur Óskarsson á tvö lög. Hann fékk X-factor sigurvegarann Jógvan til að syngja annað þeirra, en segir það skýrast á allra næstu dögum hver syngur hitt. Hallgrímur hefur margoft sent lög til keppni og samdi sigurlagið sem Birgitta Haukdal söng árið 2003.

Tannlæknirinn Heimir Sindrason semur tvö lög. Klara Ósk úr Nylon mun syngja annað lagið en Heimir hefur ekki fastákveðið hver muni flytja hitt lagið. Annar læknir er með í ár, Grétar Sigurbergsson geðlæknir. Lagið hans er róleg ballaða. Endanlegur söngvari liggur ekki fyrir en prufur standa yfir. Grétar átti síðast lög í Eurovision árið 2001.

**Ísafold og Bermúda**

Erla Gígja Þorvaldsdóttir er eina konan sem á lag í keppninni í ár. Erla er elst keppenda og er komin langt að sjötugu. Hún er Skagfirðingur og hefur tekið þátt í dægurlagakeppnum Kvenfélagsins og Húnalögunum. Elfa fær unga söngkonu, Hreindísi Ylvu Garðarsdóttur til að syngja lagið sitt.

Djasstrommarinn Einar Scheving komst í gegn með sitt fyrsta lag sem hann sendi til keppni. Hann á enn eftir að velja söngvara, en segir lagið lágstemmt og friðsælt.

Trausti Bjarnason komst nálægt sigri árið 2006 þegar lagið hans sem Regína Ósk söng tapaði fyrir Sylvíu Nótt. Nú fær hann Höllu Vilhjálmsdóttur til að syngja lagið sitt. Lagið er kraftmikið rokkpopp og Halla samdi textann.

Einar Oddsson náði fjórða sæti árið 2001 en bindur nú vonir við lag sem hann hefur fengið tvær söngkonur til að syngja, þær Guðrúnu Lísu, áður í Ísafold, og Erlu Hrönn, áður í Bermúda.



**JÓGVAN** Syngur annað lag Hallgríms Óskarssonar.

**Leitað til afkvæma**

Valgeir Skagfjörð slær þjóðlegan tón í sínu framlagi. Valgeir hefur átt nokkur lög í gegnum árin og fær dóttur sína, Ólöfu Jöru, til að syngja lagið. Ólöf er 19 ára og hefur getið sér gott orð í Verslunarskólasöngleikjum.

Torfi Ólafsson teflir einnig fram afkvæmum sínum, bræðrunum Sverri Baldri og Ólafi. Þeir ásamt Arnari Jónssyni og Edgar Smára, áður í Lúxor, munu sitja á barstólum og syngja lag Torfa, sem hann segir í notalegum Eagles-fílingi.

Albert G. Jónsson tók síðast þátt 2003 og lenti í þriðja sæti á eftir Birgittu og Botnleðju. Hann hefur fengið söngkonuna Kaju til að syngja lagið sitt sem hann segir nútímalegt og hresst.

Halldór Guðjónsson er sjóaður í dægurlagakeppnum, átti til að mynda síðasta Ljósanæturlag. Þetta er þó í fyrsta skipti sem hann á lag í úrslitum Eurovision. Lagið, sem hann segir vera kraftballöðu, syngur Heiða Ólafsdóttir, oft kennd við Idol.

Örlygi Smára var boðið að taka þátt og kom því seinastur inn. Hann segist nýbúinn að semja lagið og hefur ekki enn ákveðið hver syngur það. Veit ekki einu sinni hvort það verður karl eða kona.

drgunni@frettabladid.is



**KLARA ÓSK**
Syngur lag Heimis Sindrasonar.


Áritanir í Skífunni Laugavegi í dag

Ragnar Zolberg, Dr.spock og Motion Boys spila og árita í Skífunni Laugavegi 26 í dag




Ragnar Zolberg kl. 16:30




Dr. Spock kl. 17:30




Motion Boys kl. 18:30

S·K·Í·F·A·N
Nýtt upphaf!
Laugavegi · Kringlunni · Leifsstöð
www.skifan.is

# KK svona eru menn




2. upplag á þrotum
3. UPPLAG VÆNTANLEGT

★★★★★

„MEISTARAVERK“

„Mjög fín plata.“

DR. GUNNI / MANNAMÁL, STÖÐ 2

„Hreinasta afbragð ... KK er hér einfaldlega í toppformi ... það verður vart nokkur svikinn af þessari afbragðsskífu.“

★★★★½

JÓN AGNAR ÓLASON / MORGUNBLAÐIÐ

„KK er frábær tónlistarmaður og nýja platan hans, *Svona eru menn*, er meistaraverk ... sama hvar borið er niður hvert einasta lag er gott og engin hætta á að nokkur fái leið á þessari plötu í bráð.“

★★★★★

STEINGERÐUR STEINARSDÓTTIR / HANN/HÚN

JPV ÚTGÁFA

www.forlagid.is

SAMBÍÓIN




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| YES MAN Forsýning | kl. 8 DIGTAL | 7 |
| YES MAN Forsýning | kl. 8 | VIP |
| THE DAY THE EARTH STOOD | kl. 6 - 8:10 - 10:20D | 12 |
| THE DAY THE EARTH STOOD | kl. 10:20 | |
| CITY OF EMBER | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | 7 |
| TWILIGHT | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 4 - 6 DIGTAL | L |
| MADAGASCAR 2 m/Ensku tali | kl. 4 - 6 - 10:20 | L |
| BODY OF LIES | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| BODY OF LIES | kl. 5:30 | VIP |
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 3:40 síð sýn | L |
| **SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** | | |
| YES MAN Forsýning | kl. 10:20 | 7 |
| TWILIGHT | kl. 5:50D - 8:10D - 10:30D | 12 |
| CITY OF EMBER | kl. 4 - 6 - 8 | 7 |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 4D - 6D | L |
| MADAGASCAR 2 m/Ensku tali | kl. 8D | L |
| W | kl. 10:10 | 12 |
| FERÐIN TIL TUNGLSINS 3D | kl. 4(3D) | L |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
|---|---|---|
| YES MAN Forsýning | kl. 10:20 | 7 |
| TRAITOR | kl. 8 síð sýn | 12 |
| TWILIGHT | kl. 8 síð sýn | 12 |
| PRIDE AND GLORY síð sýn | kl. 10:30 | 16 |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| IGOR m/ísl. tali | kl. 6 (kr.500) | L |
| **SAMBÍÓIN AKUREYRI** | | |
| YES MEN Forsýning | kl. 10:20 | 7 |
| MADAGASKAR 2 m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| MADAGASKAR 2 m/Ensku tali | kl. 6 | L |
| CITY OF EMBER | kl. 8 | 7 |
| TWILIGHT | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| **SAMBÍÓIN KEFLAVÍK** | | |
| YES MAN | kl. 10:20 | 7 |
| ZACK AND MIRI | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| NIGHTS IN RODANTHE | kl. 8 | L |
| IGOR m/ísl. tali | kl. 6 | L |

NÝTT Í BÍÓ!




| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | | |
|---|---|---|
| THE DAY THE EARTH... D | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| THE DAY THE EARTH... LÚXUS D | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 7 |
| ZACK & MIRI MAKE A PORNO | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| IGOR 500 kr. | kl. 3.45 | L |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |

AUKAKRÓNUR 5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| REGNBOGINN | | |
|---|---|---|
| THE DAY THE EARTH... | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| SAW 5 | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| ZACK & MIRI MAKE A PORNO | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | 12 |

| HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 | | |
|---|---|---|
| TAKEN | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| THE DAY THE EARTH... | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 6 - 8 | 7 |
| APPALOOSA | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 10 | 12 |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 5.40 | 14 |

AUKAKRÓNUR 5%

| BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 | | |
|---|---|---|
| THE DAY THE EARTH... | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 8 - 10 | 7 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 6 | 12 |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| TAKEN | kl. 6, 8 og 10 | 16 |
| SAW 5 | kl. 8 og 10 | 16 |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 4, 6, 8 og 10 | 7 |
| MADAGASCAR 2 – ÍSLENSKT TAL | kl. 4 | L |


# Sigur Rós stendur upp úr

**Tilnefningarnar til Íslensku tónlistarverðlaunana (Íslón) voru tilkynntar í gær. Sigur Rós fær langflestar tilnefningar, alls sex, en Emilíana Torrini næstflestar, þrjár samtals. Páll Óskar var ótvíræður sigurvegari síðustu verðlauna og er nú tilnefndur sem „rödd ársins“. Einnig á lag hans og Togga „Þú komst við hjartað í mér“ möguleika á að sigra í flokknum „lag ársins“.**

Flokkarnir í Íslón eru nú færri og hnitmiðari en áður. Sjö manna akademía fjallaði um öll innsend verk, en hana skipa Andrea Jónsdóttir, Bergþóra Jónsdóttir, Elísabet Indra Ragnarsdóttir, Jónatan Garðarsson, Ólafur Páll Gunnarsson, Ragnar Kjartansson og Trausti Júlíusson. Þær plötur einar áttu keppnisrétt sem borgað var með. Kima útgáfan tók þá ákvörðun að spara sér þau fjárútlát og því eru engar plötur frá útgáfunni tilnefndar í ár. Það skýrir til dæmis hvers vegna pötu FM Belfast, sem klárlega er meðal þeirra bestu, er hvergi að sjá.

## Tilnefningar fyrir verk ársins 2008



**SIGUR RÓS** Rótar inn tilnefningunum í ár. Fær samtals sex.

**Höfundur ársins:**
Bragi Valdimar Skúlason - fyrir textagerð á plötunum Gilligill og Nýjasta nýtt
Sigur Rós – fyrir lagasmíðar á plötunni Með suð í eyrum við spilum endalaust
Áskell Másson - fyrir tónverkið Ora
Emilíana Torrini - fyrir lagasmíðar á plötunni Me and Armini
Jóhann Jóhannsson - fyrir tónlist á plötunni Fordlandia

**Tónverk ársins:**
Ora – Áskell Másson
Stjórnarskrá íslenska lýðveldisins– Karólína Eiríksdóttir
Sinfónía nr. 4 – John Speight

**Tónlistarflytjandi ársins:**
Anna Guðný Guðmundsdóttir - fyrir heildarflutning á tónverkinu Tuttugu tillit til Jesúbarnsins eftir Olivier Messiaen
Björk - fyrir tónleika í Langholtskirkju og Náttúrutónleika í Laugardalnum
Þursaflokkurinn og Caput - fyrir tónleika í Laugardalshöll
Sigur Rós - fyrir tónleika í Laugardalshöll og Náttúrutónleika í Laugardalnum
Dr. Spock - fyrir tónleikahald á árinu

**Lag ársins:**
Þú komst við hjartað í mér -höf:Toggi/Bjarki Jónsson/Páll Óskar
Gobbledigook – Sigur Rós
Inní mér syngur vitleysingur – Sigur Rós
Kalin slóð – Múgsefjun
Pabbi minn er ríkari en pabbi þinn – Bragi Valdimar Skúlason

**Rödd ársins:**
Emilíana Torrini
Páll Óskar Hjálmtýsson
Egill Ólafsson
Katrín Mogensen
Jón Þór Birgisson

**Plötur ársins:**
Popp/Rokk
Með suð í eyrum við syngjum endalaust – Sigur Rós
Me and Armini – Emilíana Torrini
Falcon Christ – Dr. Spock
Jeff Who? – Jeff Who?
Karkari – Mammút
Skiptar skoðanir – Múgsefjun
Fjórir naglar – Bubbi Morthens

**Sígild og samtímatónlist:**
Apocrypha – Hugi Guðmundsson
Fordlandia – Jóhann Jóhannsson
Demoni Paradiso – Evil Madness
Ró – Mógil
All sounds to silence come – Kammersveitin Ísafold

**Jazz:**
Fram af – Ómar Guðjónsson
Í tímans rás – Villi Valli
Blátt ljós – Sigurður Flosason

**Bjartasta vonin:**
Klive
Agent Fresco
Retro Stefson
Dísa
FM Belfast

**Myndband ársins:**
Verðlaunin verða veitt án tilnefninga. Hægt verður að skoða myndböndin á visir.is.

**Umslag ársins:**
Verðlaunin verða veitt án tilnefninga.



**EMILÍANA TORRINI** Tilnefnd þrisvar.



**DÍSA** Tilnefnd sem bjartasta vonin.



**HUGI GUÐMUNDSSON** Hlýtur tilnefningu í sígildri og samtímatónlist.

# Bubbi Morthens með slaufu

**TÓNLIST**
**Bubbi og Stórsveit Reykjavíkur**
Upptaka frá tónleikum
★★★
Plata vannýttra tækifæra, en um leið ópægindalítið rennsli frægra laga með poppstjörnu og stórsveit. Minnismerki um góðærið.



Þessi upptaka af tvennum tónleikum í Laugardalshöll en skárri en við mátti búast. Okkur kærustunni var boðið á aðra tónleikana og eru þeir sérstaklega minnisstæðir vegna þess að hún var kasólétt og tilkynnti mér í miðju kafi að barnið okkar væri að renna út úr henni.

Við slíkar aðstæður væri ef til vill eðlilegt að finna til taugaveiklunar eða kvíða fyrir væntanlegri fæðingu, en ég fann til léttis þegar við gengum út af tónleikunum. Þá þurfti ég nefnilega ekki lengur að horfa upp á Bubba Morthens glotta í hvítum smóking með slaufu. Þá virkaði þetta stórsveitardót sem smekklaus tilraun til að selja fólki umbúðir utan um enn einn miðann.

Ellefu mánuðum seinna og í stofunni heima virkar þetta talsvert betur á mann, sérstaklega Stórsveitin. Eftir stendur að Bubbi hefði mátt nýta tækifærið betur, djassa lögin niður og syngja í stíl við prýðilegt bandið.

En ofurfagmennskan virðist hafa dæmt þann gamla til eilífrar sjálfsstýringar, líkt og Mick Jagger. Hann gæti sungið upp úr sérlyfjaskrá og því fylgdi álíka mikil meining og þegar hann tekur Aldrei fór ég suður í milljónasta skipti. Bubbi syngur hér við færibandið, nema helst í Sumum konum.

Útgáfan dýra var greinilega ákveðin fyrir bankahrunið. Á DVD-disknum eru nákvæmlega sömu lög og á plötunni. Ekkert aukaefni nema Bubbatal milli laga. Sjónrænt er umgjörðin stórkarlaleg og ljóst að fjöldi sjónvarpsvéla hefur fylgst með þessum tuttugu sparikklæðdu á sviðinu undir silkitjöldunum.

Forljótt umslagið hefur verið gert af vanefnum síðar meir, en Bubbi og Stórsveit Reykjavíkur er skyldueign sagnfræðinga sem yktasti og líklega síðasti góðærisdiskurinn. Það vantar eiginlega bara Bjarna Ármanns.

**Klemens Ólafur Þrastarson**



**MÆÐGUR** Mæðgurnar Helga Möller og Elísabet Ormslev syngja á tónleikunum á sunnudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Helga með jólatónleika

Söngkonan Helga Möller verður með jólatónleika í Laugarneskirkju á sunnudag þar sem hún syngur lög af plötu sinni Hátíðarskap sem kom út fyrir síðustu jól.

Tónleikarnir verða, eins og platan, með rólegu og jólalegu yfirbragði. Auk laganna af Hátíðarskapi ætlar Helga að syngja eldri jólalög sín sem mörg hver eiga sér fastan sess í hjörtum landsmanna. Með Helgu spilar hljómsveit sem er skipuð Magnúsi Kjartanssyni, Birni Thoroddsen, Jóni Rafnssyni og Ásgeiri Óskarssyni, auk þess sem Elísabet Ormslev, dóttir Helgu, syngur bakraddir. Tónleikarnir hefjast klukkan 17 og er miðaverð 1.500 krónur.



**BILLY CORGAN** Rokkararnir í Smashing Pumpkins hafa gefið út sína síðustu plötu, segir Billy Corgan.

# Gefa ekki út fleiri plötur

**Rokkararnir í Smashing Pumpkins hafa ákveðið að gefa ekki út fleiri plötur. Síðasta plata sveitarinnar, Zeitgeist, kom út í fyrra eftir nokkurra ára hlé.**

**„Fólk hlustar ekki einu sinni á hana alla," sagði forsprakkinn Billy Corgan. „Þeir setja hana á iPodinn, hlusta á smáskífulögin tvö og nenna ekki að hlusta á afganginn. Fólk hlustar á tónlist á annan hátt en áður," sagði hann. „Hvers vegna eigum við þá að gefa út plötur? Núna ætlum við að vera smáskífuhljómsveit. Við erum enn þá skapandi, en bara á öðruvísi hátt."**







**FORSALA HAFIN! TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Í TÍMA Á JÓLAMYNDIRNAR Í ÁR**

**ÁLFABAKKA SAMBÍÓIN**
19, 20. og 21. desember
YES MAN kl. 8 7
YES MAN kl. 8 VIP
20. og 21. desember
BOLT 3D m/ísl. tali DIGITAL 3D kl. 4 L

**KRINGLUNNI SAMBÍÓIN**
19., 20. og 21. desember
YES MAN kl. 10.20 7
20. og 21. desember
BOLT 3D m/ísl. tali DIGITAL 3D kl. 6 L
BOLT 3D m/Ensku tali DIGITAL 3D kl. 8 L

**AKUREYRI SAMBÍÓIN**
19. og 20. desember
YES MAN kl. 10.20 7
20. desember
BOLT m/ísl. tali kl. 4 L
21. desember
YES MAN kl. 8 7
BOLT m/ísl. tali kl. 4 L

**KEFLAVÍK SAMBÍÓIN**
19. desember
YES MAN kl. 10.20 7
21. desember
YES MAN kl. 8 7
20. og 21. desember
BOLT m/ísl. tali kl. 4 L

**SELFOSS SAMBÍÓIN**
19. desember
YES MAN kl. 10.20 7
21. desember
YES MAN kl. 8 7
20. og 21. desember
BOLT m/ísl. tali kl. 4 L

**LAUGARÁSBÍÓ**
20. og 21. desember
BOLT 3D m/ísl. tali DIGITAL 3D kl. 4 L

### > Birgir Leifur í ágætum málum

Birgir Leifur, atvinnukylfingur úr GKG, hóf leik á opna meistaramótinu á Pearl Valley-vellinum í Suður-Afríku í gær og kláraði fyrsta hringinn á 71 höggi eða einu höggi undir pari vallarins. Birgir Leifur lék fyrri níu holurnar á pari en seinni níu holurnar á einu undir pari en hann fékk fjóra fugla og þrjá skolla og er í 58.-73. sæti af 155 keppendum. Þetta er þriðja mót Birgis Leifs í Evrópumótaröðinni á þessu keppnistímabili en hann komst ekki í gegnum niðurskurðinn á fyrstu tveimur mótunum.



# sport

sport@frettabladid.is

TEITUR ÖRLYGSSON: KOMINN AFTUR Í BARÁTTUNA OG STÝRIR STJÖRNUNNI TIL LOKA LEIKTÍÐAR

## Menn segja að það sé líf eftir Njarðvík

Körfuknattleikslið Stjörnunnar réð í gær Njarðvíkinginn Teit Örlygsson sem þjálfara liðsins til loka leiktíðar. Braga Magnússyni var sagt upp störfum á dögunum þar sem gengi Stjörnunnar hefur valdið vonbrigðum.

Teitur sat á bekknum hjá Stjörnunni í gær gegn FSU en lét þó Jón Kr. Gíslason um að stýra liðinu þar sem hann er nýkominn inn í starfið.

„Þetta mál átti sér afar stuttan aðdraganda. Ég fór á fund með þeim og við nánast handsöluðum dæmið um leið. Það er samt ekki búið að skrifa undir neitt enn þá en það skiptir mig engu máli þar sem ég hef aldrei verið hrifinn af svona pappírsveseni. Er af gamla skólanum svolítið og handabandið dugar mér,“ sagði Teitur en hann neitar því ekki að vera spenntur að koma aftur í baráttuna eftir að hafa verið rekinn frá Njarðvík.

„Ég var hálffúll í fyrra eftir þetta Njarðvíkurdæmi og sagðist aldrei ætla að koma nálægt þessu helvíti aftur. Svo hefur það aðeins breyst. Menn hafa verið að hvetja mig til þess að fara aftur að þjálfara og hafa sagt mér að það sé líf eftir Njarðvík. Það er líklega rétt hjá þeim. Ég hlakka bara mjög mikið til að taka þátt í þessu og er spenntur. Ég hef hrikalega gaman af þessu og það er kviknaður aftur smá neisti,“ sagði Teitur kátur.

Nokkur félög settu sig í samband við hann síðasta sumar en flest utan af landi. Teitur hafnaði þeim boðum þar sem hann var ekki tilbúinn að flytja með sína stóru fjölskyldu eitthvað langt.



„Svo kemur þetta dæmi upp og það verður gaman að starfa í nýju umhverfi. Það hentar mér vel að komast líka aftur í þjálfun. Mér var farið að hundleiðast á kvöldin og vantaði eitthvað að gera. Nenni ekki einu sinni að horfa á fréttir þessa dagana og horfi eiginlega bara á íþróttir og því verður gaman að komast aftur á æfingar,“ sagði Teitur léttur en hann er bjartsýnn á að rétta Stjörnuskútuna við.

„Þetta eru hörkustrákar í þessu liði og ég hef trú á því. Það getur betur og vonandi tekst mér að koma liðinu aftur í gang,“ sagði Teitur Örlygsson, þjálfari Stjörnunnar.

## ÚRSLIT

### Iceland Express-deild karla

| | |
|---|---|
| Stjarnan-FSu | 87-79 (47-37) |

**Stig Stjörnunnar:** Justin Shouse 28 (7 fráköst, 13 stoðs.), Jovan Zdravevski 21 (11 fráköst), Kjartan Kjartansson 14, Fannar Helgason 8 (12 fráköst), Birkir Guðlaugsson 7, Ólafur Sigurðsson 7, Guðjón Lárusson 2.
**Stig FSu:** Thomas Viglianco 19 (14 fráköst, 5 stoðs.), Tyler Dunaway 17, Árni Ragnarsson 15, Sævar Sigmundsson 12, Cristopher Caird 3, Björgvin Valentínusson 3.

| | |
|---|---|
| UMFN-Snæfell | 55-85 (26-52) |

**Stig UMFN:** Logi Gunnarsson 16, Friðrik Stefánsson 15 (15 fráköst), Magnús Þór Gunnarsson 11, Óli Alexandersson 4, Hilmar Hafsteinsson 3, Sigurður Sigurbjörnsson 3, Hjörtur Einarsson 3.
**Stig Snæfells:** Sigurður Þorvaldsson 21, Jón Jónsson 20 (10 fráköst), Slobodan Subasic 17, Hlynur Bæringsson 15 (13 fráköst, 7 stoðs.), Ingvaldur Magni Hafsteinsson 6, Daníel Ali Kazmi 4, Gunnlaugur Smárason 2.

| | |
|---|---|
| Þór Ak.-KR | 69-97 (31-53) |

**Stig Þórs:** Cedric Isom 30 (13 fráköst, 4 stoðs.), Jón Kristjánsson 15 (7 fráköst), Guðmundur Jónsson 14, Örn Guðjónsson 3, Baldur Jónasson 3, Sigurður Sigurðarson 2, Óðinn Ásgeirsson 2.
**Stig KR:** Jakob Sigurðarson 17, Helgi Magnússon 17 (10 stoðs.), Jason Dourisseau 17, Jón Arnór Stefánsson 16, Fannar Ólafsson 9 (8 fráköst), Pálmi Sigurgeirsson 6, Skarphéðinn Ingason 6, Guðmundur Magnússon 5, Ólafur Ægisson 2, Baldur Ólafsson 2.

### UEFA-bikarinn

| | |
|---|---|
| Racing Santander-Man. City | 3-1 |

1-0 Jonathan (20.), 2-0 Oscar Serrano (30.), 3-0 Juan Valera (54.). 3-1 F. Caicedo (90.).

| | |
|---|---|
| Tottenham-Spartak Moskva | 2-2 |

0-1 Artem Dzjuba (23.), 0-2 Artem Dzjuba (33.), 1-2 Luka Modric (67.), 2-2 Tom Huddlestone(74.).

| | |
|---|---|
| Sampdoria-Sevilla | 1-0 |

1-0 Jonathan Bottinelli (75.).



**ENN AÐ** Hafdís Helgadóttir hefur skorað 3.171 stig í efstu deild. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hafdís Helgadóttir með Val:

## 24. tímabilið í röð í efstu deild

**KÖRFUBOLTI** Hafdís Helgadóttir lék sinn fyrsta leik á tímabilinu þegar hún kom inn á í fimm mínútur í sigri Vals á Snæfelli í Stykkishólmi í Iceland Express-deild kvenna.

Hafdís hefur ekkert getað spilað í vetur vegna meiðsla en er að komast aftur af stað. Hafdís náði þar með að leika á 24. Íslandsmótinu í röð en hún lék þarna sinn 356. leik í efstu deild sem er met. Hafdís lék sinn fyrsta leik 7. október 1985 og hefur nú tekið þátt í öllum Íslandsmótum síðan.

Hafdís lék fyrstu 336 leiki sína með ÍS en hefur verið með Val síðustu tvö tímabil. Þess má geta að Hafdís verður 44 ára í janúar, hefur á þessum 24 árum eignast þrjú börn og er búin að vera amma í mörg ár. - óój

# Nýtt tímabil hafið hjá okkur

**Stjörnumenn skoruðu níu síðustu stigin gegn FSu og enduðu fimm leikja taphrinu. Tveir sigursælustu körfuboltamenn Íslands, Jón Kr. Gíslason og Teitur Örlygsson, stjórnuðu Stjörnuliðinu af bekknum með góðum árangri.**

**KÖRFUBOLTI** Stjörnumenn unnu langþráðan sigur í Iceland Express-deild karla í Ásgarði í gær þegar liðið lagði FSu 87-79 í sveiflukenndum leik. FSu náði sjö stiga forustu í bæði fyrsta (13-20) og þriðja leikhluta (57-64) en Stjörnumenn komu sér aftur inn í leikinn með góðum köflum og tryggðu sér síðan sigurinn með því að skora níu síðustu stigin í leiknum.

„Þetta var mjög sætt og það var kominn tími á þetta,“ sagði Fannar Freyr Helgason, fyrirliði Stjörnunnar, í leikslok. Stjörnumenn hafa tapað mörgum leikjum naumlega í vetur en Fannar hafði samt ekki áhyggjur þegar stefndi í æsispennandi lokamínútur. „Það er búið að vera gott andrúmsloft í liðinu síðustu daga og ég hafði aldrei trú á því að við myndum tapa þessum leik. FSu er samt með hörkulið og ég er mjög sáttur með þennan sigur. Ég ætla að segja að það sé byrja nýtt tímabil hjá okkur og að við erum búnir að setja þessa slæmu byrjun fyrir aftan okkur,“ sagði Fannar sem brosti þegar hann spurður að því hvernig væri að hafa Jón Kr. Gíslason og Teit Örlygsson hlið við hlið á bekknum. „Það var eitrað teymi á bekknum hjá okkur og þetta eru miklir reynsluboltar og báðir aljörir toppmenn þannig að mér líst mjög vel á framhaldið,“ sagði Fannar kátur.



**LANGÞRÁÐUR SIGUR** Stjörnumenn höfðu tapað fimm leikjum í röð í Iceland Express-deildinni þegar FSu kom í heimsókn en Stjarnan vann 87-79 sigur. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Justin Shouse átti frábæran leik hjá Stjörnunni og var með 28 stig og 13 stoðsendingar en eins var Jovan Zdravevski (21 stig og 11 fráköst) drjúgur og Kjartan Kjartansson setti niður mikilvægar körfur þar á meðal þristinn sem kom liðinu yfir á lokasekúndunum. Hjá FSu var Thomas Viglianco öflugur með 19 stig og 14 fráköst og Tyler Dunaway var stórkostlegur á tveggja mínútna kafla í þriðja leikhluta þegar hann setti niður fjórar þriggja stiga körfur í röð en síðan jafnlélegur restina af leiknum.

FSu-menn voru sjóðheitir fyrir utan þriggja stiga línuna fyrstu þrjá leikhluta og voru komnir með fjórtán þrista fyrir lokaleikhlutann. Öll átta þriggja stiga skot liðsins brugðust í lokaleikhlutanum. Liðið mátti heldur ekki við því að missa þá Sævar Sigurmundsson og Árna Ragnarsson útaf með fimm villur með 51 sekúndu millibili þegar tæpar þrjár mínútur voru eftir. Sóknarleikur liðsins snýst mikið í kringum þá tvo og liðið skoraði sem dæmi ekki stig síðustu 2 mínútur og 40 sekúndurnar í leiknum.

Snæfellingar unnu 30 stiga stórsigur í Njarðvík í gær, 55-85, þar sem þríeykið Sigurður Þorvaldsson (21 stig), Jón Ólafur Jónsson (20 stig, 10 fráköst) og Hlynur Bæringsson (15 stig, 13 fráköst og 7 stoðsendingar) voru allir í fínu formi. KR-ingar héldu síðan sigurgöngu sinni áfram með öruggum sigri á Þór. ooj@frettabladid.is



**EYJÓLFUR** Ráðinn landsliðsþjálfari U-21 árs landsliðs karla á ný en hann stýrði liðinu einnig 2003-2005. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Samið við landsliðsþjálfara:

## Eyjólfur með U-21 árs landsliðið á ný

**FÓTBOLTI** KSÍ tilkynnti um bæði endurráðningar og samninga við nýja landsliðsþjálfara til næstu tveggja ára í gær.

Sigurður Ragnar Eyjólfsson hefur verið endurráðinn sem landsliðsþjálfari kvenna og Guðni Kjartansson sem aðstoðarmaður hans. Landsliðsþjálfararnir Freyr Sveinsson hjá U-16 karla og Kristinn R. Jónsson hjá U-19 karla voru einnig endurráðnir.

Þá var Eyjólfur Sverrisson ráðinn landsliðsþjálfari U-21 árs landsliðs karla, Gunnar Guðmundsson ráðinn landsliðsþjálfari U-17 ára landsliðs karla og Þorlákur Árnason tekur við sem landsliðsþjálfari U-17 ára landsliðs kvenna. - óþ

Þórunn Helga Jónsdóttir:

## Bikarmeistari með Santos

**FÓTBOLTI** Þórunn Helga Jónsdóttir varð bikarmeistari með Santos í fyrrinótt þegar brasilíska félagið vann 3-0 sigur í seinni úrslitaleik bikarúrslitanna og samanlagt 6-1. Þetta er í annað skiptið sem hún verður bikarmeistari á þessu ári því hún varð bikarmeistari með KR síðasta sumar. - óþ

Hermann Hreiðarsson nýtti langþráð tækifæri vel í sigurleik Portsmouth á Heerenveen í UEFA-bikarnum:

# Fagnaði markinu sínu með höfuðstökki

**FÓTBOLTI** Hermann Hreiðarsson fékk langþráð tækifæri með Portsmouth á miðvikudagskvöldið þegar liðið fékk hollenska liðið Heerenveen í heimsókn í UEFA-bikarnum. Hermann var í byrjunarliðinu í fyrsta sinn síðan Tony Adams tók við stjórastöðu liðsins en Hermann hafði ekki spilað með aðalliðinu síðan 23. október.

Hermann Hreiðarsson lék allan leikinn í miðvarðarstöðunni og stóð sig mjög vel en við hlið hans lék Frakkinn Noe Pamarot sem hefur verið að leika í bakvarðarstöðunni hjá liðinu. Tony Adams gerði sex breytingar frá því í 0-3 tapleiknum á móti Newcastle um síðustu helgi og hvíldi meðal annars bæði Sol Campbell og Sylvain Distin sem hafa spilað í miðvarðarstöðunni í vetur.

Hermann kórónaði góðan leik með því að skora laglegt mark með skalla rétt utan markteigs eftir aukaspyrnu Glen Little frá vinstri kanti. Markið kom í uppbótartíma og eins og sést hér á myndinni til hliðar þá stökk Hermann upp



**Á HAUS** Hermann Hreiðarsson fagnaði markinu á sérstakan hátt. NORDICPHOTOS/GETTY

aðþrengdur af varnarmanni og markverði. Hermann fagnaði markinu vel enda hafði hann ekki skorað síðan í 4-2 sigri á Birmingham á Fratton Park 12. mars síðastliðinn. Hermann tók sig til og lék sér að því að fara í höfuðstökk eins og sést á myndinni hér að ofan.

Arnór Smárason kom inn á sem varamaður hjá Heerenveen á 30. mínútu leiksins og þeir félagar ræddu heilmikið saman inni á vellinum eftir að lokaflautið gall.

Hermann hafði ekki spilað síðan honum var skipt útaf í hálfleik í 0-3 tapi Portsmouth á útivelli gegn portúgalska liðinu Braga. Hann hefur aðeins byrjað inn á í fimm leikjum í vetur. Næsti leikur Portsmouth er á útivelli gegn Grétari Rafni Steinssyni og félögum í Bolton og þá er að sjá hvort Hermann fái að byrja í úrvalsdeildarleik í fyrsta sinn síðan í 0-4 tapi á móti Chelsea 17. ágúst. - óój



**GOTT SKALLAMARK** Hermann Hreiðarsson stökk hæst allra í teignum. NORDICPHOTOS/GETTY



GLÆSILEG NÝ
JÓLATILBOÐ
STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM TILBOÐUM
4BLS
BÆKLINGUR
NÝR GLÆSILEGUR 4 BLS
BÆKLINGUR STÚTFULLUR
AF JÓLATILBOÐUM
EINN KASSI Á MANN
HVERGI BETRA VERÐ
Verbatim
DVD+R
10DVD
ÁPRENTANLEGIR
OG Í HULSTRI
1.490
HVERGI BETRA VERÐ
500GB
SAMSUNG
HARÐDISKUR
9.990
HVERGI BETRA VERÐ
20%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLU USB
GLINGRI
BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL
OPNUNARTÍMAR
Alla daga til Jóla
10:00 - 19:00
Aðfangadag
Lokað
TÖLVUTEK
Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

Sir Alex Ferguson pirraður á Real Madrid:

# Ég myndi aldrei semja við mafíuna

**FÓTBOLTI** Sir Alex Ferguson, knattspyrnustjóri Man. Utd, brást reiður við þegar hann var spurður út í ummæli Pedros Trapote, stjórnarformanns Real Madrid, um að Ronaldo væri á leið til Real Madrid næsta sumar.

Haft er eftir Trapote í El Mundo í fyrradag að allt væri klárt á milli Real Madrid og Man. Utd varðandi félagsskiptin en ekkert væri búið að tilkynna um þetta þar sem Real Madrid væri bundið þagnarskyldu um að greina ekki frá þessu fyrr en að yfirstandandi keppnistímabili loknu. Ferguson neitar þessu og vandaði Real Madrid ekki kveðjurnar í gær.

„Ég myndi aldrei semja við mafíuna. Aldrei, ekki undir nokkrum kringumstæðum. Maður verður bara að hunsa svona rugl og við verðum að einbeita okkur að leik okkar og markmiðum,“ segir Ferguson á blaðamannafundi í gær. - óþ



**FERGUSON** Búinn að fá sig fullsaddan á sögusögnum um að Ronaldo sé á leið til Real Madrid. NORDIC PHOTOS/GETTY


Veiðihattur
leður



8.990 kr.

Munið gjafabréfin!
Gjafabréf Ellingsen
Ellingsen
FULLT HÚS JÓLAGJAFA





Við komum pakkanum þínum til skila

Þarftu að láta sækja og senda til fyrirtækja eða einstaklinga?

Láttu Pósthúsið sjá um að koma pakkanum þínum til skila og sparaðu fyrirtækinu þínu tíma, fé og fyrirhöfn.

Nánari upplýsingar gefa sölufulltrúar í síma 585 8330

Pósthúsið
Ódýrari valkostur

Pósthúsið | Suðurhrauni 1
Garðabæ | www.posthusid.is


# Líkir Helenu við leikstjórnanda í amerískum fótbolta

Helena Sverrisdóttir er komin á kortið í bandaríska háskólaboltanum, eins og stór grein á stærsta íþróttavefmiðli landsins, ESPN, ber merki um.

**KÖRFUBOLTI** Frammistaða Helenu Sverrisdóttur með TCU-háskólaliðinu er farin að vekja mikla athygli í Bandaríkjunum og nú síðast birtist stór grein um íslenska leikstjórnandann sem er að hjálpa TCU að verða eitt af sterkari háskólaliðunum í kvennakörfunni. Þetta er í fyrsta sinn sem íslensk körfuboltakona kemst á kortið í háskólaboltanum í Bandaríkjunum og þessi grein mun örugglega kalla á mikla athygli á Helenu í framhaldinu.

Þjálfari Helenu, Jeff Mittie, rifjar meðal annars það upp hvernig það kom til að íslensk stelpa var farin að spila í Texas en hann fékk símtal fyrir sex árum það sem beðið var um pláss í körfuboltabúðum fyrir tíu manna hóp frá Íslandi. Helena sló í gegn í búðunum og var valin besti leikmaðurinn í sínum aldurshópi. Hann segist síðan hafa flogið alla leið til Ítalíu til þess að bjóða Helenu skólastyrk þegar hún var að spila með íslenska 18 ára-landsliðinu.

Í greininni er talað um smæð Íslands og sagt að heildaríbúafjöldi landsins sé aðeins 5 prósent af íbúafjöldanum á Dallas-Forth Worth svæðinu þar sem skólinn er og enn fremur er það tekið sem dæmi að allir íbúar Hafnarfjarðar og gott betur kæmust fyrir á fótboltavelli skólans. Helena segir líka sjálf frá því að það hafi verið mikil viðbrigði að koma til Bandaríkjanna þar sem allt er svo miklu miklu stærra.

Mittie fer líka lofsamlegum orðum um Helenu og segir hana láta að sér kveða í öllum tölfræðiþáttum leiksins. Hann segir að hún sé í hópi bestu leikmanna sem hann hafi þjálfað í skólanum en meðal þeirra eru WNBA-leikmennirnir Sandora Irvin og Adrianne Ross. Mittie segir líka auðvelt að þjálfa Helenu því hún taki leiðsögn vel og hafi mikinn vilja til þess að bæta sig.



**EFST Í STIGUM, FRÁKÖSTUM OG STOÐSENDINGUM** Helena Sverrisdóttir er allt í öllu hjá TCU-liðinu. AP-IMAGES

Tölur Helenu í fyrstu leikjunum eru það góðar að blaðamaðurinn fer að grínast með það hvort að það eigi kannski erfitt að færa þær úr metrakerfinu. Eftir fyrstu ellefu leiki tímabilsins þá er Helena með 17,0 stig, 6,2 fráköst og 5,2 stoðsendingar að meðaltali en Helena er efst í TCU-liðinu í öllum þessum tölfræðiþáttum. Hittni Helenu fyrir utan þriggja stiga línuna hefur verið hreint og beint mögnuð en hún hefur sett niður 19 af 32 skotum sínum sem gerir 59,4 prósent þriggja stiga skotnýtingu.

Í greininni er rætt um þær miklu breytingar sem urðu á TCU-liðinu frá því í fyrra sem gerði verkefni Helenu enn umfangsmeira. Í fyrra lék Helena meira inni í teig og úti á kanti á meðan tveir reyndustu og bestu leikmenn liðsins, Adrianne Ross og Moneka Knight, voru í bakvarðarstöðunum. Helena stóð sig engu að síður mjög vel og var valin besti nýliði Mountain West-deildarinnar. Í vetur var Helena hins vegar komin í sína stöðu sem leikstjórnandi en TCU hafði misst sex af tíu mínútuhæstu leikmönnum sínum. Helena segist hafa fagnað krefjandi verkefni sem hún vissi að yrði erfitt en var jafnframt sannfærð um að hún gæti hjálpað TCU-liðinu sem leikstjórnandi.

Amerískí fótboltinn er í hávegum hafður í Texas-ríki og blaðamanninum fannst við hæfi að enda greinina á samlíkingu Mittie á Helenu við leikstjórnanda í fótboltaliði.

„Helena er svo mikilvæg af því að hún er svo klár leikmaður og með svo mikla yfirsýn,“ segir Mittie og bætir við. „Hún er líka góður frákastari og hún getur því byrjað margar sóknir fljótt. Hún les leikinn gríðarlega vel og er fljót að sjá möguleika sem skapast inni á vellinum,“ segir Mittie og líkir leikstjórn Helenu við það þegar leikstjórnandi í amerískum fótbolta kallar skipanir til sóknarlínu sinnar í upphafi kerfis.

ooj@frettabladid.is

### FREMST Í FLOKKI HJÁ TCU

Helena Sverrisdóttir leiðir lið TCU í þremur stærstu tölfræðiþáttunum og auk þess í efstu sætunum á nánast öllum hinum listunum eftir fyrstu ellefu leiki tímabilsins.

**Tölfræði Helenu með TCU í vetur:**

| | |
|---|---|
| Stig | 17,0 (1. sæti) |
| Fráköst | 6,2 (1. sæti) |
| Stoðsendingar | 5,2 (1. sæti) |
| Stolnir boltar | 18 (2. sæti) |
| Varin skot | 5 (3. sæti) |
| 3ja stiga körfur | 19 (2. sæti) |
| Skotnýting | 52,1% (2. sæti) |
| 3ja stiga skotnýting | 59,4% (2. sæti) |
| Stigahæst | 6 sinnum (1. sæti) |
| Frákastahæst | 5 sinnum (1. sæti) |
| Stoðsendingahæst | 7 sinnum (1. sæti) |

Man. Utd leikur til úrslita í HM félagsliða eftir sigur gegn Gamba Osaka í gær:

# Markaveisla hjá United í Japan

**FÓTBOLTI** Meistaradeildarmeistarar Man. Utd tryggðu sér farseðilinn í úrslitaleik HM félagsliða í gær með 3-5 sigri gegn Asíumeisturum Gamba Osaka en sex af átta mörkum leiksins komu á ótrúlegum leikkafla á síðustu sextán mínútum leiksins. Man. Utd mætir Liga de Quito í úrslitaleiknum á sunnudag.

Tæplega 68 þúsund áhorfendur fengu sannkallaða markaveislu á alþjóðaleikvanginum í Yokohama í gær en United opnaði markareikninginn með skallamörkum frá Nemanja Vidic og Cristiano Ronaldo í fyrri hálfleik.

Leikmenn Gamba Osaka voru þó ekki af baki dottnir og náðu að minnka muninn með marki Masato Yamazaki þegar rétt rúmur stundarfjórðungur lifði leiks en við það opnuðust flóðgáttir og mörkin byrjuðu að streyma inn.

Varamaðurinn Wayne Rooney var varla kominn inn á völlinn þegar hann bætti við þriðja marki United úr sinni fyrstu snertingu aðeins sekúndum eftir mark Yamazaki. Darren Fletcher skoraði fjórða markið þremur mínútum síðar, áður en Rooney bætti við fimmta markinu skömmu síðar og staðan skyndilega orðin 1-5.

Gamba Osaka lagaði stöðuna með tveimur mörkum á lokakaflanum og niðurstaðan því 3-5 sigur Meistaradeildarmeistara Man. Utd sem komust þar með í úrslitaleikinn þar sem þeir mæta Liga de Quito frá Ekvador á sunnudag en leikurinn verður sýndur í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport. - óþ



**FÖGNUÐUR** Cristiano Ronaldo fagnar skallamarki sínu í Yokohama í gær. NORDIC PHOTOS/AFP



Okkar mest seldu bækur á hálfvirði
sparaðu 50%
Virkisverðirnir
Aðeins 1.440kr. áður 2.880 kr.
sparaðu 50%
ARNALDUR INDRIÐASON
MYRKÁ
Aðeins 2.495kr. áður 4.990 kr.
sparaðu 50%
GUÐRÚN EVA MÍNERVUDÓTTIR
skaparinn
Aðeins 2.345kr. áður 4.690 kr.
sparaðu 50%
Ævisaga Harðar Torfa
TABÚ
Aðeins 2.495kr. áður 4.990 kr.
sparaðu 50%
Pirates of the Caribbean
Jack Sparrow
Stormur í aðsigi
Aðeins 1.245kr. áður 2.490 kr.
sparaðu 50%
Gerðu besta vininn be
Aðeins 1.940kr. áður 3.880 kr.
sparaðu 50%
POLLÝANNA
Aðeins 1.995kr. áður 3.990 kr.
sparaðu 50%
STAFAKARLARNIR
Aðeins 1.345kr. áður 2.690 kr.
sparaðu 50%
VALKYRJU ÁÆTLUNIN
Kemur í bíó 30. jan. Vertu búinn að lesa hana áður
Aðeins 1.990kr. áður 3.980 kr.
HTHT
Office1
Skeifan, Smáralind, Kringlan, Hafnarfjörður, Selfoss, Vestmannaeyjar, Egilsstaðir, Akureyri, Ísafjörður
Tilboðin gilda föstudaginn 19.12.08. Til þess að koma í veg fyrir að samkeppnisaðilar nýti sér tilboðin til innkaupa fyrir eigin verslanir má hver og einn viðskiptavinur aðeins versla þrjár bækur af einstaka titli.



**ALEX** Vill finna sér annað félag þegar félagaskiptaglugginn opnar í janúar. NORDIC PHOTOS/AFP

Alex, varnarmaður Chelsea:

## Vill enn fara frá Chelsea í janúar

**FÓTBOLTI** Varnarmaðurinn Alex ítrekar í viðtali við breska götublaðið The Sun í gær að hann vilji yfirgefa herbúðir Chelsea þegar félagaskiptaglugginn opnar í janúar.

„Ég vildi fara frá Chelsea áður en keppnistímabilið byrjaði en þegar Scolari tók við sem knattspyrnustjóri var mér meinað að fara þrátt fyrir áhuga margra félaga á að fá mig. Staða mín er erfið hjá Chelsea þar sem félagið er með besta miðvarðapar í heimi, John Terry og Carvalho. Ég verð að hugsa um minn hag og ég vil spila reglulega í byrjunarliðinu. Þess vegna vil ég fara,“ segir Alex. - óþ

Lassana Diarra:

## Gæti orðið næsti Makelele

**FÓTBOLTI** Lassana Diarra verður tilkynntur sem nýr leikmaður Real Madrid eftir að Portsmouth samþykkti tilboð sem talið er nema á bilinu 18-22 milljónir punda.

Diarra er ætlað að fylla skarð Rubens de la Red og „nafna“ síns Mahamadou Diarra sem verða frá vegna meiðsla út veturinn. Lauren, samherji Diarra hjá Portsmouth, líkir honum við aðra fyrrverandi stjörnu Real Madrid.

„Hann minnir mig mikið á Claude Makelele hvað varðar hreyfingu á vellinum, líkamlega burði hans og varnarvinnuna. Hann er hins vegar frábrugðinn Makelele hvað varðar það að hann er líka frábær í sókninni,“ segir Lauren. - óþ

# Fimm hafa spilað í frönsku deildinni

**Veigar Páll Gunnarsson verður sjötti íslenski knattspyrnumaðurinn sem spilar í frönsku úrvalsdeildinni en Albert Guðmundsson var sá fyrsti þegar hann spilaði með FC Nancy fyrir 61 ári.**

**FÓTBOLTI** Veigar Páll Gunnarsson verður fyrsti Íslendingurinn í tæp átján ár til þess að spila í frönsku úrvalsdeildinni en FC Nancy er búið að kaupa hann frá norska liðinu Stabæk. Síðastur til að spila í deildinni var Arnór Guðjohnsen sem lék með Girondins Bordeaux tímabilið 1990-91.

Veigar Páll er samt ekki eini Íslendingurinn sem mun spila í Frakklandi eftir áramót því knattspyrnukonan Hulda Jónsdóttir hóf að spila með FC Vendenheim í úrvalsdeild kvenna samhliða námi sínu í arkitektúr.

Albert Guðmundsson spilaði fyrstur Íslendinga í Frakklandi fyrir 61 ári þegar hann samdi við FC Nancy. Albert átti glæsilegan feril í franska boltanum og mætti sér meira að segja í viðurnefnið hvíta perlan fyrir leikni sína inni á vellinum. Albert lék með þremur félögum í tveimur skömmtum frá 1947 til 1953 en tímabilið 1948 til 1949 lék hann með AC Milan á Ítalíu.

Lengstan tíma lék Albert með Racing Club Paris en hann skoraði 30 mörk á þremur tímabilum með liðinu frá 1949 til 1952 og náði að spila bikarúrslitaleik árið 1950.

Albert endaði síðan ferillinn með Nice og lék eitt og hálft tímabil áður en hann sneri aftur heim til Íslands.

Þórólfur Beck var næstur í röðinni til að reyna fyrir sér í Frakklandi en hann gerði rétt fyrir jólin 1966 sex mánaða samning við Rouen. Þórólfur var þá á samningi hjá skoska liðinu Glasgow Rangers en hafði fengið tækifæri og náði að fá sig lausan. Tími Þórólfs hjá Rouen varð hins vegar stuttur því hann fór um sumarið til St. Louis í Bandaríkjunum.

Íslendingar áttu tvo leikmenn í frönsku deildinni frá 1981 til 1983 þegar Skagamennirnir Teitur Þórðarson og Karl Þórðarson léku báðir í deildinni. Teitur kom þá til RC Lens frá sænska liðinu Öster en Karl kom til Laval eftir að hafa leikið með La Louviere í Belgíu í þrjú tímabil.

Karl er eini íslenski leikmaðurinn sem hefur unnið titil í Frakklandi en hann varð franskur deildarbikarmeistari með Laval sumarið 1982. Karl lék allan úrslitaleikinn þar sem Laval sigraði AS Nancy 3-2 á vellinum St. Ouen í París. Karl lék alls 96 deildarleiki með Laval þessi þrjú tímabil og skoraði í þeim 12 mörk. Liðið stóð sig líka vel og endaði í 5. sæti bæði 1981-82 og 1982-83.

Enginn Íslendingur hefur skorað meira á einu tímabili en Teitur Þórðarson sem skoraði 19 mörk í 38 leikjum á sínu fyrsta ári með RC Lens 1981-82. Teitur náði ekki að fylgja þessari byrjun eftir og lék aðeins tíu leiki á næsta tímabili. Hann fór síðan til B-deildarliðsins AS Cannes og lék með liðinu í eitt ár áður en hann yfirgaf Frakkland.

Síðastur á undan Veigari til þess að spila í frönsku úrvalsdeildinni var síðan Arnór Guðjohnsen sem lék með Girondins Bordeaux 1990-91. Arnór kom til Bordeaux frá Anderlecht sem setti hann í æfingabann og á hann hátt kaupverð í kjölfar þess að hann neitaði að skrifa undir nýjan samning. Arnór gerði að lokum fjögurra ára samning við Bordeaux en lenti svo í því að félagið var dæmt niður í B-deild vegna gjaldþrots.

Arnór spilaði áfram með liðinu og hjálpaði því aftur upp með því að skora 8 mörk í 30 leikjum en óheppnin elti kappann á þessum árum og sumarið 1992 dæmdi Alþjóðaknattspyrnusambandið hann aftur til Anderlecht þar sem franska liðið hafði ekki staðið við skuldbindingar sínar á kaupleigusamningi um Arnór. Bordeaux sagði í framhaldinu upp samningnum við Arnór og hann fór síðan á endanum á láni til Hacken í Svíþjóð eftir að hafa ekkert leikið frá maí til desember vegna málaferlanna.

Veigar Páll hefur staðið sig frábærlega í norska boltanum og það verður fróðlegt að sjá hvernig honum gengur í Frakklandi. AS Nancy er sem stendur í 13. sæti af 20 liðum og hefur verið á leið upp töfluna síðustu vikur eftir að hafa verið í 17. sæti um tíma.

Þjálfari liðsins er Pablo Correa frá Úrúgvæ og hann þarf nauðsynlega á meiru að halda hjá sóknarmönnum liðsins sem hafa aðeins skorað saman sex mörk í fyrstu 18 leikjunum. Markahæsti leikmaður liðsins til þessa er Marókkóbúinn Youssouf Hadji með þrjú mörk og enginn leikmaður liðsins hefur lagt upp fleiri en eitt mark. Frakkarnir treysta örugglega á að Veigar Páll hjálpi til á þessum vígstöðvum en hann kom að flestum mörkum í Noregi síðustu þrjú tímabil. ooj@frettabladid.is



**HVÍTA PERLAN** Albert Guðmundsson sést hér með Björgvini Schram og öðrum leikmanni fyrir leik með Racing Club í Frakklandi í byrjun sjötta áratugsins.



**DEILDARBIKARMEISTARI** Karl Þórðarson varð franskur deildarbikarmeistari með Laval árið 1982 og hér sést hann fyrir miðju í neðri röð.

### ÍSLENDINGAR Í FRÖNSKU ÚRVALSDEILDINNI

| | | |
|---|---|---|
| Albert Guðmundsson | Nancy | 1947-48, |
| | RC Paris 1949-52, Nice | 1952-53 |
| Þórólfur Beck | Rouen | 1966-67 |
| Karl Þórðarson | Laval | 1981-84 |
| Teitur Þórðarson | RC Lens | 1981-83 |
| Arnór Guðjohnsen | Bordeaux | 1990-91 |




Tryggvi Guðmundsson segir frétt Nettavisen um sig ýkta og dreymi ekki Noreg:

# Er raunsæismaður og myndi skoða öll tilboð sem upp kæmu

**FÓTBOLTI** Norska blaðið Nettavisen var með viðtal við Tryggva Guðmundsson í gær undir fyrirsögninni: „Komið og náið í mig“. Aukinheldur stóð í greininni að Tryggva dreymdi um að fara aftur til Noregs að spila fótbolta.

„Þetta er svolítið ýkt. Mig hefur ekki enn dreymt þetta en hver veit hvort það gerist,“ sagði Tryggvi léttur sem þó viðurkennir fúslega að hafa litið í kringum sig og átt nokkur utanlandssímtöl þegar hann missti vinnuna sína á Skjá einum sem hann hefur reyndar fengið aftur. „Ég hef kynnst góðu fólki erlendis í gegnum árin og athugaði aðallega með atvinnu þó. Það hefði samt verið fínt að vera í vinnu og hafa fótboltann líka með.“

Tryggvi segir að ekkert hafi verið í gangi með önnur lið síðustu vikur en hann var engu að síður í viðræðum um vinnu í Kristiansand.

Ekkert varð þó úr því sem stendur og Tryggvi því ekki á förum í augnablikinu. Tryggvi er samningsbundinn FH og því yrði að kaupa hann færi svo að erlend félög sýndu honum áhuga.

„Ég er raunsæismaður. Veit að ég er 34 ára gamall en veit líka að ég get enn vel spilað góðan fótbolta. Ef það kæmi tilboð þá myndi ég að sjálfsögðu skoða það eins og allir Íslendingar,“ sagði Tryggvi sem er að mennta sig sem þjálfari og verður orðinn löglegur efstu deildar þjálfari í janúar. - hbg



**RAUNSÆISMAÐUR** Tryggvi Guðmundsson segist þurfa að skoða allt með opnum huga líkt og aðrir Íslendingar í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


GÆÐI Á GÓÐU VERÐI
PHILIPS
Dantax R40
Lítið og nett FM FERÐAÚTVARP með innbyggðu loftneti. Gengur fyrir rafhlöðum eða 230V. Dönsk framleiðsla.
VERÐ 3.490
FRÁBÆRT VERÐ
Philips CD1501
Þráðlaus DECT sími með 50 númer í minni, 12 tíma hleðsla í notkun og 6 dagar í bið. Endurval í síðustu 5 númer.
VERÐ 6.990
FRÁBÆRT VERÐ
VERÐ 7.990
FRÁBÆRT VERÐ
Dantax
Dantax RR303SV
FERÐATÆKI með vönduðum CD spilara, 2 hátölurum, FM/AM útvarpi, segulbandi ofl.
UNITED
SanDisk
Hæð: 5.5 Breidd: 3.4 Dýpt: 1.6sm
Sandisk Clip2GB
Agnarsmár MP3 SPILARI með 2GB innb. minni, diktafóni, USB 2, hleðslurafhlöðu ofl. Mikill hljómur og bjartur skjár. Hreinasta snilld.
VERÐ 9.990
FRÁBÆRT VERÐ
TOSHIBA
DVD VIDEO
Toshiba SD180
DVD SPILARI með Progressive Scan, Dolby Digital og DTS, Scart (með RGB), Component og CVBS tengi, Digital Coaxial tengi ofl.
VERÐ 11.990
FRÁBÆRT VERÐ
OLYMPUS
Olympus FE20
Digital myndavél með 8 milljóna punkta uppl., 3x Optical Zoom, 6.3 - 18.9mm linsu, 2,5 LCD skjá, Face Detection, Digital Image Stabilisation, hreyfimyndatöku með hljóði, USB 2.0 ofl. Tekur xD og MicroSD kort.
VERÐ 22.990
FRÁBÆRT VERÐ
United DVP7046
Fjölkerfa FERÐA DVD SPILARI með 7" LCD breiðskjá, Dolby Digital, AV út og heyrnartólstengi. Hleðslurafhlaða, spennubreytir, taska og bílhleðslutæki fylgir.
VERÐ 21.990
FRÁBÆRT VERÐ
TVEIR LITIR
SVART EÐA HVÍTT
JBL
JVC
MEÐ USB
DVD VIDEO
JVC
JVC RXD201SE
7x110w ÚTVARPSMAGNARI með Dolby Digital EX/ Dolby Digital, DTS/DTS-ES/DTS:NEO, Dolby Pro Logic IIx, DSP Digital tónjafnara, RDS útvarpi með 30 stöðvaminnum, USB, 3 Scart, 2 Component, 2 Video tengi, 2 Optical og Coaxal inng., heyrnartólstengi ofl.
VERÐ 24.990
FRÁBÆRT VERÐ
JBL ONSTAGEII
HÁTALARAR með innbyggðum magnara fyrir iPod, MP3, CD spilara ofl. Fjórir Odyssey Neodymium hátalarar, 2x6w innbyggður magnari, snertitakkar til að hækka og lækka, fjarstýring, vagga fyrir iPod og 3.5mm jack tengi. Ath. iPod fylgir ekki.
VERÐ 26.990
FRÁBÆRT VERÐ
JVC UXG100
10w RMS MÍKRÓSAMSTÆÐA með með MP3/ WMA geislaspilara, RDS útvarp með 32 minnum, heyrnartólstengi klukku og tímastilli.
VERÐ 27.990
FRÁBÆRT VERÐ
FÆRÐU VINYL PLÖTUR YFIR Á STAFRÆNT FORM
Dantax USB5
DJ PLÖTUSPILARI með innbyggðum formagnara og USB Plug & Play tengi. 10% Pitch stýring. Styður bæði 33 og 45 snúninga plötur. RCA Phono/Line út.
VERÐ 29.990
FRÁBÆRT VERÐ
MEÐ DVD SPILARA
19"
DVD VIDEO
Panasonic
DVD VIDEO
JVC
JVC DRMH200
Fjölkerfa DVD SPILARI með innb. 160GB hörðum diski, Progressive Scan, allt að 300 tíma upptöku á HDD og 8 tíma á DVD, CVBS, Audio og Firewire (DV, i.Link), 2 Scart (með RGB), Component, SVHS og Audio tengi, Digital Optical og Coaxal tengi, NTSC afspilun á PAL sjónvarp ofl.
VERÐ 49.990
FRÁBÆRT VERÐ
Panasonic SCPT160
HEIMABÍÓKERFI með fjölkerfa DVD spilara, 330w RMS magnara, 12bit/108MHz Video DAC, Progressive Scan, 5 hátölurum og bassaboxi, Viera Link, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II, FM útvarpi með minnum, tónjafnara, hljóðinngangi (RCA), USB, Scart, Component tengi ofl.
VERÐ 49.990
FRÁBÆRT VERÐ
Share Station
DVD brennari
Auðvelt að brenna á DVD disk án tölvu.
JVC
20GB HARÐUR DISKUR
JVC GZMG47
Digital Media TÖKUVÉL með 20GB hörðum diski og innbygðri kyrrmyndavél, 1/5" upptökuflögu með 1.33 MegaPixel uppl., 2,7" LCD skjá, 15x Optical Zoom og 700x Digital Zoom, Dolby Digital hljóði ofl.
TILBOÐ 54.990
FULLT VERÐ kr. 74.990
UNITED
United TVD7056
19" LCD BREIÐTJALD með innb. DVD SPILARA, 1440x900 punkta uppl., 500:1 skerpa, Nicam Stereó, Scart, SVHS, CVBS og heyrnartóls-, VGA tengi textatav. ofl. 12v og 220v.
TILBOÐ 59.990
FULLT VERÐ kr. 69.990
Alltaf gæði og góð kaup!
1971 - 2008
Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is
SanDisk MINNISKORT
ALLAR GERÐIR
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tækniráð, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík.

> **Danny DeVito**

„Mér líður vel á ystu nöf. Þar tek ég áhættu sem ég myndi ekki gera undir öðrum kringumstæðum.“

Devito leikur í myndinni Deck the Halls sem sýnd er á Stöð 2 í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON DÝRKAR BOYD OG METCALF

# *Svona eiga Bretar að vera*

Hinar sænsku sjónvarpsmyndir um Kurt Wallender hafa ekki hrifið mig. Í mínum huga lítur Wallender alls ekki út eins og Krister Henriksson. Hann er mun þyngri og dekkri í vöfum. Helsta vandamál Svía er náttúrlega hversu ljósir yfirlitum þeir eru. Ég veit ekki hvern Henning Mankell hafði í huga þegar hann skrifaði bækurnar um Wallender. En ég er nokkuð viss um að það hefur ekki verið Henriksson eða einhver sem var líkur honum.

Ég verð reyndar að viðurkenna að ég er spenntur að sjá hvernig Kenneth Branagh tekst upp með hlutverk sænska rannsóknarlögreglumannsins í sjónvarpsþáttum sem BBC framleiðir. Mig minnir reyndar að Brannagh hafi verið heitur fyrir því að gera kvikmynd eftir Mýrinni. Hann hafi viljað leika Erlend og leikstýra sjálfur. Það hefði endað með svona svipuðum ósköpum og ef Baltasar Kormákur hefði ákveðið, upp á sitt einsdæmi, að hann væri heppilegastur í hlutverk Erlends.



**KÓNGUR** Trevor Eve fer á kostum í hlutverki hins skapstygga Peters Boyd. Aðeins Red Metcalf kemst eitthvað nærri konungsríki hans.

Enginn þessara leikara skákar hins vegar Trevor Eve sem Peter Boyd í Waking the Dead. Hann er einstakur lögreglumaður, svo skemmtilega pirraður og leiðinlegur við allt og alla. Hann og Red Metcalf,sem hélt mér límdum við skjáinn á meðan ég beið eftir erfingjanum, eiga sviðið. Og ef ég ætti að hanna hina fullkomna sjónvarpsdagskrá yfir jólin handa mér og húsfreyjunni myndi hún samanstanda af Waking the Dead og þáttunum hans Metcalf með dassi af gömlum Taggart-þáttum.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.00 Ally McBeal** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.15 Útsvar** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.00 The Bachelor** SKJÁREINN



▶ **21.15 Wipeout** STÖÐ 2



▶ **01.00 Miami - LA Lakers, Beint** STÖÐ 2 SPORT

## SJÓNVARPIÐ

**15.45 Káta maskínan** (e)
**16.15 Leiðarljós**
**17.00 Jóladagatal Sjónvarpsins** (e)
**17.10 Táknmálsfréttir**
**17.15 Matta fóstra og ímynduðu vinirnir hennar** (63:65)
**17.37 Músahús Mikka** (35:55)
**18.00 Ljóta Betty** (33:41) (e)
**18.45 Jóladagatal Sjónvarpsins**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
▶**20.15 Útsvar** Í þessum þætti reyna með sér lið Árborgar og Borgarbyggðar. Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir stýra þættinum. Dómari og spurningahöfundur er Ólafur Bjarni Guðnason.
**21.20 Jólastjarnan** (The Christmas Star) Bandarísk fjölskyldumynd frá 1986. Strokufangi felur sig í íbúðarhverfi og tvö börn vingast við hann í þeirri trú að hann sé jólasveinninn. Aðalhlutverk: Edward Asner, Rene Auberjonois og Jim Metzler.
**22.55 Barnaby ræður gátuna - Lík á floti** (Midsomer Murders: Dead in the Water) Bresk sakamálamynd þar sem Barnaby lögreglufulltrúi glímir við dularfull morð í ensku þorpi. Aðalhlutverk: John Nettles og John Hopkins.
**00.35 Óráð** (Gothika) Bandarísk spennumynd frá 2003. Geðlæknir rankar við sér sem sjúklingur á hælinu þar sem hún vann en man ekki af hverju hún er þar. Aðalhlutverk: Halle Berry, Robert Downey Jr. og Penélope Cruz. (e)
**02.10 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 The Ant Bully**
**10.00 Raise Your Voice**
**12.00 Nobody's Baby**
**14.00 The Family Stone**
**16.00 The Ant Bully**
**18.00 Raise Your Voice**
**20.00 Nobody's Baby** Gamanmynd um tvo strokufanga sem finna umkomulaust ungabarn á flótta sínum og ákveða að setjast að í litlum bæ og ala barnið upp sjálfir.
**22.00 The Machinist**
**00.00 Vanity Fair**
**02.15 From Dusk Till Dawn 2**
**04.00 The Machinist**
**06.00 Yes**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Kalli litli kanína og vinir, Jesús og Jósefína, Galdrabókin, Ruff's Patch.
**08.10 Oprah**
**08.50 Í fínu formi**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 La Fea Más Bella** (217:300)
**10.10 The Complete Guide To Parenting** (5:6)
**10.30 America's Got Talent** (12:12)
**12.00 Numbers**
**12.45 Neighbours**
**13.10 Forboðin fegurð** (91:114)
**13.55 Forboðin fegurð** (92:114)
**14.40 Meistarinn** (12:15)
**15.35 Bestu Strákarnir** (22:50)
**16.00 A.T.O.M.**
**16.23 Camp Lazlo**
**16.43 Bratz**
**17.03 Nornafélagið**
**17.23 Galdrabókin** (19:24)
**17.33 Bold and the Beautiful**
**17.58 Neighbours**
**18.23 Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.17 Veður**
**19.35 The Simpsons** (24:25) (e)
**20.00 Logi í beinni**
▶**21.15 Wipeout** (7:11) Hörkuspennandi og bráðskemmtilegur raunveruleikaþáttur þar sem 24 manneskjur hefja keppni um 50.000 þúsund dollara. Keppendur þurfa að ganga í gegnum ýmsar þrautir og allt í kappi við tímann.
**22.05 Deck the Halls** Gamanmynd um stríðmilli tveggja fjölskyldna þar sem önnur fjölskyldan hleður jólaskrauti á húsið sitt. Aðalhlutverk: Danny Devito, Matthew Broderick og Kristin Davis.
**23.35 Die Hard** Bruce Willis leikur John McClane, rannsóknarlögreglumann frá New York, sem fyrir tilviljun er staddur í skýjakljúfi yfir jólahátíðina þegar hryðjuverkamenn leggja til atlögu.
**01.45 The Island**
**03.55 Waking Life**
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**
**06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Evrópukeppni félagsliða** Útsending frá leik Sampdoria og Sevilla.
**16.45 Evrópukeppni félagsliða** Útsending frá leik Sampdoria og Sevilla.
**18.25 Utan vallar með Vodafone**
**19.15 Gillette World Sport 2008**
**19.45 NFL deildin: NFL Gameday** Þáttur þar sem hver umferð í NFL-deildinni er skoðuð í bak og fyrir.
**20.15 Spænski boltinn: La Liga Report** Fréttaþáttur spænska boltans þar sem hver umferð fyrir sig er skoðuð í bak og fyrir.
**20.45 Meistaradeild Evrópu** Fréttaþáttur þar sem hver umferð er skoðuð í bak og fyrir. Viðtöl við leikmenn liðanna og komandi viðureignir skoðaðar.
**21.15 UFC Unleashed** Í þessum þáttum eru bestu bardagar í sögu Ultimate Fighting Champion skoðaðir.
**22.00 Main Event** Allir bestu og snjöllustu pókerspilarar í heiminum.
**22.45 LA Lakers - Philadelphia 76ers, 1980**
**00.30 NBA Action** Öll bestu tilþrif vikunnar í NBA-körfuboltanum.
▶**01.00 NBA-körfuboltinn** Bein útsending frá leik Miami Heat og LA Lakers í NBA-körfuboltanum.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.30 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Man. City og Everton.
**19.10 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Liverpool og Hull.
**20.50 Premier League World 2008/09** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
**21.20 Premier League Preview 2008/09** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í enska boltanum. Farið yfir viðureignir helgarinnar og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.
**21.50 PL Classic Matches** Newcastle - Manchester United, 02/03. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
**22.20 PL Classic** Matches Arsenal - Liverpool, 03/04.
**22.50 Premier League Preview 2008/09** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í enska boltanum. Farið yfir viðureignir helgarinnar og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.
**23.20 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Sunderland og WBA.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Game tíví** (15:15) (e)
**09.15 Vörutorg**
**10.15 Óstöðvandi tónlist**
**17.35 Vörutorg**
**18.35 Dr. Phil** Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa öll möguleg og ómöguleg vandamál, segir frábærar sögur og gefur góð ráð.
**19.20 Friday Night Lights** (14:15) Dramatísk þáttaröð um unglinga í smábæ í Texas þar sem lífið snýst um árangur fótboltaliðsins. (e)
**20.10 Charmed** (14:22) Bandarískir þættir um þrjár fagrar og kyngimagnaðar örlaganornir. Munkur kennir Billie að beita kröftum sínum, Piper heldur í vonina að hún geti endurheimt Leo, Phoebe heldur innflutningspartí sem fer úr böndunum og Pagie kynnir heim galdranna fyrir Henry.
▶**21.00 The Bachelor** (3:10) Tólf stúlkur eru eftir og Brad fer með sex þeirra í sirkus þar sem ein þeirra fær rós. Hann fer með fimm stúlkur í siglingu þar sem þær fá tækifæri til að sýna sætu kroppana í bikiní og síðan fær ein stúlka tækifæri til að fara ein á stefnumót með piparsveininum í einkaflugvél til San Francisco. Áður en Brad sendir þrjár stúlkur heim kynnir hann til sögunnar tvíburabróður sinn, Chad, og biður stúlkurnar að þekkja þá í sundur.
**22.10 The Contender** (5:10) Bandarísk raunveruleikasería þar sem leitað er að næstu stórstjörnu í hnefaleikaheiminum. Efnilegir boxarar mæta til leiks og berjast þar til aðeins einn stendur uppi sem sigurvegari.
**23.10 The Dead Zone** (1:12) (e)
**00.00 Ungfrú Heimur 2008** (e)
**02.00 Jay Leno** (e)
**02.50 Jay Leno** (e)
**03.40 Vörutorg**
**04.40 Óstöðvandi tónlist**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir** og **Föstudagsþátturinn** Endurtekið á klst. fresti til 12.15 daginn eftir.
**N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


# Íslensk list

er jólagjöfin í ár



Karólína Lárusdóttir



Þorsteinn Helgason

LISTMUNASALA fold

Opið er í Galleríi Fold á Rauðarárstíg til kl. 22
alla daga fram að jólum, opið á Þorláksmessu til kl. 23

Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · Kringlan, sími 568 0400 · www.myndlist.is

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.00
### Logi í beinni – jólaþáttur



Logi Bergmann verður með sérstaka hátíðarútgáfu af þætti sínum í kvöld. Logi fær til sín fjölmarga skemmtilega gesti, meðal annars Geir Ólafs, Margréti Pálu, Bryndísi Schram, Ladda og feðgana Gissur Sigurðsson fréttamann og Gissur Gissurarson óperusöngvara. Boðið verður upp á sannkallaða jólatónlist frá Sniglabandinu, Skítamóral, Sprengjuhöllinni og Helga Möller tekur eitt af eftirlætisjólalögum Íslendinga.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### Barnaby ræður gátuna – Lík á floti
### Sjónvarpið kl. 22.55



Barnaby bregður sér á kappróður með konu sinni og dóttur en lendir í því að þurfa að rannsaka morðið á Guy Sweetman, formanni róðrarklúbbsins sem finnst á floti í ánni.

Sweetman var mikill kvennamaður en Barnaby kemst að því að hann hafði átt tíða fundi með tveimur klúbbfélögum og kann að hafa rifist við þá kvöldið sem hann hvarf.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Tónleikur
**15.03** Útvarpssagan: Aðventa
**15.30** Miðdegistónar
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Auðlindin
**18.23** Fréttayfirlit og veður
**18.26** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Stjörnukíkir
**21.10** Flakk
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (84:260) Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
**16.30 Hollyoaks** (85:260)
**17.00 Ally McBeal** (3:24)
**17.45 ET Weekend**
**18.30 Punk'd** (15:16)
**19.00 Hollyoaks** (84:260)
**19.30 Hollyoaks** (85:260)
▶ **20.00 Ally McBeal** (3:24) Gamanþættir sem unnu til fjölda verðlauna á sínum tíma. Þættirnir fjalla um lögfræðinginn Ally McBeal og samstarfsfólk hennar en einkalíf þeirra og ástarmál eru drepfyndin og stórfurðuleg.
**20.45 ET Weekend** Fremsti og frægasti þáttur í heimi þar sem allt það helsta sem gerðist í vikunni í heimi fína og fræga fólksins er tíundað á hressilegan hátt.
**21.30 Punk'd** (15:16) Grallaraspóinn Ashton Kutcher snýr aftur og heldur áfram að hrekkja helstu stjörnurnar í Hollywood og taka allt saman upp á falda myndavél.
**22.00 Prison Break** (12:22) Fjórða serían af þessum vinsælasta spennuþætti Stöðvar 2. Til þess að sanna sakleysi sitt og leita hefnda þurfa bræðurnir að uppræta Fyrirtækið, dularfulla stofnun sem er ábyrg fyrir því að þeir eru hafðir fyrir rangri sök.
**22.45 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Mér finnst...** Raunveruleikasjónvarp þar sem konur tjá sig hispurslaust um málefni sem alla varðar. Umsjónarkona er Ásdís Olsen.
**21.00 Sportið mitt** Íþróttaþáttur í umsjá Sigurðar Inga Vilhjálmssonar og Sverris Júlíussonar.
**21.30 Himinn og jörð** Örn Bárður Jónsson, sóknarprestur Neskirkju, ræðir um aðventuna, jólin og guðfræðina við gesti sína.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**10.00** Hammerslag **10.30** Formiddag med Nis Boesdal **11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Jersild Live **11.35** Aftenshowet **12.00** Aftenshowet 2. del **12.30** Vores jul **13.00** Det lille hus på prærien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.05** Robin Hood **14.50** Robin Hood **15.35** Radiserne **16.00** Nissernes Ø **16.30** Julefandango **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **18.30** Nissernes Ø **19.00** DR's store juleshow **20.00** TV Avisen **20.30** DR's store juleshow **21.30** L.A. Confidential **23.45** En sag for Frost

## NRK 1

**12.15** Blant annet roser **13.00** NRK nyheter **13.05** Niklas' mat **13.35** Tracey Ullmans USA **14.00** NRK nyheter **14.03** Megafon **14.30** Absalons hemmelighet **15.00** NRK nyheter **15.10** H2O **15.30** Animalia **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Billedbrev fra Europa **16.35** Lyset i mørketida **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Jul i Blåfjell **17.25** Den magiske krystallkulen **17.35** Superjulevangeliet **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Norge rundt **18.55** Beat for beat **19.55** Nytt på nytt **20.25** Detektimen. Hva skjedde med Jonathan Carlisle? **22.00** Kveldsnytt **22.15** Countrymusikkens Oscar - CMA Awards 2008 **23.45** Sex, dop og president Bush

## SVT 1

**11.00** Rapport **11.05** Alpint **12.25** Alpint **12.40** Alpint **13.45** Himlen kan vänta **14.15** Gomorron Sverige **15.00** Rapport **15.05** Bobster **15.30** Djursjukhuset **16.00** Disneydags **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **17.45** Julkalendern **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** På spåret **20.00** Robins **20.30** Kim Novak badade aldrig i Genesarets sjö **22.00** Vad hände vid Genesarets sjö? **22.15** Morgonsoffan **22.45** Kulturnyheterna **23.00** Solens mat **23.30** Easy rider **01.05** Sändningar från SVT24


Vínartónleikar

GRAMMY Awards
NOMINEE 2008



Fíton/SÍA

VÍNARTÓNLEIKAR Í HÁSKÓLABÍÓI
MIÐVIKUDAGINN 7. JANÚAR | kl. 19.30
FIMMTUDAGINN 8. JANÚAR | kl. 19.30
FÖSTUDAGINN 9. JANÚAR | kl. 19.30
LAUGARDAGINN 10. JANÚAR | kl. 17.00

Hljómsveitarstjóri | Marcus Poschner
Einsöngvari | Dísella Lárusdóttir

ÓMISSANDI HEFÐ!
Árið byrjar með sannkölluðum hátíðarbrag hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands á Vínartónleikum þar sem hljóma sígrænar perlur eftir Strauss, Lehár og fleiri meistara óperettunnar. Vínartónleikar hafa um árabil verið vinsælustu tónleikar hljómsveitarinnar, enda varla hægt að hugsa sér ljúfari upptakt að nýju ári.

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA
Í SÍMA 545 2500
EÐA Á SINFONIA.IS.

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

## NÝJU JÓLASVEINARNIR

Sigurjón, sá áttundi,
Landsbankakóngurinn.
Icesave-dæmið var tær snilld
og aurinn dælist inn.

Snilldin reyndist eintómt plat
og þegar kreppti að,
hann Grjóni gerðist ráðgjafi:
Ábyrgð? – Hvað er það?



# Rithöfundur fær hálfa milljón frá RÚV

„Þetta eru heiðursverðlaun sem njóta virðingar. Enda ekki hlaupið á eftir tískustraumum heldur horft til framlags höfunda til langs tíma; ég held að sérstaða þessarar viðurkenningar sé ótvíræð,“ segir Eiríkur Guðmundsson útvarpsmaður.

Í dag veitir Rithöfundasjóður Ríkisútvarpsins einhverjum úr stétt rithöfunda heiðursverðlaun og fimm hundruð þúsund krónur. Oft kemur á óvart hver hlýtur verðlaunin vegna þess að þau miðast ekki við hver er mest áberandi hverju sinni eða að nýjustu bækur séu undir. Síðast fékk Kristín Steinsdóttir verðlaunin, þá Jón Kalman Stefánsson. Árið 2005 hlaut Bragi Ólafsson verðlaunin, þá Óskar Árni og svo komu Einararnir Kárason og Guðmundsson. Listinn er langur því verðlaunin hafa verið við lýði í rúma hálfa öld eða allt frá árinu 1956.

„Þetta verður mjög formleg athöfn,“ segir Eiríkur og áréttar að henni verður útvarpað í þættinum Víðsjá klukkan fimm. Forseti lýðveldisins verður á staðnum „þannig að þetta verður settlegt,“ og hlustar á ávart Skafta Þ. Halldórssonar sem er formaður stjórnar sjóðsins en þar sitja fimm; tveir skipaðir af RÚV, tveir frá Rithöfundasambandinu og einn skipaður af menntamálaráðherra.

Eiríkur harðneitar að gefa nöfn sem til greina koma. „Tekið er með í reikninginn hversu samstarf við útvarpið hefur verið þannig að höfundar sem hafa verið hér að lesa mikið upp eða hafa jafnvel komið að dagskrárgerð er tekið með í reikninginn. En í grunninn er þetta viðurkenning fyrir framlag til bókmenntanna,“ segir Eiríkur sem, ef af líkum lætur, fór með jakkafötin í hreinsun í tilefni dagsins. - jbg



**EIRÍKUR GUÐMUNDSSON** Er ekki frá því að þessi verðlaun njóti meiri virðingar en Gullmiði útgefenda enda um hálfrar aldar fyrirbæri að ræða. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**LÁRÉTT 2.** þus, **6.** kusk, **8.** fiskur, **9.** gerast, **11.** yfirlið, **12.** sjúga, **14.** sundl, **16.** tveir eins, **17.** landspilda, **18.** í viðbót, **20.** í röð, **21.** murra.

**LÓÐRÉTT 1.** fyrst fædd, **3.** samþykki, **4.** aldaskil, **5.** slagbrandur, **7.** galli, **10.** skammstöfun, **13.** að, **15.** innyfli, **16.** efni, **19.** íþróttafélag.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** fjas, **6.** ló, **8.** áll, **9.** ske, **11.** dá, **12.** totta, **14.** svimi, **16.** tt, **17.** lóð, **18.** auk, **20.** tu, **21.** urra.

**LÓÐRÉTT: 1.** elst, **3.** já, **4.** aldamót, **5.** slá, **7.** ókostur, **10.** etv, **13.** til, **15.** iður, **16.** tau, **19.** kr.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1 300 greinar.
2 75 þúsund krónur.
3 Nancy.

ARNALDUR INDRIÐASON: ÁLIT ÍSLENDINGA SKIPTIR MESTU MÁLI

# Breskir fjölmiðlar hefja Arnald upp til skýjanna

„Ég kaupi ekkert glænýjan Land Cruiser þótt það komi fínir dómar um bókina mína í Bretlandi,“ segir Arnaldur Indriðason rithöfundur. Bók hans, Vetrarborgin, hefur fengið blússandi góða dóma í breskum fjölmiðlum að undanförnu. Þessi viðbrögð eru líkleg til þess að auka enn frekar á sölu Arnaldar í Bretlandi en hann vildi lítið tjá sig um hvort milljónirnar streymdu ekki bara beint í vasann. „Þetta er bara mjög misjafnt. Ég hef gert góða samninga en auðvitað veltur þetta á því hvernig salan gengur,“ segir Arnaldur en Bretland hefur hingað til verið óplægður akur hjá þessum vinsælasta rithöfundi landsins.

Joan Smith, gagnrýnandi Sunday Times, hrósar Arnaldi í hástert og segir Vetrarborgina koma fyllilega til greina sem ein eftirminnilegasta glæpasaga ársins. „Vetrarborgin er alls ekki auðveld aflestrar en sá mannlegi breyskleiki og innsæi sem umlykja hana gera bókina að einni eftirminnilegustu glæpasögu ársins,“ skrifar Smith.

Aðrir bókagagnrýnendur taka í sama streng og þannig var Vetrarborgin bók vikunnar hjá Daily Mirror. „Hvað er þetta með alla þessa Norðurlandabúa? Í áraraðir hafa þeir framleitt glæpasögur í hæsta gæðaflokki. Engu síður stendur einn maður algjörlega upp úr í þessu flóði vegna þess að hann hefur einstakt skynbragð á trúverðuga framvindu og áreynslulitlar og einfaldar lausnir. Hann er Arnaldur Indriðason og er einhver skærasta stjarnan á alþjóðlegum glæpasagnamarkaði,“ skrifar gagnrýnandi Mirror, Henry Sutton.

Arnaldur segir að auðvitað sé gaman að fá góða dóma í erlendum fjölmiðlum. Fyrir hann skipti þó mestu máli hvað íslenskum lesendum finnist. „Ég er ekkert að fara að flytja til Bretlands og hamra einhver heit járn. Ég mun áfram skrifa fyrir Ísland og Íslendinga enda hafa þeir tekið mér best allra.“ Og það er ekki ofsögum sagt að Íslendingar kunni vel að meta Arnald. Nýjasta bókin hans, Myrká, hefur selst í bílförmum og situr á toppi bóksölulista. Jóhann Páll Valdimarsson útgefandi vildi ekki gefa upp hversu margar bækur hefðu selst. Hann staðfesti þó að þeir hafi pantað aðra prentun. Nokkrum þúsundum eintaka verður því bætt við þau þrjátíu þúsund sem þegar höfðu verið prentuð. Þar með slær Arnaldur eigið met sem sett var í fyrra. freyrgigja@frettabladid.is



**BESTUR Á SÍNU SVIÐI** Breskir bókagagnrýnendur halda vart vatni yfir bók Arnaldar Indriðasonar, Vetrarborginni. Hún var bók vikunnar hjá Mirror og Sunday Times sagði hana eina af bestu glæpasögum ársins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Þótt svo virðist sem mönnum hafi tekist, einu sinni sem oftar, að blása upp mál og úr samhengi með stóra ritskoðunarmáli Símonar Birgissonar, hrjóta í látunum ýmsir athyglisverðir molar af borðum. Þannig vita menn nú að **Jónas Kristjánsson**, fyrrum ritstjóri, er mikill áhugamaður um kappakstur og upplýsir á síðu sinni að hann hafi aðeins einu sinni rætt við Jón Ásgeir Jóhannesson meðan hann átti DV, að frumkvæði Jónasar og þá um þetta sameiginlega áhugamál þeirra.



Nú er skorið niður víða í menningunni og Reykjavíkurborg hefur ákveðið að draga til baka fimmtíu milljónir af þeim sem renna eiga og áttu til reksturs Borgarleikhússins. Ljóst er að þetta mun setja **Magnús Geir Þórðarson** leikhússtjóra út í horn því hann hefur lagt upp fyrsta ár sitt af miklum metnaði; svo miklum að ekkert svigrúm er og lítils hagnaðar var fyrir að vænta miðað við kostnað við uppsetningar sýninga.



Ný stjórn SÍK, en nýr formaður þar er **Ari Kristinsson** sem tekur við af Baltasar Kormáki, hvetur til aukinnar innlendrar framleiðslu í kjölfar auglýsingatakmarkana Ríkisútvarpsins. Stjórnin sér ýmis sóknarfæri í tengslum við það og möguleika í að rekstur einkarekinna miðla gangi betur. Þetta er í fullkominni andstöðu við það sem **Björn Brynjúlfur Björnsson**, formaður ÍKSA, hefur sagt í greinum í fjölmiðlum en hann sér ekkert nema meinbugina eina á því að RÚV séu settar einhverjar skorður í sókn sinni inn á auglýsingamarkaðinn. - jbg






FORLAGIÐ vísir.is

JÓLALEIKUR FRÉTTABLAÐSINS
VINNINGSHAFAR

**Bækur frá Forlaginu**
Anna Á. Khan Hjartard. Háaleitisbraut 54
Anna Dís Bjarnadóttir Heinaberg 8
Birgitta Guðjónsdóttir Hafnarbyggð 5
Erla Björg Garðarsd. Furuvellir 27
Ernst Kettler Keilufell 18
Geir Gestsson Hjallar 20
Ingibjörg Heiðarsdóttir Hríseyjargata 15
Kristinn Kristjánsson Engjavegur 29
Ragnheiður Hjarðar Sporhamrar 8
Sóley Sturludóttir Holtateigur 1
Vesna Danielsson Eskiholt 23
Wioletta Mazota Lágholti 1

**Bíókort frá Sambíóunum**
Árdís Ýr Pétursdóttir Ásbúð 72
Bergvin F. Gunnarsson Furulundur 4d
Gunnar Þ Jónsson Hjarðarholt 7
Hafsteinn Jónsson Krókabyggð 17
Heimir Hauksson Stekkjaflöt 5
Hermann Gunnlaugsson Brattakinn 17
Hildur Björk Yeoman Sigtún 39
Hildur Gísladóttir Klausturhvammur 15
Hrönn Jónsdóttir Prestsæti 3
Jóhanna A. Jóhannesdóttir Sólvellir 8
Jón Helgi Ingimarsson Norðurtún 9
Trond Are Schelander Akrasel 6

**Gjafakort frá Þjóðleikhúsinu**
Guðleifur Kristjánsson Iðnbúð 3
Hörður Einarsson Eyrarholt 4

Taktu þátt á visir.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Vinninga skal nálgast í móttöku Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24.
Opið alla virka daga frá klukkan 8-17.


# Klingenberg slær heimsmet

„Þetta hefur ekki verið gert áður í áætlunarflugi,“ segir Sigríður Klingenberg spákona sem sló heimsmet síðastliðinn fimmtudag þegar hún spáði fyrir 198 manns í 37.000 feta hæð í flugi Iceland Express, til og frá Kaupmannahöfn.

„Ég kynnti mig í hátalarakerfið áður en ég byrjaði og þetta vakti þvílíka kátínu hjá fólki. Ég var með spilin mín og fólk fékk að eiga spilið sem það dró eftir að ég hafði spáð fyrir því. Ég áritaði svo sjálfshjálpardiskinn minn, Þú ert frábær, og skrifaði mismunandi álagaljóð á hvern disk. Ég spáði fyrir öllum farþegunum, nema þeim sem voru sofandi en sendi þeim bara hugarspá. Ætli maður hafi ekki verið tengdari almættinu en ella þarna í háloftunum,“ segir Sigríður og hlær, en verið er að skrá metið í Heimsmetabók Guinness. „Þetta voru 98 Íslendingar og 100 Danir sem voru flestir að koma til þess að versla á Íslandi,“ bætir hún við.

Aðspurð segist hún hafa verið mjög þreytt eftir flugið. „Ég var svo búin á því eftir þetta að það munaði minnstu að ég labbaði inn á geðdeild og léti skrá mig inn,“ segir Sigríður brosandi. „Þetta mæltist svo vel fyrir að ég ætla að vera með áramótaspá í öðru flugi Iceland Express, en ég ætla samt ekki að reyna að slá mitt eigið heimsmet.“ - ag



**SPÁÐI FYRIR 198 MANNS** Farþegar Iceland Express tóku vel í spádóm frá Sigríði Klingenberg sem sló heimsmet í 37.000 feta hæð.



**Frigor**
**144 cm hár kæli- og frystiskápur**
- 167 lítra kælir og 45 lítra frystir
- Vönduð innrétting með glerhillum
- HxBxD: 144x55x57 cm
- Verð áður kr **69.900**

ÞÚ SPARAR 10.000
Verð nú **59.900**



**Electrolux**
**125 cm hár kæliskápur**
með innbyggðu frystihólfi
- 213 ltr kælir og 18 ltr frystir
- Glerhillur með kanti.
- **Hljóðlátur**, aðeins 38 dB(A)
- HxBxD: 125x55x60 cm
- Verð áður kr **84.900**

ÞÚ SPARAR 20.000
Verð nú **64.900**



**Frigor**
**84 cm hár kæliskápur**
- 92 lítra kælir
- Glerhillur með kanti.
- HxBxD: 84x48x51 cm
- Verð áður kr **49.900**

ÞÚ SPARAR 10.000
Verð nú **39.900**



A/A/A einkunn
ÞÚ SPARAR 20.000
Verð nú **79.900**

**ZANUSSI**
Hljóðlát uppþvottavél með 5 þvottakerfum þ.á.m. hraðkerfi, erfiðiskerfi og skolun
- Tekur borðbúnað fyrir allt að 12
- **Hitastig 70/65/50°C**
- Seinkun á gangsetningu möguleg
- **Stillanleg hæð**
- Án toppplötu
- Verð áður kr 99.900



ÞÚ SPARAR 20.000
Verð nú **39.900**

**Siltal**
**Þurrkari** fyrir barka með **tímastilli**.
- Tekur allt að **5 kg af taui**
- Kerfi fyrir bæði venjulegan og viðkvæman þvott
- **Krumpuvörn**
- Veltir til beggja átta
- Stórt hurðaop
- Einfalt og skýrt stjórnborð
- Verð áður kr 59.900



1400 SN - 6 KG
ÞÚ SPARAR 25.000
Verð nú **94.900**

**Electrolux**
Toppgerðin frá Electrolux. **1400 snúninga hraðþvottavél** með stafrænu stjórnborði og skjá
- Tekur allt að **6 kg af taui**
- **Hraðval** á algengum þvottakerfum
- Seinkun á gangsetningu möguleg
- **Stórt hurðaop**
- **Handþvottakerfi** og ullarkerfi
- Verð áður kr 119.900

# VIÐ LÆKKUM VERÐIÐ!
# SPARAÐU NÚNA!



**Frigor**
**110 lítra frystikista**
Með hraðfrystingu
- 1 karfa fylgir
- Aðvörunarljós
- HxBxD: 85x55x59 cm
- Verð áður kr. **59.900**

ÞÚ SPARAR 10.000
Verð nú **49.900**



**Frigor**
**Frystiskápur 142 cm**
165 lítra
- 7 útdregnar skúffur
- Orkuflokkur A
- HxBxD: 142x55x58 cm
- Verð áður kr. **79.900**

ÞÚ SPARAR 10.000
Verð nú **69.900**

**Frigor**
**Frystiskápur 84 cm**
70 lítra
- 3 útdregnar skúffur
- Orkuflokkur A
- HxBxD: 84x48x51 cm
- Verð áður kr. **49.900**

ÞÚ SPARAR 10.000
Verð nú **39.900**



**ZANUSSI**
**Blástursofn með grilli**
ásamt undir- og yfirhita
- Tvöfalt gler í hurð
- Clean´N´Clear létthreinsanlegur glerjungur
- Verð áður kr. 74.900

ÞÚ SPARAR 15.000
Verð nú **59.900**



**appliance**
**Keramik helluborð**
með snertitökkum og barnalæsingu
- Viðvörunarljós
- Kantlaust
- Verð áður kr. **64.900**

ÞÚ SPARAR 10.000
Verð nú **54.900**



AFSLÁTTUR 50%
Verð nú **595**
Nefháraklippur
Áður **1.190**

AFSLÁTTUR 20%
Verð nú **3.990**
Bindisrekki f. rafhlöðu
allt að 64 bindi
Verð áður **4.990**

AFSLÁTTUR 22%
Verð nú **5.490**
Shaker - tilvalinn í bragðarefinn!
Áður 6.990

AFSLÁTTUR 20%
Verð nú **7.990**
Öflugur 500W blandari stál með glerkönnu
Áður kr. **9.990**

AFSLÁTTUR 19%
Verð nú **6.490**
Lofthreinsitæki fyrir ilmolíur. Áður kr. **7.990**

AFSLÁTTUR 20%
Verð nú **9.990**
Vandað vöfflujárn fyrir djúpar belgískar vöfflur. Áður kr. **11.990**



*Limited edition*
ÞÚ SPARAR 3.000
Verð nú **29.900**
**Electrolux**
**Enn kraftmeiri - háglans**
**Áður kr. 32.900**



ergorapido™
ÞÚ SPARAR 5.000
Verð nú **24.900**
**Electrolux**
**Léttryksuga með skafti og handryksuga 2 í 1. Allir litir.**
**Áður kr. 29.900**

**OPIÐ UM HELGINA!**

**Rafha ehf**

**Opið**
Föstudag 9-19
Laugardag 10-18
Sunnudag 13-17

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
**www.rafha.is**

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000






**BAKÞANKAR**
Þórgunnar Oddsdóttur

# *Jólakötturinn*

Af öllu hyskinu hennar Grýlu hefur mér alltaf þótt jólakötturinn verstur. Strákapör jólasveinanna þrettán má fyrirgefa en gæludýrið á heimilinu er svo óforskammað að maður getur ekki annað en fyllst hryllingi við tilhugsunina. Grýla étur bara óþæg börn sem eiga það skilið en kötturinn hennar leggst svo lágt að ráðast á fátæklinga sem enga nýja flík fá fyrir jólin.

**TIL** allrar hamingju hefur jólakötturinn haft sig lítt í frammi undanfarin ár. Ég minnist þess alltént ekki að hafa lesið í blöðunum um dularfull mannshvörf á þessum árstíma sem rekja má til fataleysis. Við höfum líka flest átt nóg af rándýrum tískufatnaði nema þeir allra fátækustu og yfirdráttarlausu sem hafa getað reitt sig á græðgi okkar hinna sem neyðumst til að gefa Rauða krossinum og mæðrastyrksnefnd það sem flýtur út úr fataskápnum eða er orðið of þröngt yfir kviðinn. Líklegast er kötturinn löngu dauður úr hor, þökk sé ofneyslu og kaupæði landans.

**EN** köttur kemur í kattar stað og nú er önnur skaðræðisskepna á sveimi. Hún á það skítlega eðli sameiginlegt með ketti Grýlu og Leppalúða að ráðast á þá efnaminnstu. Ég veit ekki hvað best er að kalla þetta óargadýr en í fréttum hefur það fengið nöfn eins og Kreppan og Ástandið. Enginn hefur bókstaflega verið étinn en dýrið er farið að narta all græðgislega í suma. Jólakötturinn er eins og gælinn kettlingur í samanburði við þessa skepnu. Hann mátti varast með því að útvega þó ekki væri nema nýja sokka fyrir jólin og var svo kurteis að láta okkur í friði nema rétt yfir hátíðirnar. Þessi nýja bleyða er hins vegar sest að í mannabyggð um óákveðinn tíma og enginn veit hvernig á að verjast. Líkt og kötturinn Bakkabræðra sem át allt dundar hún sér við að éta upp ævisparnað landsmanna og ellilífeyri gamla fólksins.

**Í** nótt heyrði ég grimmilegt hvæs fyrir utan gluggann og mér fannst eins og það væri klórað í glerið. Ég veit það var ekki jólakötturinn því ég á glænýjan kjól inni í skáp. Ég þori varla að fara að sofa í kvöld. Trúlega hefur kreppukisi enga lyst á mér en er kominn til að éta upp launin mín, hækka matvælaverðið og hrifsa af mér húsnæðið.

**SÍÐAN** – þegar ég þarf að selja jólakjólinn til að eiga fyrir nauðþurftum – kemur jólakötturinn og klárar verkið.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 19. desember, 354. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.21 | 13.24 | 15.29 |
| Akureyri | 11.38 | 13.09 | 14.42 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

